# FRÉTTABLAÐIÐ

123. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2018




# 3.481 Íslendingur í framboði

Á fjórða þúsund Íslendinga er í framboði til sveitarstjórna um land allt. ➜ 10, 16, 30






**Jordan Peterson** „Túrtappinn og pillan hafa gert miklu meira fyrir frelsi kvenna en femínisminn.“ ➜ 36



**Eftirsótt í Þýskalandi** Sólveig Arnarsdóttir flýgur á milli landa. ➜ 42







## Veður




Í dag er spáð suðaustan- og sunnanátt, 5-15 m/s og mikilli rigningu á Suður- og Vesturlandi. Einnig rignir á norðaustanverðu landinu fyrir hádegi en þar léttir til síðdegis með hlýindum. SJÁ SÍÐU 68



**Viðskipti með bréf Heimavalla hófust í kauphöll á fimmtudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Enn lækka bréf í Heimavöllum

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í Heimavöllum féllu um 3,2 prósent í verði í tæplega 200 milljóna króna viðskiptum í Kauphöllinni í gær, á öðrum viðskiptadegi bréfanna. Gengi hlutabréfanna stóð í 1,20 krónum á hlut við lokun markaða sem er tæplega 14 prósenta lækkun frá meðalgenginu í hlutafjárútboði félagsins fyrr í mánuðinum sem var 1,39 krónur á hlut.

Til samanburðar mátu greinendur Capacent gengi Heimavalla á 1,74 krónur á hlut í verðmati sem unnið var í aðdraganda útboðsins.

Markaðsvirði íbúðaleigufélagsins var 13,5 milljarðar króna þegar markaðir lokuðu í gær en til samanburðar var heildarvirði félagsins metið á 15,6 milljarða króna að loknu hlutafjárútboðinu. – kij

# Írar kusu um fóstureyðingar

**ÍRLAND** Útgönguspár gefa til kynna að tveir þriðju hlutar kjósenda á Írlandi hafi kosið með því að leyfa fóstureyðingar. Reynist útgönguspáin rétt munu írsk stjórnvöld geta fellt út áttundu viðbótargrein stjórnarskrárinnar sem bannar fóstureyðingar. Sú grein var samþykkt árið 1983 með tveimur þriðju hluta atkvæða. Þúsundir Íra sem búa erlendis flugu heim til að nýta kosningaréttinn en herferðin #hometovote hvatti fólk til að nýta hann. – gþs

# Tekist á um stóru málin



**Kosningabaráttan er á lokametrunum. Í gær mættust frambjóðendur í sjónvarpinu þar sem meðal annars var tekist á um húsnæðismál, skólamál, borgarlínu og fleiri málefni. Kjörstaðir verða opnaðir í dag klukkan níu og standa opnir allt til klukkan tíu í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kennarar semja við sveitarfélög

**KJARAMÁL** Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifuðu undir kjarasamning á fimmta tímanum í gær. Á vef Kennarasambands Íslands segir að fundað hafi verið stíft vegna samninganna undanfarið. Ekkert kemur fram um innihald samningsins að öðru leyti en því að hann gildir til 30. júní 2019. Efni samningsins verður kynnt félagsmönnum eftir helgina. Félag grunnskólakennara hefur verið án samnings síðan í desember á síðasta ári.

Forystumenn Félags grunnskólakennara höfðu áður undirritað kjarasamning 13. mars og var þá samið um þriggja prósenta hækkun launa á því tímabili í samningi sem átti að gilda til loka mars á næsta ári. Kennarar kolfelldu þann samning í atkvæðagreiðslu. Alls höfnuðu 68,5 prósent félagsmanna samningnum, en 29,7 prósent samþykktu. – jhh






# Sérsveitin okkar gætir líka Netanyahu-bræðra

**Ríkislögreglustjóri veitti sonum forsætisráðherra Ísraels leyfi til að koma með vopnaða lífverði til landsins. Íslenska sérsveitin þarf að gæta þeirra líka á kostnað ríkisins. Bræðurnir í einkaerindum. Ríkislögreglustjóri segir þetta algengt.**

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit ríkislögreglustjóra sinnir gæslu á sonum Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, meðan þeir eru staddir hér á landi í einkaerindum. Ástæðan er að ríkislögreglustjóri heimilaði sonunum að taka með sér vopnaða lífverði til landsins, en þá kveða reglur á um að þeir starfi undir stjórn og eftirliti íslenskra lögregluyfirvalda. Ríkislögreglustjóri ber alfarið kostnað af vinnu sérsveitarmanna við þessa gæslu.

Greint var frá heimsókn Avner og Yair Netanyahu í vikunni en þeir eru hvorki hér í opinberum erindagjörðum né á vegum ísraelska ríkisins heldur í einkaferð.

Synirnir njóta verndar lífvarðasveitar þegar þeir ferðast erlendis en það fyrirkomulag hefur verið harðlega gagnrýnt í heimalandinu. Öryggisgæslan er öll fremur umdeild enda hafa erlendir fjölmiðlar greint frá því að hún sé þvert á ráðleggingar fyrrverandi yfirmanns opinberrar öryggisþjónustu Ísraels. Þessir vopnuðu lífverðir komu með bræðrunum hingað til lands og til þess þurfti sérstakt leyfi.

Ríkislögreglustjóri getur heimilað erlendum lögreglumönnum og öryggisvörðum að bera vopn við störf sín hér á landi með vísan í 45. grein reglna um um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Forsenda þess er þó að þeir starfi undir stjórn lögreglunnar og fylgi reglum um vopnaburð og notkun vopna að öllu leyti. Ríkislögreglustjóri gefur út sérstök skírteini fyrir þessa lífverði.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri að Netanyahubræður og lífverðir þeirra njóti gæslu sérsveitar ríkislögreglustjóra. Það sem meira er, íslenska ríkið borgi brúsann.

„Ríkislögreglustjóri ber alfarið kostnað af vinnu sérsveitar, enginn reikningur er sendur Ísraelum vegna vinnu sérsveitarmanna. Upplýsingar um fyrirkomulag öryggisgæslu eru ekki veittar.“

Haraldur segir í samtali við Fréttablaðið að ekki sé gerður greinarmunur á því hvort um opinbera eða einkaheimsókn sé að ræða þegar einstaklingar komi hingað með vopnaða öryggisverði.

„Mér skilst að þeir séu hér í einkaerindum með vopnaða lífverði með í för og þá fara íslenskir sérsveitarmenn með stjórn þeirrar heimsóknar, þetta er skýrt í reglunum.“

Aðspurður segir Haraldur svona nokkuð algengt.

„Já, í gegnum tíðina þegar litið er til baka er þetta algengt. Þessi háttur, sem hafður er á varðandi þessa tilteknu heimsókn, er ekki nýmæli.“



**Avner og Yair Netanyahu sjást hér með föður sínum Benjamin í Jerúsalem árið 2013. Bræðranna er vel gætt.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> **Ríkislögreglustjóri ber alfarið kostnað af vinnu sérsveitar, enginn reikningur er sendur Ísraelum.**
>
> Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri



**mikael@frettabladid.is, adalheidur@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**Allir fá ís í Skútuvogi**
í dag kl. 13-15

# AFMÆLIS HÁTÍÐ

ÖLL BLÖNDUNARTÆKI -25%

RAFMAGNSVERKFÆRI -25%

ÖLL GARÐHÚSGÖGN -25%

SÉRVERÐ: STJÚPUR 10 STK. 999 kr.

## EINNIG Á TILBOÐI:

| | |
|---|---|
| Nilfisk háþrýstidælur | -25% |
| Stanley loftpressur | -25% |
| Áltröppur og stigar | -25% |
| Avasco hillurekkar | -25% |
| Viðarvörn frá Jotun | -25% |
| Garðverkfæri | -25% |
| Öll LADY málning | -25% |

... og margt fleira

ÖLL SUMARBLÓM -25%

AUTHOR

ÖLL AUTHOR REIÐHJÓL -20%

SLÁTTUVÉLAR & GARÐVERKFÆRI -25%

ÖLL LADY MÁLNING -25%

**AFMÆLISTILBOÐIN GILDA Í ÖLLUM VERSLUNUM**

Glæsileg afmælisdagskrá í Húsasmiðjunni Skútuvogi

Maja Ben
LADY litaráðgjöf
í dag kl. 12-17
í Skútuvogi

30 ÁRA AFMÆLI — Húsasmiðjan Skútuvogi

20 ÁRA AFMÆLI — Húsasmiðjan Selfossi

10 ÁRA AFMÆLI — Húsasmiðjan Reykjanesbæ

Bjóðum upp á afmælisköku
í dag kl. 13-15
Skútuvogur, Selfoss og Reykjanesbær

**Latibær skemmtir**
í dag kl. 14
í Skútuvogi

LAZY TOWN

Byggjum á betra verði

husa.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

**TÖLUR VIKUNNAR** 20.05.2018 TIL 26.05.2018



**700.000 kr.**

söfnuðust til góðgerðarmála í mótorhjólamessu í Digraneskirkju. Tæplega 400 manns sóttu messuna og við kirkjuna voru talin 194 hjól af öllum gerðum.



**1,71**

barn á ævi hverrar konu var frjósemi kvenna á Íslandi árið 2017 og var hún minni en nokkru sinni áður. Meðalaldur frumbyrja hélt áfram að hækka og var 27,8 ár. Sé horft til Evrópu var algengast að barn fæðist utan hjónabands á Íslandi.



**4,5**

milljónir króna í sektir þurfa 113 ökumenn, sem notuðu farsíma undir stýri síðastliðnar þrjár vikur, að greiða. Þann 1. maí hækkaði sektin fyrir að tala í síma við akstur úr 5 þúsundum króna í 40 þúsund.



**22%**

mannkyns munu glíma við offitu árið 2045 haldi núverandi þróun í lýðheilsumálum áfram næstu árin. Þetta er niðurstaða nýrrar rannsóknar sem kynnt var á ársþingi Evrópsku offitusamtakanna.

**400**

til 450 þúsund krónur verður mánaðarleiga fyrir hús samkvæmt tilkynningu sem leigutaka barst nýlega frá leigufélagi um hækkun húsaleigu. Árið 2010 greiddi leigutakinn 200 þúsund í mánaðarleigu fyrir húsið. Í janúar 2017 var leigan orðin 270 þúsund krónur.



## Þrjú í fréttum
### Heim, lof og vantraust

**Hrafn Jökulsson**
*rithöfundur*



var feginn þegar hann fékk staðfestingu Þjóðskrár á því að rétt lögheimili hans væri í Árneshreppi. „Nú get ég loksins sungið glaður ég er kominn heim,“ lýsti hann yfir. Hann kvaðst þakklátur yfir að réttlætið skyldi ná fram að ganga. Þjóðskrá kannaði lögheimilisskráningar átján einstaklinga í Árneshreppi sem þóttu vafasamar.

**Halldóra Geirharðsdóttir**
*leikkona*



hlaut mikið lof fyrir leik sinn í verðlaunamyndinni Kona fer í stríð sem frumsýnd var á sérstakri hátíðarsýningu hér á landi. Á kvikmyndahátíðinni í Cannes unnu Benedikt Erlingsson og Ólafur Egill Egilsson, handritshöfundar Kona fer í stríð, til SACD-verðlaunanna sem veitt eru af samtökum handritshöfunda og tónskálda á Critic's Week í Cannes.

**Ragnar Þór Ingólfsson**
*formaður VR*



sagði að stjórn félagsins hefði verið nauðugur einn kostur að lýsa vantrausti á Gylfa Arnbjörnsson, forseta ASÍ. Gylfi hefði virst vera í sólóhlutverki. Hann hefði ætlað að ræða við stjórnvöld án þess að hafa formlegt umboð frá stéttarfélögunum eða stefnu. Þetta hefði verið kornið sem fyllti mælinn.

# Líkamsleifarnar sem fundust í Faxaflóa voru af Arturi

**Líkamsleifar sem komu í veiðarfæri fiskibáts í febrúar eru af Arturi Jamoszko sem hvarf þann 1. mars í fyrra. Engin merki eru um áverka voru á líkamsleifunum sem fundust. Notast var við kafbát í umfangsmikilli leit á botni Faxaflóa. Upphaf leitarinnar í fyrra gekk erfiðlega vegna skorts á upplýsingum.**

**LÖGREGLUMÁL** Líkamsleifarnar sem komu í veiðarfæri fiskibáts í Faxaflóa í febrúar síðastliðnum eru af Arturi Jarmoszko, ungum pólskum manni sem hvarf þann 1. mars 2017. Rannsókn réttarmeinafræðings, þar á meðal DNA-rannsókn, staðfestir það. Í tilkynningu frá lögreglunni segir að engin merki um áverka hafi verið á líkamsleifunum sem fundust svo ekki leikur grunur á að neitt saknæmt hafi átt sér stað.

Um ári eftir hvarfið hóf lögregla rannsókn á líkamsleifum sem komu í veiðarfæri fiskibáts úti á Faxaflóa. Umfangsmikil leit hófst á svæðinu þar sem líkamsleifarnar fundust. Að leitinni komu áhöfn varðskipsins Týs, einstaklingar frá kafaradeild Landhelgisgæslunnar, kafaradeild Ríkislögreglustjóra, starfsmaður frá Teledyne og Árni Kópsson kafari, segir í tilkynningunni.

„Mig grunar að þetta sé einsdæmi á Íslandi, ég man ekki eftir neinu í líkingu við þetta áður,“ segir Þórir Ingvarsson lögreglufulltrúi um umfang leitarinnar á Faxaflóa. Notaður var kafbátur í leitinni en á leitarsvæðinu er 120 metra dýpi og var flötur leitarsvæðisins rúmlega hektari að flatarmáli. Þórir segir einnig að við leitina hafi verið teknar um átján þúsund ljósmyndir sem allar voru greindar.

Í kjölfar þess að fjallað var um mannshvarfið á síðasta ári skapaðist umræða um að lögreglan hafi ekki lagt mikinn metnað í leitina. Þórir segir að það sé erfitt að kalla út leitarfólk þegar ekki liggja fyrir nægar upplýsingar og að allt hafi verið lagt í sölurnar til að finna Artur.



**Björgunarsveitamenn leituðu Arturs Jarmoszko meðfram ströndinni í Garðabæ og Kópavogi í fyrravor. Núna hafa líkamsleifar hans fundist. Artur sást síðast hinn 1. mars í fyrra á gangi eftir Suðurgötunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það er eðlilegt að fólki geti fundist það. Það var mikið lagt í að skoða öll gögn til að finna einhvern byrjunarpunkt. Ef ég man rétt voru kallaðar út björgunarsveitir og gengnar fjörur. En auðvitað var þeim mun meira lagt í hluti eins og að ræða við vini, kunningja og fjölskyldu og rannsaka tölvu hans og síma. Fólk verður ekki vart við þennan hluta leitarinnar,“ segir Þórir.

Artur sást síðast laust fyrir miðnætti þann 1. mars í fyrra í eftirlitsmyndavél á gangi í suðurátt eftir Suðurgötu í Reykjavík. Þá námu símamöstur í Kópavogi og á Álftanesi merki úr síma hans nóttina sem hann hvarf og var því gerð ítarleg leit að honum í fjörum við Fossvog.

Artur var 26 ára þegar hann hvarf og hafði verið búsettur hér á landi í nokkur ár. Eftir að niðurstaða réttarmeinafræðings lá fyrir var aðstandendum tilkynnt að um Artur hafi verið að ræða. **– aá, gþs, ósk**


SUMARTILBOÐ Á
RENEGADE
LONGITUDE
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
TILBOÐSVERÐ
3.790.000 KR.
LISTAVERÐ 4.390.000 KR.
TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI - ÞVERHOLTI 6 - 270 MOSFELLSBÆR- SÍMI: 534 4433
WWW.JEEP.IS - WWW.ISBAND.IS - ISBAND@ISBAND.IS - OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 - LAUGARDAGA 12-16

MEISTARAVERK

# 傑作

## FRUMSÝNING Í KAUPTÚNI 6 Í DAG KL. 12-16

**LEXUS RX 450h L** – ENN MEIRA RÝMI FYRIR LÚXUS

Komdu og skoðaðu glæsilegt úrval Lexus bíla þegar við frumsýnum Lexus RX 450h L, sjö sæta lúxusjeppann. Komið og sjáið stærri, lengri og stórfenglegri lúxus.

Ljúffengar veitingar í boði. Verið velkomin.



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING



Rannsóknin náði til 112 þúsund mæðra í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hefur áhrif á meðgöngu

**HEILBRIGÐISMÁL** Börn þeirra mæðra, sem notuðu parasetamól á meðgöngu í lengri tíma (meira en 29 daga), eru meira en tvisvar sinnum líklegri til að greinast með ADHD en aðrar mæður. Þetta sýnir nýleg rannsókn í Noregi sem náði til 112 þúsund mæðra. Greint er frá rannsókninni á vef Landlæknis. Hófleg notkun parasetamóls á meðgöngu hefur ekki áhrif.

„Á Íslandi er sala á hreinu parasetamóli (Panodil, Paratabs, Pinex, Paracet, Dolorin og fleiri) minni en á hinum Norðurlöndunum og litlar pakkningar þessara lyfja eru seldar án lyfseðils,“ segir í greininni. Hins vegar eru ávísanir parasetamóls í blöndum með t.d. kódeini mun fleiri hér á landi Árið 2017 fengu 24 þúsund karlar og 33 þúsund konur ávísað Parkódíni og/eða Parkódín forte og því er ljóst að notkun lyfjanna er mjög almenn hér á landi,“ segir á vef Landlæknis.

**»** **Hófleg notkun parasetamóls hefur ekki áhrif.**

## Afríkudeginum fagnað




Íbúar í Harare í Simbabve fögnuðu Afríkudeginum í gær. Á Afríkudeginum minnast menn þess að Afríkueiningin var stofnuð þann dag árið 1963. Afríkubandalagið tók við hlutverki Afríkueiningarinnar árið 2002. Öll 55 ríki Afríku eiga aðild að Afríkubandalaginu. FRETTABLADID/EPA

# Lögregla hleraði símtæki brotaþolans

**Símtæki brotaþola í kynferðisbrotamáli var hlerað við rannsókn málsins hjá lögreglu. Ekki er vitað til þess að slíkt hafi verið gert áður. Hin hleruðu símtöl voru lykilsönnunargögn fyrir dómi en dómarar voru ekki sammála um hvort líta ætti til þeirra við úrlausn málsins.**

**DÓMSMÁL** Sími brotaþola í nýlegu kynferðisbrotamáli var hleraður við rannsókn málsins hjá lögreglu. Nær óþekkt er að gripið sé til slíkra aðgerða.

Fyrir rétt rúmri viku var Stefán Þór Guðgeirsson dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir hrottalega nauðgun. Þetta var í annað skipti sem hann hlýtur dóm fyrir slíkt brot en það gerðist einnig árið 2012. Brotaþoli, en á þeim tíma sem nauðgunin átti sér stað voru hún og Stefán í sambandi, leitaði á Neyðarmóttöku Landspítalans eftir atvikið og gaf skýrslu um það sem gerst hafði. Þá voru einnig tekin úr henni sýni og ljósmyndir teknar af áverkum.

Tveimur dögum síðar í skýrslutöku hjá lögreglu vildi hún hins vegar draga kæru sína til baka. Degi eftir það veitti hún Sveini Andra Sveinssyni umboð til að vera réttargæslumaður sinn í málinu og lagði fram yfirlýsingu þar sem fram kom að samræðið hefði verið með vilja beggja og þar sem hún játaði á sig rangar sakargiftir.

Þær skýringar voru ekki teknar trúanlegar af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH) og var skipan Sveins sem réttargæslumanns hennar kærð til Hæstaréttar sem staðfesti hana.

Sökum ótrúverðugra skýringa brotaþola afréð lögreglan að afla dómsúrskurðar til að hlera símtæki hennar. „Það er afar fátítt að símar brotaþola í kynferðisbrotamálum séu hleraðir, í raun er ekki vitað til þess að það hafi verið gert áður,“ segir Theodór Kristjánsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá LRH.

**»** **Fjölskipaður dómur klofnaði í afstöðu sinni um hvort líta skyldi til hinna hleruðu símtala við úrlausn málsins.**

Fjölskipaður Héraðsdómur í máli Stefáns klofnaði í afstöðu sinni um hvort líta skyldi til hinna hleruðu símtala við úrlausn málsins.

Dómararnir voru sammála um að ekki yrði litið til símtala milli brotaþola og Stefáns þar sem hann hafði réttarstöðu sakbornings á þeim tíma og var óskylt að tjá sig um efni málsins. Einn dómari málsins taldi að hið sama ætti að gilda um símtöl brotaþola við aðra. Hún hafði stöðu vitnis á þessum tíma og var sem vitni óskylt að bera vitni um ætlaða refsiverða háttsemi nákominna einstaklinga. Taldi hann að þar sem brotaþoli og Stefán hefðu verið par á þessum tíma ættu símtölin ekki að komast að. Meirihluti dómara var á öndverði skoðun og var því litið til símtalanna.

„Veistu það sko þarna textinn sem þeir sömdu sem að ég átti að skrifa undir, þetta er bara það mest niðurlægjandi sem að ég hef á ævi minni þurft að skrifa undir í lífinu,“ sagði brotaþoli meðal annars í símtali við systur sína. Í öðru símtali við sama aðila sagði hún að sér hefði verið boðin milljón fyrir að „halda kjafti“.

Í öðru símtali kom fram að eftirlitsmyndavélar hefðu verið á heimili Stefáns en samkvæmt brotaþola hafði hann komið þeim fyrir því hann „var svo hræddur um að lögreglan mundi [sic] einhvern tímann koma án heimildar heim til sín“. Hluti nauðgunarinnar var festur á filmu af myndavélunum og var upptakan meðal gagna málsins. Stefán neitaði að opna á upptökurnar fyrir lögreglu og var því leitað til erlends sérfræðings til að brjótast inn í kerfið. joli@frettabladid.is






F&F

MEIRI GÆÐI, BETRA VERÐ

FÆST EINGÖNGU Í

HAGKAUP




**Bréf Eimskips lækkuðu um sex prósent í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Eaton Vance seldi í Eimskip

**VIÐSKIPTI** Tveir sjóðir á vegum bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Eaton Vance Management seldu tæplega 1,9 milljónir hluta í Eimskip fyrir um 355 milljónir króna í síðustu viku. Hlutabréf í skipafélaginu hafa fallið um ríflega sex prósent í verði eftir að félagið greindi frá því á mánudag að forstjórinn og framkvæmdastjóri alþjóðasviðs hefðu þann 11. maí fengið stöðu sakbornings í rannsókn héraðssaksóknara á meintu samráði Eimskips og Samskipa.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu Fossar markaðir umsjón með viðskiptunum fyrir hönd Eaton Vance. Af nýjum hluthafalista Eimskips má jafnframt ráða að Arion banki hafi keypt hátt í 2,3 milljónir hluta í skipafélaginu í vikunni fyrir rúmlega 430 milljónir króna.

Sjóðir Eaton Vance voru að öðru leyti umsvifamiklir í kaupum á bréfum Kauphallarfélaga í vikunni. Þannig bættu þeir við sig í Símanum, tryggingafélögunum TM og VÍS og fasteignafélögunum Eik og Reitum. – **kij**

# Ný persónuverndarreglugerð vonandi innleidd fyrir þinglok

**Dómsmálaráðherra segist nokkuð bjartsýnn á að Alþingi takist að afgreiða nýtt persónuverndarfrumvarp fyrir þinglok. Nefndarmaður í allsherjar- og menntamálanefnd gagnrýnir vinnubrögðin. Reglugerðin felur í sér viðamiklar breytingar á sviði persónuverndar og kveður á um aukið hlutverk eftirlitsstofnana.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að nýtt frumvarp til laga um persónuvernd verði samþykkt á yfirstandandi þingi. Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra segist nokkuð bjartsýn á að það geti gengið eftir. „Frumvarpið fer inn í þingflokka stjórnarflokkanna á mánudag og ég vonast til að geta mælt fyrir málinu síðar í næstu viku. Ef þingmenn eru sammála um það að málið sé gott sé ég ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi takist að afgreiða það á þessu þingi.“

Sigríður viðurkennir að tímaþröngin sem málið er komið í sé óheppileg en bendir á að frumvarpið hafi verið í samráðsferli í nokkurn tíma og umsagnir liggi fyrir. Þar að auki sé svigrúm stjórnvalda til breytinga lítið þar sem um reglugerð en ekki tilskipun sé að ræða. Hún hafi haldið þinginu upplýstu um stöðu mála og átt fund með allsherjar- og menntamálanefnd.

Með gildistöku frumvarpsins verður ný persónuverndarreglugerð ESB innleidd í íslenskan rétt en hún tók formlega gildi í ríkjum ESB í gær, á evrópska persónuverndardeginum. Íslensk stjórnvöld hafa unnið að undirbúningi innleiðingar reglugerðarinnar frá því vorið 2016.



**Reglugerðinni er ætlað að styrkja réttindi einstaklinga í stafrænum heimi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áður en reglugerðin og hin nýju persónuverndarlög geta tekið gildi þarf sameiginlega EES-nefndin að samþykkja ákvörðun um upptöku reglugerðarinnar í EES-samninginn. Sú ákvörðun liggur enn ekki fyrir en þar að auki þarf Alþingi að staðfesta þá ákvörðun. Þingsályktunartillaga þess efnis var lögð fram á Alþingi á fimmtudaginn.

Málið er því nokkuð snúið enda ljóst að sameiginlega EES-nefndin mun ekki klára afgreiðslu þess fyrr en í fyrsta lagi í byrjun júlí.

Eins og fram hefur komið felur reglugerðin í sér viðamiklar breytingar á sviði persónuverndar. Þannig er reglugerðinni meðal annars ætlað að styrkja grundvallarréttindi einstaklinga í stafrænum heimi og einfalda regluverk fyrir fyrirtæki á hinum innri stafræna markaði. Þá er kveðið á um aukið hlutverk eftirlitsstofnana, nýjar öryggisvottanir og sektarheimildir.

> *Ef þingmenn eru sammála um það að málið sé gott sé ég ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi takist að afgreiða það á þessu þingi.*
>
> Sigríður Andersen dómsmálaráðherra

Ljóst er að þingmenn þurfa að hafa hraðar hendur eigi að takast að afgreiða málin fyrir þinglok en samkvæmt starfsáætlun á Alþingi að ljúka störfum 7. júní.

Jón Steindór Valdimarsson, fulltrúi Viðreisnar í allsherjar- og menntamálanefnd, segir að sér vitandi hafi ekkert samráð átt sér stað við nefndina um hvernig haga eigi afgreiðslu málsins. „Efni löggjafarinnar er mjög mikilvægt og mikilvægt að þetta klárist til að eyða réttaróvissu sem getur komið upp ef þetta klárast ekki. Á hinn bóginn verður að segjast að vinnubrögðin og tíminn sem gefinn er til umfjöllunar eru fyrir neðan allar hellur.“ **sighvatur@frettabladid.is**








# Eflum miðbæinn - kjósum Hjartagarðinn

Canopy Reykjavík er glæsilegt hótel í hjarta miðbæjarins og hefur verið rekið fyrir fullum húsum frá opnun.

**Við bjóðum nú til leigu tvö rými í húsakynnum okkar að Hverfisgötu 32 og 34 með aðgengi bæði að Hverfisgötu og Hjartagarði.**

Við leitum að metnaðarfullum samstarfsaðilum sem deila þeirri hugsjón okkar að gestir séu þátttakendur í líflegu umhverfi en ekki óvirkir áhorfendur. Við fögnum litadýrð og sköpunargleði sem fær útrás í ferskum mat, fallegu handverki og frumlegum hugsunum.

Icelandair hótel er leiðandi keðja gæðahótela á Íslandi sem samanstendur af 9 hótelum á lykilstöðum um land allt: Reykjavík Natura, Reykjavík Marina, Hamar, Akureyri, Mývatn, Hérað, Klaustur, Vík og Flúðir. Icelandair hótel starfrækja einnig sumarhótelkeðjuna Hótel Eddu, sem er með 10 hótel staðsett vítt og breitt um landið. Hilton Reykjavík Nordica, Canopy Reykjavík City Centre og Reykjavík Konsúlat hótel, Curio Collection by Hilton, falla auk þess undir rekstur félagsins sem og Reykjavík Marina Residence og Alda Hótel Reykjavík.

**Þú finnur nánari upplýsingar á vefslóðinni: leigurymi-canopyreykjavik.com.**
**Þar er einnig hægt að leggja fram fyrirspurnir.**

canopy™ REYKJAVÍK CITY CENTRE




The Power to Surprise

## Tryggðu þér Kia Rio á frábæru HM verði

**Kia Rio** er ómetanlegur liðsfélagi fyrir sumarið. Hann er lipur í akstri og á heimavelli hvert sem hann kemur, enda þekktur fyrir gæði og áreiðanleika. Rio er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum, stútfullur af tæknilausnum og góður í endursölu.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Rio með 7 ára ábyrgð***

Kia Rio á HM tilboði:

# 2.290.777 kr.

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

## Fylgi flokkanna og úthlutun sæta í borgarstjórn







# Turnarnir tveir halda fylginu frá 2014

**Miðflokkurinn hefur rekið áhugaverðustu kosningabaráttuna, að mati almannatengils. Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn halda fylgi sínu frá síðustu kosningum. Mestar líkur á að meirihlutaflokkarnir starfi áfram saman á næsta kjörtímabili, nái þeir til þess fylgi.**

**KOSNINGAR** „Sem betur fer er langt í næstu kosningar og vonandi verður fólk glaðara þegar það fer næst í kosningar,“ segir Friðjón Friðjónsson almannatengill um kosningabaráttuna sem nú er að renna sitt skeið. „Það er rosalega mikið af reiðu fólki í þessari kosningabaráttu,“ segir Friðjón.

Viðmælendur Fréttablaðsins, sem ásamt Friðjóni eru almannatenglarnir Andrés Jónsson og Elías Jón Guðjónsson, eru sammála um að kosningabaráttan hafi almennt verið tilþrifalítil og einkennst af kosningaþreytu enda eru þetta fjórðu kosningarnar sem fram fara frá árinu 2016.

Friðjón segir að hér í Reykjavík hafi frambjóðandi Miðflokksins rekið áhugaverðustu kosningabaráttuna. „Mér hefur fundist Vigdís Hauksdóttir skemmtileg,“ segir Friðjón og vísar þar í myndbönd sem Vigdís hefur gert og birt á samfélagsmiðlunum. „Hún hefur brotið upp formið og svo höfum líka séð frambjóðendur í öðrum sveitarfélögum þora að fara út fyrir formið,“ segir Friðjón. Þar vísar hann meðal annars til auglýsinga Ármanns Kr. Ólafssonar í Kópavogi. „Vigdís hefur sýnt fólki að það má vera skemmtilegur í kosningabaráttu,“ segir Friðjón. Það hafi verið helsti gallinn í kosningabaráttunni og kosningabaráttu yfirleitt að menn taki sig of alvarlega. „Menn verða að vera léttir.“

> **Sá tími sem kosningabaráttan er í algleymingi var þrjár vikur í þarsíðustu kosningum, tvær vikur í síðustu kosningum og 10 dagar í þessum**
>
> Andrés Jónsson, almannatengill og eigandi Góðra samskipta



### Aðferðafræðin

Könnun Fréttablaðsins var gerð þannig að hringt var í 1.987 manns með lögheimili í Reykjavík þar til náðist í 1.500 samkvæmt lagskiptu úrtaki 23. og 24. maí. Svarhlutfallið var 75,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til sveitarstjórnarkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Alls tók 62,1 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá voru 10 prósent sem sögðust ekki ætla að kjósa eða skila auðu, 18,4 prósent sögðust óákveðin og 9,6 prósent vildu ekki svara spurningunni.

> **Vigdís hefur sýnt fólki að það má vera skemmtilegur í kosningabaráttu.**
>
> Friðjón Friðjónsson, almannatengill og einn eigenda Kom



Kosningabarátta Miðflokksins virðist ætla að skila Vigdísi sæti í borgarstjórn Reykjavíkur næsta kjörtímabilið. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær sýnir ný skoðanakönnun, sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu í vikunni, að Viðreisn, Miðflokkurinn og Framsóknarflokkurinn fengju einn mann kjörinn hver. Píratar og VG fengju tvo menn hvor flokkur, Sjálfstæðisflokkurinn fengi svo sjö menn og Samfylkingin níu menn.

Í skoðanakönnuninni var spurt um fylgi allra sextán flokkanna sem bjóða fram lista í Reykjavík. Af þeim sem afstöðu tóku sögðust rúm 32 prósent ætla að kjósa Samfylkinguna, rúmlega 26 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, rúm 10 prósent myndu kjósa Pírata, 7,5 prósent myndu kjósa VG, rúm sex prósent myndu kjósa Viðreisn, rúm fimm prósent myndu kjósa Miðflokkinn, 3,6 prósent Framsóknarflokkinn, 3,1 prósent Flokk fólksins og 2,3 prósent myndu kjósa Sósíalistaflokkinn. Næst Sósíalistaflokknum að stærð er Kvennahreyfingin með 1,9 prósent, 0,3 prósent nefna Höfuðborgarlistann og 0,3 prósent nefna Frelsisflokkinn. Þá nefndi 0,1 prósent Alþýðufylkinguna. Hvorki Íslenska þjóðfylkingin, Borgin okkar – Reykjavík né Karlalistinn komust á blað.

Þegar horft er til hlutfallslegrar skiptingar atkvæða sést að Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn eru nánast á pari við það sem flokkarnir fengu í borgarstjórnarkosningunum 2014. Píratar hins vegar tvöfalda nánast fylgi sitt en VG er svo aftur á móti með svipað fylgi og fyrir fjórum árum. Meirihlutaflokkarnir þrír sem bjóða fram að nýju, það er Samfylkingin, Píratar og VG, eru því í nokkuð góðri stöðu eftir kjörtímabilið. Björt framtíð er hins vegar horfin af sjónarsviðinu, að minnsta kosti um stundarsakir.

Elías Jón Guðjónsson segir að umræðan í aðdraganda kosninganna hafi verið flöt. „Málefnin hafa ekki komist í umræðuna, en hún hefur kannski að mörgu leyti snúist um það hvor verður borgarstjóri, Dagur eða Eyþór. „Fólk er ekki móttækilegt fyrir pólitískri umræðu akkúrat núna,“ segir hann. Þá kunni fjöldi framboða að hafa valdið því að frambjóðendur eigi erfitt með að koma stefnumálum sínum á framfæri.

Elías Jón, sem þekkir vel til í VG, segir að ef niðurstaða kosninganna í dag verði í samræmi við skoðanakönnun Fréttablaðsins þá starfi meirihlutinn áfram saman, að undanskilinni Bjartri framtíð. „Þá þarf ekkert að flækja málin, þá bara heldur sami meirihluti áfram með sömu áherslur. Ég sé ekki neina ástæðu til að bæta einhverjum öðrum inn í. Ekki nema að sá hinn sami vilji vinna að sömu málefnum.“

Andrés Jónsson almannatengill segir að kosningabaráttan sé að verða styttri og knappari. „Sá tími sem kosningabaráttan er í algleymingi var þrjár vikur í þarsíðustu kosningum, tvær vikur í síðustu kosningum og 10 dagar í þessum kosningum.“ Hann segir að mesta spennan á morgun muni snúast um það hvort minni framboð, sem geta vænst þess að fá einn mann inn, geti haft áhrif á stöðu meirihlutans.

**jonhakon@frettabladid.is**

Listmunauppboð nr. 110

Listmunauppboð

í Galleri Fold

mánudaginn 28. maí, kl. 18

Forsýning á verkunum
laugardag til mánudags

laugardag kl. 11–16,
sunnudag kl. 12–16 og mánudag 10–17


Þorvaldur Skúlason

LISTMUNASALA fold

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

## Könnun Gallup sýnir ólíkar niðurstöður

**KOSNINGAR** Könnun sem Gallup gerði dagana 22. til 25. maí og birt var í fréttum RÚV í gær sýnir aðra mynd af fylgi flokkanna. Samkvæmt þeirri könnun er Sjálfstæðisflokkurinn stærsti flokkurinn í Reykjavík með 28,3 prósenta fylgi. Samfylkingin er næst stærst með 26 prósent, svo koma Píratar með 11 prósent, Viðreisn 8,7 prósent, Vinstri græn 6,2 prósent, Miðflokkurinn 5,8 prósent og Flokkur fólksins 3,8 prósent. Samkvæmt þessari könnun verða fyrrgreindir sjö flokkar með fulltrúa í borgarstjórn.

Sósíalistaflokkurinn er næstur með mann inn, flokkurinn mælist með 3,4 prósenta fylgi en 2,9 prósent sögðust ætla að kjósa Framsóknarflokkinn. Aðrir flokkar mældust með 3,8 prósenta fylgi samanlagt. Af þeim sem tóku þátt sagðist enginn ætla að kjósa Frelsisflokkinn og einn Íslensku þjóðfylkinguna. Þrír nefndu Höfuðborgarlistann, fjórir ætluðu að greiða Borginni okkar – Reykjavík atkvæði sitt, sex Karlalistanum, ellefu Alþýðufylkingunni og sautján Kvennahreyfingunni.

> **28%**
>
> **prósent er fylgi Sjálfstæðisflokksins í könnun Gallup.**

Heildarúrtaksstærð í könnun Gallup var 2.215 og var þátttökuhlutfall 57,7 prósent eða 1.104. Af þeim sögðust 6,6 prósent ekki ætla að kjósa eða skila auðu og 7 prósent tóku ekki afstöðu. **– jhh**


D
Breytum
borginni
Í dag
breytum
við borginni

## Hefja úttekt á skotvopnum lögreglu

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að hefja stjórnsýsluúttekt á skráningu, varðveislu og meðferð lögregluvopna. Niðurstöður verða kynntar Alþingi í haust.

Fyrir eru fjórar úttektir stofnunarinnar í vinnslu auk almennra eftirfylgniúttekta í kjölfar fyrri skýrslna. Þar er um að ræða skýrslu um stöðu í heilbrigðisþjónustu við fanga, skýrsla um árangur af fækkun sýslumannsembætta, skýrsla um eftirlit Fiskistofu og svo er skýrsla um starfsemi Útlendingastofnunar. Síðastnefnda skýrslan er unnin að beiðni Alþingis. – **jóe**



**Fleiri bjóðast til að sitja við dánarbeð í Danmörku.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fleiri sitja við dánarbeðin

**DANMÖRK** Sjálfboðaliðum sem sitja við dánarbeð, svokölluðum vökukonum, hefur fjölgað á undanförnum árum í Danmörku. Samt fá ekki allir þeir sem óska eftir að halda í hönd vökukonu eða hlusta á hughreystandi orð slíkan sjálfboðaliða til sín. Bæði karlar og konur eru kölluð vökukonur. – **ibs**

# Ríkið sendir lífeyrisþegum samtals 4 milljarða reikning

**Einungis 12 prósent bótaþega fengu réttar greiðslur frá Tryggingastofnun og sitja þeir eftir með samtals fjóra milljarða króna í bakreikning. Formaður Öryrkjabandalagsins er að vonum ósátt með niðurstöðuna. Segir það mikilvægt hagsmunamál fyrir öryrkja að réttur þeirra til lífeyris sé reiknaður út mánaðarlega.**

**SAMFÉLAG** Hinn árlegi endurreikningur Tryggingastofnunar ríkisins kemur afar illa niður á tæpum helmingi skjólstæðinga stofnunarinnar. Þeir sem eru á lífeyri hjá TR þurfa að greiða samanlagt 3,9 milljarða króna til baka til stofnunarinnar. Öryrkjabandalagið gagnrýnir harðlega vinnulag Tryggingastofnunar.

Lífeyrisréttindi eru tekjutengd og voru réttindi fyrir árið 2017 reiknuð út frá áætluðum árstekjum í tekjuáætlunum sem lífeyrisþegar bera ábyrgð á. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur ársins lágu fyrir í staðfestum skattframtölum voru lífeyrisréttindi endurreiknuð á grundvelli þeirra. Lífeyrisþegar sem fengu greitt umfram rétt sinn eru þá í skuld við stofnunina sem kemur til innheimtu þann 1. september næstkomandi.

Alls fengu 44 prósent lífeyrisþega ofgreitt og sama hlutfall fékk of lítið greitt. Einungis tólf prósent lífeyrisþega fengu réttar greiðslur frá stofnuninni. Þeir einstaklingar sem fengu ofgreitt frá stofnuninni þurfa að greiða til baka að meðaltali um 13.000 krónur á mánuði.

„Þessi hópur er með lægstu tekjur allra í dag og því eru þetta gríðarlega háar fjárhæðir fyrir þetta fólk,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ. „Það liggur við að segja að verið sé að gefa skotleyfi á lífeyrisþega hvað þetta varðar. Við höfum alltaf viljað að þetta yrði reiknað mánaðarlega til að koma í veg fyrir svona mistök.“



**Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Þeir einstaklingar sem fengu vangreiddan lífeyri fá endurgreidda um 2,6 milljarða króna um næstu mánaðamót.

Bergur Þorri Benjamínsson, formaður Sjálfsbjargar, segir mikilvægt einmitt að barist sé fyrir því að réttur til lífeyris hjá TR verði reiknaður mánaðarlega. „Við þurfum að eiga samtalið við ráðherra til að fá þessu breytt. Það er krafa okkar að réttur okkar sé reiknaður í hverjum mánuði en einmitt þannig minnkum við bakreikninga sem eru afar erfiðir fyrir okkar skjólstæðinga,“ segir Bergur Þorri.

Lífeyrisþegum hjá TR hefur fjölgað mikið síðustu ár og hefur heildarfjárhæð lífeyris hækkað sem því nemur. Lífeyrisþegar TR geta sótt um niðurfellingu á skuld sinni en ströng skilyrði þarf að uppfylla til að sleppa undan henni.

sveinn@frettabladid.is




# Weinstein loks ákærður fyrir nauðgun

**Kvikmyndaframleiðandinn gaf sig fram við lögregluyfirvöld á Manhattan í gær. Hann hefur nú verið ákærður fyrir kynferðisofbeldi gegn tveimur konum. Weinstein var látinn laus gegn tryggingu upp á eina milljón Bandaríkjadala. Mál tengd Weinstein eru til skoðunar meðal annars í Los Angeles og Lundúnum.**



Harvey Weinstein sagði ekkert í dómsal í gær. Við hlið hans stendur lögmaðurinn Benjamin Brafman. NORDICPHOTOS/GETTY

**BANDARÍKIN** Kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein gaf sig fram á lögreglustöð í New York í gær og hefur hann nú verið ákærður fyrir kynferðisbrot, þar á meðal nauðgun, gegn tveimur konum. Samkvæmt frétt BBC var Weinstein leiddur út af lögreglustöðinni í handjárnum og færður í dómsal.

Fyrir dómi sagði saksóknarinn Joan Illuzzi framleiðandann hafa „notað stöðu sína, peninga og vald til að lokka ungar konur í aðstæður þar sem hann gat misnotað þær kynferðislega“.

Weinstein mun ekki þurfa að sitja í varðhaldi heldur er hann laus gegn tryggingu upp á eina milljón dala, sem samsvarar rúmlega 100 milljónum króna. Þar að auki þurfti hann að láta vegabréf sitt af hendi og mun hann ganga með búnað sem skráir staðsetningu hans, en ferðir hans hafa verið takmarkaðar við New York ríki og Connecticut.

Benjamin Brafman, lögmaður Weinsteins, sagði að Weinstein muni halda fram sakleysi sínu. Þeir eru báðir vissir um að enginn fótur sé fyrir ákærunum og hann segir engin sönnunargögn styðja þær.

Ákærurnar koma í kjölfar langrar rannsóknar sem saksóknaraembættið í Manhattan hefur tekið þátt í, en töluvert er síðan fyrstu ásakanirnar á hendur Weinstein litu dagsins ljós.

Það var í október í fyrra að New York Times birti grein þar sem Weinstein er sakaður um að hafa í áratugi greitt fyrir þagmælsku kvenna sem hann á að hafa misnotað kynferðislega eða beitt kynferðislegri áreitni. Samkvæmt Reuters hafa yfir 70 konur stigið fram síðan í október og sakað kvikmyndaframleiðandann um slíka hegðun.

Í kjölfar ásakananna var Weinstein rekinn frá framleiðslufyrirtæki sínu, The Weinstein Company, í október í fyrra en stjórn fyrirtækisins óskaði eftir því að það yrði tekið til gjaldþrotaskipta fyrr á árinu. Weinstein hefur sjálfur verið fordæmdur af helstu leikmönnum í kvikmyndaiðnaðinum og hann hefur verið rekinn úr Óskarsakademíunni.

Vel gæti verið að Weinstein þurfi að glíma við fleiri ákærur en lögregluyfirvöld í Lundúnum hafa sagst vera að rannsaka ásakanir á hendur Weinstein og saksóknarar í Los Angeles sögðu í febrúar að þrjú mál tengd Weinstein væru til skoðunar.

gretarthor@frettabladid.is

> **Weinstein hefur verið rekinn frá framleiðslufyrirtæki sínu, The Weinstein Company vegna ásakananna á hendur honum. Stjórn fyrirtækisins hefur óskað eftir því að fyrirtækið verði tekið til gjaldþrotaskipta.**



RAFBÍLAR ERU UMHVERFISVÆNIR, HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG SKEMMTILEGIR Í AKSTRI

# LANDSINS MES AF RAFBÍLUM










## Hagkvæmni og umhverfisvitund

Tengitvinnbílar eru mjög sparneytnir í daglegri notkun í þéttbýli þegar þess er gætt að hlaða rafhlöðuna daglega. Uppgefnar tölur fyrir blandaðan akstur eru á bilinu 2-3,5 l/100 km. 100% rafbílar sem keyrðir eru 15.000 km á ári nota raforku fyrir u.þ.b. 2.900 kr. á mánuði. Það er því hverju orði sannara að raf- og tengitvinnbílar eru bæði hagkvæmir í akstri og umhverfisvænir.

## Eru tveir bílar á þínu heimili?

Fjölskyldur sem reka tvo bíla ættu að skoða möguleikann á að skipta öðrum út fyrir rafbíl. Við kaup á rafbíl frá BL getur þú greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl og fengið milligjöfina að láni að hluta eða öllu leyti. Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum BL um möguleikana sem standa til boða.

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

# STA ÚRVAL

## RAFBÍLASUMARIÐ BYRJAR HJÁ BL NÚNA!

BL hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu við rafbíla frá upphafi rafbílavæðingar. Hjá BL er að finna eitt landsins mesta úrval rafbíla og tengitvinnbíla frá ýmsum framleiðendum.

Komdu heimsókn og við segjum þér frá öllu sem þú þarft að huga að við kaup á rafbíl eða tengitvinnbíl.
















ENNEMM / SÍA / NM88074

### Sértilboð og aukahlutapakkar

Við bjóðum veglega aukahlutapakka með völdum gerðum af BMW tengitvinnbílum auk þess sem við bjóðum heimahleðslustöðvar með völdum gerðum af rafbílum. Komið í reynsluakstur og fáið upplýsingar hjá sölumönnum

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

**KOMDU OG FINNDU HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ KEYRA RAFBÍL**

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018

# Leyndarmál Ráðhússins vel geymd

Borgarbúar sem urðu á leið blaðamanns og ljósmyndara í gönguferð í miðborginni degi fyrir kosningar voru misjafnlega spenntir fyrir sveitarstjórnarkosningum í ár þótt flestir ætluðu sér að mæta í kjörklefann. Götusóparinn Örn Karlsson var hins vegar svo feikilega spenntur að hann var að hugsa um að gera sér ferð á kjörstað degi fyrr. Og gott ef hann lumaði ekki líka á leyndarmálum úr Ráðhúsinu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



## Ekki viss um að komast

Anna Baranovski



Anna er að verðmerkja jólakúlur í verslun við Hallærisplanið sem selur jólaskraut. „Ég er frá Ungverjalandi og ætla ekki að kjósa. Þótt ég geti það. Ég vil vera laus við þetta stress, ég gæti samt tekið upp á því. En þyrfti þá að kynna mér málin vel í kvöld. Ég vinn svo mikið, ég þarf líka að skoða hvað kjörstaðir eru opnir lengi.“

## Veit öll leyndarmál Ráðhússins

Örn Karlsson

„Ég er götusópari, mér finnst gaman að leysa verkefni sem enginn annar vill leysa,“ segir Örn sem er á ferðinni við Ráðhús Reykjavíkur með fullar hjólbörur af drullu.

„Ég náttúrulega gjörþekki þessa borg. Ég vil engar breytingar. Ég vil kjósa Dag alla daga. Ég er svo hrikalega spenntur að ég vil eiginlega bara kjósa strax í kvöld,“ segir hann degi fyrir kosningar.

„Ég er nánast elsti starfsmaðurinn hér við Ráðhúsið. Ég veit öll leyndarmálin og er sko alveg tilbúinn að segja ykkur þau ekki!“ segir hann og skellir upp úr.

„Ég er búinn að vinna með mörgum borgarstjórum. Dagur er nánast bestur. Báðir læknarnir voru góðir líka.

Ég heilsaði alltaf Jóni Gnarr með því taka af mér höfuðfatið og hneigja mig djúpt og segja: góðan daginn herra borgarstjóri. Honum fannst þetta fyndið. En á þriðja ári fannst honum það ekkert fyndið. Hann Jón Gnarr lagði sig fram um að gera ekki neitt. Enda lofaði hann því. Eiginlega bara sem betur fer gerði hann ekkert. Sjálfstæðismenn eru alltaf að fara út á land að finna sér stjórnmálamenn til að fara fram í borginni. Frá Selfossi, Ísafirði. Ætlast þeir til að við kjósum þetta lið?“ spyr Örn sem reyndi eitt sinn að eigin sögn að bjóða sig fram í borgarstjórnmálin. „Ég reyndi, ég er hægri krati og fór í framboð. Bjarni Pé og Bryndís Schram komust inn. Ég sást ekki á listanum. Ég veit ekki af hverju. En hlutskipti mitt sem götusópari er bara ágætt. Það er svo gaman að lifa. Ég geri samt mjög leiðinlega hluti. En fólk er ánægt með mig.“



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## Vantar lið til að halda með

Kristinn Pétursson

Kristinn er í gönguferð með ungum syni sínum sem fær nafn á sunnudaginn,

„Hann er kallaður Kenglúri, að minnsta kosti þangað til á sunnudaginn,“ segir Kristinn með bros á vör.

Já, ég ætla að kjósa. Ég var einmitt að segja það við konuna mína hvað ég er búinn að vera óvenju skoðanaóglaður. Ég hef ekki sett einn staf um kosningarnar á Facebook. Ég er félagi í Bjartri framtíð sem er því miður deyjandi afl og hef tekið þátt í kosningabaráttu, eigum við ekki að segja að mig vanti lið til að halda með. Ég mun velja næstbesta kostinn en fer ekki í þetta af sömu ástríðu og áður.

## Dauf stemning og enginn fókus

Ásmundur Helgason



Ásmundur er á leiðinni á Pósthúsið og gefur sér nokkrar mínútur í spjall um kosningabaráttuna og stemninguna. „Það er ekki mikil stemning. Það er dauft yfir þessu. Í fyrsta lagi eru alltof mörg framboð, fjölmiðlar ráða ekki við að fjalla um þau. Svo eru öll sveitarfélögin líka, það er enginn fókus. Það er enginn fókus í Reykjavik. Þá neyðist maður til að fara í gegnum auglýsingar. En það er líka lítið um þær. Eina sem maður veit er að manni finnst einhver asnalegur en annar ekki. Fyrir utan það að maður sér engan mun á þessu. Það er kannski helst borgarlínan. En ég kýs alltaf, ég er samt ekki búinn að ákveða mig. “

## Enga skoðun á baráttunni

Ásta Sóley Hilmisdóttir



Ásta Sóley er á hlaupum í miðbænum. „Ég er auðvitað ekki komin með aldur. En annars þá hef ég lítið orðið vör við kosningaumfjöllun og hef því eiginlega enga skoðun á kosningabaráttunni.“

## Lítið fylgst með

Hjalti Þórisson og Daníel Sigurðsson



„Nei, ég er nýfluttur til landsins, hef búið úti síðustu ár. Ég ætla ekki að kjósa,“ segir Hjalti. Þeir Daníel spila frisbígolf á Klambratúni og grípa þannig lausa stund frá vinnu í smá sólarglætu. „Ég hef lítið fylgst með og hef ekki myndað mér skoðun, ætli ég renni ekki yfir þetta í kvöld og geri upp hug minn,“ segir Daníel.

## Húsnæðismálin ráða valinu

Seweryn



Vorverkin eru hafin um alla borg. Seweryn er að snyrta trjárunna á Klambratúni og gefur sér nokkrar mínútur í spjall við „Ég kýs í Reykjavík, á ekki mína eigin íbúð og sé ekki fram á að eignast hana án þess að það verði breytingar. Húsnæðismálin skipta mestu máli,“ segir hann.

## Tilbúinn að kjósa

Sæmundur Óskarsson



Sæmundur starfar í matarvagni í miðbænum. Hann er ekki kominn með aldur til að kjósa en segist rammpólitískur. Hann gengi glaður til kosninga ef kosningaaldurinn væri lægri. „Ég hef sterkar skoðanir á borgarpólitík, ég myndi kjósa Framsókn. Er alfarið á móti borgarlínunni og það þarf breytingar í þessari borg. Ingvar er flottur leiðtogi.“

## Með valkvíða og ekki sérlega spennt

Sigríður Jónsdóttir



Sigríður er leigubílstjóri og bíður eftir næsta kúnna við Hallærisplanið. Hún virðist ekki sérlega spennt eða uppveðruð yfir kosningunum. „Æi nei. Ég veit það ekki. Þetta er svo mikið framboð, skilar þetta einhverju? Maður er bara með valkvíða. Ég fer og les þetta yfir og kynni mér þetta betur.“

## Lítill áhugi

Nökkvi Guðbjörnsson



Nökkvi vinnur í verslun við Hallærisplanið sem selur vökva og ýmsan búnað í rafrettur. „Æi, ég hef haft voða lítinn áhuga. Ætli pabbi píni mig ekki til að kjósa. Áhuginn er bara lítill og það er ekkert sem höfðar til mín.“




# HUGSUM ÚT FYRIR MIÐBÆINN

Tveir þriðju hlutar núverandi borgarfulltrúa búa vestan Kringlumýrarbrautar en 70% borgarbúa austan hennar.

Skýrir búseta borgarfulltrúa þá áherslu sem lögð er á borgarhlutana vestan Kringlumýrarbrautar?

Við í Framsókn viljum koma á jafnvægi í borginni.
Við treystum á þinn liðsstyrk.




xB FRAMSÓKN
FYRIR ALLA REYKJAVÍK

# Faðmast og hlegið á lokametrum kosningabaráttunnar í Reykjavík



Frambjóðendur fóru víða í gær til þess að hitta kjósendur á lokametrum kosningabaráttunnar. Fólk leit ýmist við á kosningaskrifstofunum eða ræddi málin í verslunarmiðstöðvunum. Ljósmyndarar Fréttablaðsins kíktu á stemninguna.



**Sjálfstæðisflokkurinn bauð upp á pylsur með öllu í sinni kosningamiðstöð.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Sveinn Hjörtur Guðfinnsson skipar þriðja sætið á lista Miðflokksins í Reykjavík og var vígalegur að sjá þegar hann kynnti stefnu flokksins í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti á lista Viðreisnar, tók á móti fólki í kosningamiðstöð flokksins. Þórdís Lóa virðist örugg um sæti.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




## Vilja skýrari reglur um leigu

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðalánasjóður telur að skoða þurfi hvernig betur megi stuðla að jafnri stöðu fólks á húsnæðismarkaði. Fulltrúar sjóðsins afhentu í gær Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og jafnréttismálaráðherra, skýrslu þar sem fjallað er um erfiðar aðstæður leigjenda hér á landi.

„Við teljum ástæðu til að farið sé yfir og þær reglur endurskoðaðar sem gilda um leigumarkaðinn svo leikreglurnar verði aðeins skýrari. Það er mjög mikið óöryggi eins og staðan er í dag og við sjáum að leigjendur búa ekki við sama öryggi og aðrir. Við viljum stuðla að því að landsmenn búi við aukið öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum,“ segir Una Jónsdóttir, deildarstjóri Leigumarkaðsdeildar Íbúðalánasjóðs.

Samhliða aukinni umræðu um hækkanir á leiguverði hjá til dæmis leigufélögum, veltir Íbúðalánasjóður því upp í skýrslunni hvort setja þurfi skýrari leikreglur sem leigusalar og leigufélög starfi eftir. Í tillögum Íbúðalánasjóðs til ráðuneytisins um stefnumótun í húsnæðismálum kemur fram að horfa megi til nágrannalandanna í leit að lausnum.



**Una Jónsdóttir hagfræðingur.**

„Við höfum verið að horfa til Noregs. Þar eru sérstök ákvæði í húsaleigulögum sem verja leigjendur fyrir miklum hækkunum á leigumarkaði. Þar er meginreglan sú að tímabundnir leigusamningar eru ekki gerðir til skemmri tíma en þriggja ára og leigusala er ekki heimilt að hækka leigu nema einu sinni á ári í takt við vísitölu neysluverðs. – **bsp**

CITROËN

FRUMSÝNDUR
Í DAG!

REYKJAVÍK & AKUREYRI




MEIRI
CITROËN
ÞÆGINDI

# NÝR CITROËN C4 CACTUS

## Ný fjöðrunartækni og tímamóta þægindi

- Progressive Hydraulic Cushions™ fjöðrunartækni
- Ný Advanced Comfort sæti
- Nálægðarskynjarar • GPS Vegaleiðsögn
- Hraðastillir (Cruise Control) • Brekkuaðstoð

VERÐ FRÁ
**2.840.000 KR.**

Ný fjöðrunartækni Citroën er einstök í bílaheiminum og er bylting hvað mýkt og stöðugleika varðar. Nýr Citroën C4 Cactus er fyrstur Citroën bíla sem er búinn þessum tímamóta þægindum. Tæknin kallast Progressive Hydraulic Cushions™ og skilar þeirri tilfinningu að farþegum finnst sem þeir svífi á skýi. Auk þessa er nýr Citroën C4 Cactus búinn nýjum Advanced Comfort sætum og undurþýðri sjálfskiptingu. Niðurstaðan er ótrúleg þægindi. Citroën þægindi.

CITROËN ADVANCED COMFORT

**KOMDU Í DÝRINDIS BAKKELSI OG MÁTAÐU NÝJAN CITROËN C4 CACTUS**

citroen.is

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## Birta upplýsingar um kostaðar auglýsingar

**TÆKNI** Samfélagsmiðlarisinn Facebook hefur opnað fyrir aðgang að gagnabanka sínum þar sem hægt er að sjá kaupendur kostaðra kosninga- og stjórnmálaauglýsinga.

Í desember á síðasta ári viðurkenndu stjórnendur Facebook að samfélagsmiðillinn hefði birt kostaðar auglýsingar frá rússneskum aðilum sem freistuðu þess að hafa áhrif á forsetakosningarnar í Bandaríkjunum árið 2016.

Nú hefur Facebook opnað fyrrnefndan gagnabanka, sem þó nær aðeins aftur til 7. maí 2018, og innleitt sérstaka merkingu sem mun fylgja keyptum stjórnmálaauglýsingum.

Í tilkynningu frá Facebook segir að fyrirtækið muni ráða hátt í 4.000 manns til að fylgja þessum breytingum eftir og tryggja gagnsæi þegar kostaðar auglýsingar eru annars vegar. Jafnframt mun samfélagsmiðillinn beita gervigreind til að skima fyrir auglýsingum sem ekki eru merktar kaupanda.

Í frétt The Guardian um gagnagrunninn er bent á að Facebook-síða forsetaframboðs Donalds Trump Bandaríkjaforseta hefur keypt þúsundir auglýsinga á síðustu vikum.

„Þessar nýjungar munu ekki laga allt það sem betur má fara,“ sagði Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook, í yfirlýsingu. „En þær munu gera þeim erfitt fyrir sem vilja leika sama leik og Rússarnir gerðu í aðdraganda kosninganna árið 2016.“ **– khn**

# Berjast við að aftra útbreiðslu ebóluveiru í Austur-Kongó

**Heimamenn í Austur-Kongó eru tortryggnir í garð heilbrigðisstarfsfólks sem berst við útbreiðslu ebólu. Þúsundum skammta af tilraunalyfi hefur verið dreift til íbúa í von um að komast hjá alþjóðlegu neyðarástandi. Festi veiran rætur í hafnarborginni Mbandaka er líklegt að hún berist til höfuðborgarinnar.**

**AUSTUR-KONGÓ** Heilbrigðisstarfsmenn í Austur-Kongó freista þess nú að aftra útbreiðslu ebólufaraldursins sem spratt upp á strjálbýlu svæði í vesturhluta landsins í apríl síðastliðnum. Síðan þá hafa tæplega sextíu smitast af veirunni, af þeim hafa 27 látist.

Þetta er í níunda skipti sem ebólufaraldur kemur upp í Austur-Kongó síðan veiran uppgötvaðist árið 1976. Þó svo að heimamenn séu alkunnugir þeim hörmungum sem fylgja veirunni þá hafa heilbrigðisstarfsmenn mætt töluverðri tortryggni og efasemdum heimamanna um það hvernig best sé að forðast smit.

Sérfræðingar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) segja ekki tímabært að lýsa yfir alþjóðlegu neyðarástandi, en vonir standa til að hægt verði að hægja verulega á útbreiðslu veirunnar með öflugu forvarnastarfi og skjótri meðhöndlun þeirra sem smitast hafa af veirunni eða komist í tæri við sýkta einstaklinga. Með þessum hætti megi koma í veg fyrir að veiran berist til þéttbýlissvæða.



**Öllu máli skiptir að upplýsa íbúa um forvarnir við ebólu.** NORDICPHOTOS/GETTY

Einna helst óttast sérfræðingar að veiran berist til borgarinnar Mbandaka þar sem 1,2 milljónir manna búa. Nú þegar hafa þrjú staðfest tilfelli komið upp í borginni. Festi veiran rætur í borginni eru taldar miklar líkur á því að hún komi upp í höfuðborginni Kinshasha, stærstu og fjölmennustu borg Austur-Kongó. Gríðarlegur viðbúnaður er í borgunum tveimur. Í Kinshasha eru allir flugfarþegar skimaðir fyrir veirunni og við hafnir Mbandaka er sami háttur hafður á.

Peter Salama, yfirmaður neyðaráætlana hjá WHO, sagði miklar vísindaframfarir hafa átt sér stað síðan síðasti ebólu-faraldur kom upp. Viðbragðsaðilar séu í betri stöðu nú til að bregðast við með skilvirkum hætti. „Áður fyrr var höfuðáhersla lögð á að loka tilteknum svæðum, að hefta útbreiðsluna,“ segir Salama. „Núna getum við boðið þessum einstaklingum aðra og betri þjónustu.“

Þannig hefur WHO dreift 7.500 skömmtum af tilraunabóluefni við ebólu til íbúa í vesturhluta Austur-Kongó og víðar. Jafnframt hefur heilbrigðisstarfsfólk á svæðunum verið bólusett fyrir veirunni.

Ótti íbúa hefur gert heilbrigðisstarfsfólki erfitt fyrir. Læknum og hjúkrunarfræðingum hefur verið hótað og þau sökuð um að dreifa veirunni. Þá ruddist fjölskylda tveggja stúlkna sem smitaðar voru af ebólu inn á sjúkrahús og flutti þær á brott. Önnur þeirra var flutt í nálæga kirkju þar sem 19 manns sameinuðust í bæn og þau þökkuðu guði fyrir að lækna stúlkuna af veirunni. Hún lést daginn eftir og miklar líkar eru taldar á að þeir sem tóku þátt í bænastundinni hafi smitast.

Ebóla uppgötvaðist árið 1976 við samnefnda á í Austur-Kongó. Veiran veldur meiriháttar innvortis blæðingum og leiðir til dauða í um helmingi tilfella. Ekkert staðfest bóluefni er til við veirunni, en þó eru nokkur tilraunalyf í notkun.

**kjartanh@frettabladid.is**





**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516


SUZUKI
Way of Life!
NÝR
SWIFT
Sport
SÝNING UM HELGINA!
KOMDU OG SJÁÐU
NÝJAN, FRÁBÆRAN
SUZUKI SWIFT SPORT
LAUGARDAGINN 26. MAÍ
KL. 12–16.
SUZUKI SWIFT SPORT ER MEÐ 140 HESTAFLA 1,4L BOOSTERJET MÓTOR. SWIFT SPORT ER AÐEINS 970 KG SVO AÐ AFLIÐ KEMST ALLT TIL SKILA.
KOMDU OG REYNSLUAKTU ÞESSUM FRÁBÆRA BÍL.
KOMDU OG PRÓFAÐU SWIFT SPORT
FLUTT MEÐ EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Mætum og kjósum



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Gengið er til sveitarstjórnarkosninga í dag. Samkvæmt síðustu skoðanakönnunum, sem birtar voru í gær, spáir önnur að meirihlutinn í Reykjavík haldi, hin að hann falli.

Í könnun Fréttablaðsins heldur meirihlutinn í Reykjavík. Samfylking fengi 32% og níu menn kjörna. Sjálfstæðisflokkur yrði næststærstur með 26% og sjö menn. Gallup gerði könnun þessa sömu daga. Þar er meirihlutinn í borginni fallinn. Sjálfstæðisflokkur orðinn stærstur og næði inn átta mönnum, Samfylking sjö. Þrátt fyrir ofgnótt framboða og frambjóðenda virðist sem kjósendur líti svo á að þeir séu fyrst og fremst að kjósa milli þessara tveggja risa í reykvískri pólitík.

Samfylkingin hefur háð nokkuð hnökralausa kosningabaráttu. Dagur B. Eggertsson hefur verið í fararbroddi og lítið sést til annarra frambjóðenda. Uppleggið virðist hafa verið að leggja upp með einfaldar áherslur, fá hnitmiðuð mál og óskoraðan leiðtoga í fararbrodd. Þetta virðist hafa tekist vel, enda flokkurinn siglt lygnan sjó í baráttunni, sérstaklega í ljósi þess að flokkur sitjandi borgarstjóra og grunnstoðin í ríkjandi meirihluta.

Sjálfstæðismönnum hefur hins vegar ekki lánast að sigla jafn lygnan sjó. Kosningamálin hafa kannski verið fleiri en skynsamlegt getur talist, og sést hefur mikið til frambjóðenda jafnvel langt niður eftir listanum. Spyrja verður hvort ekki hefði verið skynsamlegra að einfalda boðskapinn, sérstaklega í ljósi þess að lítill áhugi hefur verið á kosningunum og því erfiðara en ella að halda athygli kjósenda.

Hvað aðra flokka í núverandi meirihluta varðar þá má velta því upp hvort þeim hafi tekist að skilja sig frá Samfylkingunni. Hvorki Píratar né Vinstri grænir hafa gagnrýnt Samfylkinguna eða borgarstjóra svo heitið getur. Viðreisn hefur sömuleiðis ekki náð að takast á loft.

Hvað önnur framboð varðar, þá væri það að æra óstöðugan að telja þau öll upp. Athyglisvert er þó, eins og fram kemur á forsíðu Fréttablaðsins í dag, að það eru ríflega 3.400 manns í framboði. Það samsvarar um 1% þjóðarinnar, og er eins og 640 þúsund manns væru í framboði í Bretlandi, eða 3,25 milljónir manna færu fram í Bandaríkjunum.

> **Athyglisvert er þó eins og fram kemur á forsíðu Fréttablaðsins í dag, að ríflega 3.400 manns eru í framboði þetta árið. Það samsvarar um 1% þjóðarinnar.**

Auðvitað er það gott að svo margir láti sig pólitík varða, en að sumu leyti gerir það vitrænni umræðu erfiðara fyrir. Fjölmiðlarnir, sem verða að gæta jafnræðis, hafa einfaldlega ekki pláss til að kynna öll framboð svo vel sé. Kannski er það ástæðan fyrir því að svo margir eru óákveðnir nú á lokametrunum. Tæplega fimmti hver kjósandi er óákveðinn og ríflega annað eins vildi ekki svara eða ætlar að skila auðu, samkvæmt könnun Fréttablaðsins og svipaðar tölur má greina í könnun Gallup. Fylgið virðist vera á flökti og margir ekki enn búnir að ákveða sig. Frammistaða frambjóðenda á lokametrunum getur því skipt miklu.

Hvað sem öllum bollaleggingum líður ber að fagna tækifærinu til að tjá skoðun okkar og mæta á kjörstað. Þrátt fyrir að talsverðrar kosningaþreytu kunni að gæta eftir síðustu ár má aldrei gleymast að kosningarétturinn er alls ekki sjálfsagður. Látum ekki vorhretið endalausa draga úr okkur kjark. Mætum og kjósum.


# Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn


## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Lýðræði í miðaldrakrísu

Þegar ég var ellefu ára fór ég í fyrsta fjölskyldufríið með foreldrum mínum og bræðrum. Förinni var heitið til Majorka. Það var þó ekki aðeins sólin og sundlaugarbakkinn sem vöktu eftirvæntingu. Dögum saman gramsaði ég í fataskápum heimilisins í leit að rétta dressinu fyrir flugið. Fyrir valinu urðu bleikar smekkbuxur og blússa með herðapúðum. Tíminn hefur leikið stílinn grátt og fjarlægðinni ekki tekist að draga úr stærð herðapúðanna en mér fannst ég fáránlega flott þar sem ég sat í vélinni umkringd uppábúnum Íslendingum.

Þegar ég var átján ára tók ég í fyrsta skipti þátt í kosningum. Ég man ekki hvað ég kaus en ég man að ég valdi klæðnaðinn sem ég mætti í á kjörstað af kostgæfni: mínípils og klumbuskór í anda Spice Girls – „yo, I'll tell you what I want, what I really, really want."

Í dag dressar sig enginn lengur upp til að stíga um borð í flugvél. Að sitja í þröngum sætum, með þrútna fætur og japla á langloku með skinku og osti sem á meira skylt við baðsvamp en mat er hversdagsleg athöfn sem kallar á joggingbuxur og strigaskó. Klæðir fólk sig enn þá upp fyrir kjörstað? Svör óskast í athugasemdum á Frettabladid.is.

### Trump er eins og mótorhjól

Lýðræðið er í krísu – að minnsta kosti ef marka má nýjustu bókartitla. Bókum sem bera titla á borð við „How Democracy Ends" og „How Democracies Die" rignir yfir engilsaxneska lesendur.

Árið 1992 lýsti bandaríski stjórnmálafræðingurinn Francis Fukuyama yfir „endalokum sögunnar". Fukuyama taldi að hugmyndafræðilegri þróun mannkynsins hefði lokið við fall Sovétríkjanna er hið vestræna lýðræði bar sigur úr býtum. Á síðustu tuttugu og fimm árum flakkaði lýðræðið þó frá fullnaðarsigri að þverhníptri bjargbrún yfirvofandi endaloka. Hvað klikkaði?

Þótt titlar nýjustu bóka stjórnmálafræðinga séu dómsdagsspár er innihald þeirra ekki eintóm bölsýni. Í „How Democracy Ends" eygir David Runciman, stjórnmálafræðingur við Cambridge háskóla, von þrátt fyrir „andstyggð samtímans á lýðræðisstjórnmálum". Runciman segir ekki komið að leikslokum heldur eigi lýðræðið aðeins í „miðaldrakrísu" þar sem Donald Trump er „mótorhjólið".

Hvað sem endalokunum líður er ljóst að lýðræðið er þó hverfulla en Fukuyama taldi. Breski heimspekingurinn og metsöluhöfundurinn John Gray sendi frá sér nýja bók á dögunum þar sem hann segir lýðræðið hvergi nærri hólpið. Í bókinni „Seven Types of Atheism" gagnrýnir Gray blinda trú á framþróun mannkyns og segir hugmyndir Vesturlanda um frjálslyndi – lýðræði, mannréttindi og víðsýni – jafnast á við trúarbrögð. Gray segir að þótt línuleg framþróun sé möguleg þegar kemur að tækni og vísindum – skref fyrir skref bætist við ný þekking og gamlar kenningar glatast sem reyndust rangar – á það sama ekki við um mannlegt samfélag. Skoðanir, siðferði, stjórnmál, hvað þykir rétt og rangt hverfist í hringi.

### Gleðilegan kjördag

Í dag ganga Íslendingar til sveitarstjórnarkosninga. Kosningaþátttaka hefur farið minnkandi undanfarin ár. Árið 1994 var hún 86,6 prósent en í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2014 var hún komin niður í 66,5 prósent. Lýðræðið er kannski ekki á heljarþröm. En að því steðjar þó hætta. Lýðræðið er ekki fullkomið; það er stundum klunnalegt og vanmáttugt; kjósendur velja sér slappa leiðtoga; það er krambúlerað á að líta í miðaldrakrísunni sinni. Hættan liggur hins vegar annars staðar.

Við virðumst farin að líta á lýðræði eins og flugsamgöngur: óafturkræft framfaraskref sem er orðið svo hversdagslegt að við nennum ekki lengur að punta okkur fyrir það. En tækniþekkingin sem tryggir flugsamgöngur hvílir á áþreifanlegri framþróun á sviði vísinda, þekkingu sem ekki glatast. Lýðræði er hins vegar samfélagssáttmáli sem þarf að viðhalda. Hvort sem fólk kýs að klæða sig upp eða ekki er óskandi að sem flestir mæti á kjörstað. Því lýðræðið er hvorki sjálfgefið né ófrávíkjanlegt.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

xF

flokkur
FÓLKSINS




# FÓLKIÐ FYRST




## TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240 x 143 cm

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.925 kr.**




## TAMPA
hornsófi með hvíld

Hornsófi. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga
Stærð: 270 x 215 cm

**Fullt verð: 169.900**

Aðeins **127.425 kr.**




## DAGMAR
2,5 & 3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 69.900 kr.**

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **34.950 kr.** **39.950 kr.**




## SAGA 2ja & 3ja sæta

Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 147 x 86 x 90 cm.
**Fullt verð: 99.900 kr.**

3ja sæta: 204 x 86 x 90 cm.
**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **69.930 kr.** **83.930 kr.**




## VICENZA
svefnsófi

Sérlega vandaður svefnsófi. Dökkgrátt, grátt, dökkblátt og ljóst slitsterkt áklæði.
Stærð: 185 x 94 x 84 cm. Svefnpláss: 140 x 200 cm.

**Fullt verð: 289.900 kr.**

Aðeins **144.950 kr.**




## MONTARIO
svefnsófi



Rúmfatageymsla og slitsterkt ljós- og dökkgrátt áklæði. Svefnsvæði: 140x200 cm.
Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **71.920 kr.**

## TIVOLI
svefnsófi

Tveggja sæta vandaður svefnsófi. Dökkblátt eða orange áklæði. Stærð: 194 x 103 x 91 cm.
Svefnsvæði: 195 x 140 cm

**Fullt verð: 229.900 kr.**

Aðeins **195.415 kr.**




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 25.–31. maí 2018 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## 25. til 31. maí

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



TILBOÐ **30%** AFSLÁTTUR af Shape Delux dýnu 15% af botni

## SHAPE DELUXE

og Pertect T stillanlegur botn

Shape Deluxe 90 x 200 heilsudýna og Perfect T stillanlegur botn. Meðal eiginleika Perfect T er að hann er með nuddi, þráðlausri fjarstýringu, USB-tengi, LED lýsinguog tveimur mótorum.

Fullt verð: 248.900 kr.

Aðeins **201.080 kr.**

## NATURE'S ELEGANCE

heilsurúm m/Classic botni

TILBOÐ **28%** AFSLÁTTUR



Nature's Bedding

| Stærð í cm | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 120x200 | 135.900 | 97.848 |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²

Aukahlutur á mynd: Gafl

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

**21**
**DAGUR Í HM**



**Arnór Ingvi Traustason**

**Aldur:** 25 ára
**Staða:** Kantmaður
**Félag:** Malmö
**Landsleikir:** 18/5

# Þeim fannst þróunin of hæg

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson er kominn aftur til Íslands eftir að hafa þjálfað í Kína undanfarið ár. Honum var sagt upp störfum sem þjálfari kínverska landsliðsins á dögunum honum að óvörum. Honum fannst hann hafa náð þeim markmiðum sem sett voru en forráðamenn kínverska sambandsins voru óþolinmóðir.**



Sigurður hvetur leikmenn sína til dáða í einum af leikjum sínum en í þessum leik mættust lið Kína og Norður-Kóreu. Hann segir vinnuumhverfið öðruvísi í Asíu og að þolinmæðin sé ekki mikil fyrir uppbyggingu. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur á ellefu ára löngum þjálfaraferli sínum farið allt frá Vestmannaeyjum til Kína með viðkomu í Noregi. Þjálfaraferill Sigurðar Ragnars hófst þegar hann tók við stjórnartaumunum hjá íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu árið 2007. Hann stýrði liðinu í sjö ár og fór tvisvar sinnum með liðið í lokakeppni Evrópumóts. Þaðan lá leiðin til Vestmannaeyja þar sem hann stýrði karlaliði félagsins í eitt keppnistímabil.

Eftir smá pásu hélt hann svo með Rúnari Kristinssyni til Lilleström í Noregi árið 2014, en þar var hann í þjálfarateymi karlaliðs félagsins. Sigurður var bæði styrktar- og úthaldsþjálfari liðsins og hægri hönd Rúnars sem var aðalþjálfari liðsins. Fékk hann einnig spennandi boð um að taka við starfi sem tæknilegur ráðgjafi hjá ástralska knattspyrnusambandinu og fór hann til Ástralíu til að funda en hann tók ákvörðun um að velja verkefnið í Noregi þess í stað.

Eftir tveggja ára veru hjá Lilleström var Rúnari sagt upp störfum á miðju kepppnistímabili árið 2016 og í lok leiktíðarinnar hætti Sigurður störfum hjá félaginu.

### Kína kom kallandi

Árið 2017 lá svo leiðin til Kína þar sem Sigurður var ráðinn þjálfari kvennaliðsins Jiangsu Suning, en hann gerði liðið að bikarmeisturum. Sá árangur fangaði athygli kínverska knattspyrnusambandsins og var hann ráðinn þjálfari kínverska kvennalandsliðsins í knattspyrnu fyrir sex mánuðum.

Eftir nokkur slæm úrslit í vináttulandsleikjum í upphafi stjórnartíðar Sigurðar með kínverska liðið var landið farið að rísa hjá liðinu. Sigurður náði í bronsverðlaun á Asíuleikunum í apríl, en sá árangur dugði til þess að tryggja liðinu þátttökurétt í lokakeppni HM 2019.

Það dugði hins vegar ekki til þar sem kínverska knattspyrnusambandið ákvað að segja Sigurði upp störfum í síðustu viku eftir sex mánuði í starfi. Það kom Sigurði í opna skjöldu þegar hann var látinn taka pokann sinn þrátt fyrir að hann gerði sér grein fyrir því að ekki væri mikil þolinmæði hjá kínverska knattspyrnusambandinu og starfsöryggið ekki verið mikið í þessu starfi í gegnum tíðina.

„Það voru engin teikn á lofti svo sem og ég átti ekki von á því að missa starfið á þessum tímapunkti. Við stóðum okkur vel að mínu mati á Asíuleikunum og náðum þeim markmiðum sem sett voru þegar ég var ráðinn. Þegar við sömdum var rætt um að ná í verðlaun á Asíuleikunum og tryggja liðið í lokakeppni HM og það tókst,“ sagði Sigurður í samtali við Fréttablaðið.

### Þróunin þótti of hæg

„Við töpuðum bara fyrir Japan sem er mun hærra skrifað en Kína í kvennaboltanum og hefur verið í allra fremstu röð undanfarin ár. Ég fékk mjög misvísandi skilaboð um það hver stefnan væri með liðið. Þegar ég tók við var talað um að liðið ætti að toppa á Ólympíuleikum árið 2020, en ástæðan sem ég fékk þegar ég fékk sparkið var að við værum ekki komin nógu nálægt bestu þjóðum heims og þróunin væri of hæg undir minni stjórn,“ sagði Sigurður um brottreksturinn.

> **Það voru engin teikn á lofti og svo sem og ég átti von á því að missa starfið á þessum tímapunkti.**
>
> Sigurður Ragnar Eyjólfsson

„Vinnumenningin er allt önnur í Kína en í Evrópu. Það er mikil stéttaskipting í öllu vinnulagi og mikil yfirmannahollusta. Forsvarsmenn kínverska knattspyrnusambandsins eru ekki vanir því að þjálfari liðsins hafi sterkar skoðanir á því hvernig vinnuumhverfið sé og það var nýtt fyrir þeim að kynnast því hvernig hlutir eru gerðir í Evrópu. Það tala fáir ensku hérna og öll samskipti mín við kínverska starfsmenn og leikmenn liðsins fóru fram í gegnum túlk. Þetta var mjög lærdómsríkt og ég sé ekki eftir því að hafa tekið þetta starf að mér,“ sagði Sigurður um starfsumhverfið í Kína.

### Vilja endurvekja gullaldarárin

Sigurður fékk aðeins rúma sex mánuði í starfi áður enn hann fékk stígvélið. Hér á árum áður var kínverska liðið eitt af þeim fremstu í heiminum en árangurinn hefur verið slakur undanfarin ár.

„Það hefur ekki verið mikil þolinmæði síðustu ár í garð forvera minna í starfi og fjölmiðlar eru duglegir að rifja það upp hversu gott liðið var fyrir tuttugu árum. Það er vissulega mikill efniviður til staðar í Kína, en það eru færri leikmenn sem stunda knattspyrnu að atvinnu en maður myndi halda. Það eru til að mynda bara 15 lið í tveimur atvinnumannadeildum í Kína,“ sagði Sigurður enn fremur um tímann sinn í Kína.

Hann er kominn aftur til Íslands og er með augun og eyrun opin.

„Nú er ég bara nýfluttur heim og er að melta það að vera hættur störfum hjá Kína. Ég er opinn fyrir öllu og starfsferill minn sýnir að ég er til í spennandi verkefni hvar svo sem það er í heiminum og ég er bæði til í að starfa sem félagsliðaþjálfari og landsliðsþjálfari. Nú ætla ég bara að njóta sumarsins og sjá hvað mér býðst,“ sagði Sigurður.

hjorvaro@frettabladid.is

# Birgir undir pari í Tékklandi

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, komst nokkuð örugglega í gegnum niðurskurðinn á móti í Tékklandi sem er hluti af Áskorendamótaröð Evrópu en Birgir Leifur er á fimm höggum undir pari á leiðinni inn í helgina.

Birgir Leifur fór snemma af stað í gær og byrjaði vel en hann fékk þrjá fugla og einn skolla á fyrri níu holum dagsins. Seinni níu lék hann á pari, fékk einn fugl, einn skolla og sjö pör sem kom honum í tíunda sæti er hann kom í hús. Deildi hann sautjánda sæti í lok dagsins, sjö höggum á eftir franska kylfingnum Thomas Linard sem leiðir mótið.

Axel Bóasson, GK, náði sér ekki á strik í gær en hann hefur lokið keppni á sjö höggum yfir pari. Þurfti hann að leika óaðfinnanlega á öðrum degi til að gera gert atlögu að niðurskurðarlínunni en hann lék á fjórum höggum yfir pari á hringnum. **– kpt**



Birkir Bjarnason og félagar í Aston Villa mæta Fulham á Wembley í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Verðmætasti leikur ársins

**FÓTBOLTI** Það verður mikið undir þegar Birkir Bjarnason og félagar í Aston Villa mæta Fulham í úrslitaleik umspils á Wembley í dag. Leikurinn hefst klukkan 16.00.

Sigurvegarinn tryggir sér ekki einungis sæti í ensku úrvalsdeildinni heldur er talið að hann fái 160 milljónir punda í sinn hlut, eða tæpa 23 milljarða króna. Haldi sigurliðið sér í ensku úrvalsdeildinni á næsta tímabili getur upphæðin hækkað upp í 280 milljónir punda.

Villa féll úr ensku úrvalsdeildinni 2016 eftir að hafa leikið í efstu deild samfleytt í 28 ár. Fulham féll 2014 eftir að hafa leikið í ensku úrvalsdeildinni síðan 2001.

Birkir hefur komið við sögu í 29 leikjum með Villa á tímabilinu. Liðið endaði í 4. sæti B-deildarinnar og vann svo Middlesbrough í undanúrslitum umspilsins.

Fulham byrjaði rólega en fór svo í gang um áramótin, lék 23 leiki í röð án taps og endaði í 3. sæti. Liðið vann Derby County í undanúrslitum umspilsins og tryggði sér sæti í úrslitaleiknum. Leikurinn í dag verður fyrsti leikur Fulham á Wembley síðan 1975 þegar liðið tapaði fyrir West Ham í úrslitum ensku bikarkeppninnar. **– iþs**

# Ester og Selfyssingar voru sigursæl á lokahófi HSÍ

**HANDBOLTI** Ester Óskarsdóttir, leikmaður ÍBV, var sigursæl á lokahófi HSÍ í gær en hún tók þrenn verðlaun í lokahófinu sem fór fram í Gullhömrum í gærkvöldi.

Hlaut hún Sigríðarbikarinn sem mikilvægasti leikmaður deildarinnar, kosin af þjálfurum og var líka kosin best af öðrum leikmönnum deildarinnar. Að lokum var hún valin besti varnarmaður deildarinnar.

Guðrún Ósk Maríasdóttir, markvörður Fram, var kosin markvörður ársins í Olís-deild kvenna og fyrrverandi liðsfélagi hennar hjá Fram, Sigurbjörg Jóhannsdóttir, var kosin sóknarmaður ársins.

Að lokum var Berta Rut Harðardóttir kosin efnilegust, Ágúst Jóhannsson var kosinn þjálfari ársins og Perla Ruth Albertsdóttir fékk háttvísiverðlaun fyrir prúðmennsku innan vallar.

Í karlaflokki voru Selfyssingar sigursælir, Elvar Örn Jónsson var kosinn leikmaður ársins af öðrum leikmönnum og Haukur Þrastarson efnilegasti leikmaður deildarinnar.

Maðurinn sem stýrir skútunni, Patrekur Jóhannesson, var svo kosinn þjálfari ársins af öðrum þjálfurum.

Íslandsmeistarar ÍBV áttu einn sigurvegara í gærkvöld, Theodór Sigurbjörnsson sem var kosinn mikilvægasti leikmaður deildarinnar af þjálfurum og hlaut að launum Valdimarsbikarinn.



Ester í leik ÍBV gegn Val í Olís-deildinni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hafnfirðingar fengu tvenn verðlaun, Einar Rafn Eiðsson var valinn besti sóknarmaðurinn en Björgvin Páll Gústavsson var valinn markvörður ársins. Þá var Alexander Örn Júlíusson valinn besti varnarmaður Olís-deildar karla.

Að lokum voru Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson valdir sem besta dómaraparið en þeir gátu ekki tekið við verðlaununum í gær vegna verkefnis erlendis. Eru þeir að dæma leik Vardar og Montpellier í Final Four-helginni í Köln um helgina. **– kpt**

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

ABOVE & BEYOND

landrover.is




## DISCOVERY SE

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

DISCOVERY SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 10.290.000 kr.

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem fæst í 5 eða 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hinu annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87822

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**21**
**DAGUR Í HM**




**Emil Hallfreðsson**

**Aldur:** 34 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Félag:** Udinese
**Landsleikir:** 62/1

# Nær Liverpool að velta Real Madrid úr sessi í Kænugarði?

**Real Madrid og Liverpool mætast í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í Kænugarði í kvöld. Zinedine Zidane er ósigraður í úrslitaleikjum Meistaradeildar Evrópu en Jürgen Klopp hefur ekki enn tekist að vinna keppnina.**



**Klukkan 18.45 flautar serbneski dómarinn Milorad Masic úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu á.** NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Real Madrid, sigursælasta félag Evrópukeppni meistaraliða sem varð síðar Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu karla, mætir Liverpool í úrslitaleik keppninnar í Kiev í dag. Real Madrid hefur unnið keppnina 12 sinnum, en Liverpool hefur hins vegar lyft bikarnum í þessari keppni fimm sinnum.

Real Madrid hefur unnið keppnina síðustu tvö ár, en hugur Liverpool-manna þarf að flögra allt aftur til Istanbúl árið 2005 til þess að rifja upp sigurstund í Meistaradeildinni. Liverpool vann þá eftirminnilegan sigur í keppninni eftir dramatískan sigur á AC Milan í vítaspyrnukeppni.

Zinedine Zidane, sem nú stýrir skútunni hjá Real Madrid, hefur unnið keppnina einu sinni sem leikmaður, en það var árið 2002 þegar hann skoraði annað marka Real Madrid í 2-1 sigri gegn Bayer Leverkusen. Zidane klippti þá boltann laglega í markið og skoraði eitt af eftirminnilegustu mörkum í sögu keppninnar.

Þá hefur Zidane stýrt Real Madrid tvisvar sinnum til sigurs í keppninni, tvö ár í röð eða bæði árin sem hann hefur verið við stjórnvölinn sem aðalþjálfari hjá liðinu. Þá var Zidane í þjálfarateymi Carlo Ancelotti hjá Real Madrid þegar liðið vann keppnina árið 2014.

Fara þarf 42 ár aftur í tímann til að finna síðasta lið sem tókst að vinna þáverandi Evrópukeppni meistaraliða þrjú ár í röð. Var þar að verki Bayern München. Hafa aðeins þrjú lið unnið þessa sterkustu deild heims þrjú ár í röð eða meira, fyrrnefnt lið Bayern München, Ajax og Real Madrid sem vann keppnina fyrstu fimm árin sem hún fór fram.

Jürgen Klopp er að fara í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í annað skipti sem knattspyrnustjóri, en hann laut í lægra haldi þegar hann stýrði Borussia Dortmund í úrslitaleik keppninnar gegn Bayern München árið 2013.

Sé litið til tölfræði yfir markaskorun í Meistaradeildinni á leiktíðinni má vænta þess að um markaleik verði að ræða. Liverpool hefur skorað liða mest eða 40 mörk og Real Madrid kemur næst með 30 mörk. Liverpool tók þátt í forkeppni Meistaradeildarinnar og hefur því spilað fleiri leiki en Real Madrid í keppninni á þessu tímabili.

Þá eru markahæstu leikmenn Meistaradeildarinnar á þessu keppnistímabili í röðum liðanna, en Cristiano Ronaldo, framherji Real Madrid, er markahæstur með 15 mörk. Mohamed Salah og Roberto Firmino, sóknarmenn Liverpool, koma næstir á listanum með tíu mörk hvor og Sadio Mané, þriðji maðurinn í sóknarþríeyki Liverpool er í fjórða sæti listans með níu mörk.

Það er hins vegar hætt við því að liðin mæti varkár til leiks, eins og gengur og gerist um úrslitaleiki af þessari stærðargráðu. Það er hins vegar vonandi að leikmenn liðanna sleppi fram af sér beislinu og sóknarleikurinn verði í hávegum hafður í Kiev í kvöld. **hjorvaro@frettabladid.**





**Kwame Quee og félagar í Víkingi Ó. eru komnir upp í 4. sæti Inkasso-deildarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Gerðu góða ferð á Skagann

**FÓTBOLTI** Njarðvík varð í gær fyrsta liðið til að taka stig af ÍA í Inkasso-deildinni. Liðin skildu jöfn, 2-2, á Norðurálsvellinum á Akranesi. Magnús Þór Magnússon tryggði Njarðvíkingum stig þegar hann jafnaði í 2-2 fjórum mínútum fyrir leikslok.

ÍA er í 2. sæti deildarinnar með 10 stig, jafn mörg og topplið HK en lakari markatölu. Nýliðar Njarðvíkur eru með fimm stig í 5. sætinu.

Ingibergur Kort Sigurðarson tryggði Víkingi Ó. 0-1 sigur á Haukum á Ásvöllum. Þetta var fyrsti sigur Víkinga síðan í 1. umferðinni. Víkingur er í 4. sæti deildarinnar með sjö stig en Haukar í 7. sætinu með fjögur stig. **– iþs**


**Borche Ilievski hefur gert góða hluti með ÍR.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Borche áfram í Breiðholtinu

**KÖRFUBOLTI** Borche Ilievski verður áfram við stjórnvölinn hjá karlaliði ÍR í körfubolta. Þetta staðfesti Guðmundur Óli Björgvinsson, formaður körfuknattleiksdeildar ÍR, í samtali við karfan.is.

Borche tók við ÍR af Bjarna Magnússyni haustið 2015. ÍR-ingar enduðu í 10. sæti Domino's-deildar karla á fyrsta tímabili Borche með liðið. Tímabilið 2016-17 varð ÍR í 7. sæti og féll úr leik fyrir Stjörnunni í 8-liða úrslitum úrslitakeppninnar.

Á nýafstöðnu tímabili endaði ÍR í 2. sæti Domino's-deildarinnar sem er besti árangur liðsins í áraraðir. ÍR-ingar slógu Stjörnumenn út í 8-liða úrslitunum en töpuðu fyrir Tindastólsmönnum í undanúrslitum. **– iþs**


NÓA
Súkkulaði boltinn
NÓA
Súkkulaði boltinn
Nóa Töggur
Súkkulaði boltinn
VEIST ÞÚ SVARIÐ?
ÁFRAM ÍSLAND!
Gómsætur súkkulaði fótbolti með skemmtilegum spurningaspjöldum og Nóa nammi. Fullkomið með boltanum.

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN




## Mikil hlaup, margir fundir, ótal símtöl

**Sjálfstæðisflokkurinn – Sandra Ocares**
Sólarhringurinn hjá mér er frekar langur þessa dagana, mikil hlaup, margir fundir og ótal símtöl.

Kjördagur er alltaf fyrir mér mikill hátíðardagur, tek það mjög hátíðlega að fara og kjósa. Hann verður reyndar með örlítið öðru sniði en hefur verið hjá mér í síðustu kosningum.

Ég mun byrja daginn á því að kjósa og svo mun ég fylgja oddvitanum Eyþóri Arnalds á milli staða þar sem dagurinn er þéttbókaður í útvarpsviðtöl, sjónvarpsviðtöl og pallborðsumræður.

Mikil stemming myndast alltaf á kjördag uppi í Valhöll þar sem er kosningakaffi allan daginn. Um kvöldið verður kosningavaka á Grand hóteli sem hefst kl. 21.30 þar sem við munum slá upp partíi og fylgjast með úrslitum kosninganna.

Það fyndnasta og jafnframt með skemmtilegri atvikum í baráttunni var þegar við rákumst á John Travolta. Hef sjaldan verið jafn stjörnuslegin.

Góður kosningastjóri þarf að vera skipulagður, eiga auðvelt með mannleg samskipti, drífandi og jákvæður.

Þolinmæði og húmor er líka eiginleikar sem ég held að sé gott að hafa í miklum mæli sem kosningastjóri.

Sandra Hlíf Ocares við kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins.

# *Líf kosningastjóra* korter í kosningar

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**Kosningastjórar flokkanna eru á harðahlaupum fyrir kosningar. Nokkrir þeirra gefa innsýn í starf sitt og segja frá því hvað þeir telja eiga að prýða góðan kosningastjóra.**


Gréta á skrifstofu sinni í vinnu fyrir Miðflokkinn.

## Fallhlífarstökkið eftirminnilegast

**Miðflokkurinn – Gréta Björg Egilsdóttir**
Eftirminnilegast er náttúrulega að hafa fengið Vigdísi til að fara í fallhlífarstökk og hafa fengið að fylgja henni í gegnum það ferli allt saman. Annars var upptaka á öllum víkingamyndböndunum mjög skemmtilegur tími og það eru forréttindi að fá að hafa fengið að vinna með svona rosalega kröftugum og samstilltum hópi. Mikið hlegið og mikið gaman. Mest krefjandi er nú að vera sáttasemjari því að auðvitað koma upp mál um menn og málefni en ég held að þetta hafi nú bara gengið nokkuð vel.

Kosningastjóri þarf að mínu mati að vera rosalega skipulagður og góður í mannlegum samskiptum og vinna vel í nánu hópstarfi. Maður þarf að geta tekið ákvarðanir hratt og staðið í fæturna þó svo að aðrir efist um ákvörðunina.

Það er líka nauðsynlegt að geta gert smá grín að sjálfum sér og mikilvægt að geta viðurkennt mistök.

## Umfram allt að halda uppi gleðinni

**Viðreisn – Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir**
Að kynnast 46 snillingum á þremur mánuðum er náttúrulega ekkert nema frábært. Að koma þeim öllum í förðun og myndatöku í nokkuð stífum tímaramma var mjög áhugavert og krefjandi verkefni, en baráttan hefur gengið vel og engin óyfirstíganleg vandamál komið upp.

Kosningastjóri þarf að hafa góða skipulagshæfileika, eiga gott með samskipti, geta greint aðalatriðin frá því sem skiptir minna máli og svo umfram allt að geta haldið uppi gleðinni í gegnum góða og erfiða daga.


Róbert úthvíldur á fundi með oddvita Pírata í Hafnarfirði, Elínu Ýri.


Jóhanna Dýrunn.

## Datt í hlutverk leikstjórans

**Píratar – Robert Douglas**
Það er líklega bara eftirminnilegast hvað ég hef kynnst mörgu góðu fólki sem ég myndi kalla vini mína í dag, en þegar ég byrjaði þekkti ég engan í Pírötum, hafði þó kosið þá í tvennum síðustu kosningum.

En eitthvert eitt eftirminnilegt atvik eða skemmtileg saga er til dæmis þegar ég ruglaði starfi mínu sem leikstjóra saman við kosningastjórastarfið eftir mikla og erfiða vinnutörn þar sem dagarnir voru farnir að renna aðeins saman. Þá sat ég á fundi með stjórn Pírata í Reykjavík og talaði stöðugt um hvað ég ætlaði að gera með leikurunum og að það væri mikilvægt að leikararnir væru til taks og að við værum heppin hvað við værum með góða leikara í efstu sætunum – þá stoppaði stjórnin mig og spurði mig hvort ég þyrfti ekki að taka nokkra tíma í hvíld. En jú, vissulega væri hægt að líta á stjórnmálafólk sem leikara, þau væru jú í vissu hlutverki.

Ég er kosningastjóri höfuðborgarsvæðisins og það er líklega mest krefjandi að gæta jafnræðis milli framboðslista. Sem sagt að framboðunum okkar í Kópavogi og Hafnarfirði finnist eins og þau séu jafn mikilvæg og Reykjavík – sem þau auðvitað eru, en það er flókið að sjá um alla þrjá staðina í einu.

➡


Björg Kristín Sigþórsdóttir
Borgarstjóraefni Höfuðborgarlistans
XH
✓ FRÍTT Í STRÆTÓ FYRIR NEMA
✓ 10.000 ÍBÚÐIR Á KJÖRTÍMABILINU
✓ SUNDABRAUT BYGGÐ TAFARLAUST
✓ HREINT LOFT, HREINT VATN, HREINAR STRENDUR
✓ MILLILIÐALAUS SAMSKIPTI BORGARBÚA OG STJÓRNENDA BORGARINNAR



Ágúst hefur unnið langt fram á kvöld undanfarið fyrir Framsóknarflokkinn.

## Þarf að hugsa í lausnum

**Framsóknarflokkurinn – Ágúst Guðmundsson**

Eftirminnilegast er í raun þessi eldmóður og samstaða sem einkennir flokkinn. Hér hefur verið unnið langt fram á kvöld síðastliðnar vikur og allir í stuði. Hjá Framsókn eru allir tilbúnir til að leggjast á eitt til að niðurstaðan verði góð.

Hjá okkur í Framsókn eru engin vandamál. Við leysum öll okkar verkefni af yfirvegun og fagmennsku og svoleiðis hefur það verið í þessari kosningabaráttu. Stemningin er svakalega góð og andinn innan flokksins frábær.

Að vera kosningastjóri er mjög svo fjölbreytt starf svo vægt sé til orða tekið. En lykilatriðið er sennilega að vera skipulagður, geta unnið með fólki, hugsa í lausnum ekki vandamálum og hafa gaman af starfinu. Það hefur verið auðvelt enda frambjóðendur okkar mjög svo frambærileg og metnaðargjörn í að standa sig vel fyrir fólkið í borginni.



Anna Lísa í hópi Vinstri grænna félaga sinna, við hlið Katrínar Jakobsdóttur.



Það gekk illa að mála utan á kosningamiðstöð Samfylkingarinnar. Ragna er hér fyrir miðju.

## Allt í háalofti

**Samfylkingin – Ragna Sigurðardóttir**

Ég hef verið að skjótast í pallborð hér og þar, ýmist sem kosningastýra eða frambjóðandi! Ég er mikið á hlaupum og það er aldrei lognmolla.

Fyndnasta atvikið var þegar við vorum að mála lógó-ið okkar utan á kosningamiðstöðina í byrjun maí, þá skiptust á skúrir og haglél með sólskini inni á milli. Við reyndum að nýta okkur sólardagana vel en á einum tímapunkti þurftum við að hlaupa út og líma plastpoka yfir lógó-ið til að reyna að bjarga því frá éljunum. Málningin lak og lak og á endanum fauk plastpokinn. Þarna fór allt bókstaflega í háaloft en okkur tókst þó að lokum að laga málninguna þegar sólin skein nógu lengi – og gátum hlegið mikið eftir á.

Það erfiðasta var líklega að koma inn í nýjan flokk og nýtt starf samtímis. Strax frá upphafi voru vinnudagarnir langir og verkefnin mörg auk þess sem ég var að kynnast miklu af nýju fólki á skömmum tíma. Ég þurfti að vera fljót að koma mér inn í öll mál og í samskipti við lykilfólk í starfinu en nú þegar kosningadagur er runninn upp get ég sagt að ég þekki vel bæði málefnin og fólkið sem er alveg yndislegt. Þegar margir koma saman til að vinna að einu sameiginlegu markmiði á svona skömmum tíma kynnist maður því á alveg einstakan hátt og það er kannski eitt það besta við kosningabaráttuna.

Kosningastjóri þarf að vera með mikið jafnaðargeð en líka hæfileika til að hrinda hlutunum hratt í framkvæmd. Kosningastjóri þarf líka að hafa getu til að sætta sjónarmið og í einhverjum tilvikum þarf kosningastjóri að geta sagt nei. Þá er mikilvægt að kosningastjóri haldi sig fast við áætlun. Síðan þarf kosningastjóri auðvitað að geta andað djúpt þó mikið álag sé, brosað framan í erfiðleikana og haft gaman!

## Sveigjanleiki Barbapabba

**Vinstrihreyfingin – grænt framboð – Anna Lísa Björnsdóttir**

Ég vakna um sjöleytið og hlusta á morgunrútínuna hjá börnum og eiginmanni. Eftir sturtuna strýk ég þeim og kveð, og kippi með chia-grautnum sem ég fæ mér í morgunmat á fyrsta fundi dagsins.

Á leið minni á morgunfund kíki ég oftast við í einn kaffibolla á Kaffi Vest og næ í oddvitann minn hana Líf Magneudóttur, ef hún gengur eða hjólar ekki.

Dagarnir eru mjög fjölbreyttir og annasamir, eftir morgunfund reyni ég eftir fremsta megni að koma öllum í stellingar fyrir verkefni dagsins, og svo rígheld ég í taumana langt fram eftir kvöldi.

Dagurinn verður stútfullur af stuði og annríki. Hlutverk mitt í dag snýst fyrst og fremst um að halda utan um allt skipulag sem fylgir kjördegi og vera í sambandi við fjölmiðla og koma atkvæðum í hús. Halda utan um viðveru frambjóðenda og muna að vera glöð og reif!

Þetta hefur hingað til verið meira og minna allt fyndið og skemmtilegt, enda skemmtilegur hópur frambjóðenda og allra þeirra sem að framboðinu standa. En ef ég á að tiltaka eitt atvik, þá ber hæst upptöku myndbandsins „Stjórnmálaskóli Vinstri grænna". Við hlógum svo mikið að þetta ætlaði engan enda að taka.

Þeir eiginleikar sem góður kosningastjóri þarf að búa yfir eru: Glaðlyndi, yfirvegun, sveigjanleika, færni í sáluhjálp og Excel – og mjög góður endingartími á símabatteríi.

Að halda í alla þræði, og vera alls staðar öllum stundum – og ná að bregðast við breytingum sem koma upp á með stuttum fyrirvara, en sem betur fer las ég Barbapabba sem barn og hef tileinkað mér sveigjanleika þeirrar góðu fjölskyldu.

# Öllum er boðið!

Kosningavökur verða haldnar víða á höfuðborgarsvæðinu í kvöld. Sparsamur borgarbúi gæti auðveldlega gengið á milli veisluhalda og þegið léttar veitingar og drykki.






**ENN MEIRI LÚXUS**

Lifðu í vellystingum og smakkaðu nýja Lúxuspinnann frá Kjörís, dásamlegan súkkulaðiís með kremfyllingu og hvítum hjúp.

# BÓKAÐU SÓL & SUMAR
## með Heimsferðum



**BÓKAÐU SÓL**
**ALLUR PAKKINN**
Íslensk fararstjórn, taska og handfarangur innifalið.

### Albír




**Albir Playa**

**Frá kr. 69.995**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 99.295 m.v. 2 fullorðna.

### Almería




**La Mineria**

**Frá kr. 59.595**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 75.795 m.v. 2 fullorðna.

### Benidorm




**Magic Tropical Splash**

**Frá kr. 99.695**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 140.195 m.v. 2 fullorðna.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

595 1000 • *Bókaðu þína ferð á* **heimsferdir.is**

Frá kr.
59.595

Frá kr.
75.795

## Mallorca

1. júlí í 7 nætur



**Hotel Sorrento**

**Frá kr. 69.995**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 94.895 m.v. 2 fullorðna.

## Krít

25. júní í 11 nætur



**Omega Platanias**

**Frá kr. 93.020**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 109.595 m.v. 2 fullorðna.

## Ítalía

29. júní í 10 nætur



**Villaggio Planetarium**

**Frá kr. 99.995**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 132.495 m.v. 2 fullorðna.

## Costa del Sol

2. júlí í 11 nætur



**Bajandilo**

**Frá kr. 97.495**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 97.995 m.v. 2 fullorðna.

## Gran Canaria

19. júní í 7 nætur



**IFA Buenavnetura**

**Frá kr. 68.945**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 77.095 m.v. 2 fullorðna.

## Salou

19. júní í 9 nætur



**Hotel Jaime I**

**Frá kr. 68.070**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann frá kr. 91.095 m.v. 2 fullorðna.

Heimsferðir
-fáðu meira út úr fríinu



Jordan Peterson hefur slegið hressilega í gegn með kenningum sínum og hefur verið kallaður fyrsta fræðimannsrokkstjarnan sem brýst til vinsælda með netinu. MYNDIR/JONATHAN CASTELLINO

# Höfðar ekki bara til karla í tilfinningakreppu

Sálfræðiprófessorinn **Jordan Peterson** er gríðarlegra vinsæll en umdeildur, jafnvel hataður. Í síðustu viku varð allt brjálað þegar haft var eftir honum að útvega þyrfti ungum körlum konur svo þeir yrðu til friðs. Hann segir þetta alrangt og kannast ekki við að boðskapur hans sé sniðinn að ráðvilltum og andlega dælduðum karlmönnum.

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is



Jordan Petersson er doktor í klínískri sálfræði og prófessor við Háskólann í Toronto. Hann hefur kennt við Harvard og sló nú síðast í gegn með bók sinni Tólf lífsreglur sem hefur selst í milljónum eintaka. Hörðustu aðdáendur hans eru í það minnsta 1,2 milljónir og eru áskrifendur að YouTube-rás hans.

Peterson er einnig gríðarlega umdeildur og kenningar hans um eðlislægan mun á kynjunum fara þveröfugt ofan í marga, sem telja hann fyrst og fremst höfða til karla í kreppu sem eiga erfitt með að fóta sig í breyttum heimi jafnréttis.

Peterson heldur tvo fyrirlestra í Hörpu, 4. og 5. júní, og eftirvæntingin er slík að það seldist á augabragði upp á fyrri fyrirlesturinn. Þá var öðrum bætt við og það er einnig uppselt á hann.

Fréttablaðið hitti Peterson á Skype en samskiptaforritið notar

**ÉG HEF Í FYRIRLESTRUM MÍNUM MARGÍTREKAÐ AÐ EF ÞÉR ER HAFNAÐ AF HVERRI EINUSTU KONU SEM ÞÚ HITTIR ÞÁ LIGGUR VANDINN SENNILEGA EKKI HJÁ ÞEIM, HELDUR ÞÉR.**

hann einmitt til þess að taka fólk, ekki síst unga karla, í sálfræðitíma og reynir að kenna þeim að takast á við lífið með lífsreglurnar tólf að vopni.

Fólk virðist almennt skipast nokkuð skýrt í tvo hópa þegar Jordan Peterson og kenningar hans eru annars vegar. Þeir sem hafa ➡



Peterson segist mjög spenntur fyrir Íslandsheimsókninni en 1.700 manns ætla að hlýða á boðskap hans í Hörpu í júní.



Sóley Björk Stefánsdóttir
bæjarfulltrúi
Akureyri



Halldór Pétur Þorsteinsson
verkfræðingur
Árborg



Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
bóndi og náms- og starfsráðgjafi
Borgarbyggð



Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir
bæjarfulltrúi og lögmaður
Hafnarfirði



Margrét Júlía Rafnsdóttir
umhverfisfræðingur, kennari og bæjarfulltrúi
Kópavogi



Bjarki Bjarnason
rithöfundur og forseti bæjarstjórnar
Mosfellsbæ



Óli Halldórsson
forstöðumaður og sveitarstjórnarfulltrúi
Norðurþingi



Dagný Alda Steinsdóttir
innanhússarkitekt
Reykjanesbæ



Líf Magneudóttir
forseti borgarstjórnar
Reykjavík



Bjarni Jónsson
fiskifræðingur og sveitarstjórnarfulltrúi
Skagafirði

# Gerum betur um allt land!

**AKUREYRI**
**Kosningaskrifstofa:** Brekkugötu 7b
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 860 4913
**Kosningakaffi á kjördag:** 10:00 - 18:00
**Kosningavaka á kosningaskrifstofu,** hefst kl. 21:00.

**ÁRBORG**
**Kosningaskrifstofa:** Austurvegi 21, Selfossi
**Upplýsingar í síma** 695 9168
**Kosningakaffi á kjördag:** 13:00 og fram eftir nóttu.
**Kosningavaka á kosningaskrifstofu.**
**Kosningakaffi** um daginn og léttar veitingar þegar líður á kvöldið.

**BORGARBYGGÐ**
**Kosningaskrifstofa:** Egilsgötu 10, neðri hæð
**Upplýsingar í síma** 8654232
**Kosningakaffi á kjördag:** 12:00 - 18:00
**Kosningavaka í Arinstofu** á Landnámssetri hefst, kl. 20:00.

**HAFNARFJÖRÐUR**
**Kosningaskrifstofa:** Strandgötu 11, 220 Hafnarfirði
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 783 1649
**Kosningakaffi á kjördag:** 10.00 - 18.00
**Kosningavaka á kosningaskrifstofu,** hefst kl. 20.00.

**KÓPAVOGUR**
**Kosningaskrifstofa:** Auðbrekku 16, Kópavogi
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 832 5383 og 832 5382
**Kosningakaffi á kjördag:** 13:00 - 18:00. Hótel Borg, 21:30 - 01:00.

**MOSFELLSBÆR**
**Kosningaskrifstofa:** Kjarninn, Þverholti 2
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 820 0320 og 697 4804
**Kosningakaffi á kjördag:** 10.00 - 16.00
**Kosningavaka á Hvíta riddaranum,** Háholti 13, Mosfellsbæ, 21.00-01.00.

**NORÐURÞING**
**Kosningaskrifstofa:** Garðarsbraut 64, Húsavík
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 691 8301
**Kosningakaffi á kjördag:** 14:00 - 18:00
**Kosningavaka á kosningamiðstöð** frá kl. 21:00.

**REYKJANESBÆR**
**Kosningaskrifstofa:** Hafnargötu 6, Reykjanesbæ
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 662 0463
**Kosningakaffi á kjördag:** 12:00 - 17:00

**REYKJAVÍK**
**Kosningaskrifstofa:** Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 775 9243
**Kosningakaffi á kjördag:** 12:00 - 17:00
**Kosningavaka á Karolínustofu,** Hótel Borg, 21:30 - 01:00.

**SKAGAFJÖRÐUR**
**Kosningaskrifstofa:** Aðalgötu 20b, Sauðárkróki
**Upplýsingar og akstur á kjörstað** í síma 855-1414
eða á vg.ohad2018@gmail.com
**Kosningakaffi á kjördag:** Kosningakaffi 14:00-19:00
og **kosningavaka** frá 20:00 fram á nótt.

*Gerum betur!*

VINSTRI GRÆN

meðtekið fagnaðarerindið elska hann og hinir elska að hata hann.

Ákögustu fylgjendurnir láta eins og hann hafi höndlað stóra sannleikann, leyst jafnvel lífsgátuna, með því að greina samfélagið og lífið allt út frá meðfæddum eðlismun kynjanna og síðan eru þeir sem bókstaflega þola manninn ekki, sjá skrattann í hverju kenningahorni hans. Telja hann í versta falli beinlínis stórhættulegan og í besta falli kjána.

### Allt er orðið umdeilt nú til dags

Sjálfur furðar Peterson sig á þessari reiði sem hann telur að einhverju leyti byggða á misskilningi og jafnvel markvissum mislestri á því sem hann hefur fram að færa.

Þá segir hann það síst til þess fallið að lægja öldurnar þegar orð hans eru slitin úr samhengi, afbökuð eða hreinlega haft rangt eftir honum. Nýjasta dæmið um það síðastnefnda er viðtal sem birtist við hann í The New York Times í síðustu viku.

Þá ætlaði allt um koll að keyra þegar haft var eftir honum að hann teldi öruggustu leiðina til þess að sporna við fjöldamorðæði sem rennur sorglega oft á unga karlmenn að þeim verði séð fyrir maka. Útveguð kona, svo það sé sagt hreint út.

Þessa hugmynd var hann sagður rökstyðja með því að einmana og kynsveltir karlar væru hættulegir umhverfi sínu og gerðust ofbeldishneigðir í gremju sinni. Ungur maður sem á konu er ólíklegri til þess að valta yfir vegfarendur á bíl eða skjóta skólafélaga sína í stórum hópum.

„Hluti af þessu var slitinn skelfilega úr samhengi í The New York Times,“ segir Peterson og er bersýnilega nokkuð niðri fyrir. „Það sem ég var að benda á er að samfélög úti um allan heim hafa haft tilhneigingu til að gera einkvæni að reglu. Þetta er sammannlegt en þá á ég ekki við að þetta sé þvingað fram með valdi. Þetta er einfaldlega félagslegt norm og samfélög sem byggja á einkvæni eru friðsamlegri en önnur.

Þetta er bara vel skrásett mannfræðileg staðreynd sem teygir sig langt aftur í aldir. Þetta er óumdeilt, fyrir utan þá staðreynd að í dag er einfaldlega allt orðið umdeilt.“

### Óðir í athugasemdum

„Og þetta er umdeilt eins og sést best á hörðum viðbrögðum við þessu viðtali í The New York Times. Reiðialdan sem skall á netinu er í raun býsna gott dæmi um hversu fólk skiptist skýrt í annars vegar aðdáendur þína og þá sem beinlínis þola þig ekki. Allt sem er haft eftir þér í fjölmiðlum hérna á Íslandi virðist í það minnsta gera allt brjálað. Á Facebook og í athugasemdakerfum vefmiðlanna.“

„Já, og ég er orðinn vanur þessu,“ segir Peterson. „En þetta er í raun stórundarlegt og ég veit ekki hvernig á að túlka þetta. Þessi reiði er að

**TÚRTAPPINN OG PILLAN HAFA GERT MIKLU MEIRA FYRIR KVENFRELSI EN FEMÍNISMINN.**

hluta tilkomin vegna þess að ég hef gagnrýnt róttækt vinstra fólk harkalega.

Þessi gagnrýni gerir mig samt ekki sjálfkrafa að öfgahægrimanni. Það er bara kjánalegt að halda því fram en hentar róttæka vinstrinu vel til þess að geta sannfært sig um að ég sé á einhvern hátt ósanngjarn sem aftur auðveldar þeim að hafna því sem ég er að segja.“

„En stangast þessi kenning þín um einkvæni sem einhvers konar ofbeldisdempara ekki á við það sem mér sýnist vera eitt lykilatriðið í bókinni þinni þar sem þú segir að hver og einn verði að axla ábyrgð á sjálfum sér og lífi sínu? Og hvað? Ef þessir gaurar geta ekki fengið að ríða, eða náð sér í maka eða bólfélaga, fara þeir þá þess vegna af stað og drepa fólk? Væri þeim ekki, samkvæmt hugmyndum þínum, nær að gyrða sig bara í brók? Taka sig á og sjálfa sig í gegn?“

### Aðeins ISIS-terroristi gæti haldið þessu fram

„Auðvitað og augljóslega. Það er þess vegna sem þetta síðasta upphlaup út af The New York Times er svo fáránlegt! Ég hef í fyrirlestrum mínum margítrekað að ef þér er hafnað af hverri einustu konu sem þú hittir þá liggur vandinn sennilega ekki hjá þeim, heldur þér.“

Peterson segir þessa túlkun á hugmyndum hans um einkvænissamfélögin svo galna að hann skilji varla hvers vegna fólk var jafn ginnkeypt fyrir þessu og raun ber vitni.

„Þetta er það sem er svo einkennilegt við þetta vegna þess að hluti þess hversu fyrirlestrar mínir eru vinsælir er að ég hef verið að leggja til að fólk, ungir karlmenn þar með taldir, ætti að taka sig á. Axla ábyrgð og koma reglu á líf sitt.

Þetta er alger andstæða túlkunar fólks á greininni í The New York Times. Að ég haldi því fram að það eigi bara að skaffa hvaða ónytjungi sem er konu! Það er algerlega fáránlegt. Enginn með réttu ráði lætur sér detta þetta til hugar. Þú getur ekki einu sinni skáldað upp manneskju sem trúir þessu.“

„Maður hefði haldið ekki en svona virðast mjög margir skilja þig.“

„Það er ótrúlegt! Þú gætir fundið stöku ISIS-terrorista sem finnst góð hugmynd að úthluta körlum konu með vopnavaldi. En ég er ekki að leggja neitt slíkt til. Þvert á móti.“

### Litlir, hræddir karlar

„Einhverra hluta vegna virðist boðskapur þinn helst höfða til, hvað skal segja? Lítilla, hræddra karlmanna og einhvern veginn hef ég á tilfinningunni að menn sem líður sæmilega í sjálfum sér og eru í þokkalegri sátt við umhverfi sitt tengi lítið við þetta?“

„Ég held alls ekki að ég sé að höfða sérstaklega til hræddra karla. Sjáðu til. Í fyrsta lagi er þessi hugmynd um að ég beini boðskap mínum að einangruðum ungum körlum staðlaður mislestur.

Meirihluti þeirra sem hafa verið að hlusta á fyrirlestra mína gera það á YouTube og 80 prósent þeirra sem skoða efni á YouTube eru karlmenn. Ég stend ekki á bak við það.“

„Nei, og þú getur auðvitað ekki stjórnað umferðinni á YouTube en má ekki samt vera að það veiki málefnastöðu þína að þetta eru greinilega fyrst og fremst karlar sem hlusta á þig og meðtaka það sem þú hefur að segja?“

**ÉG GET NÚ EKKI SÉÐ HVERNIG HVATNING TIL KARLMANNA UM AÐ HYSJA UPP UM SIG BRÆKURNAR OG AXLA ÁBYRGÐ Á SJÁLFUM SÉR, FJÖLSKYLDUM SÍNUM OG SAMFÉLAGI GETI VERIÐ HVATNING TIL OFBELDIS GEGN KONUM.**



„Það liggur ekkert fyrir um það að meirihluti þeirra sem kaupa bókina mína séu karlar. Það má vel vera að það sem ég er að segja um að fólk eigi að taka ábyrgð á sjálfu sér höfði sérstaklega til ungra karlmanna akkúrat núna.

En það er ekki vegna þess að ég sé aðeins að tala við unga karla, heldur frekar vegna þess að flestir á YouTube eru ungir karlar og þetta er ef til vill eitthvað sem þeir þurfa sérstaklega að heyra,“ segir Peterson og bendir á að konur eru um 30 prósent þeirra sem sækja fyrirlestra hans.

### Beita fyrir andstæðingana og minnipokamenn?

„Ég hef heyrt því fleygt að margt í boðskap þínum sé hið besta mál en að þú gerir þér það að leik að blanda einhverju saman við þetta markvisst til þess að trylla róttækt vinstri fólk og femínista.

Að þú kryddir kenningar þínar bæði til þess að fá athyglina sem uppþotin á vinstri kantinum beina óhjákvæmilega að þér og síðan ekki síður til þess að höfða til minnipokamanna sem sjá einhverja vonarglætu í karllægri heimssýn þinni.“

„Ég er ekki að leika neinn leik. Ég er að reyna að nota þekkingu mína og langa reynslu til þess að hjálpa fólki. Hjálpa því að þroskast og valdefla það með hvatningu.

Tæknilega er ég aðeins að hjálpa fólki að öðlast kjark með því að axla ábyrgð á eigin lífi og finna þannig döngun í sér til þess að mæta ógæfu og kúgun af hugrekki.“

„Gott og vel. Tökum aðeins róttækan vinstrifemínistavinkilinn á þig. Femínistar halda því margir fram að þú sért beinlínis að ýta undir ofbeldi gegn konum með boðskap þínum.“

„Ég get nú ekki séð hvernig hvatning til karlmanna um að hysja upp um sig brækurnar og axla ábyrgð á sjálfum sér, fjölskyldum sínum og samfélagi geti verið hvatning til ofbeldis gegn konum.“

### Fullur heimur af glötuðum körlum

„Ég hef stúderað ofbeldi mjög lengi og það eru veikgeðja menn sem beita konur ofbeldi, ekki sterkir karlar. Og með því að styrkja þessa veiku karla dregurðu úr ofbeldishneigð þeirra.

Það liggur til dæmis ljóst fyrir að nauðgarar eru undirmálsmenn, taparar, lélegir gaurar. Það mætti jafnvel segja þá aumkunarverða og það ætti nú varla að skaða nokkra manneskju að reyna að hvetja sem flesta til þess að reyna að vera ekki ömurlegur.

Ekki nema að þú viljir hafa







brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is

sem mest af glötuðum körlum í kringum þig og ég vil meina að það sé einmitt mikið um róttæka femínista sem vilji hafa sem mest af aumingjum í heiminum. Ég held að þetta sé hluti af ástæðunni fyrir því hversu óhressar þær eru með mig."

„Þú ert mjög upptekinn af valdeflingu ungra karla en þarf hún að vera á kostnað kvenna? Er eitthvað sem mælir á móti því að fylla heiminn af sterkum konum og körlum? Hafa einfaldlega jafnrétti?"

„Jú, það væri frábært og auðvitað er það mögulegt. Þær konur sem ég þekki, sem eru vel samansettar, eru ekki í samkeppni við karla. Þær eru að reyna að lifa góðu lífi sem einstaklingar en þær para sig við karlmenn og líta ekki á mannkynssöguna sem vígvöll drottnandi karla og kúgaðra kvenna.

Það er heimskulegt að horfa svona á heiminn. Það hafa alltaf verið og verða alltaf til karlar sem ganga á rétt kvenna og öfugt. En að lesa alla mannkynssöguna sem óslitna sögu kúgunar karla á konum er einfaldlega aumkunarvert."



Jordan Peterson segist vera orðinn alvanur því að fá yfir sig reiðiöldur á netinu en kann ekki við að þær byggist á rangtúlkunum og útúrsnúningum.

### Bölvun pillunnar og túrtappans

„Karlar og konur hafa í gegnum söguna parað sig saman til þess að komast af við erfiðar aðstæður og margt sem talið er til marks um kúgun karla á konum verður að skoðast í sanngjörnu, sögulegu samhengi.

Ég meina, konur fengu ekki öruggar getnaðarvarnir fyrr en upp úr 1960 og höfðu ekkert vald yfir tíðahringnum fyrr en í kringum 1970."

„Og voru það ekki framfarir? Er ekki bara frábært að þær hafi þessa stjórn á eigin líkama?"

„Jú, það er stórkostlegt. En ein ástæðan fyrir því að það var erfiðara fyrir konur að hasla sér völl í heiminum áður fyrr er að þessar tækniframfarir voru ekki komnar fram. Túrtappinn og pillan hafa gert miklu meira fyrir kvenfrelsi en femínisminn."

„Og hvað? Þegar túrtappinn og pillan komu til sögunnar hrundi þá karlmennskuheimurinn okkar? Er nútímakarlinn í rusli út af túrtappanum og pillunni?

Þú vilt horfa til baka. Aftur til 1950 og jafnvel lengra en er ekki heimurinn betri í dag en þá? Jafnrétti kynjanna hlýtur að vera hið besta mál, ekki satt?"

„Sko, það er ekkert rangt við að allir fái jöfn tækifæri en það er eitthvað skelfilega rangt við það þegar reynt er að jafna útkomuna, jafnvel með lagasetningum og valdboði. Á Vesturlöndum hefur mjög lengi verið unnið að því að gefa öllum sömu tækifæri en að ætla að þvinga fram jafna útkomu allra er alger katastrófa."

### „Kvennastéttir" stækka í takt við meira jafnrétti

Ein grunnstoðin í kenningaheimi Petersons er að líffræðilegir og meðfæddir eiginleikar ráði miklu um stöðu kynjanna í veröldinni. Þetta er vægast sagt umdeilt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, enda skautar Peterson óneitanlega svolítið fram hjá umhverfisþáttum og öðru sem mótar hverja manneskju að einhverju leyti.

„Það eru augljósir líffræðilegir áhrifaþættir í þessu og ef horft er á tölfræðina þá blasir við að eftir því sem jafnréttið verður meira fjölgar kvenkyns hjúkrunarfræðingum og karlkyns vélstjórum.

Þannig að það virðast vera einhverjar líffræðilega forsendur sem móti hugarfar fólks og hverju það hefur áhuga á."

„Ég á ofboðslega erfitt með að kyngja þessu. Ég bjó einu sinni með konu sem gerði við bílinn okkar, málaði íbúðina, braut niður og boraði í veggi, sá um fjármál heimilisins og kenndi mér að nota tölvu. Og í æsku hafði ég aldrei áhuga á bílum eða byssum þannig að ég bara næ ekki þessari pælingu."

### Tækjadellukonur sjaldgæfar

„Tja, ég myndi segja að þið væruð svolítil frávik. Að vísu eru nánast allir einhvers konar frávik frá reglu. Þessi kona virðist vera með tækjadellu sem er sjaldgæft meðal kvenna en ekki alveg óþekkt. Það eru til konur sem verða vélstjórar og það eru líka til konur sem vinna á þungavinnuvélum en þær eru ekki normið."

Peterson hefur orðið tíðrætt um að karlar hafi verið í leiðtogahlutverki frá örófi alda og þeim farnist betur en konum í því hlutverki vegna þess að þeim sé það eðlislægt. En sagan sýnir nú ekki beinlínis fram á að karlar hafi stjórnað heiminum með miklum sóma?

„Það er mjög lítill vitsmunalegur munur á körlum og konum en karlmannshugurinn virðist vera margbreytilegri. Þetta sést ef til vill best í einstökum tilfellum en að meðaltali er lítill sem enginn vitsmunalegur munur á kynjunum.

Karlar virðast þó hafa sterkari hneigð til þess að taka sér stöðu í stigveldinu en konur og það er líklega þess vegna sem konur laðast að mönnum í háum stöðum."

### Feðraveldi humarsins

„En þessi hírarkía er manna verk. Við fundum hana upp og þetta stigveldi hefur verið feðraveldi frá upphafi."

„Ég myndi nú ekki segja að stigveldið sé okkar uppfinning vegna þess að það er stigveldi í náttúrunni, utan þess mennska."

Og þar með erum við komnir að humrinum en Peterson notar þá dýrategund sem dæmi um náttúrulegt stigveldi í bók sinni.

„Sjáðu til, punkturinn með humar-kaflanum er að sýna fram á að það er ekki hægt að skrifa stigveldið á vestræna menningu eða kapítalismann. Það hefur verið stigveldi í náttúrunni í milljónir ára.

Þetta þýðir ekki að stigveldi hafi ekki neikvæðar hliðar. Misrétti er ein neikvæðasta afleiðing stigveldanna. Þessi galli gerir svo einmitt vinstri stefnuna ómissandi í stjórnmálakerfinu.

Fólk hefur haldið því fram að ég sé andsnúinn vinstrinu en ég er það ekki! Ég er á móti öfgavinstrinu og það er ekki það sama. Vinstrið er nauðsynlegt vegna þess að í stigveldinu er óhjákvæmilegt að einhverjir verði undir og þeir verða að hafa rödd."

### Grimmar konur komast til áhrifa

„Höldum okkur aðeins við hugmyndina um að karlar séu á einhvern hátt erfðafræðilega betur til þess fallnir að vera leiðtogar og tökum Donald Trump og Hillary Clinton sem dæmi.

Nú virðist hún ekkert minna stríðsglöð og grimm en fyrri forsetar og ef hún hefði náð kjöri hefði hún jafnvel verið líklegri til þess að fara í stríð en Trump."

„Það virðist svo sannarlega vera og það er nú eitt af því sem mér líkar við Trump, hingað til, er að hann hefur ekki þvælt Bandaríkjunum út í heimskuleg stríð. Það er að mínu mati heilmikið mál og mér finnst hann ekki njóta sannmælis fyrir þetta.

Forseti ætti að fá hrós fyrir að gera ekki eitthvað stórkostlega heimskulegt og að forðast stríðsátök. Það er ekkert sem bendir til þess að kvenkynsleiðtogar séu á einhvern hátt ólíklegri til þess að fara í stríð en karlarnir. Kannski eru þær það en mig grunar nú að flestar konur sem stjórna ríkjum séu ansi hreint bardagagjarnar."

„Gæti það verið vegna þess að þær hafa þurft að berjast fyrir öllu sínu í heimi sem karlar drottna yfir?"

„Hver veit? Ég meina, konur sem komast í valdastöður hljóta að vera árásargjarnar í eðli sínu og slíkar konur fyrirfinnast svo sannarlega."

**ÞAÐ MÁ VEL VERA AÐ ÞAÐ SEM ÉG ER AÐ SEGJA UM AÐ FÓLK EIGI AÐ TAKA ÁBYRGÐ Á SJÁLFU SÉR HÖFÐI SÉRSTAKLEGA TIL UNGRA KARLMANNA AKKÚRAT NÚNA.**

**ÉG ER EKKI AÐ LEIKA NEINN LEIK. ÉG ER AÐ REYNA AÐ NOTA ÞEKKINGU MÍNA OG LANGA REYNSLU TIL ÞESS AÐ HJÁLPA FÓLKI. HJÁLPA ÞVÍ AÐ ÞROSKAST OG VALDEFLA ÞAÐ MEÐ HVATNINGU.**

### Sálfræðingurinn sem gerir við bilað fólk

Annars vegar virðist Peterson vera orðinn nokkurs konar ígildi trúarleiðtoga sem messar yfir heittrúuðum og sannfærðum söfnuði en hins vegar er það hinn hópurinn sem fyrirlítur hann nánast af álíka trúarofsa.

Kann hann einhverja skýringu á þessari ofsalegu pólaríseringu í kringum hann og er svona garg andstæðra fylkinga líklegt til að skila nokkrum árangri eða vitrænni niðurstöðu?

„Í mínum huga er það sem ég er að gera rammpólitískt en byggt á sálfræðilegum grunni. Ég er að reyna að færa klíníska þekkingu 20. aldarinnar til breiðari hóps. Pólitískar afleiðingar þessa eru einfaldlega aukaverkun."

Peterson hefur sinnt fjölda skjólstæðinga, meðal annars rafrænt á Skype, og þar segist hann beinlínis vera með fólk í sálfræðitíma, ekki pólitískri innrætingu.

„Fjölmargir leita til mín og ég fæ bréf í tugþúsunda tali. En fólk sem skrifar mér um pólitísk álitamál er í miklum minnihluta. Þeir sem skrifa mér segja mér helst frá því að líf þeirra hafi verið í rugli.

Þeir hafi drukkið eða dópað of mikið. Verið kvíðnir, þunglyndir, þjakaðir af níhilisma. Þeim hafi ekki samið við makann, foreldra sína eða fjölskylduna. Þegar þau hins vegar móta sér skýra framtíðarstefnu og taka ábyrgð á sjálfum sér og umhverfi sínu líður þeim miklu betur. Þetta er nú kjarni málsins."

„Það er frábært. Og þeim var ekkert úthlutuð eiginkona í millitíðinni?"

„Nei, nei. Alls ekki! Það eru líka pör sem leita til mín og konunum ber flestum saman um að mönnunum þeirra gangi miklu betur eftir að þeir fóru að hlusta á fyrirlestrana mína og að þegar karlinum líður betur skili það sér strax í hamingjuríkara hjónabandi."

„Formsins vegna og til þess að hafa þetta alveg á hreinu þá verð ég að spyrja þig aftur, hreint út. Ertu á móti jafnrétti kynjanna?"

„Ég er algerlega og fullkomlega hlynntur jöfnum tækifærum. Hvers vegna í ósköpunum ættum við ekki að vilja að allt hæfileikafólk geti lagt sitt fram? Það er ekki eins og það sé einhver skortur á vandamálum sem þarf að leysa."






Kynntu þér **Opel Crossland X** og bókaðu reynsluakstur á **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–14

Bílabúð Benna



„Skömmu áður en ég fékk tilboðið frá Þýskalandi og flutti þangað var ég búin að taka ákvörðun um að hætta.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ekkert meira gefandi en að leika

**Sólveig Arnarsdóttir** flýgur milli Íslands og Þýskalands til að sinna leiklistinni. Hún segist ekki byggja sjálfsmynd sína á frama sínum sem leikkonu heldur horfir hún víðar.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Sólveig Arnarsdóttir leikkona skiptir tíma sínum milli Þýskalands og Íslands. Hér heima hefur hún verið við upptökur á sjónvarpsþáttunum Ófærð 2, sem frumsýndir verða í haust á RÚV, í Wiesbaden leikur hún í Mávinum eftir Tsjekhov og í haust fer hún með þrjú hlutverk í Ríkharði III, sömuleiðis í Wiesbaden.

Hún var fastráðin við leikhúsið í Wiesbaden í þrjú ár og lék fjórtán aðalhlutverk á þeim árum en sagði samningnum upp og flutti heim fyrir ári. Blaðamanni leikur forvitni á að vita af hverju hún ákvað á sínum tíma að flytja til Íslands þegar henni gekk svo vel í Þýskalandi. „Þegar við fjölskyldan fluttum út voru eldri drengirnir okkar Jósefs fjórtán og sautján ára. Það er ekki heillavænlegt að flytja unglinga á milli landa í annað málsvæði og aðra menningu og skólakerfi. Þeim fannst líka í gegnum alla samfélagsmiðlana að þeir væru að missa af lífinu. Þeir fóru heim eftir ár og eftir annað ár fór maðurinn minn heim með litla strákinn. Ég gat ekki hugsað mér að fara heim strax því mér fannst ég loksins vera að blómstra sem leikkona. Þegar fór að líða á veturinn fannst mér þó að ég yrði að vera með fjölskyldu minni. Það vó þyngra en allt annað,“ segir hún.

Leikhússtjórinn sem réð hana til Wiesbaden vildi hins vegar alls ekki sleppa af henni hendinni. „Hann sagðist vilja að ég yrði gestaleikari og spurði mig hvað ég vildi leika. Tsjekhov, svaraði ég. Tíu dögum seinna sagði hann mér að hann væri búinn að setja Mávinn á dagskrá og ég myndi leika Arkadínu. Við frumsýndum fyrir nokkrum vikum og viðtökurnar hafa verið gríðarlega góðar. Þetta er stórfenglegt verk og það er dásamlegt að fá að vera návistum við þann mikla meistara sem Tsjekhov er. Ég hugsaði með sjálfri mér: Hvað á ég svo að gera þegar ég er búin að leika Tsjekhov? En mér var strax boðið að leika í Wiesbaden í leikriti Shakespeares, Ríkharði III, Margréti drottningu, annan af morðingjunum og líklega Edward. Verkið verður frumsýnt í haust.“

Auk þess að leika í Ófærð 2 hér heima fer Sólveig með hlutverk í kvikmynd Baldvins Z, Lof mér að falla. „Það er verkefni þar sem ég hugsaði: Þessi mynd gæti í alvöru breytt lífi fólks, jafnvel bjargað því ef vel tekst til,“ segir Sólveig. „Myndin fjallar um tvær stúlkur sem sogast inn í hinn hræðilega heim fíkniefna. Ég leik móður annarrar stúlkunnar og við fylgjum stúlkunum og sjáum hvernig þær sogast inn í þennan heim og skynjum einnig örvæntingu og hjálparleysi foreldranna. Svo sjáum við stúlkurnar tuttugu árum seinna og hvernig málalyktir verða í þeirra lífi.“

### Stórkostlegt þýskt leikhús

*Þú hefur átt sérlega farsælan feril í Þýskalandi, er ekki afar mikilvægt fyrir þig að viðhalda tengslunum við Þýskaland og halda áfram að leika þar?*

„Ég lærði leiklist í Berlín og bjó þar í tíu ár. Ferill minn hefur miklu frekar verið í Þýskalandi en hér. Til að byrja með aðallega í sjónvarpi og kvikmyndum og ég hef leikið í nær 50 myndum í Þýskalandi, en var ekki að leika í leikhúsum. Það var ekki fyrr en tilboð kom frá leikhússtjóranum í Wiesbaden að ég fór á fastan samning. Það var algjörlega stórkostlegt, að komast þar inn í leikhúsið og sá heimur er í kjölfarið að opnast mjög. Ég hef líka nýtt tímann til að búa mér til tengslanet. Mér þætti ekki ólíklegt, þegar við hjónin erum búin að koma eldri drengjunum til manns og ýta þeim blíðlega út í lífið, að leiðin liggi aftur til Þýskalands. Mér líður mjög vel þar, bæði í leikhúsinu og hinu miðevrópska samfélagi. Ég hef eytt nær helmingi af mínum fullorðinsárum þar.“

> MÉR ÞÆTTI EKKI ÓLÍKLEGT, ÞEGAR VIÐ HJÓNIN ERUM BÚIN AÐ KOMA ELDRI DRENGJUNUM TIL MANNS OG ÝTA ÞEIM BLÍÐLEGA ÚT Í LÍFIÐ, AÐ LEIÐIN LIGGI AFTUR TIL ÞÝSKALANDS.

Bróðir Sólveigar, Þorleifur Örn leikstjóri, er búsettur í Berlín. Þau systkinin hafa nokkrum sinnum unnið saman. Sólveig er spurð um samskipti þeirra. „Okkur hefur látið mjög vel að vinna saman,“ segir hún og bætir við að segja megi að þau eigi tvöfaldan sameiginlegan bakgrunn, hinn íslenska í gegnum foreldrana, Arnar Jónsson leikara og Þórhildi Þorleifsdóttur leikstjóra. „Svo er hinn bakgrunnurinn, sá þýski. Þegar ég var í leiklistarháskóla í Berlín fór Þorleifur fljótlega að heimsækja mig þangað. Hann fór svo í leikstjórnarnám við þennan sama skóla og bjó í Berlín í fjöldamörg ár. Við höfum unnið nokkrar sýningar saman og það hefur gengið afskaplega vel. Við erum að leita að stað og stund til að halda áfram samvinnu okkar. Miðað við það flug sem Þorleifur er á núna þá finnst mér ekki ólíklegt að það verði frekar í Þýskalandi en hér. Ég sé fram á afskaplega langt og gjöfult samstarf okkar systkina.“

> EN EF HELMINGUR MANNKYNS, SVO AÐ SEGJA HVER EINASTA KONA HVAR SEM ER Í HEIMINUM, HEFUR UPPLIFAÐ EINHVERS KONAR ÓGN AF HÁLFU KARLMANNS, ÞÁ ER EINHVER GRÍÐARLEG SKEKKJA Á FERÐINNI.

*Er mikill munur á leikhúslífinu í Þýskalandi og hér heima?*

„Það er erfitt og á margan hátt ósanngjarnt að bera það saman. Þýskaland er 85 milljóna land og þar eru 93 ríkisrekin leikhús og frumsýningar hjá þeim eru um sex þúsund á ári. Starfsumhverfi þessara leikhúsa er líka allt annað en hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, því þau fá svo að segja fulla styrki og þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af því að ná inn tekjum með miðasölu eins og íslensku leikhúsin verða að gera. Það gefur leikhúsunum ótrúlegt listrænt frelsi. Þau geta leyft sér hvers kyns tilraunastarfsemi í bland við hefðbundnari sýningar og sviðslistafólk hefur þar frelsi og svigrúm til að vaxa og þroskast. Hér heima er margt afar fært sviðslistafólk en markaðurinn er lítill og tækifærin færri.

Í Þýskalandi finnur maður mjög sterkt að listir og þar af leiðandi listamenn skipta mjög miklu máli í samfélaginu. Þar er tekið mark á listamönnum og hlustað á þá. Mér finnst íslenskt samfélag á margan hátt hafa tapað virðingu sinni fyrir listamönnum. Það er ekki litið svo á að þeir eigi að eiga þátt í því að móta samfélagið og þeir eru ekki stór hluti af hinni samfélagslegu umræðu. Í Evrópu eru listamenn og heimspekingar mjög mikilsmetnir álitsgjafar. Í hópi listamanna hér á landi eru það einna helst rithöfundarnir, en ➡




ENNEMM / SÍA / NM88377

## Þú gætir unnið ferð til Moskvu

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir HM í Rússlandi og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai, þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.

Þann 28. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Moskvu. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum FIFA WORLD CUP 2018

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

HYUNDAI

Veglegir HM aukahlutapakkar fylgja öllum Hyundai bílum í takmarkaðan tíma.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

➡ fáir aðrir eru kallaðir til.“

*Þú þekkir bæði íslenskt samfélag og það þýska, Hvernig er það íslenska í samanburði við hið þýska?*

„Lítið! Hér eru hlutir sem ég kann mjög vel að meta. Ræturnar eru hér, vinirnir og fjölskyldan. Tungumálið og minningar mínar eru meira og minna á íslensku. Það er margt í smæðinni sem hefur kosti, eins og samheldni og hversu fljótt hlutirnir ganga fyrir sig. Og svo Vesturbæjarlaugin, sem er næstum því það besta við Ísland.

Mér finnst hins vegar gríðarlegt áreiti á Íslandi frá hlutum sem ég hef engan áhuga á en þeir troða sér inn í líf mitt, hvort sem það er miðnæturopnun í Kringlunni, óumbeðin lífsstílsráðgjöf eða Eurovision. Í Þýskalandi finnst mér ég oft lifa einfaldara og rólegra lífi og hafa mun greiðari aðgang að því sem vekur áhuga minn. Ég hef þar af leiðandi meiri tíma til að sinna hugðarefnum mínum og fjölskyldunni. Þar er líka unnið minna, launin eru betri og allt miklu ódýrara. Ég upplifi það næstum því sem ofbeldi að kaupa hér í matinn. Það er allt alveg fáránlega dýrt og gæðin ekki mikil.“

### Ætlaði að hætta

*Það er mjög oft sagt að það sé erfitt fyrir leikara að eldast þar sem hlutverkum sem þeir fá fækkar svo mjög. Þetta hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir þessa stétt.*

„Þetta er ekki alveg sambærilegt milli kynjanna. Karlmenn fá frekar að eldast í þessum bransa en konur. Það eru einfaldlega fleiri og betri hlutverk fyrir karla og stundum þarf að grafa dýpra og hafa meira fyrir því að finna góð kvenhlutverk. Hins vegar geta konur auðveldlega leikið karlhlutverk eins og dæmin sanna. Stundum skiptir hreinlega ekki máli hvors kyns persónan er en oft getur það líka bætt einhverju við, verið ný og spennandi nálgun á verkið. Sophie Rois, einhver þekktasta og virtasta leikkona Þjóðverja, sagði í viðtali um daginn að hún ætlaði héðan af einungis að leika texta skrifaða fyrir karla, þeir væru yfirleitt bitastæðari og áhugaverðari. Hún er að nálgast sextugt.

Það eru ekki mjög margir starfandi í íslensku leikhúsi sem eru komnir yfir sextugt. Sérstaklega ekki konur. Einhverjir lifa þó af. Mér finnst við eiga ótrúlegan fjölda af mjög hæfu sviðslistafólki sem fær alltof lítið að gera. Þetta er mjög sorglegt því krefjandi listamaður heldur áfram að þroskast og þróa sig. Það gildir um þetta fag eins og flest önnur að fólk verður oft betra með aldrinum.“

*Gætirðu hugsað þér að snúa þér að annarri vinnu en þeirri sem tengist leiklist?*

„Skömmu áður en ég fékk tilboðið frá Þýskalandi og flutti þangað var ég búin að taka ákvörðun um að hætta. Ég var komin í háskólann þar sem ég lærði þróunarfræði og kynjafræði. Ég hafði aldrei áður verið í akademísku námi og fannst það ákaflega skemmtilegt og gefandi.

Ég held að það sé mikilvægt í hvaða starfi sem er að ef maður finnur að það er ekkert að ganga þá er um að gera að söðla um og gera eitthvað annað. Það er ótrúlega margt spennandi og skemmtilegt sem er hægt að gera. Þetta er líka spurning um að hafa sjálfur stjórnina í eigin lífi og láta ekki aðra um þá stjórn.

Mér finnst ekkert skemmtilegra eða meira gefandi en að leika. Þetta er mín köllun. Ég hef gríðarlega mikinn áhuga á leikhúsi en hef líka mikinn áhuga á kvikmyndum. Mér finnst óskaplega gaman að fylgjast með því sem er að gerast í íslensku kvikmynda- og sjónvarpslífi, og vera núna einhver hluti af því. Ef þetta svo einhvern tímann gengur ekki lengur þá verð ég bara að gera eitthvað annað. Lífið býður upp á ótrúlega margt. Sjálfsmynd mína og áhuga í lífinu byggi ég ekki bara á frama mínum sem leikkonu. Maður hlýtur að þurfa að horfa víðar og lengra. En er á meðan er og meðan það gengur svona vel þá ætla ég að halda áfram. Ég hefði ekkert á móti því að leika til níræðs.“



**„Sjálfsmynd mína og áhuga í lífinu byggi ég ekki bara á frama mínum sem leikkonu,“ segir Sólveig.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

### Mikilvægt að hlusta á sögur beggja kynja

*Er leikhúsið og kvikmyndaheimurinn karlaheimur eða er það að breytast?*

„Þetta er að breytast og til þess hefur þurft mikla baráttu og mikla umræðu. Það er ekki þannig að jafnrétti kynjanna verði náð af sjálfsdáðum. Það má aldrei halda að nú sé þetta bara komið, það verður alltaf að halda áfram. En við sjáum líka að hlutir eru að breytast. Bæði í leikhúsinu og innan sjónvarps- og kvikmyndabransans, þar eru konur að gera frábærlega góða hluti. Þetta gerist vegna öflugrar opinberrar baráttu.

Það hefur aldrei verið þannig að þeir sem eru ríkjandi, í flestum tilvikum karlmenn, gefi sitt eftir af sjálfsdáðum. Við í hinum vestræna heimi myndum heldur ekki vera reiðubúin að gefa eftir eitthvað af okkar miklu forréttindum, nema við neyddumst til þess.

Alveg eins og við eigum að hlusta á fólk frá öðrum menningarheimum, af því það er áhugavert og gjöfult og mikilvægt til að víkka sjóndeildarhring okkar, þá eigum við að sjálfsögðu að hlusta á sögur beggja kynja. Allt annað er fáránlegt, einfaldlega hlægilegt.“

*Metoo-byltingin hefur skekið samfélög. Hefur þú sjálf upplifað áreitni eða ofbeldi?*

„Já. Ég veit ekki um eina einustu konu sem ekki hefur lent í einhvers konar kynbundinni áreitni eða ofbeldi.

Ég man þegar ég opnaði Facebook og sá alls staðar #metoo og vissi ekki alveg hvað þetta var og fór að lesa mér til. Ég sagði svo við manninn minn: Ætli ég gæti sagt þetta: Metoo? Hann horfði á mig í forundran. Við erum búin að vera gift í rúmlega 20 ár og það er fátt sem ég hef lent í sem hann ekki veit um. Hann fór að rifja upp fyrir mér atvik, þar á meðal frá því ég var lítil stelpa, níu ára. Allt í einu var eins og púsl færu á réttan stað í hausnum á mér. Ég áttaði mig á því að mjög mörgu sem ég hafði lent í hafði ég ýtt til hliðar og látið eins og það hefði ekki haft áhrif á mig og ekki heldur skilgreint það sem ofbeldi. Ég hafði bara tekið því eins og það væri hluti af því að vera kona að lenda í ítrekaðri áreitni, meira að segja ofbeldi.“

### Púsl á réttum stað

*Hvernig ofbeldi?*

„Níu ára gömul var ég send í vist í sveit og átti að vera þar allt sumarið. Á sveitabænum var gamall karl sem gerði sér afskaplega dælt við mig. Mér var illa við karlinn frá fyrsta degi því hann vildi alltaf fá mig með sér í girðingarvinnu og var stöðugt að nugga sér upp við mig og kyssa mig. Þetta endaði með því að hann var kominn á rúmstokkinn til mín, búinn að taka út á sér typpið og ég þurfti að strjúka honum öllum. Ég man eftir því hvað mér fannst hann ógeðslegur með þetta litla skrælnaða typpi sitt og hversu viðbjóðslegt var að þurfa að koma við það. Ég stakk af þennan morgun. Ég var eins og Stikilsberja-Finnur með prik sem ég batt á viskustykki með tveimur matarkexum og gekk allan daginn út til frændfólks míns sem bjó yst í dalnum. Mér fannst ég hafa gengið burt sem sigurvegari. Ég var ekki send til baka.

**MÉR FINNST ÍSLENSKT SAMFÉLAG Á MARGAN HÁTT HAFA TAPAÐ VIRÐINGU SINNI FYRIR LISTAMÖNNUM. ÞAÐ ER EKKI LITIÐ SVO Á AÐ ÞEIR EIGI AÐ EIGA ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ MÓTA SAMFÉLAGIÐ OG ÞEIR ERU EKKI STÓR HLUTI AF HINNI SAMFÉLAGSLEGU UMRÆÐU.**

Ég myndi ekki beint segja að þetta hefði haft djúpstæð áhrif á mig, kannski af því þetta gekk ekki lengra. Ég var í þeirri stöðu að ég gat farið til frændfólks míns sem ég sagði frá þessu. En svo hef ég auðvitað upplifað, eins og allar konur, endalaust af káfi og niðrandi framkomu, athugasemdum, yfirgangi og ómurlegum bröndurum sem ég hló ekki að og þá var sagt að ég hefði ekki húmor.

Það sem ég held að svo margar konur hafi upplifað núna með Metoo er að þegar þær setja öll þessi púsl á réttan stað þá átta þær sig á því að allt þetta hafði áhrif á þær. Hefur haft áhrif á framkomu þeirra, sjálfstraust og gjörðir. Konur hafa ekki alltaf staðið almennilega með sjálfum sér því þær vilja ekki vera leiðinlegar og standa kannski ekki nægilega vel með öðrum konum. Ég hef upplifað að það var illa komið fram við mig og ég var með óbragð í munninum vegna þess að ég var ekki að standa með sjálfri mér og öðrum konum. En af því ég var inni í þessari menningu setti ég hlutina ekki í rétt samhengi. Það er einmitt þetta að setja hlutina í rétt samhengi sem mér finnst svo merkilegt við Metoo.

Ég er búin að lesa mjög margar bækur í röð sem eru viðtöl við ungar konur í Miðausturlöndum. Kúgunin þar víða er svo yfirgengileg. Í sumum löndum þar verða konur að fá leyfi frá eiginmanni sínum og svo fylgd sonar til að fara í kaffi til vinkonu sinnar í næsta húsi. Það eru til dæmis einungis nokkrar vikur síðan konur í Sádi-Arabíu fengu leyfi til að keyra bíla. Margar þeirra segja: Við verðum að hylja okkur og förum ekki einar út vegna þess að ókunnum karlmönnum er ekki treystandi.

Þessar konur eru aldar upp við það að treysta engum karlmanni nema í nánustu fjölskyldu, og svo geta þær reyndar ekki treyst þeim heldur. Ef einhverjum finnst að þær hafi brotið gegn heiðri fjölskyldunnar þá eiga þær á hættu að vera drepnar af þeim karlmönnum sem þeim er sagt að treysta. Við á Vesturlöndum erum sem betur fer komin lengra en þetta, en samt hefur svo að segja hver einasta kona sem ég þekki upplifað einhvers konar ofbeldi af hálfu karlmanns.

Nú er ég að sjálfsögðu ekki að segja að allir karlmenn séu ofbeldismenn. En ef helmingur mannkyns, svo að segja hver einasta kona hvar sem er í heiminum, hefur upplifað einhvers konar ógn af hálfu karlmanns, þá er einhver gríðarleg skekkja á ferðinni.“

### Forréttindakerfi Vesturlanda

*Hefurðu verið meðvituð um þessa skekkju frá unga aldri?*

„Ég er alin upp af femínistum, ekki bara móður minni heldur líka pabba, og hef alltaf verið mjög meðvituð um stöðu kynjanna og velt henni mikið fyrir mér. Mér finnst það vera hluti af því að vera lifandi í því samfélagi sem við búum í að skoða samskiptin og kerfin sem við búum okkur til. Kynjakerfið er gríðarlega sterkt hreyfiafl í samfélagi okkar. En það eru fleiri kerfi sem þarf að skoða, eins og til dæmis forréttindakerfi Vesturlanda og hvernig tekið er á móti flóttamönnum.

Ég var í Þýskalandi þegar Merkel sagði: Við getum þetta – og ákvað að taka á móti rúmri milljón flóttamanna. Og það gekk með samhentu átaki þjóðarinnar. Við Vesturlandabúar njótum forréttinda meðan hópar fólks flýja stríð og örbirgð og streyma til Vesturlanda. Skiljanlega vill þetta fólk þangað, þó ekki væri nema til að bjóða börnum sínum betra líf.

Það er oft forkastanlegt hvernig við á Íslandi komum fram við innflytjendur og flóttamenn. Það eru hundrað ár síðan við vorum ein fátækasta þjóð í Evrópu. Við nutum mikillar aðstoðar til að komast á þann stað sem við erum í dag.

Við erum gríðarlega ríkt land og ótrúlega fá. Fátt betra gæti komið fyrir okkur en að taka fagnandi á móti fólki, en þá verðum við að gera það af alvöru. Margt er vel gert en það er ekki boðlegt að láta fólk bíða mánuðum og jafnvel árum saman eftir landvistarleyfi. Senda fjölskyldur, sem hér hafa komið sér vel fyrir, aftur úr landi, jafnvel með veik börn. Það er sameiginleg ábyrgð okkar að taka vel á móti þessu fólki. Alveg eins og það er sameiginleg ábyrgð okkar að sjá til þess að kynin hafi jafnra möguleika og geti lifað án þess að hafa áhyggjur af að vera beitt kúgun eða ofbeldi.“



**Kæri Reykvíkingur**

Í dag er kosið til borgarstjórnar og þá gefst þér kostur á að hafa áhrif á hvert borgin okkar mun stefna á næstu fjórum árum.

Valkostirnir eru skýrir. Við bjóðum áframhaldandi skýra framtíðarsýn og stefnufestu við stjórn borgarinnar. Reykjavík er á fleygiferð og nú á sér stað mesta uppbyggingarskeið í sögu borgarinnar. Á næsta kjörtímabili viljum við halda áfram að byggja upp kraftmikla og nútímalega borg fyrir okkur öll sem er fjölbreytt, græn, skemmtileg og lifandi.

Ég vonast eftir stuðningi þínum við þessa stefnu og hvet þig til að mæta á kjörstað og nýta atkvæðisréttinn.

# Áfram Reykjavík

XS



Heimsmeistarar **Þýskalands** rústuðu sínum riðli í undankeppninni; unnu alla 10 leiki sína með markatölunni 43-4. Breiddin í þýska liðinu er gríðarlega mikil sem sást á því að hálfgert varalið Þjóðverja vann Álfukeppnina síðasta sumar. Óvíst er með þátttöku Manuels Neuer og ekki liggur fyrir hver verður í fremstu víglínu Þýskalands. **Toni Kroos** er gríðarlega mikilvægur í þýska liðinu og stýrir miðjuspili þess af festu.



**4** sinnum í röð hefur Þýskaland komist í undanúrslit á HM.



**Mexíkó** er fastagestur á HM og hefur farið í 16-liða úrslit á síðustu sjö mótum. Mexíkóar fóru nokkuð auðveldlega í gegnum undankeppnina og hafa náð í ágætis úrslit í síðustu leikjum. Mikil reynsla er í mexíkóska hópnum og Rafael Marquez er væntanlega á leið á sitt fimmta heimsmeistaramót. Í sókninni er **Javier Hernández** í aðalhlutverki. Mexíkó á góða möguleika á að komast í 16-liða úrslit en fer varla lengra en það.



**2** sinnum hefur Mexíkó komist í 8-liða úrslit á HM (1970 og 1986).

## HM í Rússlandi

# F-RIÐILL

## Heimsmeistarariðillinn



**Svíþjóð** missti af síðustu tveimur heimsmeistaramótum en er mætt aftur á stóra sviðið. Núna er hins vegar enginn Zlatan Ibrahimovic í sænska liðinu. Svíar eiga ekki marga leikmenn í stærstu liðum Evrópu en liðsheildin er þétt eins og sást í umspilsleikjunum gegn Ítalíu. **Emil Forsberg**, leikmaður RB Leipzig, er arkitektinn í sænska sóknarleiknum. Svíar berjast væntanlega við Mexíkóa um 2. sætið í riðlinum.



**11** leikmenn skoruðu fyrir Svíþjóð í undankeppninni.



**Suður-Kórea** er með á níunda heimsmeistaramótinu í röð. Suður-Kóreumenn hafa aðeins tvisvar sinnum komist upp úr sínum riðli á HM og eru ekkert sérstaklega líklegir til þess í sumar. Suður-Kórea var ósannfærandi í undankeppninni og skoraði aðeins 11 mörk í 10 leikjum. Skærasta stjarna liðsins og langbesti leikmaður þess er **Son Heung-min** sem hefur skorað 20 mörk í 63 landsleikjum.



**5** leiki af 31 í lokakeppni HM hefur Suður-Kórea unnið.

# Annar blær yfir Þýskalandi

Þjóðverjar mæta með nýjan hóp til leiks en krafan er sett á að verja titilinn í Rússlandi. Joachim Löw hefur aldrei mistekist að koma liðinu í undanúrslitin en engu liði hefur tekist að verja heimsmeistaratitilinn frá árinu 1962.

Kristinn Páll Teitsson
kristinnpall@frettabladid.is



**Gleðin skín úr augum Schweinsteigers, Klose og fleiri góðra þegar þeir höfðu tryggt sér titilinn í Ríó en aðeins níu leikmenn af 23 eru enn í hópnum sem fer til Rússlands. Þjóðverjar sóttu gull til Rússlands í Álfukeppninni síðasta sumar og það verður fróðlegt að sjá hvernig þeim tekst upp í sumar.** NORDICPHOTOS/GETTY

Titilvörn Þýskalands hefst þann 17. júní á stærsta velli Rússlands, Luzhniki-vellinum, gegn Mexíkó en líkt og á hverju móti er krafan að liðið komist alla leið. Fyrirfram er Þýskaland með einn sterkasta hópinn og leikreyndan þjálfara í Joachim Löw sem stýrir þýska liðinu á sjötta stórmótinu í röð.

Undir hans stjórn hafa Þjóðverjar alltaf komist að minnsta kosti í undanúrslit og tvívegis leikið til úrslita, á Evrópumótinu 2008 þar sem þeir töpuðu gegn Spáni og Heimsmeistaramótinu 2014 gegn Argentínu þar sem gullið vannst.

Vandinn er hins vegar að engu liði hefur tekist að verja titilinn á heimsmeistaramóti í 36 ár eða allt frá því að brasilíska liðið varði titilinn gegn Tékkóslóvakíu í Santiago í Chile árið 1962.

Í raun hefur gengi ríkjandi meistara verið afleitt undanfarin mót, fyrir utan Brasilíu árið 2006 hefur engum sigurvegara tekist að komast upp úr riðlakeppninni í næsta móti. Frakkland lenti í neðsta sæti riðilsins árið 2002 líkt og Ítalía átta árum síðar en titilvörn gullkynslóðar Spánverja lauk í 3. sæti B-riðilsins árið 2014.

### Margir horfnir á braut

Með gullinu í Brasilíu ákváðu leikmenn á borð við Miroslav Klose, Phillipp Lahm og Per Mertesacker að hætta með þýska landsliðinu. Tveimur árum síðar fylgdu Lukas Podolski og Bastian Schweinsteiger þeim og voru fimm reyndustu leikmenn liðsins þá horfnir á braut. Áttu þeir samanlagt 605 leiki að baki fyrir hönd Þýskalands.

Ári síðar tefldu Þjóðverjar fram hálfgerðu varaliði í Álfukeppninni

**ÞÝSKALAND HEFUR LEIKIÐ TIL ÚRSLITA Á HEIMSMEISTARAMÓTINU ÁTTA SINNUM, OFTAST ALLRA LANDA.**

þar sem allir voru undir þrítugu en þeir fóru alla leið og komu heim með gullið. Kom þar í ljós að komið var að kynslóðaskiptum og að næsta kynslóð væri tilbúin að taka við keflinu.

Fjórtán leikmenn úr hópnum sem tók gullið í Álfukeppninni í Rússlandi síðasta sumar eru í hópnum sem fer til Rússlands í sumar, fimmtán ef Leroy Sane er bætt við en hann þurfti að draga sig út úr hópnum í fyrra vegna meiðsla.

Alls koma fjórtán nýir leikmenn inn í 27 manna hópinn sem Joachim



**Garrincha mætir aftur til Brasilíu með Jules Rimet bikarinn að lokinni keppni árið 1962 en í fjarveru Pelé fékk stjarna hans að skína.** NORDICPHOTOS/GETTY

Löw valdi frá síðasta móti og sýnir hann enga miskunn. Leikmenn á borð við Mario Götze, sem skoraði sigurmarkið í Ríó, fengu ekki farmiða enda óverðskuldað eftir að hafa lítið leikið á tímabilinu og frammistaðan ekki eftirtektarverð.

Hryggjarsúlan verður byggð á leikmönnum sem fengu gullið í Brasilíu, Mesut Özil, Toni Kroos, Thomas Müller, Sami Khedira og miðvarðaparinu Jerome Boateng og Mats Hummels en óvíst er hvort Manuel Neuer verður klár í slaginn.

Verður aukin ábyrgð á herðum yngri leikmanna á borð við Timo Werner, Leroy Sane, Julian Draxler og Julian Brandt að bera sóknarleikinn uppi.

Þá verður fróðlegt að sjá hvort markahrókurinn Nils Petersen fái tækifæri en Petersen sem verður þrítugur á þessu ári hefur aldrei leikið fyrir A-landslið Þýskalands.

### Titilvörnin er erfið

Eins og getið var um í upphafsorðunum hefur engu liði tekist að verja titilinn frá því að Brasilíumenn náðu því árið 1962.

Aðeins einu liði hefur tekist að leika til úrslita í næstu keppni á eftir, Argentínumenn höfðu betur, 3-2, gegn Vestur-Þýskalandi árið 1986 en Þjóðverjar svöruðu fyrir það fjórum árum seinna með 1-0 sigri í Rómaborg og unnu þar sinn fjórða heimsmeistaratitil.

Þýskaland er ásamt Ítalíu næstsigursælasta þjóðin á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu með fjóra meistaratitla en aðeins Brasilía hefur unnið fimm titla. Í þremur tilraunum til að verja meistaratitilinn til þessa komst Þýskaland næst því árið 1958 þegar Þjóðverjar féllu úr leik gegn heimamönnum í Svíþjóð í undanúrslitaleiknum í Gautaborg. Tuttugu árum síðar féllu þeir úr leik sem eitt af átta síðustu liðunum á Heimsmeistaramótinu í Argentínu. Sömu örlög biðu Þjóðverja í Bandaríkjunum, sprækir Búlgarar sendu þá heim úr átta liða úrslitunum.

# Sumar & börn

LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2018

Kynningar: Bogfimisetrið CU2 Skypark



Benni, Jói og Steinn eru allir í Háteigsskóla og hafa æft sirkuslistir með Æskusirkusnum í fjögur ár. MYND/EYÞÓR ÁRNASON

## Sirkusfjör á Klambratúni

Benedikt Ingi Ingólfsson 16 ára, Steinn Kári Brekason 16 ára og Jóhannes Hrefnuson Karlsson 15 ára eru komnir með sumarvinnu. Þeir verða á Klambratúni á laugardögum frá 9. júní til júlíloka að kenna gestum og gangandi sirkuslistir ásamt þeim Rökkva Sigurði Ólafssyni og Búa Guttesen. →2

Farðu þína eigin leið

Ókeypis kynningartími 27. maí og 4. júní.
– Skráning á dale.is/ungtfolk.
Nánari upplýsingar og skráning á dale.is eða í síma 555 7080

Copyright © 2018 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Gen next_050918_iceland



**Það sem þjálfunin færir þér:**
- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin vellíðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

**Sumarnámskeið hefjast:**
20 til 25 ára 28. maí og 7. ágúst
16 til 19 ára 29. maí og 8. ágúst
13 til 15 ára 5. júní og 8. ágúst
10 til 12 ára 11. júní og 8. ágúst

Dale Carnegie

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Blaðamaður hafði mælt sér mót við sirkuslistamennina á Klambratúni fyrir myndatöku og viðtal. Þegar á hólminn var komið var ekki hægt að vera úti vegna rigningar svo viðtalið og myndatakan voru færð inn á Kjarvalsstaði og eftir að strákarnir sýndu ljósmyndara og öðrum aðdáendum listir sínar voru þeir spurðir nánar út í sumarið.

**Benedikt Ingi:** Við ætlum að halda sirkusnámskeið á Klambratúni í sumar. Það er opið fyrir alla en kannski sérstaklega miðað að börnum. En ef einhvern fullorðinn langar að koma og læra að djöggla er viðkomandi velkominn.

**Steinn Kári:** Við verðum hérna frá ellefu til eitt alla góðviðrislaugardaga í júní og júlí.

**Jóhannes:** Við nennum ekki að standa hérna í úrhellisrigningu og halda námskeið auk þess sem það fer mjög illa með sirkusverkfærin okkar.

*Þremenningarnir hafa verið í sirkusnámi hjá Æskusirkusnum í fjögur ár og eru allir í djöggl-deildinni.*

**Jóhannes:** Æskusirkusinn er hluti af Sirkus Íslands þannig að við erum mikið að vinna með fólkinu þar.

**Benedikt Ingi:** Og þar erum við að læra allt sem okkur langar til.

**Jóhannes:** Allar sirkuslistirnar.

**Steinn Kári:** Við erum reyndar ekki mikið í hnífakasti ...

**Benedikt Ingi:** Nei. En við djögglum með hnífa.

**Jóhannes:** Það er ekki nærri því eins hættulegt.

*Námið í Æskusirkusnum er deildaskipt og þeir eru saman í deild.*

**Jóhannes:** Við erum allir í djöggl-deildinni en sérhæfum okkur í mismunandi verkfærum.

**Steinn Kári:** Djöggl snýst um að láta hluti gera það sem þú vilt að þeir geri. Þú getur notað hvað sem er til að djöggla, það þurfa ekkert endilega að vera boltar eða keilur heldur getur verið hvað sem er. Þegar körfuboltamaður snýr bolta á puttanum á sér er hann að djöggla.

**Benedikt Ingi:** Þetta er mjög fjölbreytt. Ég er aðallega í boltadjöggli en er með keilur og hatta líka.

**Steinn Kári:** Ég er aðallega í því sem kallað er „poi“ og „diablo“. Í poi er maður með band með einhverri þyngd á endanum á bandinu og sveiflar því í kringum sig.

**Jóhannes:** Ég er líka í diablo en svo er ég líka á einhjóli og hef verið að æfa mig á því.

**Steinn Kári:** Diablo er eiginlega tvær skálar sem eru festar saman á botninum og svo er maður með band með tveimur prikum á endanum og notar bandið til að grípa og kasta skálunum.

**Jóhannes:** Líka kallað kínverskt jójó.

**Benedikt Ingi:** ... eða kínversk fuglahræða því þetta var upprunalega búið til til að kasta upp í loft og hræða fuglana. Þannig urðu flestir djöggl-hlutir til, þegar fólk var að leika sér með hluti úr daglegu lífi.

*Ætlið þið að kenna fólki að nota þessar græjur?*

**Steinn Kári:** Já, og við ætlum að vera með nógu mikið af græjum fyrir alla til að æfa sig á.

**Jóhannes:** Svo ef þig langar til að prófa eitthvað ákveðið þá verðum við vonandi með græjur fyrir þig.

**Steinn Kári:** Og ef eftirspurnin verður mikil eða það er spurt um eitthvað sem við erum ekki með þá getum við mögulega reddað því.

*Þeir segjast eiga allar græjurnar sjálfir og mörg sett af sumum sem þeir hafa sankað að sér gegnum námið.*

**Benedikt Ingi:** Þetta eru ekki neitt mjög dýrar græjur. Sirkus er ekki mjög algengt áhugamál svo sirkusgræjur eru í flestum tilfellum búnar til heima hjá fólki sem er að selja þær sjálft á netinu.

**Steinn Kári:** Þetta eru mjög lífræn viðskipti ef svo má að orði komast, beint samband á milli þeirra sem búa til og þeirra sem vilja kaupa. Við erum til dæmis í sambandi við danskan hattagerðarmann sem gerði djöggl-hattana okkar.

**Jóhannes:** Það eru ekki margir sem vita að það er mikill munur á djöggl-hatti og venjulegum hatti.

**Steinn Kári:** Djöggl-hattar eru miklu þyngri en venjulegir hattar.

**Benedikt Ingi:** Það eru til margir mismunandi djöggl-hattar. Það eru til mjög harðir en svo er hægt að velja hvað þeir eru þungir og bara alls konar tegundir. Okkar eru með þreföldu lagi af filti í staðinn fyrir einfalt lag í venjulegum hatti. Við sérpöntum okkar hatta eftir þeirri þykkt sem við viljum og litina og allt það.



Hér má sjá Stein leika listir sínar með diablo, Benni hendir keilurnar á lofti og Jói býr sig undir að kasta hattinum á höfuðið. MYND/EYÞÓR

**Steinn Kári:** Og hattarnir okkar eru líka sérsniðnir á okkur.

*Í fyrrasumar lagði hluti Æskusirkussins land undir fót og kynnti sér sirkuslistir í öðrum löndum.*

**Steinn Kári:** Já, við fórum á sirkusnámskeið í fyrra í Svíþjóð.

**Jóhannes:** Það var mjög gaman að hitta hundrað aðra krakka sem eru að æfa sirkus því yfirleitt hittum við bara krakkana sem eru með okkur í Æskusirkusnum.

**Benedikt Ingi:** Já, það var frábært að kynnast krökkum með sama áhugamál og líka sirkuslífi í öðrum löndum.

*Strákarnir eru allir saman í Háteigsskóla og eru þekktir innan skólans fyrir sirkuslistir.*

**Benedikt Ingi:** Krökkunum fannst fyrst dálítið skrýtið þegar við vorum að æfa okkur að djöggla á göngunum og komu og horfðu á og vildu fá að prófa en nú eru þau orðin vön þessu.

**Jóhannes:** Við höfum nokkrum sinnum sýnt á hæfileikakeppnum og við önnur tilefni í skólanum.

**Steinn Kári:** Við gerðum einu sinni atriði þar sem við vorum með öll verkfærin sem við höfum talað um hérna nema að við vorum búin að tengja ljós við þau. Það var alveg myrkur og það kom ofboðslega vel út.

*Hvað tekur við eftir Æskusirkus?*

**Jóhannes:** Æskusirkusinn átti bara að vera upp í sextán ára en nú erum við allir að verða sextán svo við verðum líklegast áfram í Æskusirkusnum þangað til við verðum átján og þá færum við okkur yfir í Sirkus Íslands.

**Benedikt Ingi:** Við erum nokkur búin að vera að æfa með Sirkus Íslands í vetur og mætum þá líka á fullorðinsæfingarnar.

**Steinn Kári:** Okkur var boðið að sýna með Sirkus Íslands í fyrra, á barnasýningunni, svo við erum að fikra okkur yfir í sirkusheiminn. Erum líklega svona sirkusunglingar.

*Þeir viðurkenna að vera ekki mikið farnir að huga að framtíðarstörfum en sirkus er þó klárlega inni í myndinni.*

**Jóhannes:** Það er hægt að taka háskólapróf í sirkuslistum í útlöndum. Við þekkjum nokkra hjá Sirkus Íslands sem gerðu það og það hljómar mjög spennandi.

**Steinn Kári:** Kannski ekki miklir atvinnu- eða valmöguleikar með þannig nám hér á Íslandi núna en við vonum að það breytist.

**Jóhannes:** Það er samt rosalega mikil sérhæfing í sirkuslistum. Þú þarft að vera alveg viss um að þú viljir gera einmitt þetta.

**Benedikt Ingi:** En við ætlum að sjálfsögðu að halda áfram í sirkus þó við séum að fara í framhaldsskóla.

*En aftur að sirkusfjörinu á Klambratúni sem hefst laugardaginn 9. júní.*

**Steinn Kári:** Við fengum styrk frá Reykjavíkurborg til að halda þessi sirkusnámskeið í sumar og erum mjög spenntir fyrir þessari sumarvinnu.

**Jóhannes:** Og við verðum kannski líka að vinna sem sirkusdýr með Sirkus Íslands, búa til kandífloss og taka saman í tjaldinu og þannig.

**Steinn Kári:** Við byrjuðum allir á sumarnámskeiði hjá Sirkus Íslands og við vonum að það komi margir að æfa með okkur og prófa allar græjurnar í sumar á Klambratúni.

Sirkusfjörið á Klambratúni verður ókeypis og fer fram alla laugardaga í júní og júlí ef veður leyfir. Áhugasamir geta fylgst með á Facebook-síðunni Sirkusfjör á Klambratúni.

# Bogfimi er aðgengileg fyrir alla

## Í Bogfimisetrinu er hægt að læra allt í tengslum við bogfimi og bæði leika sér og æfa af alvöru. Í sumar verður boðið upp á námskeið fyrir ungmenni þar sem þau geta fengið persónulega þjálfun.

Bogfimisetrið var stofnað árið 2012 til að bæta aðgengi að bogfimi, sem var áður erfitt að stunda hér á landi,“ segir Ásdís Lilja Hafþórsdóttir, leiðbeinandi hjá Bogfimisetrinu. „Það getur hver sem er komið. Svo lengi sem þú getur haldið á boga geturðu skotið. Þau yngstu sem hafa komið voru svona þriggja ára, svo það er ekkert aldurstakmark.

Margir eru hissa á að hver sem er geti komið, en þetta er mjög aðgengilegt og skemmtilegt fyrir alla,“ segir Ásdís. „Sumir gera þetta bara sér til skemmtunar, við fáum til dæmis alls kyns hópa til okkar, en við fáum líka helling af fólki sem æfir af alvöru.

Í sumar ætlum við að bjóða upp á námskeið fyrir ungmenni á aldrinum 12-20 ára. Námskeiðið er í átta vikur og stendur yfir í júní og júlí og því fylgir kort í Bogfimisetrið fyrir þessa tvo mánuði þannig að þeir sem eru skráðir á námskeiðið geta komið utan



Ásdís Lilja Hafþórsdóttir segir að bogfimi henti öllum aldurshópum og sé mjög aðgengileg.

æfingatíma og skotið eins og þeir vilja,“ segir Ásdís. „Námskeiðið er kennt mánudaga og miðvikudaga frá kl. 16 til 17.30 og byrjar 4. júní.

Á námskeiðinu fær fólk leiðsögn frá menntuðum þjálfurum sem eyða miklum tíma með hverjum



Í sumar verður námskeið fyrir ungmenni á aldrinum 12-20 ára á Bogfimisetrinu. MYNDIR/ERNIR

nemanda og haga þjálfun eftir þörfum hvers og eins, þannig að það skiptir ekki máli á hvaða stigi börnin eru,“ segir Ásdís. „Námskeiðið kostar 24.000 krónur, en mánaðarkort hjá okkur er á 12 þúsund krónur, þannig að þetta er eins og að kaupa tvo mánuði og fá æfingar og þjálfun með. Það fylgir líka allur búnaður, svo það er enginn aukakostnaður.

Ef fólk hefur áhuga á að halda áfram er svo hægt að fara beint á haustnámskeiðið, sem byrjar snemma í ágúst,“ segir Ásdís. „Fullorðnir geta líka komið til okkar á grunnnámskeið í hverjum mánuði til að læra að nota bogana.“

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5402 | Veffang: frettabladid.is


lindex.is
Kjóll
1249,-
LINDEX

# Skemmtilegur krakkamatur

Börn ættu að læra að meta allan mat og forðast matvendni. Foreldrar vilja að börnin borði hollan og góðan mat. Þegar matur er unninn frá grunni getur maður sjálfur stýrt hollustunni. Góður matur þarf síður en svo að vera óhollur. Leyfið börnunum endilega að hjálpa til í eldhúsinu.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það getur verið skemmtilegt að elda með krökkunum og búa til eitthvað sem þeim þykir virkilega gott. Hér er uppskrift sem vann til verðlauna í Svíþjóð sem barnvænlegur matur. Rétturinn kallast á sænsku Köttfärs Africana eða afrískur hakkréttur og var uppskriftin gefin út í bókinni Barnens bästa fest.

## Afrískur hakkréttur

Í þessum rétti mega börnin velja sér meðlætið sjálf. Setjið í skálar niðurskornar paprikur, agúrkur, banana, nektarínur, kókosflögur, kasjúhnetur og kirsuberjatómata eða annað sem börnunum finnst virkilega gott.

**1 kg nautahakk**
**Smjör til steikingar**
**Salt og pipar**
**Sósa**
**4 dl þeyttur rjómi**
**1,5 dl chili-sósa**
**4-5 msk. karrí**

Borið fram með kínóa, hrísgrjónum, pasta eða í tortilla-kökum.

Hitið ofninn í 250°C. Brúnið nautahakkið í smjöri á heitri pönnu og bragðbætið með salti og pipar. Setjið hakkið í smurt eldfast mót. Hrærið chili-sósu og karríi saman við vel þeyttan rjómann. Breiðið blönduna yfir nautahakkið. Bakið í ofni í um það bil 12 mínútur. Borið fram með áður upptöldu meðlæti eða öðru eftir smekk.



## Sænskt og ítalskt í leik saman

Litlar kjötbollur með spagettí og tómatpastasósu segja Svíar að sé blanda af sænsku og ítölsku eldhúsi.

**500 g nautahakk**
**100 g fransbrauð, dagsgamalt**
**1 glas af mjólk**
**2 egg**
**1 búnt blaðsteinselja**
**3 hvítlauksrif**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**100 g parmesanostur**

**Tómatsósa**
**2 dósir niðursoðnir tómatar í bitum**
**1 dl jómfrúarolía**
**1 laukur**
**2 hvítlauksrif**
**1 tsk. salt**
**Parmesanostur**
**Ferskt basil**

Leggið brauðið í mjólkina svo það verði mjúkt. Rífið niður parmesanost. Hakkið laukinn smátt ásamt hvítlauknum.
Brúnið laukinn í olíunni. Bætið tómötunum út á pönnuna, saltið og setjið síðan parmesanostinn saman við. Látið malla í góða stund.
Blandið öllu sem á að fara í nautahakkið í skál og hrærið með höndunum þar til þið getið mótað bollur á stærð við golfbolta. Steikið bollurnar á annarri pönnu á öllum hliðum og setjið þær síðan út í tómatsósuna. Látið allt malla í 40 mínútur. Gott er að dreifa smá fersku basil yfir í lokin.
Sjóðið pasta á meðan eftir leiðbeiningum á umbúðum. Setjið spagettíið síðan saman við tómatpastasósuna og kjötbollurnar á stórt fat.



Litlir hamborgarar eru heppilegir fyrir börn.

## Hamborgarar fyrir káta krakka

Flestir krakkar eru fyrir hamborgara. Það er auðvelt að útbúa þá heima með góðu nautahakki. Setjið salt og pipar í deigið. Mótið hamborgara. Krökkum finnst míní-hamborgarar mjög góðir og þess vegna er upplagt að útbúa þá frekar.
Leyfið krökkunum að velja sjálf grænmeti með hamborgurunum en gott er að steikja hamborgarann fyrst og setja síðan ostsneið á hann. Það er hægt að velja mismunandi kál, papriku eða hvað annað til að setja ofan á borgarann. Kalda hamborgarasósu er hægt að útbúa með því að blanda saman sýrðum rjóma, smá sinnepi, hunangi, límónusafa og tómat- eða chili-sósu. Bragðbætið með salti og pipar.

# Áhyggjulaust æskufjör í sólinni með Childs Farm

Allir foreldrar vilja vernda húð barna sinna gegn skaðlegum geislum sólar. Á norðlægum slóðum er einkar mikilvægt að bera vel af sólarvörn á börn áður en þau fara út í sumarsólina að leika sér enda er húð þeirra sérstaklega viðkvæm fyrir sólbruna. Childs Farm er með svör við því öllu.

Childs Farm hefur nú sett á markað nýja og endurbætta útgáfu af sólarvarnarkreminu sínu og bætt við sólarvörn í spreyformi og roll-oni í sólarlínuna. Allar sólarvarnir Childs Farm hafa háan varnarstuðul, 50 SPF, og hrinda frá sér vatni. Þær eru sérstaklega þróaðar fyrir viðkvæma húð og börn sem eru gjörn á að fá exem. Rakagefandi formúlan er létt og smýgur því hratt inn í húðina svo auðvelt sé að bera hana á óþolinmóða og leikþyrsta gorma.

### Græðandi við sólbruna

Einkenni sólbruna koma yfirleitt ekki í ljós fyrr en skaðinn er skeður og því lengur sem sólbruni er skilinn eftir ómeðhöndlaður, því dýpra ná skemmdirnar niður í húðlögin. Eftir fjör í sólinni getur húðin því þurft á smá áfallahjálp að halda og þá er gott að bera á hana Childs Farm After Sun, sem gefur mikinn raka, kælir og græðir.

### Allt í einni flösku

Á sumrin leggja margir leið sína með börn í sund og þá er fleira en sólin sem getur haft áhrif á viðkvæma barnshúð, en það er nefnilega klórinn. Sum börn, og jafnvel fullorðnir líka, þola illa klór. Margir upplifa mikinn sviða og kláða á meðan aðrir fá þurrkubletti. Childs Farm mætir þörfum þeirra með 3 in 1 Swim, sem er sjampó, hárnæring og sturtusápa, allt í einni flösku og þvær burt allar klórleifar og skilur húðina eftir mjúka og vel lyktandi.
Eins og aðrar vörur Childs Farm innihalda sólarvörnur hvorki paraben, steinefnaolíur, SLS né tilbúin litarefni.

- **Ný og endurbætt formúla**
- **50 SPF**
- **Vatnsfráhrindandi**






Það er dásamlegt að leika sér frjáls úti í sumri og sól en þá er mikilvægt að bera sólarvörn á viðkvæmt hörund barna.

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 26. MAÍ 2018

# Gagnlegt nám fyrir blómlegan geira

Í Ferðamálaskólanum í Kópavogi er boðið upp á hagnýtt nám fyrir alls kyns störf í ferðaþjónustu. Skólinn hefur góða tengingu við atvinnulífið og námið nýtist einnig í framhaldsnám erlendis. →2



Nemendur eru í góðum höndum hjá þeim Kristínu Bjartmarsdóttur, Ásdísi Vatnsdal og Hildi Jónsdóttur hjá Ferðamálaskólanum. MYND/ERNIR



**Leitin að klaustrunum nefnist sýning sem sett hefur verið upp í Þjóðminjasafni Íslands og byggir á rannsókn Steinunnar Kristjánsdóttur prófessors í fornleifafræði.** →4

Stutt, hagnýtt starfsnám

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

HEILSA OG MATUR
Ertu að vinna í mötuneyti? Viltu auka möguleika þína í starfi?
Þá er þetta nám fyrir þig:
**Matsveina-og matartæknanám** er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa við matreiðslu og stjórnun í eldhúsum leik-, grunn- og framhaldsskóla, vinnustaða og heilbrigðisstofnana. Námið er einnig heppilegt fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í ferðaþjónustu.

INNRITUN STENDUR YFIR Á MENNTAGATT.IS TIL 31. MAÍ.

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN



Nemendur Ferðamálaskólans í verkefnavinnu.

Framhald af forsíðu ➪

Ferðamálaskólinn er starfræktur í Menntaskólanum í Kópavogi. Skólinn menntar fólk til þess að starfa í hinum ýmsu kimum ferðamálgeirans og námið er því upplagt nú þegar ferðaþjónustan er í sögulegum blóma hér á landi. Skólinn er kvöldskóli og er kennt fjögur kvöld í viku, frá kl. 16.30 til 22.00. „Námið sem við bjóðum upp á er starfstengt ferðamálanám þar sem lögð er áhersla á ferðaþjónustu, stjórnun, skipulag og margt annað sem er hagnýtt fyrir ferðamálageirann,“ segir Ásdís Vatnsdal, fagstjóri Ferðamálaskólans.

Ferðamálaskólinn sinnir bæði þjálfun fólks sem hyggst þjónusta Íslendinga sem eru að fara til útlanda og útlendinga sem koma hingað til lands til að ferðast. „Þetta er fjölbreyttur starfsvettvangur. Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur eru til dæmis í samstarfi við flugfélög, hótel og flutningafyrirtæki erlendis og gera samninga og leita tilboða,“ segir Ásdís. „Svo kennum við á farbókunarkerfið Amadeus, sem er notað hjá flugfélögunum.“

## Góð tenging við atvinnulífið

„Meðalaldur þeirra sem sækja námið er um 33 ár, en elstu nemendur hafa verið á sextugsaldri og þeir hafa bæði notið námsins og nýtt það til jafns við þau sem yngri eru,“ segir Ásdís. „Margir sem koma vilja bæta við sig kunnáttu og þekkingu á því sviði sem þeir vinna á nú þegar, á meðan aðrir eru að skipta alveg um starfsvettvang.

Við erum með góða tengingu við atvinnulífið og allir kennararnir okkar eru með kennsluréttindi, auk þess sem þeir hafa umtalsverða reynslu úr ferðaþjónustu,“ segir Ásdís. „Við vitum því hvað þarf að kenna og leggjum áherslu á að verkefnin séu raunhæf og líkist því sem raunverulega er verið að gera í ferðaþjónustu.“


Ásdís Vatnsdal, fagstjóri Ferðamálaskólans. MYND/ERNIR

> Fólk sem útskrifast frá okkur er eftirsótt til vinnu og starfar á mjög fjölbreyttum vettvangi.

Nemendur eru því vel í stakk búnir til þess að hefja störf strax eftir útskrift. „Fólk sem útskrifast frá okkur er eftirsótt til vinnu og starfar á mjög fjölbreyttum vettvangi. Margir fara að vinna á ferðaskrifstofum og flugfélögum, afþreyingarfyrirtækjum og hótelum,“ segir Ásdís. „Starfsmöguleikarnir eru nánast óþrjótandi, en það er líka hægt að nýta námið til frekari menntunar á þessu sviði, því nú er nám við Ferðamálaskólann metið sem fyrsta árs nám til BA-prófs við háskólann í Bournemouth. Þannig að námið hjá okkur er góður kostur fyrir ungt fólk sem er að útskrifast með stúdentspróf og langar ef til vill í frekara nám erlendis og mennta sig til starfa í spennandi og blómlegum geira.“

## Starfsnám erlendis

„Starfsnám við Ferðamálaskólann er þrír mánuðir. Hægt er að taka starfsnám meðfram bóklega náminu eða að því loknu. Margir ráða sig í vinnu hjá ferðaþjónustufyrirtækjum með skóla og þá getur sú vinna verið metin að einhverju leyti,“ segir Ásdís. „Nemendum gefst einnig kostur á að sækja starfsnám erlendis. Á undanförnum árum hafa þau fengið þriggja vikna starfsnám í Lapplandi og þá er lögð áhersla á vetrarferðaþjónustu, sem er stór og mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu hér á landi, enda eru aðstæður að mörgu leyti svipaðar á Íslandi og í norðurhluta Finnlands.“

## Að öllu leyti hagnýtt

Dagrún Antoinette Pettypiece útskrifaðist úr Ferðamálaskólanum í vikunni og er þegar byrjuð að vinna hjá Fosshótel Reykjavík.


Dagrún Antoinette Pettypiece segir að það sé eins og námið hafi verið klæðskerasniðið fyrir sig.

„Ég fór í námið þegar ég var komin yfir þrítugt og var ekki enn þá búin að ákveða hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði orðin stór,“ segir hún. „Mér fannst bara frábært og spennandi að geta unnið við eitthvað sem mér finnst svona skemmtilegt, að ferðast og kynnast ólíkum menningarheimum.

Mér fannst námið mjög krefjandi, en það kom mér skemmtilega á óvart hvað allir þættir námsins reyndust mér vel í starfi. Þetta er alveg ótrúlega hagnýtt og ég hef áður sagt að það sé hreinlega eins og námið hafi verið klæðskerasniðið fyrir mitt starf, en ég starfa sem þjónustustjóri hjá Fosshótel Reykjavík,“ segir Dagrún. „Í rauninni hef ég nýtt allt sem ég lærði, meira að segja umhverfisfræðina, sem ég bjóst ekki við að kæmi að gagni fyrir fram. Það hefur bara allt komið sér ótrúlega vel.

Námið hjálpaði mér líka að komast í þetta starf, en ég var hálfnuð með námið þegar ég fékk það,“ segir Dagrún. „Ég ætlaði mér aldrei að vera í hótelgeiranum en svo bara elska ég þetta starf og sé ekki fram á að færa mig.“


Jón Ólafur Kjartansson segir að námið hafi verið bæði skemmtilegt og mjög hagnýtt.

## Góð innsýn og gagnlegur undirbúningur

Jón Ólafur Kjartansson útskrifaðist frá Ferðamálaskólanum fyrir tveimur árum og vinnur nú hjá Iceland Travel. Hann segist hafa farið í námið því að hann er mikill náttúruunnandi og vissi að hann vildi starf þar sem hann gæti notið hennar. „Ég hafði heyrt góða hluti um Ferðamálaskólann og fannst hann góður kostur til að opna þær dyr. Auk þess taldi ég þetta gagnlegt nám, núna þegar ferðaþjónustan er í miklum blóma,“ segir hann. „Það hentaði líka mjög vel að geta tekið námið í kvöldskóla samhliða vinnu.

Mér fannst þetta nám vera stútfullt? 

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar
Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Eplaedik er heilsubætandi „elexír“ í töfluformi

Eplaedik hefur verið notað sem heilsubótarefni í aldaraðir, bæði sem forvörn sem og vegna læknandi eiginleika. Nú er það komið í töfluformi sem eru góðar fréttir, sérstaklega fyrir tennurnar.



**Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Neysla á eplaediki er gamalt húsráð sem flestir kannast við. Töflurnar eru góðar fréttir fyrir þá sem finnst súra ediksbragðið vont.**

Flestir hafa heyrt um eplaedik og ýmsa kosti þess að nota sér það til heilsubótar. Síðan 1970 hefur það verið kynnt og selt sem heilsubætandi „elexír“ þó svo að ekki liggi klínískar rannsóknir þar að baki, frekar en á ýmsum öðrum matvælum sem eru þó klárlega vel til þess fallin að auka hreysti og vellíðan. Sagt er að eplaedikið geti hjálpað til við þyngdartap, jafni blóðsykurinn og að sýran geti einnig drepið og komið í veg fyrir að bakteríur í líkamanum nái að fjölga sér.

### Melting og matarlyst

Neysla eplaediks hefur afar jákvæð áhrif á meltinguna og hjálpar það til við að örva framleiðslu á magasýrum sem er mikilvægt fyrir góða meltingu. Einnig er talað um að það hafi áhrif á matarlyst en þar sem ávallt skal drekka vel af vatni með því, gæti það hugsanlega haft áhrif. Það er þó vel þekkt að edikssýra í t.d. salatsósum hafi jákvæð áhrif á meltinguna og hugsanlega á matarlystina líka, segir á Vísindavef HÍ.

### Brjóstsviði og bjúgur

Þrátt fyrir að eplaedikið sé súrt á bragðið veldur það ekki því að t.d. brjóstsviði aukist. Það virkar akkúrat öfugt og getur því verið þjóðráð að taka eplaedik (eða sítrónusafa) í vatni fyrst á morgnana og fyrir mat og draga þannig




úr líkum á – eða jafnvel losna við brjóstsviða. Regluleg inntaka á eplaediki er góð fyrir sýrustig líkamans og getur dregið úr bjúgsöfnun. Margir hafa of hátt sýrustig í líkamanum sem getur verið tilkomið vegna lifnaðarhátta (streita og mataræði) og veldur það ýmiss konar kvillum. Ójafnvægi verður í þarmaflórunni sem getur valdið húðvandamálum og ónæmiskerfið okkar sem einnig er staðsett í þörmum og beintengt þarmaflórunni verður fyrir röskun. Að lokum skal nefna að eplaedikið, þessi „lífsins elexír“, getur dregið verulega úr slímmyndun og styrkt virkni líffæra eins og þvagblöðru, lifrar og nýrna.

### Allra meina bót?

Eins og áður kom fram, þá hefur eplaedik verið notað til heilsubótar í aldaraðir og margt hljómar örlítið eins og þetta sé allra meina bót fyrir alla. Það er þó ekki alveg þannig en það virkar klárlega fyrir suma. Í grein sem birt var í Medscape General Medicine 2006 er talað um að neysla á því geti hjálpað til við að lækka blóðþrýsting og blóðsykur og einnig að þrátt fyrir sýruna, geri það líkamann ekki súrari. Þó eru ákveðnir þættir sem þarf að varast og alltaf best að skoða málin vel og jafnvel ráðfæra sig við lækni áður en regluleg neysla hefst. Þeir sem ætla að

> **Inntaka á eplaedikstöflunum er ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það á vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar.**
>
> **Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi**

taka eplaedik inn í vökvaformi alla daga þurfa líka að huga vel að tönnunum því það er ekki gott að mikil sýra sé í munninum lengi.

### Eplaedik í töfluformi

Mörgum líkar ekki við bragðið af eplaedikinu og sleppa því þess vegna. Apple Cider töflurnar frá New Nordic eru því kærkomnar fyrir marga en þær eru öflugar og auk 1000 mg af eplaediksdufti, innihalda þær önnur jurtaefni sem hjálpa til við niðurbrot á fitu og styðja við lifrarstarfsemi.

**Þessi efni eru:**

- Ætiþistill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Túnfífill – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu.
- Kólín – eflir meltingu, styður lifrarstarfsemi og eðlilegt niðurbrot á fitu ásamt því að ýta undir fitubrennslu.

Svo innihalda þær króm sem hjálpar til við blóðsykursjafnvægi og slær þannig á sykurlöngun.

Inntaka á eplaedikstöflunum eru ekki bara góðar fréttir fyrir þá sem eiga erfitt með að taka það inn í vökvaformi vegna bragðs, heldur líka fyrir tennurnar. Ekkert bragð og engin sýra sem liggur á tönnunum og veldur skaða.

Fæst í flestum apótekum, heilsuhúsum, Iceland, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum.



# Rannsakar klausturstaði og aftökur á Íslandi

Sýningin Leitin að klaustrunum verður opnuð á Þjóðminjasafni Íslands í dag. Hún byggir á rannsókn Steinunnar Kristjánsdóttur, prófessors í fornleifafræði. Á sýningunni má m.a. sjá merka gripi sem hafa fundist á klausturstöðum víða um land og fá fjölbreyttan fróðleik um um klaustrin.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Á sýningunni eru upplýsingar og gripir sem fundust í rannsókn minni á klaustrum á Íslandi. Ákveðið þema er fyrir hvern klausturstað, svo hún er mjög fjölbreytt og fróðleg,“ segir Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Í fyrra kom út bók hennar Leitin að klaustrunum – klausturhald á Íslandi í fimm aldir, sem vakti mikla athygli og var m.a. tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og Fjöruverðlaunanna.

Í rannsókn Steinunnar var leitað að hvers kyns vísbendingum um klausturhald í landinu frá 1030–1554 en klausturhald hófst með stofnun klausturs í Bæ í Borgarfirði árið 1030. Samtals voru þrettán klaustur stofnuð á fjórtán stöðum á kaþólsku tímaskeiði hérlendis en því síðasta var komið á fót á Skriðuklaustri árið 1493.

„Klaustrin urðu ásamt biskupsstólunum að umsvifamestu kirkjulegu stofnunum í landinu fram til siðaskipta. Þá var þeim lokað og kaþólsk trú bönnuð með lögum. Klausturhald féll síðan í gleymsku og minjar úr klaustrum týndust. Þegar ég hóf rannsóknina á sínum tíma átti ég alls ekki von á að hún yrði jafnviðamikil og raun ber vitni og það er enn af nógu að taka,“ segir Steinunn og bætir við að hún finni fyrir miklum áhuga fólks á þessu málefni.

„Það kemur mér ánægjulega á óvart. Fólk er almennt opið fyrir öllum trúarbrögðum og hefur einnig áhuga á söguni, líka því sem ekki hefur mikið verið talað um,“ segir hún.



Steinunn segist finna fyrir miklum áhuga á sögu klaustra á Íslandi. MYND/KRISTINN INGVARSSON





Á sýningunni má m.a. sjá vígslustein helgrar byggingar sem kom í ljós við framkvæmdir árið 2008. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Klausturgripir fundust á söfnum

Við rannsóknina á klaustrunum var notast við jarðsjármælingar og grafnir könnunarskurðir þar sem vísbendingar sáust. Leitað var að klausturgripum í söfnum og kirkjum og að klausturplöntum, rústum og örnefnum úti á vettvangi. Heimildir voru lesnar, jafnt fornbréf sem þjóðsögur, auk þess sem farið var yfir kort og ljósmyndir.

Steinunn er hvergi nærri hætt að rannsaka klaustur, þótt hún hafi þegar skrifað 600 síðna bók um málefnið. Í byrjun júní hefst uppgröftur að Þingeyrum þar sem Þingeyrarklaustur stóð til forna og stendur yfir í mánuð.

„Ég er líka byrjuð á rannsókn sem tengist klaustrum en hún snýst um aftökur á Íslandi eftir siðaskiptin. Eftir að klausturhald lagðist niður settust sýslumenn að á þessum klausturstöðum og þeir sáu um að dæma fólk og framfylgja dómum, líka dauðadómum. Ég er að leita að dysjum og sögum þessa fólks sem var tekið af lífi. Það var oft dysjað á aftökustaðnum því það missti réttinn til greftrunar í kirkjugarði. Þetta er líka stærra verkefni en ég átti von á, en um er að ræða 300 mál á 300 ára tímabili. Þessi mál eru einnig hluti af sögunni sem ekki hefur mikið verið talað um,“ segir Steinunn.

> » Ég er byrjuð á rannsókn sem tengist klaustrum. Hún snýst um aftökur á Íslandi eftir siðaskiptin. Eftir að klausturhald lagðist af settust sýslumenn að á þessum klausturstöðum og þeir sáu um að dæma fólk og framfylgja dauðadómum.

## Margar vinnukonur voru líflátnar

Hún segir að gögn bendi til þess að margar vinnukonur hafi verið teknar af lífi á þessu tímabili og áhugavert að skoða hverju það sæti. „Mig langar að skoða þetta mál út frá femínisma og valdamisvægi. Í kaþólsku var það guð sem réð refsingu fólks og það gat unnið dóma af sér. Með stóradómi eftir siðaskiptin missti kirkjan vald yfir refsingum og það færðist yfir til sýslumanna. Þeir gátu því ráðið örlögum fólks,“ greinir Steinunn frá.

Búið er að grafa upp tvær dysjar sem báðar eru á höfuðborgarsvæðinu. „Þessir staðir eru í raun allt í kringum okkur,“ segir Steinunn.

Nánar má lesa um sýninguna Leitin að klaustrunum á vef Þjóðminjasafnsins, thjodminjasafn.is.

abel heilsuvörur



**Þorbjörg Hafsteinsdóttir**
næringarþerapisti elskar lífrænu Love drykkina,
**GingerLove, DetoxLove & SleepyLove.**
*"SleepyLove er magnaður drykkur og hluti af minni kvöldrútínu, sérstaklega þegar mikið er í gangi. Sofum vel og hvílumst."* Enginn viðbættur sykur eða sætuefni.
**Fæst í apótekum og heilsuverslunum, í Melabúðinni, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsölustaða um land allt.**

BIO RAW VEGAN

GingerLove SleepyLove DetoxLove




## Innköllun á fæðubótarefnunum

### Now B-100

Icepharma er umhugað um öryggi neytenda og hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla Now B-100 þar sem ráðlagður neysluskammtur sem tilgreindur er á vörunni er hærri en öryggismörk Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA) segja til um.
Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

**Vöruheiti: Now B-100**
**Strikanúmer: B-100, 100 hylki 733739004369**

**Lotunúmer og fyrning:**
**B-100 – lotur: 3042426 dags. 31.5.2020 , 3032411 dags. 31.3.2020, 3025270 dags. 31.01.2020**
**Framleiðandi: Now foods**




Dreifing: Akureyrarapótek ehf, Apótek Garðabæjar ehf, Apótek Hafnarfjarðar ehf, Apótek MOS, Apótek Ólafsvíkur, Apótek Suðurnesja, Apótek Vesturlands ehf, Apótekarinn Bíldshöfða, Apótekarinn Domus Medica, Apótekarinn Eiðistorgi, Apótekarinn Fitjum, Apótekarinn Fjarðak./Hólshr., Apótekarinn Glæsibæ, Apótekarinn Hafnarstr.91-95, Apótekarinn Hamraborg, Apótekarinn Helluhrauni, Apótekarinn Hrísalundi, Apótekarinn Hveragerði, Apótekarinn Hvolsvelli, Apótekarinn Höfða, Apótekarinn í Vestmannaeyjum, Apótekarinn Keflavík, Apótekarinn Mjódd, Apótekarinn Mosfellsbæ, Apótekarinn Salahverfi, Apótekarinn Selfossi, Apótekarinn Skipholti, Apótekarinn Smiðjuvegi , Apótekarinn Vallakór, Apótekið Garðatorgi, Apótekið Hólagarði, Apótekið Setbergi, Apótekið Skeifunni, Apótekið Spönginni, Austurbæjarapótek ehf., Árbæjarapótek ehf., Blómaval Reykjavík, Borgarapótek, Farmasía ehf, Fjarðarkaup ehf., Fjarðarkaup Fræið, Garðs Apótek ehf., Gló verslun, Hagkaup – Akureyri, Hagkaup – Eiðistorgi, Hagkaup – Garðabæ, Hagkaup – Kringlan, Hagkaup – Skeifan, Hagkaup – Smáralind, Hagkaup – Spöngin, Heilbr.st. Vesturl. Lyfs Hólma, Hraunbergsapótek ehf, Iceland Engihjalla, Iceland Staðarberg, Iceland Vesturberg, Iceland-Verslun Akureyri, Iceland-Verslun ehf Arnarbakka, Iceland-Verslun Keflavík, IceMed á Íslandi slf, Inter Medica ehf, ÍslandsApótek ehf., Kjörbúðin Blönduósi, Kjörbúðin Bolungarvík, Kjörbúðin Búðardal, Kjörbúðin Dalvík, Kjörbúðin Grundarfirði, Kjörbúðin Neskaupstað, Kjörbúðin Sandgerði, Kjörbúðin Seyðisfirði, Kjörbúðin Siglufirði, Kjörbúðin Skagaströnd, Krónan Akranesi, Krónan Árbæ, Krónan Bíldshöfða, Krónan Fiskislóð, Krónan Fitjar, Krónan Flatahrauni, Krónan Grafarholti, Krónan Hamraborg, Krónan Hvaleyrarbraut, Krónan Jafnaseli, Krónan Lindir, Krónan Mosfellsbæ, Krónan Nóatúni, Krónan Reyðarfirði, Krónan Selfossi, Krónan Vallakór, Krónan Vestmannaeyjum, Lyf og Heilsa Austurveri, Lyf og Heilsa Glerártorgi, Lyf og Heilsa Granda, Lyf og Heilsa Hafnarfirði, Lyf og heilsa Kringlunni 1 hæð, Lyf og heilsa SA lyfjaskömmtun, Lyfja lyfjaútibú Stykkishólmi, Lyfja Borgarnesi, Lyfja Hafnarstræti, Lyfja Ísafirði, Lyfja Laugavegi, Lyfja Lágmúla, Lyfja lyfjaútibú Blönduós, Lyfja lyfjaútibú Eskifirði, Lyfja lyfjaútibú Hvammstanga, Lyfja lyfjaútibú Patreksfirði, Lyfja Nýbýlavegi ,Lyfja Sauðárkróki, Lyfja Selfossi, Lyfja Smáralind, Lyfja Smáratorgi, Lyfjaval ehf Mjódd, Lyfjaval ehf Álftamýri, Lyfjaver ehf, Lyfsalinn, Nesbakki, Nettó Akureyri, Nettó Borgarnesi, Nettó Búðakór, Nettó Egilsstöðum, Nettó Granda, Nettó Grindavík, Nettó Hafnarfirði, Nettó Hrísalundi, Nettó Húsavík, Nettó Höfn í Hornafirði, Nettó Iðavöllum, Nettó Ísafirði, Nettó Mjódd, Nettó Reykjanesbæ, Nettó Salavegi, Nettó Selfossi, Reykjanesapótek ehf, Reykjavíkur Apótek, Rima Apótek ehf., Seljakjör – Samkaup, Siglufjarðar Apótek ehf., Urðarapótek ehf., Vöruhótel Krónan Bakkinn.

**Neytendur sem hafa keypt vöruna eru beðnir um að skila henni á sölustaði eða til Icepharma, Lynghálsi 13 á milli 8-16 alla virka daga. Neytendur fá vöruna endurgreidda að fullu.**





# ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

**Viðbætt kollagen, silkextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.**

- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt. Best í test þrjú ár í röð.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Meðmæli húðlækna.

Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð

VOLVO OCEAN RACE

SWE CYCLING

BÄST-I-TEST.se

Vitiligo

UVA ULTRA

Fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is

# Ekki láta meltinguna eyðileggja fríið

Helmingur fólks fær meltingartruflanir á ferðalögum erlendis. Við þekkjum þetta flest af eigin reynslu eða okkar nánustu. Niðurgangur, hægðatregða og uppþemba eru algeng vandamál.






Þegar við ferðumst um langan veg á framandi slóðir eru meiri líkur á að verða fyrir matarsýkingum. Þá þurfum við að huga sérstaklega vel að meltingunni og passa upp á þarmaflóruna. **For travelling abroad** er einstök blanda góðgerla sem er sérhönnuð til að taka á ferðalögum.

Blandan inniheldur 4 tegundir gerla sem rannsóknir hafa sýnt að þola vel erfiðar aðstæður og geta hjálpað til við að koma í veg fyrir meltingaróþægindi og niðurgang á ferðalögum.

Bifidobacterium longum Rosell-175, Lactobacillus rhamnosus Rosell-11 og Lactobacillus acidophilus Rosell-52 eru allt vel rannsakaðar tegundir góðgerla sem þola vel hita og raka og komast lifandi niður í smáþarma og ristil þar sem þeir vernda og viðhalda vinveittu flórunni.

Saccharomyces boulardii er vinveitt gersveppategund sem hefur margar rannsóknir á bak við sig. Hún getur bundist skaðlegum sýklum í meltingarveginum, borið þá út með hægðum og komið þannig í veg fyrir að þeir valdi sýkingum. Enn fremur reynist hún ákaflega vel við niðurgangi og getur hjálpað við að stoppa hann og stytta tímann sem hann gengur yfir.

Best er að taka **For travelling abroad** í 3-5 daga áður en lagt er af stað í ferðalagið, á meðan á því stendur og í nokkra daga eftir að heim er komið.

Má gefa börnum frá 1 árs aldri – þá má opna hylkin og blanda í mat eða drykk sem er kaldur eða við stofuhita.

Mælt er með að taka 1 hylki á dag með morgunmat.




> Gott er að huga að meltingunni á ferðalögum og koma þannig í veg fyrir matarsýkingar. For travelling abroad er sérhannað til að taka á ferðalögum.
>
> Ösp Viðarsdóttir
> næringarþerapisti

# Optibac fyrir þarmaflóruna

Optibac meltingargerlar eru með margar klínískar rannsóknir á bak við sig. Þú finnur Optibac með sérhæfða virkni sem hentar þér.

**For every day** inniheldur sex tegundir af vel rannsökuðum vinveittum gerlum sem komast lifandi í smáþarmana. For every day inniheldur einnig prebiotic trefjar sem næra góðu gerlana.

### Hentar vel eftir notkun sýklalyfja

- Gott að taka eftir magapestir
- Inniheldur FOS trefjar sem næra góðu gerlana og styðja þannig enn frekar við flóruna
- Má opna hylkin og blanda í kaldan mat eða drykk – hentar vel fyrir börn
- Sýruþolin hylki
- 6 tegundir af breiðvirkum vinveittum gerlum í hverju hylki
- 1 hylki á dag með mat, helst með morgunmat

Optibac fæst í apótekum og heilsuvöruverslunum.






> Ég hef prófað margar gerðir meltingargerla en aldrei fundið jafn mikla virkni og af Optibac.
>
> Víðir Þór Þrastarson, íþrótta- og heilsufræðingur

## Ný atvinnutækifæri á Bíldudal og íbúð í boði

Íslenska kalkþörungafélagið óskar eftir að ráða tvo starfsmenn til fyrirtækisins á Bíldudal. Störfin henta bæði körlum og konum og gætu verið áhugaverður kostur fyrir ungt par eða hjón sem vilja breyta til og freista gæfunnar á nýjum og vaxandi stað í fallegu umhverfi. Á næstu vikum rís nýtt parhús á Bíldudal með átta íbúðum í eigu Kalkþörungafélagsins og getur félagið leigt pari/hjónum íbúð á sanngjörnu verði.

### Starf á skrifstofu

Starfsmaður á skrifstofu þarf að búa yfir góðri íslensku- og enskukunnáttu og geta skrifað góðan texta. Dagleg störf eru á meðal eftirfarandi:

- Símsvörun og almenn samskipti á ensku og íslensku.
- Tölvuvinna í algengustu forritum Microsoft, s.s. bréfaskriftir, Excelvinna, frágangur skjala og skipulag skjalasafns.
- Vinna með vaktstjórum í verksmiðju vegna pappírsvinnu og útkalla starfsfólks.
- Umsjón með lager vinnufatnaðar starfsmanna.

### Starf í verksmiðju

Starfsmaður í verksmiðju þarf að vera áhugasamur, laghentur og búa yfir innsæi og hæfni til mannlegra samskipta á vinnustað þar sem eru bæði innlendir og erlendir starfsmenn.

- Um er að ræða öll almenn störf í verksmiðju, s.s. þátttaka í eftirliti með vélbúnaði og viðhaldi, auk forvarna til að hámarka virkni véla og tækja sem ganga allan sólarhringinn.
- Reynsla af verksmiðjustörfum eru mikill kostur og vinnuvélaréttindi nauðsynleg.

*Rekstur Íslenska kalkþörungafélagsins er í stöðugri framþróun. Félagið framleiðir hágæða fóðurbæti og fæðubótarefni úr kalkþörungum úr Arnarfirði og er árleg framleiðsla félagsins um 50 þúsund tonn af mismunandi afurðum. Eigendur félagsins eru frumkvöðlar á sviði þróunar, framleiðslu og markaðssetningar afurða úr kalkþörungum fyrir landbúnað og fæðubótarmarkað. Eru framtíðarmöguleikar fyrir áhugasama starfsmenn hjá fyrirtækin því miklir.*

*Á Bíldudal er vaxandi atvinnulíf ásamt gróskumiklu mannlífi þar sem íbúatalan fer hækkandi. Þar er góður leik og grunnskóli ásamt íþróttaaðstöðu auk þess sem sundlaugar og heilsugæsla eru í næsta nágrenni ásamt tækifærum til margvíslegra tómstunda árið um kring.*

**Í báðum tilvikum er um 100% starf að ræða. Um laun og starfskjör fer samkvæmt almennum kjarasamningum. Allar nánari upplýsingar veitir Stig Randal verksmiðjustjóri í síma 659 8211. Einnig má senda fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrár á netfangið stig@iskalk.is.**

Íslenska KALKÞÖRUNGAFÉLAGIÐ




**Íslandsbanki Laugardal**

# Lánastjóri fyrirtækja

**Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi til að starfa sem lánastjóri við útibú Íslandsbanka í Laugardal. Lánastjóri starfar í nánu samstarfi við viðskiptastjóra og útibússtjóra. Útibúið í Laugardal er stærsta fyrirtækjaútibú Íslandsbanka og viðskiptavinir þess eru þverskurður af íslensku atvinnulífi.**

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Alhliða ráðgjöf og þjónusta varðandi lánamál
- Fjárhagsgreining
- Undirbúningur og vinnsla lánsumsókna fyrir lánanefnd
- Mat á lánshæfi fyrirtækja
- Umsjón og eftirlit með lánasafni útibúsins

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræði æskileg
- Gott læsi á ársskýrslur og fjárhagsupplýsingar fyrirtækja
- Hæfni til að flytja og rökstyðja mál á fundum
- Reynsla af starfi við fjármál eða rekstur
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir óskast fylltar út á islandsbanki.is/storf.**
**Umsóknarfrestur er til og með 4. júní.**

Nánari upplýsingar veita:
Björn Sveinsson, útibússtjóri: 440 3501 – bjorn.sveinsson@islandsbanki.is
Sigrún Ólafsdóttir, ráðningarstjóri: 440 4172 — sigrun.olafs@islandsbanki.is

# Matreiðslumaður - gott dagvinnustarf

Traust upplýsingatæknifyrirtæki staðsett miðsvæðis í Reykjavík óskar eftir að ráða matreiðslumann.

Lögð er rík áhersla á hollan og góðan mat úr úrvals hráefnum.

**Gott tækifæri í boði.**

Sjá nánar á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Efling

# Sérfræðingur

Efling óskar eftir að ráða sérfræðing í vinnumarkaðsrannsóknum í 100% starf. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni í lifandi starfsumhverfi.

Umsóknarfrestur
**6. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6763**

Helstu verkefni

- Öflun og samantekt tölulegra upplýsinga um íslenskan vinnumarkað og þróun hans.
- Ráðgjöf við mótun stefnu í kjaramálum og öðrum málum sem varða hagsmuni félagsmanna í samstarfi við forystu félagsins.
- Þátttaka í kynningum og seta í pallborðum varðandi vinnumarkaðsmál.
- Nefndaseta fyrir hönd Eflingar, mögulega í samninganefndum vegna kjarasamninga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi s.s. í félags- eða hagvísindum eða sambærilegt.
- Greiningarhæfileikar og reynsla af gagnagreiningu.
- Góð færni í framsetningu upplýsinga, skýrslugerð og að flytja kynningar.
- Sérþekking og/eða reynsla af íslenskum vinnumarkaðsrannsóknum er kostur.
- Undirstöðuþekking á þjóðhagfræði.
- Þekking á forritun og gagnagrunnsvinnslu er kostur.
- Ögun í vinnubrögðum og geta til að vinna undir álagi.
- Góð tök á íslensku og ensku í ræðu og riti, þekking á öðrum tungumálum kostur.

EFLING
STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag er annað stærsta stéttarfélagið hér á landi. Í félaginu eru um 27.000 félagsmenn sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífsins við margvísleg störf.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags www.efling.is

# Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að sérfræðingi í upplýsingatækni með áherslu á uppbyggingu gagnainnviða og gagnamiðlun ráðuneytisins. Starfið snýr einkum að þátttöku í vinnu við endurhönnun, samþættingu og þróun á sérhæfðum gagnasöfnum og líkönum sem notuð eru hjá ráðuneytinu í tengslum við áætlanagerð um opinber fjármál.

Í verkefnunum felst m.a. endurhögun gagnalíkana úr töflureiknum yfir í gagnagrunnskerfi sem miðla upplýsingum ýmist í gegnum forsniðnar skýrslur og úrvinnslu- og greiningartól á borð við SQL, Excel, PowerPivot, Power BI og Power BI Report Server.

Umsóknarfrestur
**4. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6742**

Starfssvið

- Hönnun og uppbygging á gagnagrunnum.
- Kortlagning á gagnasöfnum og líkönum.
- Úrvinnsla, greining og miðlun úr gagnasöfnum.
- Innleiðing á tæknilausnum.
- Verkefnastjórn hugbúnaðaruppfærslna.
- Samstarf og þjálfun ofurnotenda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða starfsreynsla á sviði gagna- og upplýsingavinnslu sem nýtist vel til úrlausnar framangreindra verkefna.
- Haldbær reynsla af notkun úrvinnslu- og greiningartóla fyrir gagnasöfn
- Reynsla af notkun venslaðra gagnagrunna á borð við MS SQL Server er kostur
- Góð kunnátta í Office hugbúnaði
- Þekking og reynsla af rekstri gagnagrunnskerfa er kostur
- Þekking og reynsla af viðurkenndu verklagi í hugbúnaðarþróun

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar eru á starfatorg.is og á heimasíðu Capacent.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Sérfræðingur í opinberum fjármálum

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að sérfræðingi til að sinna áríðandi verkefnum á sviði opinberra fjármála. Starfið felst í áætlanagerð hins opinbera ásamt greiningar- og stefnumótunarvinnu í samstarfi við lykilaðila í opinberum fjármálum.

Starfið er á skrifstofu opinberra fjármála. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað. Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**4. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6743**

Starfssvið
- Þátttaka í gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps.
- Greiningar, gagnavinnsla og þróun reiknilíkana.
- Greining á horfum og þróun til lengri tíma.
- Framsetning upplýsinga og kynning á stöðu opinberra fjármála fyrir innlendum og erlendum aðilum.
- Upplýsingaöflun og áætlanagerð um markmið og horfur í opinberum fjármálum.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af þátttöku í gerð og greiningu ársreikninga.
- Þekking á fjármálum hins opinbera. Þekking á alþjóðlegum stöðlum fyrir opinber fjármál (GFS) æskileg.
- Hæfni og reynsla af greiningarvinnu og þróun reiknilíkana.
- Mjög góð almenn tölvufærni, einkum í Excel og öðrum skýrslugerðarverkfærum.
- Kunnátta til að miðla tölulegum upplýsingum með greinargóðum og skýrum hætti.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Á skrifstofu opinberra fjármála eru 10 störf en í ráðuneytinu öllu eru um 85 starfsmenn, flestir háskólamenntaðir.

Skrifstofan hefur yfirumsjón með stefnumörkun í opinberum fjármálum, annast verkstjórn, ráðgjöf og eftirlit með gerð fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlaga og ber ábyrgð á samhæfingu opinberra fjármála.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. 2. gr. reglna nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Nánari upplýsingar eru á starfatorg.is og á heimasíðu Capacent.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Eik er meðal leiðandi fasteignafélaga á Íslandi og er skráð á hlutabréfamarkað. Félagið er í sókn og leitar því að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra framkvæmdasviðs.

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón með framkvæmdum félagsins og þróunarverkefnum
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Samningagerð við verktaka
- Verkefnastjórnun og eftirlit með framkvæmdum
- Áætlanagerð, skýrslugerð, gagnasöfnun og úrvinnsla
- Yfirumsjón með verkbókhaldi framkvæmda
- Útboðslýsingar/útboðsgerð og innkaup

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Reynsla af áætlanagerð
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við verktaka
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 30. maí nk.**
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (**audur.bjarnadottir@capacent.is**) og Hilmar G. Hjaltason (**hilmar.hjaltason@capacent.is**) hjá Capacent.

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Það er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 441 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista kauphallarinnar Nasdaq.

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

BSRB

# Lögfræðingur

BSRB auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings. Verkefni BSRB eru fjölbreytt og gefst viðkomandi tækifæri til að móta starfið. Lögfræðingur heyrir undir framkvæmdastjóra BSRB, æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**10. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6760**

Helstu verkefni
- Ráðgjöf til BSRB og túlkun kjarasamninga aðildarfélaga.
- Túlkun laga og reglna um vinnu- og starfsmannarétt.
- Úrlausn einstaklingsmála sem berast frá aðildarfélögum.
- Fræðsla og kennsla á námskeiðum.
- Umsagnir um lagafrumvörp.
- Ýmis nefndarstörf s.s. með aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum.
- Ýmis tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði er skilyrði.
- Þekking á vinnu- og starfsmannarétti er kostur.
- Þekking á störfum félagasamtaka er kostur.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi.
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til að miðla málum og ná sáttum.
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti skilyrði.
- Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.

BSRB

Hlutverk BSRB er m.a. að þjónusta aðildarfélög innan bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna.

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Aðildarfélög BSRB eru 25 talsins og félagsmenn rúmlega 21.000. Um 70% félagsmanna eru konur.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Hugmyndaríkur textasmiður

Bændaferðir óska eftir að ráða öflugan sölu- og markaðsfulltrúa til starfa.

Viðkomandi þarf að vera hugmyndaríkur og þjónustulundaður textasmiður sem hugsar á markaðslegum nótum. Gerð er krafa um afburðagott vald á íslensku, færni til að rita texta á skýran og skemmtilegan hátt og næmt auga til prófarkalesturs. Lykileiginleikar viðkomandi eru skapandi hugsun, frumkvæði, söluhæfileikar og traust framkoma.

Umsóknarfrestur
**4. júní**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6754**

Helstu verkefni
- Vinna við skrif og yfirlestur auglýsinga og ferðalýsinga.
- Vinna við rafræna fréttapósta; textaskrif, uppsetning og myndvinnsla.
- Umsjón og yfirlestur ferðagagna.
- Umsjón með samfélagsmiðlum og Google auglýsingum.
- Önnur tilfallandi verkefni, t.d. símasvörun og almenn afgreiðsla.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Framúrskarandi færni í íslensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti skilyrði.
- Reynsla af prófarkalestri og auglýsingatextum mikill kostur.
- Reynsla af sölu og markaðsmálum kostur
- Haldgóð menntun sem nýtist í starfinu.
- Góð tölvukunnátta skilyrði..
- Góð færni í íslensku og ensku skilyrði, kunnátta í þýsku kostur.

bænda FERÐIR

Ferðaskrifstofan Bændaferðir á rætur sínar að rekja til ársins 1965. Bændaferðir bjóða innihaldsríkar pakkaferðir með íslenskri fararstjórn um allan heim, þar sem fólk nýtur góðs félagsskapar og kynnist menningu og náttúru merkra áfangastaða.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# MANNAUÐSFULLTRÚI

**TORG EHF., SEM M.A. REKUR FRÉTTABLAÐIÐ, FRETTABLADID.IS. GLAMOUR OG MIDA.IS LEITAR AÐ MANNAUÐSFULLTRÚA.**
**UM ER AÐ RÆÐA SPENNANDI STARF Á LIFANDI VINNUSTAÐ.**

**Helstu verkefni:**
- Gerð ráðningarsamninga
- Gerð starfslýsinga
- Samskipti við stéttarfélög
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknir skal senda á netfangið elmar@frettabladid.is
**Umsóknarfrestur er til 3. júní.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

# MÓTTÖKUFULLTRÚI

**Listaháskóli Íslands óskar eftir að ráða móttökufulltrúa í fullt starf**

Móttökufulltrúi hefur umsjón með móttöku og þjónustu við starfsfólk, nemendur og gesti í húsnæði skólans að Laugarnesvegi 91. Í starfinu felst m.a. símsvörun, almenn skrifstofustörf, bókanir og þjónusta vegna fundahalda og viðburða í húsinu. Listkennsludeild, myndlistardeild og sviðslistadeild eru starfræktar í húsinu auk verkstæða og bókasafns.

**Menntun, hæfni, reynsla**

- *Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund*
- *Góð tölvukunnátta (Office 365)*
- *Gott vald á íslensku og ensku*
- *Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar*

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

**Listaháskóli Íslands óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf**

Þjónustufulltrúi ber ábyrgð á því að húsnæði og tækjakostur skólans að Laugarnesvegi 91 sé í góðu ásigkomulagi hverju sinni. Í starfinu felst m.a. umsjón með rýmum hússins og uppsetning á tækjum og búnaði. Hann vinnur náið með móttökufulltrúa, deildarforsetum, kennurum og nemendum. Listkennsludeild, myndlistardeild og sviðslistadeild eru starfræktar í húsinu auk verkstæða og bókasafns.

**Menntun, hæfni, reynsla**

- *Góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund*
- *Góð tölvukunnátta og tækniþekking*
- *Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar*
- *Gott verkvit*

**Ráðið er í bæði störfin frá 7. ágúst 2018**

*Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað rafrænt eigi síðar en* ***mánudaginn 4. júní*** *á netfangið* **gunnhildurarnar@ceohuxun.is** *merkt:* ***Móttökufulltrúi–Listaháskóli Íslands*** *annars vegar og* ***Þjónustufulltrúi–Listaháskóli Íslands*** *hins vegar.*

*Frekari upplýsingar um starfið veitir Björg Jóna Birgisdóttir námsstjóri, í síma 552 4000 á skrifstofutíma (9-15), eða í tölvupósti bjorg@lhi.is*
*Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.*

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland University of the Arts

Listaháskóli Íslands • Þverholti 11 • 105 Reykjavík • S. 552 4000 • lhi.is

Rio Tinto



# Vélvirki á mótaverkstæði

**Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða vélvirkja til að sinna fjölbreyttum störfum á mótaverkstæði fyrirtækisins. Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í lifandi umhverfi.**

**Starfssvið:**
» Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á búnaði
» Ástandsskoðun á búnaði
» Almenn viðgerðarvinna og í smíði
» Samskipti við framleiðsludeildir
» Vinna að umbótum

**Menntun:**
» Sveinspróf í vélvirkjun
» Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
» Góðir samskiptahæfileikar
» Almenn tölvukunnátta kostur

Nánari upplýsingar veitir Óskar Arnórsson, leiðtogi, í síma 560-7000.

Rio Tinto á Íslandi leggur áherslu á að jafna hlut kynja á vinnustaðnum og eru konur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.

Vinsamlegast skilið inn umsókn ásamt kynningarbréfi á www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál er forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**



# Fatahönnuður

*Vegna aukinna umsvifa leitum við hjá Icewear að hæfileikaríkum fatahönnuði í starf við hönnun og vöruþróun á fatnaði fyrir fatalínu fyrirtækisins.*

Bæði leitum við að starfsmanni í fullt starf og einnig fyrir tímabundin verkefni á næstu mánuðum. Mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni:**

Störf fatahönnuðar felast m.a. í hugmyndavinnu og rannsóknum fyrir nýjar vörur, gerð flatra teikninga og tækniskjala fyrir framleiðendur og samskiptum við birgja.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, nám á sviði fatahönnunar æskilegt
- Reynsla af starfi við fatahönnun og framleiðslu á fatnaði áskilin
- Mjög góð tölvuþekking og reynsla í notkun Illustrator og Excel áskilin
- Áreiðanleiki, nákvæmni og hæfni til að vinna undir álagi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

**Fyrirtækið Icewear**

Icewear er ört vaxandi smásölu- og heildsölufyrirtæki sem rekur í dag tólf verslanir undir eigin merkjum, auk vefverslunar. Icewear hannar og framleiðir heilar línur af útivistarfatnaði, ullarvörum og minjagripum fyrir bæði eigin verslanir og til heildsölu. Skrifstofur fyrirtækisins eru staðsettar í Hlíðasmára 12 í Kópavogi og starfsmenn eru um 200 talsins. Fyrirtækið er framsækið og hefur verið í hópi "fyrirmyndarfyrirtækja" landsins undanfarin ár.

***Umsókn og nánari upplýsingar má nálgast á alfred.is***

ICEWEAR · ICELAND ·

---

ALÞINGI

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mötuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

---

ÍSAFJARÐARBÆR

## Leikskólinn Sólborg
## Sérkennslustjóri og leikskólakennarar

Ísafjarðarbær auglýsir laus til umsóknar 100% starf sérkennslustjóra og 75-100% störf leikskólakennara við leikskólann Sólborg á Ísafirði.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst 2018. Sólborg er fimm deilda leikskóli sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia en í skólanum eru um 115 börn. Ein deildin er fimm ára deild sem staðsett er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar. Um er að ræða mjög skemmtileg og gefandi störf í lifandi starfsumhverfi.

Ísafjarðarbær er bær í sókn og hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótta- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika á að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins. Í Ísafjarðarbæ búa um 3800 íbúar og þar eru fimm leikskólar og fjórir grunnskólar í fjórum byggðakjörnum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

**Umsóknarfrestur um ofangreind störf er til og með 10. júní 2018.** Frekari upplýsingar um störfin má nálgast á vef Ísafjarðarbæjar (www.isafjordur.is) undir „Laus störf“. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

**-Við þjónum með gleði til gagns-**

---

# FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Innnes leitar eftir öflugum einstaklingi í starf framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Fjármálasvið ber ábyrgð á fjármálum, reikningshaldi, upplýsingatækni og rekstrarmálum. Fjármálasviðið veitir einnig bókhaldsþjónustu til tengdra félaga. Hjá Innnes starfa um 200 starfsmenn, þar af 20 á fjármálasviði.

## HELSTU VERKEFNI FJÁRMÁLASVIÐS

- Reikningshald
- Stjórnendaskýrslur
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Fjárstýring
- Innheimta
- Rekstur húsnæðis og öryggismál
- Rekstur mötuneytis
- Rekstur upplýsingatæknimála

## HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldbær reynsla af sambærilegu starfi
- Leiðtogahæfni, hæfni í samskiptum, frumkvæði og metnaður

**Umsóknarfrestur er til 6. júní nk.**
Sækja skal um og senda starfsferilsskrá á: https://storf.innnes.is
eða með því að senda tölvupóst á eo@innnes.is
Nánari upplýsingar veita:
Elín Ólafsdóttir, eo@innnes.is, s. 532 4000 og
Magnús Óli Ólafsson, moo@innnes.is, s. 532 4000

INNNES

**Innnes er traust, leiðandi og framsækið fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu á matvörumarkaði. Mörg vörumerki fyrirtækisins eru landsmönnum að góðu kunn. Aðalstarfsstöðvar Innnes eru við Fossaleyni og Bæjarflöt í Reykjavík.**

**Hjá Innnes starfar öflug liðsheild sem er lykillinn að farsælum árangri fyrirtækisins. Innnes leitast við að ráða og hafa í sínum röðum starfsfólk sem býr yfir metnaði til að ná árangri.**

Gerum daginn girnilegan

mmmm...

## Umsjón með kennslu- og nemendaskrárkerfi

Háskólinn á Bifröst auglýsir eftir einstaklingi sem hefur mikla og góða þjónustulund og er jafnframt menntaður eða með reynslu á sviði upplýsingatækni.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Ábyrgð og dagleg umsjón nemendaskrár og kennslukerfis.
- Aðstoð og ráðgjöf vegna notkunar og vinnu í rafrænu kennsluumhverfi skólans.
- Umsjón með kennsluumhverfi í kennslurýmum skólans.
- Kennsla og þjálfun kennara og nemenda á kennslukerfi.

**Hæfni og menntunarkröfur**

- Stúdentspróf að lágmarki.
- BS í tölvunarfræði er æskileg eða sambærileg menntun eða þekking á sviði upplýsingatækni.
- Starfsreynsla úr háskólaumhverfi er kostur.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og þolinmæði.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

Með umsókn þarf að fylgja afrit prófskírteina.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í starf á kennslusviði skólans, til eins árs í fullt starf með möguleika á ráðningu til lengri tíma. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Búseta á Bifröst eða í Borgarfirði er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí nk.

Umsóknir og fyrirspurnir um störfin skal senda á netfangið kennslustjori@bifrost.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

## Mannauðsstjóri

**Laus er staða mannauðsstjóra við embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum.**
Hlutverk embættisins er hvers kyns löggæsla, landmæraeftirlit, rannsóknir lögreglumála og sakamála. Embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum var til með sameiningu Lögreglunnar Í Keflavík og Sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, árið 2007. Hjá embættinu starfa um 150 manns á þremur starfsstöðvum. Aðalskrifstofa embættisins er að Brekkustíg 39.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála
- Mat á mannaflaþörf, skipulag og umsjón með ráðningum
- Móttaka nýliða og umsjón með þjálfun þeirra
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður
- Umsjón og undirbúningur starfsmannasamtala
- Umsjón með sí- og endurmenntun

**Hæfnikröfur**

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar og mannauðsmála.
- Þekking og reynsla á úrvinnslu tölfræðilegra gagna.
- Þekking og reynsla af gæðamálum, greiningu og gerð verkferla
- Þekking á sviði stjórnsýslu- og vinnuréttar
- Þekking á sviði straumlínustjórnunar æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð kunnátta í íslensku og hæfni til að miðla upplýsingum í rituðu og töluðu máli

Um er að ræða nýja stöðu við embættið og launakjör fara eftir kjarasamningum ríkisins og opinberra starfsmanna.

Nánari upplýsingar veita , Ólafur Helgi Kjartansson lögreglustjóri í síma 444-2200 eða í gegnum tölvupóstfangið ohk01@logregan.is eða Pétur Óli Jónsson fjármálastjóri í síma 444-2200 eða í gegnum tölvupóstfangið poj01@logreglan.is

**Umsóknarfrestur er til 11. júní 2018** og sækja skal um stöðuna með rafrænum hætti á vef Starfatorgs, www.starfatorg.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda ferilskrá og kynningarbréf um hvað umsækjandi telur sig geta lagt af mörkum.

Rio Tinto



# Rafvirki

**Rio Tinto á Íslandi óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa, til að sinna fjölbreyttum störfum á aðalverkstæði fyrirtækisins.**

**Starfssvið:**

» Fyrirbyggjandi viðhald og rekstur á rafbúnaði
» Bilanagreining á framleiðslubúnaði
» Almenn viðgerðarvinna
» Samskipti við framleiðsludeildir

**Menntunar – og hæfniskröfur:**

» Sveinspróf í rafvirkjun
» Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi
» Góðir samskiptahæfileikar
» Almenn tölvuþekking
» Reynsla af rafvirkjavinnu í iðnaðarumhverfi og háspennubúnaði er kostur

Nánari upplýsingar veita Stefán Þór Ragnarsson og/eða Ágúst Helgi Jóhannesson í síma 560 7000.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út atvinnuumsókn á vef fyrirtækis www.riotinto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2018.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álverið ISAL í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf og fjölbreytt verkefni þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og umhverfi sem hvetur til góðrar frammistöðu. Framtíð okkar byggist á framúrskarandi starfsfólki sem skapar öruggan og eftirsóttan vinnustað. Áhersla ISAL á öryggis-, umhverfis- og heilbrigðismál er forsenda framúrskarandi árangurs. Við leggjum okkur fram um að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Gildi ISAL eru ábyrgð, samvinna, heilindi og virðing.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

# Vefumsjón

**Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn auglýsir laust starf við vefumsjón**

Starfið felur í sér umsjón með vefkerfum safnsins, skipulag og viðhald vefkerfa, forritun, þróun nýrra lausna og þjónustu við ábyrgðaraðila vefja og samstarfsmenn á safninu. Einnig þátttaka í stefnumótun um vef- og samfélagsmiðlastefnu safnsins og eftirfylgni stefnunnar.

**Starfssvið**

- Hönnun, utanumhald og skipulagning á vefþjónustum safnsins
- Viðhald og þróun vefsvæða í vefumsjónarkerfi
- Eftirlit með efni vefjanna, teymisvinna, þjónusta og samstarf við ábyrgðaraðila efnis
- Regluleg vinnsla tölfræði um notkun á vefþjónustum safnsins
- Eftirlit með samfélagsmiðlum safnsins, virkni þeirra og efni

Um er að ræða fullt starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta (bæði í ræðu og riti)
- Kunnátta í textagerð, úrvinnslu og framsetningu tölfræðigagna
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Haldgóð þekking á þróun framhliða vefsvæða með HTML, CSS, JavaScript og PHP
- Kunnátta í notkun myndvinnsluforrita
- Áhugi á varðveislu og miðlun menningararfsins

**Nánari upplýsingar veitir:** Edda G. Björgvinsdóttir, sviðsstjóri rekstrarsviðs, 525-5698 edda@landsbokasafn.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til og með **4. júní 2018**. Sótt er um starfið rafrænt á Starfatorgi ríkisins. starfatorg.is

Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Þjóðarbókhlöðunni | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is
Þekkingarveita í allra þágu

---

# Skaftárhreppur

**Laus störf í Skaftárhreppi**

## Starf skólastjóra tónlistarskólans í Skaftárhreppi

Laust er til umsóknar starf skólastjóra tónlistarskólans í Skaftárhreppi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf í ágúst 2018. Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að byggja upp öflugt tónlistarstarf og kennslu. Einnig er laust starf organista í hlutastarfi í Kirkjubæjarklaustursprestakalli sem getur hentað samhliða starfi tónlistarskólastjóra. Umsóknarfrestur er til og með 18. júní n.k. Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið má finna á www.klaustur.is

**Skaftárhreppur er annað landstærsta sveitarfélag landsins og býr yfir miklum og fjölbreyttum tækifærum í leik og starfi fyrir fólk á öllum aldri. Í Skaftárhreppi er samfélagið fjölskylduvænt með um 560 íbúa. Á Kirkjubæjarklaustri búa um 170 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er að finna alla nauðsynlega þjónustu s.s. verslun, banka, heilsugæslustöð, leikskóla, bókasafn, kaffihús og íþróttamiðstöð. Í íþróttamiðstöðinni er að finna glæsilegt íþróttahús, sundlaug og tækjasal.**

***Veðurfar og náttúrufegurð Skaftárhrepps er rómað.***

---

Reykjavíkurborg

# Vilt þú leiða umbætur og breytingar hjá Barnavernd Reykjavíkur?

# Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

## Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir öflugum, metnaðarfullum og framsýnum leiðtoga

Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á málum sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga og starfar í umboði barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Rekstur Barnaverndar heyrir undir velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Á velferðarsviði vinna 2500 starfsmenn á 100 starfseiningum. Hjá Barnavernd Reykjavíkur störfuðu að meðaltali 80 starfsmenn í 62 stöðugildum árið 2017.

### Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2018

Ákvörðun um launakjör heyrir undir kjaranefnd Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri velferðarsviðs
í síma 411-1111 eða anna.gudmundsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Velferðarsvið kallar eftir sakavottorðum í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar.

### Helstu verkefni:

- Stjórnunarleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur
- Ábyrgð á undirbúningi mála fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur og eftirfylgni með framkvæmd
- Stefnumótun og umbótastarf í kjölfar úttektar á skipulagi barnaverndarstarfs í Reykjavík
- Samskipti og upplýsingagjöf til fjölmiðla, stofnana og almennings

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er æskileg
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stjórnun, breytingastjórnun og umbótastarfi
- Þekking á stjórnsýslu og skipulagi barnaverndarstarfs
- Hæfni og reynsla í miðlun upplýsinga

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ

**Waldorfskólinn Sólstafir í Reykjavík auglýsir lausar stöður skólaárið 2018-2019.**

Waldorfskólinn er sjálfstæður grunnskóli staðsettur í Sóltúni 6

Skólinn byggir á framsækinni alþjóðlegri skólastefnu.

Við óskum eftir samstarfi við öfluga kennara sem hafa áhuga á að starfa í hvetjandi og hugvekjandi skólaumhverfi þar sem sjálfstæð vinnubrögð, nýsköpun og listrænir kennsluhættir fá að njóta sín.

## Staða raungreinakennara í 70-100 % stöðu

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Starfsleyfi grunnskólakennara
- Fagmenntun í raungreinum æskileg sem og áhugi á framþróun í skólastarfi

## Staða waldorfkennara við skólann

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Starfsleyfi grunnskólakennara
- MA í Waldorf kennslufræðum.
- Sérkennslumenntun æskileg

**Waldorfleikskólinn Sólstafir óskar einnig eftir að ráða leikskólakennara eða annað uppeldismenntað starfsfólk á leikskólann í Sóltúni 6.**

Nánari upplýsingar um störfin og umsóknir á solstafir@waldorf.is og í síma 5771110.

# LÖGFRÆÐINGUR Í VETTVANGSATHUGUNUM

▶ **Við leitum að öflugum lögfræðingi**

Laust er starf lögfræðings við vettvangsathuganir hjá Fjármálaeftirlitinu. Vettvangsteymið annast vettvangsathuganir þvert á þá markaði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Teymið aflar upplýsinga og gagna með sjálfstæðri skoðun á vettvangi þar sem athuganir geta m.a. beinst að tilteknum afmörkuðum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Leitað er að lögfræðingi með reynslu af eftirliti eða störfum á fjármálamarkaði og sem býr yfir góðri samskiptahæfni.

## Starfssvið
- Undirbúningur og framkvæmd vettvangsathugana
- Greining gagna og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun
- Þátttaka í innlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfnikröfur
- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking á stjórnsýslurétti og löggjöf á fjármálamarkaði
- Reynsla af eftirlitsstörfum eða störfum tengdum fjármálamarkaði
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Öguð vinnubrögð, ábyrgð, sjálfstæði og metnaður í starfi
- Hæfni til að tjá sig og miðla upplýsingum í ræðu og riti á íslensku og ensku

Frekari upplýsingar veita Rúna Malmquist, forstöðumaður vettvangsathugana (runa@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is).

Umsækjendur eru vinsamlegas beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu rökstudd.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**




## MÁLARI Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Maren og Jón Kolbeinn starfa sem verkfræðingar hjá Isavia og vinna að uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Isavia leitar að öflugum málara í viðhaldsteymi eignaumsýsludeildar félagsins í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Helstu verkefni eru almenn málarvinna bæði innan og utanhúss auk annarra verkefna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sævar Garðarsson, deildarstjóri eignaumsýsludeildar, **saevar.gardarsson@isavia.is**.

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í málun
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi
- Geta unnið undir álagi
- Þarf að geta unnið í teymi

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR: **10. JÚNÍ**

isavia

# BÓKARI MEÐ MEIRU

Réttingaverkstæði Jóa leitar að öflugum bókara með meiru í u.þ.b. 70% starf.

Réttingaverkstæði Jóa

Fyrirtækið er þekkt fyrir þjónustu sína og mjög vel rekið.
Líflegur og snyrtilegur vinnustaður og mjög góður starfsandi.
Hjá fyrirtækinu starfa 20 manns.

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga 12:00 til 17:00 og föstudaga 13:00 til 15:00.
Staðsetning er Dalvegur 16a.

## HÆFNISKRÖFUR:

- Viðurkenndur bókari
- Góð bókhaldsreynsla
- Þekking á Stólpa og Dk er kostur
- Mjög góð samskiptahæfni
- Rík þjónustulund
- Ekki er verra að vita hvað snýr fram eða aftur á bílum!

## HELSTU VERKEFNI:

- Bókun reikninga
- Afstemmingar
- Gerð sölureikninga
- Verkbeiðnir
- Móttaka viðskiptavina
- Móttaka á greiðslum fyrir viðgerðir
- Símsvörun

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk.**

**www.talentradning.is** TALENT

# HVERFISGALLERI

## HVERFISGALLERÍ LEITAR AÐ AÐSTOÐAR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Hverfisgallerí leitar að öflugri manneskju sem hefur brennandi áhuga og þekkingu á samtímalist, drifkraft til leysa mörg verkefni í einu og reynslu í umsýslu listaverka. Viðkomandi mun bætast í smátt en knátt teymi Hverfisgallerís og mun taka þátt í öllum fösum almennrar starfsemi og rekstur gallerísins.

Við leitum að starfskrafti sem hefur gaman að samskiptum við fólk og á auðvelt með að miðla upplýsingum, skapa traust og jafnframt að vera vandvirk/ur og verklagin/n. Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði er lykilatriði og háskólanám og reynsla sem nýtist beint í starfi er skilyrði ásamt góðri almennri tölvukunnáttu og þekkingu á myndvinnsluforritum. Þá þarf viðkomandi að hafa mikla færni í ritaðri og talaðri ensku og íslensku.

Hverfisgallerí
Hverfisgata 4
101 Reykjavík
Iceland

+354 537 4007
info@hverfisgalleri.is
www.hverfisgalleri.is

**Umsóknir sendist fyrir 8. júní**

**Nánari upplýsingar veitir Sigríður L. Gunnarsdóttir í síma 8649692 eða sigridur@hverfisgalleri.is**



# Vík í Mýrdal

## Vaxandi bær í fallegu umhverfi

Mýrdalshreppur er vaxandi um 660 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem leik-, grunn-, og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili og frábær aðstaða til allrar almennrar íþróttaiðkunar o.fl.. Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og samgöngur greiðar allt árið. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar á því sviði fyrir fólk með ferskar hugmyndir.

Það er margt að gerast í Vík þessi síðustu misseri. Íbúum fjölgaði um tæp 13% á síðasta ári og um 33% á síðustu þremur árum, en því miður dugar þessi fólksfjölgun ekki til að anna þörf okkar fyrir starfsfólk. Verið er að byggja hér um 40 íbúðir, nýtt 80 herbergja hótel er í byggingu og verður tekið í notkun í sumar og margt fleira er í burðarliðunum.

***- Vík er áhugaverður staður fyrir öflugt og dugmikið fólk -***

**Laus störf í sveitarfélaginu - Lausar eru til umsóknar þessar stöður:**

### Við Víkurskóla, sem er um 60 nemenda grunnskóli

**Staða skólastjóra**
Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og góðri þekkingu á skólastarfi og skólaþróun í þetta starf. Skólastjóri veitir skólanum bæði faglega og rekstrarlega forustu og ber ábyrgð á starfsmannamálum skólans. Hann er leiðtogi kennara og nemenda og leiðir samstarf nemenda, starfsmanna og heimila.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir samskiptahæfileikar

**Staða grunnskólakennara**
Leitað er að metnaðarfullum kennara í þetta starf.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Leyfisbréf grunnskólakennara
- Æskilegt er að kennari hafi reynslu af kennslu á
- yngsta stigi.

### Á skrifstofu Mýrdalshrepps

**Skipulags- og byggingarfulltrúa**
Leitað er að metnaðarfullum og hæfileikaríkum einstaklingi til að sinna þessu starfi á miklum uppgangstímum í sveitarfélaginu.
Skilyrði er að umsækjendur hafi réttindi til að starfa sem byggingafulltrúar.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafi störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018.**

Nánari upplýsingar um þessi störf veitir Ásgeir Magnússon sveitarstjóri í síma 487-1210 eða 898-3340.
Umsóknir má senda á netfangið sveitarstjori@vik.is
heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.

### Við leikskólann Mánasel í Vík, sem er 30 barna leikskóli

**Leikskólakennarar og leikskólaliða**
Leitað er að hæfileikaríkum og metnaðarfullum einstaklingum í þessi störf. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018**

Nánari upplýsingar veitir Bergný Ösp Sigurðardóttir
leikskólastjóri í síma 487-1241 eða 867-0525.

Umsóknir má senda á netfangið bergny@vik.is, eða á heimilisfangið Mýrdalshreppur Austurvegi 17 870 Vík.

# Fjallabyggð

## STAÐA HJÚKRUNARFORSTJÓRA OG FORSTÖÐUMANNS HORNBREKKU

Laus er til umsóknar staða hjúkrunarforstjóra og forstöðumanns hjúkrunar- og dvalarheimilisins Hornbrekku, Ólafsfirði.

Á Hornbrekku eru 26 íbúar, 21 í hjúkrunarrýmum og 5 í dvalarrýmum.

Leitað er að öflugum einstaklingi til að takast á við krefjandi og skemmtilegt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið:**

- Veitir heimilinu forstöðu og ber ábyrgð á daglegum rekstri þess
- Skipuleggur starfið og hefur faglega forystu á sviði hjúkrunar og umönnunar á heimilinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Gerð er krafa um íslenskt hjúkrunarleyfi
- Framhaldsmenntun í hjúkrun og reynsla af stjórnun æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum er áskilin sem og hæfni til að vinna sjálfstætt og skipulega
- Góð tölvukunnátta áskilin
- Leiðtogahæfni
- þekking á starfsemi öldrunarþjónustu er æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018.**

Nánari upplýsingar um stöðu hjúkrunarforstjóra veita Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri og Hjörtur Hjartarson, deildarstjóri félagsmáladeildar í síma 464-9100.

Umsókn og ferilskrá ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið sendist á netfangið, gunnarb@fjallabyggd.is og hh@fjallabyggd.is. Umsókn má einnig senda á bæjarskrifstofur Fjallabyggðar, Gránugötu 24, 580 Siglufirði.

# Lausar stöður í skólum Vesturbyggðar

VESTURBYGGÐ

**Vesturbyggð auglýsir eftir kennurum.**
**Okkur vantar kennara til að kenna í góðum skólum í yndislegu stórbrotnu umhverfi og góðu mannlífi.**
***Komdu vestur !***

## Patreksskóli:
Grunnskóli á Patreksfirði með 94 nemendur

- Kennara á yngsta stigi
- Textílmennt
- Heimilisfræði
- Íþróttir

Upplýsingar veitir skólastjóri Gústaf Gústafsson
gustaf@vesturbyggd.is sími 4502321

## Bíldudalsskóli:
Leik- og grunnskóli á Bíldudal með 47 nemendur

- Íþróttakennari
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi

Upplýsingar veitir skólastjóri Ásdís Snót Guðmundsdóttir
asdissnot@vesturbyggd.is sími 4502333

## Leikskólinn Araklettur
Leikskóli á Patreksfirði með 3 deildir og 53 nemendur

- Deildarstjórar
- Leikskólakennarar

Upplýsingar veitir Hallveig Ingimarsdóttir
leikskólastjóri halla@vesturbyggd.is, s. 4502342

## Tónlistarskóli Vesturbyggðar
Starfræktur á Patreksfirði og Bíldudal með 72 nemendur

- Almennir tónlistarkennarar

Upplýsingar veitir skólastjóri Einar Bragi Bragason
tonlistarskoli@vesturbyggd.is sími 4502340

**Flutningsstyrkur og útvegum húsnæði**

***Umsóknarfrestur er til og með 5.júní 2018***
***Fræðslustjóri Vesturbyggðar***



# FJÖLBREYTT OG SKEMMTILEG STÖRF

**Viltu taka þátt í mótun og þróun spennandi verkefna í þjónustu á Heilbrigðisvísindasviði? Margir af fremstu sérfræðingum þjóðarinnar í heilbrigðisvísindum sinna kennslu og rannsóknum á fræðasviðinu. Öflug þjónusta er hornsteinn í starfsemi sviðsins.**

**Eftirfarandi störf á Heilbrigðisvísindasviði eru laus til umsóknar:**

## VERKEFNASTJÓRI Í FJÁRMÁLATENGD VERKEFNI Á SVIÐSSKRIFSTOFU

Meginhlutverk verkefnastjórans er að stuðla að hagkvæmum rekstri og faglegri þjónustu á sviði fjármála, í samstarfi við rekstrarstjóra. Sóst er eftir lausnamiðuðum, skipulögðum og kraftmiklum einstaklingi sem brennur fyrir að þróa nýjar leiðir, hefur gaman af tölum og miðlun upplýsinga.

## VERKEFNASTJÓRI / AÐJÚNKT VIÐ NÁMSBRAUT Í SJÚKRAÞJÁLFUN

Starfið skiptist annars vegar í 51% verkefnastjórastarf við skipulag og stjórnun kennslumála. Hins vegar í 49% aðjúnktsstarf sem felur í sér kennslu og umsjón námskeiða á grunn- og framhaldsstigi.

## VERKEFNASTJÓRI Á SVIÐI FJÁRMÁLA, ÞJÓNUSTU OG MANNAUÐS

Leitað er að metnaðarfullum, fjölhæfum og sveigjanlegum einstaklingi til að takast á við ný verkefni. Mikilvægt er að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur, eigi auðvelt með að setja upplýsingar fram með aðgengilegum hætti og sé vel að sér á sviði upplýsingatækni.

## VERKEFNASTJÓRI VIÐ NÁMSBRAUT Í SJÚKRAÞJÁLFUN

Leitað er að úrræðagóðum og drífandi einstaklingi í 50% starf sem snýr að skipulagningu klínísks náms í sjúkraþjálfun. Verkefnastjórinn þarf að hafa mikla skipulagshæfileika og njóta þess að vinna með fólki.

## VERKEFNASTJÓRI RANNSÓKNATENGDS NÁMS Í LÆKNADEILD

50% starf sem felst í daglegri umsýslu, þjónustu og ráðgjöf í tengslum við rannsóknatengt nám í deildinni. Hæfniskröfur eru m.a. háskólapróf, góð tölvukunnátta, sveigjanleiki og nákvæmni.

## RANNSÓKNASTOFUSTJÓRI LYFJAFRÆÐIDEILDAR

Í starfinu felst m.a. umsjón með daglegum rekstri rannsóknastofa deildarinnar, s.s. viðhald rannsóknatækja, umsjón með notkun þeirra, auk leiðbeiningar nemenda í rannsóknarverkefnum.

Hægt er að sækja um störfin og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ:
*http://www.hi.is/laus_storf*

*Háskóli Íslands er alþjóðlegur rannsóknaháskóli og stærsta kennslu-, rannsókna- og vísindastofnun landsins. Um 1.500 starfsmenn eru í föstum störfum við skólann og um 2.200 lausráðnir. Nemendur við skólann eru um 12.500. Háskóli Íslands starfar á fimm fræðasviðum, býður fjölbreytt nám á öllum stigum og er eini háskóli landsins sem býður grunnnám og framhaldsnám í öllum helstu fræðigreinum.*

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

# Vantar þig aukatekjur?

NUMERUS

**Um starfið:**

Numerus óskar eftir að ráða spyrla til starfa í tímabundið verkefni. Starfið felst í að hafa samband símleiðis við almenning og bjóða þeim að vera þátttakendur í spurningavagni Numerus. Unnið er að jafnaði tvö kvöld í viku. Góðir tekjumöguleikar.

**Hæfniskröfur:**

- Jákvæður, samviskusamur, stundvís, kurteis og með góða færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- 18 ára aldurstakmark.

VINNUSTAÐAGREININGAR
SPURNINGAVAGNAR
SKOÐANAKANNANIR

**Hvað er Numerus?**

Numerus var stofnað árið 2018. Við könnum skoðanir fólksins í landinu. Við spyrjum, greinum og kynnum niðurstöður. Fagmennska og trúverðugleiki eru einkennisorð okkar.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á
Jóhönnu Margrét Sigurðardóttur á netfangið johanna@numerus.is

# Ræs & sjæn

Íslenska auglýsingastofan auglýsir eftir einstaklingi í ræstingar og stöku smáviðvik.
Um er að ræða u.þ.b. 70% starf og er vinnutíminn frá kl. 7:00 til 13:00, fimm daga vikunnar.

Við leitum að morgunelskri manneskju sem er jákvæð og kraftmikil, umhverfisvæn í hugsun og kann að njóta sín í fjölbreyttum hópi fólks í skapandi og skemmtilegu umhverfi.

Hjá Íslensku starfa nú um 50 manns. Stofan hefur verið í fremstu röð auglýsingastofa á Íslandi um árabil og starfar fyrir mörg af öflugustu fyrirtækjum og vörumerkjum landsins.

***Helstu verkefni***
- Halda vinnusvæðum hreinum
- Hafa umsjón með flokkun
- Aðstoð í mötuneyti í einstaka tilfellum

***Hæfniskröfur***
- Lipurð í samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Vinnusemi og metnaður

Viðkomandi þarf að geta hafið störf seinni hlutann í júní eða í byrjun júlí.
Umsóknir óskast sendar á **starf@islenska.is** eigi síðar en **3. júní**.

Íslenska

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara Framhaldsskólans á Húsavík

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara Framhaldsskólans á Húsavík. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, stjornarradid.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018.**




SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

## Umsjón með matsal
## Starfsmaður/kona óskast í Samhenta.

Samhentir er alhliða umbúðaþjónustufyrirtæki.

**Starfslýsing:**
Við erum rúmlega 35 manns sem vantar góðan einstakling í hópinn til að sjá um matsalinn okkar, innkaup og léttan hádegisverð. Við erum í Suðurhrauni í Garðabæ í snyrtilegu og þrifalegu umhverfi.
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um. Fyrirtækið vinnur að alþjóðlegri gæðavottun sem matvælafyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
Við leitum að aðila í framtíðarstarf sem er hress og jákvæður, samviskusamur, þrifalegur og stundvís.
Vinnutími getur verið sveigjanlegur og möguleiki er á hlutastarfi.

**Skriflegar umsóknir sendist á edvald@samhentir.is fyrir 01.06.2018.**

## Dining/cafeteria manager
## Employee wanted in Samhentir.

Samhentir is a packaging service company in Iceland.

**Job description:**
We are 35 people who need a good person in the group to take care of our dining room and simple lunch. We are in Suðurhraun in Garðabæ in a tidy and clean environment.
Women as well as men are encouraged to apply.
Samhentir is aiming for international quality certification as a food business company.

**Qualifications:**
We are looking for a person for longterm who is positive, conscientious, hygienic and punctual. Working time can be flexible and there is a possibility of part-time work.

**Written applications should be sent to edvald@samhentir.is before 01.06.2018.**

# SVIÐSSTJÓRI STÓRELDHÚSASVIÐS

Ásbjörn Ólafsson ehf. leitar að öflugum liðsmanni til að stýra stóreldhúsasviði fyrirtækisins. Stóreldhúsasvið selur matvörur og aðrar tengdar vörur inn í stóreldhús, mötuneyti, matvælaframleiðslu og fleira.

**Starfssvið og ábyrgð:**
- Ábyrgð og daglegur rekstur sviðsins
- Gerð sölu- og innkaupaáætlana
- Ábyrgð á samningum og samskiptum við viðskiptavini og birgja
- Samkeppnisgreiningar og nýting tækifæra
- Leiða vöruþróun sviðsins
- Mannaforráð og samhæfing sölumanna
- Skipulagning og eftirfylgni sölustarfs
- Þjálfun sölumanna og sölutækni
- Þátttaka í framkvæmdastjórn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Reynsla af sölu og markaðsmálum
- Góð tölvukunnátta
- Talnagleggni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði, ásamt því að vera skipulagður í starfi
- Drifkraftur og lausnamiðuð hugsun

**Áhugasamir vinsamlega sendið umsóknir eða fyrirspurnir á netfangið solveig@asbjorn.is merkt "Sviðsstjóri stóreldhúsasviðs". Umsóknarfrestur er til og með 4. júní.**

80 Ásbjörn 1937–2017
Ásbjörn Ólafsson ehf.

Ásbjörn Ólafsson ehf. var stofnað árið 1937.
Hjá fyrirtækinu starfa tæplega 60 harðduglegir og hæfir starfsmenn.

Kjarnastarfsemi fyrirtækisins er innflutningur, markaðssetning, sala og dreifing á matvöru og sérvöru fyrir neytenda- og stórnotendamarkað.

Nánari upplýsingar má finna á www.asbjorn.is.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2018

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

STÖRF HJÁ
# GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Aðstoðarskólastjóri
- Kennari í heimilisfræði
- Starfsmenn á tómstundaheimili

**Flataskóli**
- Leikskóla- eða grunnskólakennari við leikskóladeild
- Stuðningsfulltrúi
- Þroskaþjálfi

**Sjálandsskóli**
- Íslenskukennari á unglingastig

**Bæjarból**
- Háskólamenntaður stuðningsaðili

**Kirkjuból**
- Leikskólasérkennari

**Krakkakot**
- Leikskólakennari
- Matráður

**Bæjarskrifstofur**
- Sálfræðingur

**Fjölskyldusvið**
- Stuðningur við ungan mann heima og við afþreyingu

**Krókamýri – heimili fyrir fatlað fólk**
- Starfsmaður í sumarafleysingu

**Sigurhæð – heimili fyrir fatlað fólk**
- Þroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Meginmarkmið bankans er að stuðla að stöðugu verðlagi. Seðlabankinn skal enn fremur stuðla að fjármálastöðugleika. Þá sinnir Seðlabankinn jafnframt viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Hjá Seðlabankanum starfar öflug liðsheild og leggur bankinn ríka áherslu á metnaðarfullt starfsumhverfi sem einkennist af fagmennsku, þekkingu, sveigjanleika og jákvæðum samskiptum.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

## Störf í upplýsingatækniþjónustu

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðinga til starfa í deild upplýsingatækniþjónustu á sviði rekstrar og upplýsingatækni. Upplýsingatækniþjónusta annast þróun, rekstur og viðhald á tölvukerfum og hugbúnaði bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

### Sérfræðingur í viðskiptagreind

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Þátttaka í uppbyggingu fyrir vöruhús gagna bankans.
- Framsetning upplýsinga með þar til gerðum BI tólum.
- Þarfagreining, skjölun og gerð leiðbeininga fyrir notendur umhverfisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á SQL Server og tengdum tólum er skilyrði.
- Þekking á upplýsingasöfnun, gagnaskilum og gæðum gagna er kostur.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Frumkvæði, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar.

### Arkitekt fyrir vöruhús gagna

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Bera ábyrgð á og vera leiðandi í hönnun, nýtingu og framþróun vöruhúss gagna.
- Tryggja samhæft verklag við móttöku gagna frá innri og ytri aðilum, gæði þeirra og áreiðanleika.
- Þátttaka í þarfagreiningu og þróun verkefna í viðskiptagreind.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræðum, hugbúnaðarverkfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Marktæk reynsla og þekking af hönnun og uppbyggingu vöruhúss gagna er skilyrði.
- Þekking á SQL Server og tengdum tólum er skilyrði.
- Geta til þess að setja sig inn í og tileinka sér nýja tækni og/eða aðferðir.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt og í hópi.
- Frumkvæði, góð greiningarhæfni, nákvæmni í vinnubrögðum og metnaður í starfi.
- Rík þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar.

Nánari upplýsingar um störfin veita Arnar Freyr Guðmundsson, forstöðumaður upplýsingatækniþjónustu, netfang arnar.freyr.gudmundsson@sedlabanki.is eða Íris Guðrún Ragnarsdóttir, mannauðsstjóri, netfang iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is

Sótt er um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is en umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI - KAFFIÞJÓNUSTA

**Penninn óskar eftir starfsmanni í framtíðarstarf í stöðu þjónustufulltrúa í kaffiþjónustu Pennans.**

## STARFSSVIÐ

- Heimsóknir til viðskiptavina
- Vinna að uppsetningu kaffivéla og vatnsvéla
- Léttar viðgerðir
- Kennsla og þjálfun í notkun búnaðar
- Önnur tilfallandi verkefni

## HÆFNISKRÖFUR

- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og úrlausnagóður

Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Pennans Eymundsson:
https://www.penninn.is/is/laus-storf

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júní nk.**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

# VERSLUNARSTJÓRI
## — GEYSIR HEIMA

Við auglýsum eftir verslunarstjóra í Geysi Heima. Við leitum að metnaðarfullri manneskju, með brennandi áhuga á hönnun, til að stýra verslun okkar og leiða til framtíðar.

**STARFSSVIÐ & ÁBYRGÐ**

- Daglegur rekstur verslunar
- Innkaup og þróun á vöruframboði
- Fylgja eftir sölumarkmiðum og áætlunum
- Tryggja framúrskarandi þjónustu
- Ábyrgð á starfsfólki, mönnun og þjálfun
- Gott auga fyrir framsetningu og útstillingu vara

**HÆFNISKRÖFUR**

- Reynsla úr verslunargeiranum
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Menntun og/eða reynsla úr hönnunargeiranum

ÆSKILEGT

- Rík þjónustulund
- Leiðtogahæfileikar
- Árangursdrifinn
- Metnaður og kraftur í starfi
- Greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun

**MSÓKNIR**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Edda Eðvarðsdóttir rekstrarstjóri á netfanginu: sigrunedda@geysir.com

**FRESTUR**

Umsóknarfrestur er til og með **8. júní** og skal senda ferilskrá og kynningarbréf á netfangið sigrunedda@geysir.com




# SÖLUSÉRFRÆÐINGUR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Snæland Grímsson leitar að hugmyndaríkum og úrræðagóðum einstaklingi með afburðaþekkingu á Íslandi og reynslu af sölu.

HÆFNISKRÖFUR:
- Háskólapróf í Ferðamálafræði eða sambærileg menntun æskileg
- Mjög góð enskukunnátta og fleiri tungumál æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð samskiptahæfni og sveiganleiki.
- Auðvelt með að vinna í teymi.
- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu er kostur

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst
Umsóknarfrestur er 4. júní 2018
Umsóknir sendist á **job@snaeland.is**

*Snæland Grímsson er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þess að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku ferðamanna og skipulagningu ferða um Ísland.*

Snæland Grímsson ehf. | Langholtsvegur 109, 104 Reykjavík | snaeland@snaeland.is | +354 5888660

# Starfsmenn óskast
## sumarafleysingar og framtíðarstörf

**Spennandi störf í boði!**

**Sölumenn óskast í verslun Parka Dalvegi**

**Starfssvið:**
Starfið felst í ráðgjöf og sölu á parketi, flísum, innihurðum o.fl.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölu á ofangreindum byggingarvörum til innréttingar er kostur.
- Leitað er að jákvæðum einstaklingum sem eru sjálfstæðir, skipulagðir, drífandi, metnaðarfullir og eiga auðvelt með mannleg samskipti.
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Þekking á DK hugbúnaði er æskileg.
- Áhugi á fallegri hönnun er kostur.

Umsókn sendist á netfangið starf@parki.is

Parki INTERIORS

## Sálfræðingur óskast við skólaþjónustu Kópavogs

Kópavogsbær óskar eftir að ráða sálfræðing í 50-100% stöðu við leikskóla bæjarins. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.

Ráðið verður í starfið frá 1. september 2018 eða fyrr.

**Helstu verkefni:**
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar barna.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsmenn leikskóla.
- Virk þátttaka í stefnumótun um málefni barna með sérþarfir í leikskólum.
- Þverfaglegt starf skóla, velferðarsviðs, heilsugæslu o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Löggilding til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna.
- Reynsla af sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna barna.
- Leikni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði.

**Launakjör og nánari upplýsingar:**
- Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Sálfræðingafélags Íslands.

**Menntasvið Kópavogsbæjar býður upp á:**
- Faglegt og gott starfsumhverfi
- Spennandi og fjölbreytt verkefni
- Öflugt þverfaglegt samstarf, t.a.m. við sérkennslustjóra leikskólanna
- Möguleika á handleiðslu

Nánari upplýsingar um starfið má finna á vef Kópavogsbæjar, **kopavogur.is** (undir Laus störf) og hjá Önnu-Lind Pétursdóttur, yfirsálfræðingi, **annalind@kopavogur.is** eða Önnu Karen Ásgeirsdóttur sérkennslufulltrúa leikskóla **annak@kopavogur.is**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar.

**Umsóknarfrestur er til og með 4.júní 2018.**

**Konur jafnt sem karlar eru hvattir til að sækja um starfið.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

Oculis

# Störf við lyfjaþróun

Oculis leitar eftir öflugum liðsmönnum með áhuga á nýsköpun og uppbyggingu til starfa við þróun nýrra augnlyfja. Í boði eru spennandi störf sem gera miklar kröfur til viðkomandi starfsmanna.

## Verkefnastjóri – innleiðing gæðakerfis

HELSTU VERKEFNI
- Uppbygging og innleiðing á gæðakerfi í nýrri rannsóknarstofu fyrirtækisins
- Upplýsingagjöf til starfsfólks
- Tímabundið starf með möguleika á fastráðningu

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innleiðingu og stjórnun gæðakerfa
- Góð enskukunnátta
- Lögð er rík áhersla á samskiptafærni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

## Sérfræðingur við þróun lyfjaforma

HELSTU VERKEFNI
- Þróun nýrra augnlyfja byggt á notkun cyclodextrina
- Uppskölun og framleiðsluþróun
- Þróun mæliaðferða
- Önnur tilfallandi verkefni sem tengjast rannsókna- og þróunarstarfi félagsins

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rannsóknastörfum og lyfjaþróun
- Góð enskukunnátta
- Lögð er rík áhersla á samskiptafærni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veita: Guðrún Marta Ásgrímsdóttir gudrun.asgrimsdottir@oculis.com Þorsteinn Loftsson thorsteinn.loftsson@oculis.com
Umsóknir skal senda á: umsokn@oculis.com eigi síðar en 8. júní 2018

Oculis ehf. er öflugt nýsköpunarfyrirtæki í hröðum vexti sem vinnur að þróun nýrra augndropa til notkunar við sjúkdómum bæði í fram- og afturhluta augans. Fyrsta vara Oculis eru augndropar við sjónhimnubjúg í sykursýki sem eru nú í fasa IIb klínískum rannsóknum. Oculis er með starfstöðvar í Reykjavík og í Lausanne í Sviss. Þróun lyfjaforma fer fram á rannsóknarsofu Oculis í Reykjavík og klínískar rannsóknir eru framkvæmdar í Evrópu og síðar í Bandaríkjunum. Hjá Oculis starfa sérfræðingar með áratuga reynslu af augnlyfjaþróun.





# Senior Development Engineer

## TÆKJAFORRITUN

Við hjá Nox Medical leitum liðsauka í öflugan hóp sérfræðinga sem sér um þróun á mælitækjum fyrir svefnrannsóknir. Næsta kynslóð mælitækja er í undirbúningi svo það eru spennandi tímar fram undan. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjast þekkingar á breiðum grunni.

Hér er á ferðinni gott tækifæri til að setja mark sitt á mikilvægt svið.

Umsækjendur þurfa að hafa brennandi áhuga á forritun og víðtæka reynslu af tækjaforritun (e. embedded firmware development). Krafa er gerð um sjálfstæð vinnubrögð og getu til að vinna í hópi.

Nox Medical leggur mikið upp úr gæðamálum, svo reynsla af sjálfvirkum prófunum og vönduð vinnubrögð eru mikilvæg.

HÆFNISKRÖFUR:
- » Menntun á sviði rafmagnsverkfræði, hugbúnaðarverkfræði eða tölvunarfræði
- » Reynsla af tækjaforritun
- » Framúrskarandi forritunarkunnátta og reynsla af C, Python er kostur
- » Reynsla af sjálfvirkum prófunum og gæðaferlum er kostur
- » Frumkvæði og geta til að axla ábyrgð á verkefnum

## EMBEDDED FIRMWARE DEVELOPMENT

We at Nox Medical are seeking an ambitious person to join our team of hardware specialists. We are a tight team whose responsibility is to develop medical devices for sleep diagnostics. We are currently developing the next generation of the devices so there are exciting times ahead.

The job offers a lot of challenging and diverse problems that will test both knowledge and resilience. This is a great opportunity to set a mark on an important field.

The person we are seeking must have a burning interest in programming and an extensive experience of embedded systems. An ability to work both independently and in a group is key. We make an effort to ensure the quality of our products so an experience of automated tests and quality processes is important.

QUALIFICATIONS AND SKILLS:
- » Education in the fields of electrical engineering, software engineering or computer science
- » Experience of embedded real-time systems
- » Excellent programming skills and experience of C, Python is a plus
- » Experience of automated tests and quality processes is a plus
- » A driven individual with an initiative and ability to take responsibility of projects

UMSÓKNIR
Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi um hæfni í starfið. Umsóknarfrestur er til og með **11. júní** nk. Umsóknum skal skilað á careers@noxmedical.com.
Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Frekari upplýsingar hjá Gunnari Sigurðssyni, gunnar@noxmedical.com

Nox Medical er íslenskt hátæknifyrirtæki sem þróar, framleiðir og selur lækningatæki til greininga svefntruflana. Hjá fyrirtækinu starfa um 50 manns á Íslandi og er félagið með allar tekjur sínar af erlendum mörkuðum. Tekjur Nox Medical námu um 2 milljörðum á síðasta ári. Fyrirtækið hefur verið í fremstu röð hugverkafyrirtækja á Íslandi frá stofnun og hefur hlotið margvísleg verðlaun fyrir starfsemi sína.

nox medical

Nox Medical | Katrínartún 2 | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | noxmedical.com

## FASTEIGNASALAR ÓSKAST!

**Okkur vantar til liðs við okkur löggilda fasteignasala eða nema í löggildingarnámi.**

**Í boði eru 4 starfsstöðvar í björtu og skemmtilegu húsnæði, skjalagerðarfólk og góð staðsetning í Reykjavík.**

FASTEIGNAKAUP



Erna Valsdóttir
lögg. fasteignasali

**Nánari upplýsingar veitir Erna Valsdóttir í s: 892-4717 eða á erna@fasteignakaup.is**

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

---

KAPPAR
ALHLIÐA VIÐHALD FASTEIGNA
*Vönduð og góð vinnubrögð*

## VANIR SMIÐIR

*KARLAR/KONUR*

Vegna aukinna verkefna erum við að bæta kraftmiklum smiðum til starfa í fjölbreyttum viðhaldsverkefnum.

Óskum eftir lærðum smiðum og/eða vönu fólki með mikilli reynslu af byggingavinnu - engin mótavinna.

**FYRIRTÆKIÐ**

Hjá Köppum starfa um 20 manns. Fyrirtækið sérhæfir sig í viðhaldi fasteigna, bæði innan húss og utan ásamt smíðum á innréttingum.

Meðal viðskiptavina eru húsfélög, fyrirtæki, einstaklingar og opinberar stofnanir.

Umsóknarfrestur er til 1. júní 2018

Tekið er við umsóknum á kappar@kappar.is

---

# Tækniteiknari

**VSB Verkfræðistofa leitar að tækniteiknara til framtíðarstarfa á burðarvirkissviði.**

Leitað er að einstaklingi með kunnáttu og þekkingu á Revit og AutoCAD.
Frekari upplýsingar gefur fagstjóri burðarvirkjaviðs, Hannes Örn Jónsson á netfanginu hannes@vsb.is

Umsóknum um starfið með upplýsingum um menntun og starfsreynslu óskast skilað til skrifstofu VSB eða á ofangreint netfang eigi síðar en 4. júní. Fyllsta trúnaðar er gætt.

VSB Verkfræðistofa er fjölhæf verkfræðistofa sem sinnir verkfræðilegri ráðgjöf. Á stofunni starfa 32 manns. VSB veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika. VSB hefur aðsetur í Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði og hefur starfað síðan 1987.

VSB VERKFRÆÐISTOFA

Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is

---

## SKRIFSTOFUSTARF/SKJALAVINNSLA

**Fasteignasalan RE/MAX Senter leitar að jákvæðum einstaklingi til starfa á skrifstofu. Um er að ræða fullt framtíðarstarf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir
- Samskipti við lánastofnanir og sýslumannsembættin
- Aðstoð við undirbúning samninga
- Skjalavinnsla, senda gögn til þinglýsingar
- Móttaka viðskiptavina

**Hæfniskröfur:**
- Sjálfstæði og víðsýni
- Hæfni til að starfa í teymi
- Dugnaður
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Jákvætt viðhorf og öryggi í samskiptum

Sótt er um starfið með því að senda náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi fyrir **1. júní 2018** á jona@remax.is og/eða arg@remax.is.
**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

**Hjá RE/MAX starfar 22 manna hópur af löggiltum fasteignasölum, sölufulltrúum og starfsmönnum í skjalavinnslu.**




**Við bjóðum upp á:**
- **Skemmtilegt og gott starfsumhverfi**
- **Frábært tækifæri til að bæta við sig þekkingu**
- **Metnaðarfullt og fjölbreytt starf**

---




# BIFVÉLAVIRKI FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja á fólksbílaverkstæði Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT STARFSLÝSING
- Vinna við viðgerðir á bifreiðum
- Greina bilanir
- Þjónusta bifreiðar

## HÆFNISKRÖFUR
- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Góð þjónustulund

Vinnutími kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 4. júní næstkomandi.

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

---

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## Sálfræðingur óskast í nýja stöðu hjá Fjölskyldusviði Fljótsdalshéraðs

Sálfræðing vantar til starfa innan **Austurlandslíkansins** sem er ný nálgun við lausn á vanda barna og fjölskyldna. Austurlandslíkanið er að fyrirmynd Nyborgarmódelsins og byggir að mörgu leyti á álíka nálgun og innleidd hefur verið í Herning í Danmörku. Helstu áherslur í verklaginu eru snemmtæk inngrip, forvarnir og samvinna í teymi úti í skólum með áherslu á samstarf ólíkra fagstétta og stofnana. Mikil áhersla er lögð á valdeflingu og þátttöku einstaklinga við ákvarðanatöku í eigin málum. Innan teymisins starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfi og skólahjúkrunarfræðingur. Starfið er fjölbreytt og skapandi og gefandi að taka þátt í að móta nýtt vinnulag og nýsköpun í stjórnsýslu.

Sveitarfélögin Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Vopnafjörður, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður og Djúpivogur standa saman að innleiðingu Austurlandslíkansins. Teymið situr tvo daga í viku úti í skólum sveitarfélaganna – teymið er á faraldsfæti þar sem það sinnir sjö grunnskólum sveitarfélaganna sem og leikskólum.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Sálfræðingur tekur þátt í þróun nýs verklags innan barnaverndar og félagsþjónustu í samstarfi við skóla og heilsugæslu með áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnir. Hann deilir ábyrgð á því að efla samstarf og virkni teymisins samhliða því að ryðja niður múrum milli stofnana og fagsviða.

Óskað er eftir reyndum sálfræðingi sem getur starfað sjálfstætt auk þess að hafa góða samskiptahæfileika og reynslu af teymisvinnu. Reynsla af hópmeðferð af ýmsu tagi er kostur auk hugmyndaauðgi og sköpunarkrafts – að hugsa út fyrir boxið.

***Óskað er eftir***
- Einstaklingi með réttindi til að starfa sem sálfræðingur á íslandi
- Reynslu af almennum sálfræðistörfum og hópmeðferðarvinnu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sveigjanleiki og vilji til að taka þátt í uppbyggingu og skapandi starfi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Áhugi á að vinna í þverfaglegu starfsumhverfi

Nánari upplýsingar veitir Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri, í síma 470 0700 og á netfangi julias@egilsstadir.is

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á bæjarskrifstofur Fljótsdalshéraðs, Lynghálsi 12, 700 Egilsstöðum fyrir 31. maí 2018. Öllum umsóknum verður svarað. Launakjör eftir samkomulagi.

Landslagnir pípulagnir

**Landslagnir óskar eftir pípulagningamönnum til starfa.**

**Umsóknir sendist á landslagnir@landslagnir.is**

**Uppl í síma 8974746 eða 8962908**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða deildarstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu deildarstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar menntamála.**

Um er að ræða nýja stöðu á skóla- og frístundasviði og er markmiðið að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Deildarstjórinn vinnur náið með skrifstofustjórum fagskrifstofu en heyrir undir sviðsstjóra SFS.

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Undir skóla- og frístundasvið heyra grunnskólar, leikskólar, frístundamiðstöðvar, skólahljómsveitir og Námsflokkar Reykjavíkur.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Stýra daglegu starfi teymis sérfræðinga á skóla- og frístundasviði sem vinnur þvert á skólastig og frístundastarf.
- Auka fagþjónustu við skóla- og frístundastarf og stuðla að aukinni samhæfingu sameiginlegra verkefna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Vinna að nýsköpun í skóla- og frístundstarfi á grunni aðalnámskráa og menntastefnu borgarinnar en lykilþættir hennar eru: Félagshæfni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði.
- Styðja starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva við innleiðingu menntastefnu borgarinnar.
- Stofna til samstarfs við háskóla og framhaldsskóla um símenntun og starfsþróun starfsmanna skóla- og frístundasviðs.
- Leita að og miðla niðurstöðum þróunarverkefna og rannsókna á skóla- og frístundastarfi til starfsmanna og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi eða mikil starfs- og stjórnunarreynsla sem samrýmist nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar.
- Reynsla af verkstjórn og eftirfylgni innleiðingar stærri þróunarverkefna í skóla- og/eða frístundastarfi.
- Vilji og frumkvæði til að leita nýrra framsækinna leiða í skóla- og frístundastarfi.
- Sjálfstæð, skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Afburðahæfni í mannlegum samskiptum.
- Jákvæðni, þrautseigja og lausnamiðuð hugsun.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júní 2018.** Um er ræða tímabundið starf til þriggja ára.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Helgi Grímsson, sviðsstjóri, sími 411 1111, netfang: helgi.grimsson@reykjavik.is og Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111, netfang: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is

---

LISTASAFN REYKJAVÍKUR ART MUSEUM

## Lausar stöður hjá Listasafni Reykjavíkur:

**Listasafn Reykjavíkur auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður verkefnastjóra í deild sýninga og miðlunar.**
**Um er að ræða störf í 50-100% starfshlutfalli.**

Verkefnastjórar starfa við miðlun og fræðslu um sýningar safnsins jafn til almennra safngesta, skólahópa og annarra hópa sem sækja safnið heim. Verkefnastjóri sér um og ber ábyrgð á skipulagi, mótun, þróun og vinnu við fræðslustarf í samráði við yfirmann og samstarfsfólk.

Leitað er að öflugum einstaklingum sem eru tilbúnir til að starfa í kraftmiklum starfshópi. Leitað er að hugmyndaríkum og jákvæðum einstaklingum sem hafa frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi og hafa víðtæka þekkingu á myndlist og hæfni til að miðla til ólíkra hópa.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Í starfinu felst umsjón og ábyrgð á skipulagi, mótun, þróun og vinnu við fræðslu í safninu. Á meðal verkefna er skipulag og móttaka skólahópa og annarra hópa, leiðsagnir og önnur safnfræðsla fyrir almenna gesti safnsins, ábyrgð á gestastofum og upplýsingagjöf í safnhúsum. Verkefnisstjórar hafa umsjón með þróun og gerð fræðsluefnis, námskeiðahaldi og ýmsum viðburðum og samstarfsverkefnum auk þess sem þeir taka þátt í þróun og framkvæmd fræðsludagskrár safnsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á framhaldsstigi á sviði safnsins; í myndlist, listfræði, safnafræði eða listasögu auk menntunar og/eða reynslu á sviði listkennslu eða listmiðlunar.
- Reynsla á sviði safnastarfs.
- Mjög góð þekking á íslenskri listasögu, góð þekking á íslenskri og alþjóðlegri samtímamyndlist.
- Mjög góðir skipulags- og verkefnisstjórnunarhæfileikar.
- Mjög góð samskiptafærni á íslensku og ensku og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Færni og geta til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum.
- Færni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki. Metnaður, frumkvæði, hugmyndaauðgi og sjálfstæði í starfi.

**Listasafn Reykjavíkur** er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að að kynnast fjölbreytileika myndlistar og öðlast dýpri skilning á sögulegu, félagslegu, menningarlegu og listrænu samhengi sköpunarverka listamanna. Safnið er til húsa á þrem stöðum í Reykjavík: í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni við Sigtún.

**Nánar:**
**Umsóknarfrestur er til og með 13. júní 2018**
Launakjör eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Nánari upplýsingar um veitir Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar, markus.thor.andresson@reykjavik.is, sími 411 6400.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

---

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201805/1071 |
| Heilbr.-/félagsvísindaháskólam. | Landspítali, svefndeild | Reykjavík | 201805/1070 |
| Móttökuritari | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201805/1069 |
| Starfsmaður í þvottahúsi | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Blönduós | 201805/1068 |
| Lektor í félagsvísindum | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201805/1067 |
| Sérfræðingur | Rannsóknamiðstöð ferðamála, HA | Akureyri | 201805/1066 |
| Landvörður, sumarstarf | Umhverfisstofnun | Austurland | 201805/1065 |
| Lögfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201805/1064 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Hlíðum | Reykjavík | 201805/1063 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201805/1062 |
| Rannsóknarstofustjóri | Háskóli Íslands, Lyfjafræðideild | Reykjavík | 201805/1061 |
| Aðjúnkt í náms- og starfsráðgjöf | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201805/1060 |
| Doktorsnemi | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201805/1059 |
| Sálfræðingar | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafj./Patreksfj. | 201805/1058 |
| Sérfræðingur í viðskiptagreind | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201805/1057 |
| Arkitekt fyrir vöruhús gagna | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201805/1056 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Ólafsvík | 201805/1055 |
| Ljósmóðir á kvennadeild | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201805/1054 |
| Yfirhjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Ólafsvík | 201805/1053 |
| Námsstaða deildarlæknis | Landspítali, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201805/1052 |
| Starf í eldhúsi og býtibúri | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201805/1051 |
| Sumarafleysingar á Lækjarbakka | Barnaverndarstofa | Hella | 201805/1050 |
| Skrifstofustarf | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Hvolsvöllur | 201805/1049 |
| Löglærður fulltrúi sýslumanns | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Selfoss | 201805/1048 |
| Móttöku- og skrifstofustarf | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri | 201805/1047 |
| Yfirlæknir | Landspítali, hjarta/æðaþræðingastofa | Reykjavík | 201805/1046 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201805/1045 |
| Skrifstofumaður/heilbrigðisritari | Landspítali, göngud. húð/kynsjúkdóma | Reykjavík | 201805/1044 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Reykjavík | 201805/1043 |
| Umsjónarm. húsa og ræstingar | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201805/1042 |
| Sjúkraþjálfari | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201805/1041 |

**Sveitarfélagið Strandabyggð auglýsir störf til umsóknar**

## Leikskólinn Lækjarbrekka

### Laus staða deildarstjóra

Leikskólinn Lækjarbrekka auglýsir eftir leikskólakennara í starf deildarstjóra. Starfshlutfallið er 100% og er vinnutíminn 8:00-16:00.

### Laus staða afleysingarstarfsmanns

Leikskólinn Lækjarbrekka auglýsir eftir starfsmanni í afleysingastarf. Starfshlutfallið er 100% og er vinnutíminn 8:00-16:00.

Við leikskólann er unnið metnaðarfullt starf þar sem barnið er í brennidepli. Mikil áhersla er lögð á málörvun og snemmtæka íhlutun. Við leikskólann eru börn frá 9 mánaða aldri til 6 ára. Leitað er eftir öflugum starfsmanni sem hefur gaman af börnum, býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, sveigjanleika og skipulagshæfni. Einnig eru áreiðanleiki og frumkvæði góður kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 9. ágúst 2018.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til að starfa sem leikskólakennari.
- Góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir, leikskólastjóri, sími 451 3411, netfang leikskolastjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á leikskolastjori@strandabyggd.is eða Leikskólinn Lækjarbrekka, Brunngötu 2, 510 Hólmavík

---

## Grunnskólinn á Hólmavík

### Lausar stöður við Grunn og Tónskólann á Hólmavík 2018-2019

- Staða umsjónarkennara á yngsta stigi.
  Um er að ræða samkennslu í 1. – 2. bekk.
  Allar almennar kennslugreinar en áhersla er lögð á þemabundin verkefni
- Staða umsjónarkennara á miðstigi.
  Um er að ræða samkennslu í 5. – 7. bekk.
  Meðal kennslugreina: íslenska, tungumál, stærðfræði og náttúrugreinar og áhersla á þemabundin verkefni.
- Staða íþróttakennara.
  Um er að ræða skólaíþróttir og sund og þjálfun íþróttagreina í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Staða tónlistarkennara.
  Kennsla á gítar, rafmagnsgítar, bassa, ukulele og trommur
- Tvær stöður stuðningsfulltrúa í grunnskóla og tómstundastarfi.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi í grunnskóla. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af samkennslu árganga og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakavottorð.
Um 100% störf er að ræða.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands
Umsóknarfrestur er til 5. júní 2018.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir, skólastjóri, sími 451 3430, netfang skolastjori@strandabyggd.is

Umsóknir með starfsferilsskrá og afriti prófskírteina ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

---

**Félagsþjónusta Stranda og Reykhólahrepps**

### Starfsmaður óskast í búsetu hjá fatlaðri konu á Hólmavík frá 1. ágúst.

Starfið krefst mikillar þolinmæði og jákvæðni. Starfsmenn annast viðkomandi og sjá um öll heimilisstörf. Laun samkvæmt kjarasamningi VerkVest.

**Umsóknarfrestur er til 1. júní.**
Umsóknir berist til Maríu Játvarðardóttur félagsmálastjóra Höfðagötu 3, 510 Hólmavík sem einnig veitir nánari upplýsingar í síma 842-2511.

---

**Grundarfjarðarbær**

## Tvö laus störf

**skipulags- og byggingafulltrúi og menningar- og markaðsfulltrúi**

Grundarfjarðarbær auglýsir laus til umsóknar tvö störf, starf skipulags- og byggingafulltrúa og starf menningar- og markaðsfulltrúa. Um er að ræða mjög spennandi störf í áhugaverðu umhverfi. Bæði störfin eru 100% og er ráðið í þau sem fyrst. Leitað er að metnaðarfullum, drífandi og framsýnum einstaklingum í störfin.

### Starf skipulags- og byggingafulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi ber m.a. ábyrgð á skráningu mannvirkja, úttektum, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa.

**Helstu verkefni:**
- Framkvæmd skipulags- og byggingamála
- Áætlanagerð og eftirfylgni, mælingar, úttektir og útreikningar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulags- og umhverfisnefndar
- Samstarf við aðila utan og innan stjórnsýslunnar að verkefnum á sviði byggingamála
- Yfirumsjón framkvæmda og eignasýslu í sveitarfélaginu
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og löggilding, skv. ákvæðum 8. og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010 og 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af úttektum og mælingum
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum og byggingareglugerð
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta

### Starf menningar- og markaðsfulltrúa

Menningar- og markaðsfulltrúi ber m.a. ábyrgð á gerð markaðs- og kynningarefnis, viðburðastjórnun, vefsíðu bæjarins og stofnana, nefndastarfi, styrkumsóknum og miðlun upplýsinga til íbúa.

**Helstu verkefni:**
- Rekstrarumsjón með Upplýsingamiðstöð Grundarfjarðar, Sögumiðstöð og Samkomuhúsi
- Umsjón með menningarviðburðum og hátíðum og vinabæjarsamskipti
- Kynningar-, markaðs- og vefmál
- Íþrótta- og æskulýðsmál
- Undirbúningur og eftirfylgni nefndafunda
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð haldbær menntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti á ensku og íslensku. Frekari tungumálakunnátta er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um störfin veita bæjarstjóri og skrifstofustjóri í síma 430 8500 eða á netföngum thorsteinn@grundarfjordur.is og sigurlaug@grundarfjordur.is.
Umsóknir skulu sendast á ofangreind netföng.
Umsóknum skal fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2018.**

---

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Aðstoðarleikskólastjóri í Kópasteini
- Deildarstjóri í Austurkór
- Deildarstjóri í Baug
- Deildarstjóri í Fífusölum
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í Læk
- Deildarstjóri í Rjúpnahæð
- Deildarstjóri í Sólhvörfum
- Fólk í sérkennslu í Fífusölum
- Leikskólakennari eða starfsmaður í Læk
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Austurkór
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Kópahvoli
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Rjúpnahæð
- Leikskólakennari í Sólhvörfum
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Baug
- Sérgreinastjóri í Núp
- Sérkennari, þroska- og iðjuþjálfi í Sólhvörfum
- Sérkennslustjóri í Fífusölum
- Sérkennslustjóri í Læk
- Stuðningsaðili í Rjúpnahæð

**Grunnskólar**
- Aðstoðarforstöðumaður dægradvalar í Álfhólsskóla
- Aðstoðarmaður frístundar í Hörðuvallarskóla
- Bókasafns- og upplýsingafræðingur í Álfhólsskóla
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla
- Dönskukennari í Kársnesskóla
- Enskukennari í Hörðuvallaskóla
- Forstöðumaður frístundar í Hörðuvallaskóla
- Íslensku kennari á unglingastigi í Álfhólsskóla
- Kennari í hönnun og smíði í Kársnesskóla
- Kennari í íslensku sem annað mál í Álfhólsskóla
- Kennari í leiklist og/eða dans í Álfhólsskóla
- Laus staða kennara á yngsta stig í Kársnesskóla
- Matreiðslumaður í Kópavogsskóla
- Smíðakennari í Kársnesskóla
- Stuðningsfulltrúi í Kársnesskóla
- Umsjónarkennari á miðstig í Smáraskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólsskóla
- Umsjónarkennari á yngsta stig í Smáraskóla
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Kársnesskóla

**Velferðarsvið**
- Sérkennari/þroskaþjálfi í sérdeild einhverfra
- Starfsmaður óskast í sértæka stuðningsþjónustu
- Starfsmenn óskast á heimili fatlaðs fólks
- Deildarstjóri óskast á heimili fyrir fatlað fólk
- Sjúkraliði óskast í sértæka stuðningsþjónustu

**Annað**
- Sálfræðingur óskast við skólaþjónustu Kópavogs
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu
- Forstöðumaður íþróttahúss Vatnsendaskóla

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leikskólinn Álfheimar

# Sérgreinastjóri útikennslu

Laus er til umsóknar staða sérgreinastjóra útikennslu í Álfheimum. Helstu verkefni eru að skipuleggja og hafa umsjón með verkefnum sem tengjast útikennslu. Sérgreinastjóri vinnur í nánu samstarfi við stjórnendateymi leikskólans og er starfið í stöðugri þróun. Í Álfheimum eru 84 börn á fjórum deildum. Leikskólinn verður 30 ára á þessu ári og er hafinn undirbúningur að stækkun hans um tvær deildir. Álfheimar eru grænfánaskóli sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning er nýtur virðingar víða í heiminum. Um er að ræða tákn um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum, þar sem lögð er áhersla á að bæta daglegan rekstur skóla, draga úr sóun og neyslu. Rík áhersla er lögð á samskipti og vellíðan í gegnum leik sem er aðalkennsluaðferð skólans. Öll börn leikskólans fara í skógarferð einu sinni í viku, auk þess er leikskólinn í samstarfsverkefni með Vallaskóla sem ber heitið Gullin í grenndinni.

**Menntun og hæfniskröfur**

- Leikskólakennararéttindi.
- Reynsla og þekking á útikennslu.
- Góð íslenskukunnátta.
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Jákvæðni, frumkvæði og góður samstarfsvilji.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti.

Starfið hentar jafnt körlum sem konum og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Þórhallsdóttir, leikskólastjóri, í síma 480 3242. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið alfheimar@arborg.is

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2018.**




## Bacco Seaproducts leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sölumanns sjávarafurða

### Hæfniskröfur

- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð færni í íslensku og ensku
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni
- Góðir söluhæfileikar
- Sveigjanleiki og geta til að vinna undir álagi
- Þekking á starfsgreininni og mörkuðum fyrir sjávarafurðir er kostur

Öllum umsóknum verður svarað
Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

Umsóknir skulu berast í gegnum www.alfred.is/starf/19054

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni til að gegna starfinu.

**BACCO SEAPRODUCTS** er leiðandi fyrirtæki í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum sem byggir á áralangri reynslu. Fyrirtækið starfar á öllum helstu markaðssvæðum heims fyrir sjávarafurðir.

BACCO SEAPRODUCTS

Bacco Seaproducts – Dalshraun 3 – 220 Hafnarfjörður – Po Box 415
222 Hafnarfjörður – Sími: 414 8100 – www.baccoseaproducts.is

Meniga óskar eftir

# Viðskiptastjóra

Hefur þú brennandi áhuga á markaðsmálum, ert frábær að tengjast fólki og með metnað til að læra nýjustu tækni í netmarkaðssetningu? Ef svo er gæti þessi staða hentað þér.

Sem viðskiptastjóri hjá Meniga gegnir þú lykilhlutverki í að koma nýjustu vörum og þjónustuleiðum Meniga á framfæri við framsæknustu fyrirtæki landsins.

Þú munt meðal annars vera í reglulegu sambandi og bera ábyrgð á samskiptum við:

- Sölu- og markaðsstjóra hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins
- Lykilstjórnendur lítilla- og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi

Þú yrðir hluti af vaxandi sölu- og markaðsteymi á Íslandi, sem hefur það markmið að stækka hóp núverandi viðskiptavina og vera leiðandi fyrirmynd fyrir nýja markaði Meniga erlendis.

**Starfslýsing**:

- Sala og ráðgjöf til íslenskra fyrirtækja
- Utanumhald og uppbygging viðskiptatengsla við fjölbreyttan hóp fyrirtækja
- Þátttaka í þróun á nýjustu tækni á sviði markaðs- og sölumála
- Þátttaka í hugmyndavinnu og undirbúningi kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum og/eða ráðgjöf
- Góð þekking og/eða reynsla af markaðsgreiningum og markaðsstarfi
- Tölfræðiþekking og gagnalæsi
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku

Um er að ræða fullt stöðugildi á skrifstofu Meniga í Turninum Kópavogi.
Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2018.
Sótt er um starfið á vef Meniga: **meniga.com/jobs**

meniga




# Mannauðssérfræðingur

Mannauðssvið Háskólans í Reykjavík leitar að kraftmiklum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf mannauðssérfræðings.

**STARFSSVIÐ**

- Ráðgjöf og þjónusta við starfsmenn og stjórnendur
- Þátttaka í mótun stefnu og eftirfylgni með ferlum á sviði mannauðsmála
- Ráðningar og móttaka nýliða
- Fræðsla og þjálfun
- Skráning og viðhald upplýsinga í kerfum og ýmis umsýsla
- Upplýsingamiðlun, viðhald á innri vef, fréttabréf o.fl.
- Umsýsla og þjónusta við erlenda starfsmenn

**HÆFNISKRÖFUR**

- MSc-gráða á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla af sambærilegu starfi eða mannauðsstjórastarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil skipulagshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Reynsla af H3 er kostur
- Fagmennska og vilji til að veita frábæra þjónustu
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir (**sigridureg@ru.is**) framkvæmdastjóri mannauðs og gæða. Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, **radningar.hr.is/storf**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júní 2018.**

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3700 í fjórum deildum og starfa um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | **www.hr.is**



Mynd: Ómar Runólfsson

# Við erum 60 ára og síung og stolt af verkum okkar

Við viljum bæta við okkur spræku fólki til að mæta áskorunum framtíðarinnar og vinna með okkur að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

kynntu þér málið nánar á www.vso.is

## Jarðtækni
Hönnun, eftirlit og almenn ráðgjöf við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði.

## Byggðatækni
Hönnun vega, gatna, stíga og veitukerfa, áætlanagerð og framkvæmdaeftirlit.

## Önnur störf
Einnig eru laus störf m.a. við verkefnastjórnun, burðarvirkjahönnun og hönnun lagna- og loftræsikerfa.

**VSÓ RÁÐGJÖF**
VERKFRÆÐISTOFA



# MÓTTÖKURITARI Í SÝNINGARSAL OG ÞJÓNUSTUMÓTTÖKU VOLVO Á ÍSLANDI

Brimborg óskar að ráða síma- og móttökuritara fyrir Volvo lúxusbíla í nýjan og glæsilegan Volvo sýningarsal og þjónustumóttöku að Bíldshöfða 6 í Reykjavík. Komdu í góðan og samheldinn hóp frábærra starfsmanna í framúrskarandi vinnuumhverfi og taktu þátt í að skapa lúxusupplifun fyrir viðskiptavini Volvo á Íslandi.

### STUTT STARFSLÝSING

- Móttaka viðskiptavina í sýningarsal og þjónustumóttöku
- Símsvörun og umsjón með samskiptum á netinu og í tölvupósti
- Aðstoð við reynsluakstur á nýjum og notuðum bílum
- Umsjón með sýningarsal, Volvo lounge og undirbúningi sýninga
- Skráning í CRM kerfi og upplýsingatæknikerfi Brimborgar

### HÆFNISKRÖFUR

- Framúrskarandi þjónustulund
- Færni í notkun Word, Excel, Navision, AX og CRM
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Bílpróf skilyrði
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Vinnutími er frá 08:00-17:00 alla virka daga.
Sæktu um á brimborg.is fyrir 4. júní 2018.

VOLVO

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

# Tilboð óskast í leigu



## Tilboð óskast í leigu á lóðum úr Patreksfjarðarflugvelli

**Lýsing**
Um er að ræða leigu á tveimur afmörkuðum lóðum á aflagðri flugbraut í Patreksfirði. Lóðirnar eru staðsettar við vesturenda flugbrautarinnar og eru u.þ.b. 36m x 165m að stærð hver um sig eða um 12.000 m2 að stærð samtals. Lóðirnar geta hentað undir ýmsa starfsemi þar sem flugbrautin myndar gott athafnasvæði með góðu aðgengi. Aðkoma að lóðunum er um sérveg frá Örlygshafnarvegi og meðfram flugbrautinni.

**Forsendur**
Lóðirnar leigjast saman í núverandi ástandi og eru áhugasamir tilboðsgjafar hvattir til að kynna sér vel aðstæður á staðnum.

- Ársleiga af lóðunum er 500.000 kr. Leiguverð skal taka breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs. Leiguverð er greitt fyrirfram fyrir eitt ár í senn, í fyrsta sinn við upphaf leigusamnings.
- Gerður verður ótímabundinn leigusamningur sem verður óuppsegjanlegur fyrstu tvö ár leigutímans. Frá þeim tíma er gagnkvæmur 1 árs uppsagnafrestur.

Leitað er eftir tilboðum í leigurétt lóðanna miða við ofangreindar forsendur. Boðið leiguréttargjald skal greitt að fullu við upphaf leigusamnings. Lóðareigandi mun taka hæsta boði en áskilur sér rétt til að hafna öllum boðum.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 20. júní 2018, ekki verður haldinn sérstakur opnunarfundur vegna skila á tilboðum.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



# Sunnulækjarskóli

**Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru neðangreindar stöður lausar til umsóknar.**

- Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Kennari í hönnun og smíði
- Stuðningsfulltrúi við skóla og frístundaheimili
- Aðstoðarmaður forstöðumanns frístundaheimilis

Í skólanum eru um 700 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is
**Umsóknarfrestur er til 3. júní 2018 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2018.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edward, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

*Skólastjóri*

Reykjavíkurborg Kópavogsbær

# Brú yfir Fossvog. Deiliskipulag. Tillaga á vinnslustigi.

Reykjavíkurborg og Kópavogsbær hafa samþykkt að kynna sameiginlega tillögu á vinnslustigi að deiliskipulagi brúar fyrir Fossvog skv. 40. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Í tillögunni er gert ráð fyrir um 270 m langri brú yfir voginn frá Kársnesi að flugbrautarenda Reykjavíkurflugvallar. Markmið tillögunar er að bæta samgöngutengingar milli Reykjavíkur og Kópavogs og styðja við vistvæna samgöngukosti. Brúin verður fyrir umferð gangandi, hjólandi og almenningssamgöngur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð með umhverfisskýrslu dags. 30. apríl 2018.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga og fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Á eftirfarandi vefslóðum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar er að finna gögn tillögunnar; greinargerð, uppdrátt og umhverfisskýrslu:

- https://www.kopavogur.is/
- https://reykjavik.is/

Óskað er eftir að ábendingar við vinnslutillöguna berist fyrir 20. júní 2018.
Ábendingar er hægt að senda á sveitarfélögin, hvort heldur sem er:

- Skriflega til skipulags- og byggingardeildar Kópavogs, Digranesvegi 1, b.t. skipulagsstjóra, eða á netfangið skipulag@kopavogur.is.
- Skriflega, til umhverfis – og skipulagsviðs Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, b.t. skipulagsstjóra, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is.

*Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi Reykjavíkur*
*Birgir Hlynur Sigurðsson, skipulagsstjóri Kópavogs*

# Til sölu Iðnfyrirtæki

**Til sölu er vel rekið iðnfyrirtæki sem framleiðir tæki og búnað fyrir sjávarútveg, erlendis og hérlendis.**
**Velta: 260 m. EBITDA: 56m.**

**Nánari upplýsingar veittar á trúnaðarfundi hjá Firma Consulting Sími: 896 6665**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, mennta-malaraduneyti.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2018.**

# ÚTBOÐ

RARIK óskar eftir tilboðum í:

**RARIK 18002**
**Aðveitustöð**
**Breiðdalsvík**
**Nýbygging aðveitustöðvarhúss**

Um er að ræða byggingu úr steinsteypu og stáli, ein hæð og lagnakjallari. Húsið er að stærri hluta einangrað og klætt að utan með álklæðningu.

**Helstu magntölur:**

| | |
|---|---|
| Steinsteypa: | 190 m³ |
| Mót: | 1.280 m² |
| Steypustyrktarstál: | 12.800 kg |
| Byggingastál: | 2.900 kg |

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. janúar 2019.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu, á vef RARIK www.rarik.is (útboð í gangi), frá og með þriðjudeginum 29. maí 2018.

Skila þarf tilboðum á skrifstofu RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 12. Júní 2018. Tilboðin verða þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda, sem óska að vera viðstaddir.

RARIK

Sími 528 9000 • www.rarik.is

Verkmenntaskólinn á Akureyri auglýsir eftir sálfræðingi í 50% stöðu og 100% stöðu náms- og starfsráðgjafa.

Sjá nánar á Starfatorgi.

Skólameistari

**EYJAFJARÐARSVEIT**
Skrifstofa: Skólatröð 9 · 601 Akureyri
Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

**Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030**
**tillaga til auglýsingar**

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar auglýsir hér með tillögu að aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt umhverfis-skýrslu skv. 7 gr. laga nr. 10/2006 um umhverfismat áætlana.

Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2018-2030 og er endurskoðun á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Skipulagstillagan ásamt forsendum,umhverfisskýrslu og fylgigögnum mun liggja frammi á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar milli 28. maí til 9. júlí 2018 og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Eyjafjarðarsveitar, esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna til mánudagsins 9. júlí 2018. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 601 Akureyri, eða í tölvupósti á esveit@esveit.is.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar*

# ÚTBOÐ

Garðabær óskar eftir tilboðum í verkið:

## Urriðaholt – Malbikun göngustíga 2018

Verkið felst í jarðvegsskiptum, jöfnun yfirborðs stíga með mulningi og malbikun þeirra í nýju íbúðahverfi í Urriðaholti.

Verkinu skal lokið fyrir 15. september 2018.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Jöfnun og hreinsun í stígstæðum | 6.400 m² |
| • Burðarlag | 360 m³ |
| • Mulningur | 270 m³ |
| • Malbikun | 6.370 m² |
| • Jarðstrengir | 300 m |
| • Uppsetning ljósapolla | 50 stk |

Útboðsgögn er hægt að nálgast hjá Eflu verkfræðistofu, fimmtudaginn 24. maí 2018, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.

Tilboð verða opnuð hjá Eflu verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, föstudaginn 8. júní 2018, kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

BLÁSKÓGABYGGÐ

# ÚTBOÐ

**LEIKSKÓLINN ÁLFABORG,**
**REYHOLTI Í BLÁSKÓGABYGGÐ**
**UPPSTEYPA OG UTANHÚSSFRÁGANGUR**

Fyrir hönd Bláskógabyggðar er óskað eftir tilboðum í 1. áfanga framkvæmda vegna Leikskólans Álfaborgar í Reykholti, Bláskógabyggð.

Um er að ræða uppsteypu og allan utanhússfrágang.
Helstu verkþættir eru burðarvirki, einangrun, klæðning og þakefni, gluggar og hurðir, lagnir í grunni og ídráttarrör.

Nokkrar magntölur:

| | |
|---|---|
| - Mót: | 2.600 m² |
| - Bendistál: | 21.600 kg |
| - Steypa: | 233 m³ |
| - Klæðning utanhúss: | 373 m² |
| - Gluggar og hurðir: | 17 m² |
| - Þakefni: | 646 m² |

Heildarverklok eru 1. janúar 2019.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt. Senda skal ósk um gögn á tölvupóstfang verkis.selfoss@verkis.is með nafni fyrirtækis, heimilisfangi og síma.

Kynningarfundur verður haldinn á verkstað 5. júní kl. 14:00.

Tilboðum skal skila til Verkís, Austurvegi 10, Selfossi fyrir kl. 14:00, 18. júní 2018, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, sem þess óska.

VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA

VA ARKITEKTAR

# ÚTBOÐ

Garðabær óskar eftir tilboðum í verkið:

## Urriðaholt – Malbikun gatna 2018

Verkið felst í jarðvegsskiptum, upphækkun brunna og niðurfalla, malbikun gatna og gerð kantsteina í nýju íbúðahverfi í Urriðaholti.

Verkinu skal lokið fyrir 15. september 2018.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Heflun og þjöppun yfirborðs | 13.500 m² |
| • Efra burðarlag | 1.300 m³ |
| • Malbikun | 16.300 m² |
| • Gerð kantsteina | 700 m |
| • Upphækkun á brunnum | 100 stk |
| • Upphækkun á niðurföllum | 31 stk |

Útboðsgögn er hægt að nálgast hjá Eflu verkfræðistofu, fimmtudaginn 24. maí 2018, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík.

Tilboð verða opnuð hjá Eflu verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 7. júní 2018, kl. 14.00 að viðstöddum þeim bjóðendum er þess óska.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR







# Frakkastígur 8C og D

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR**

Vorum að fá í sölu 39 íbúðir við Frakkastíg 8C og D. Um er að ræða 35 2ja herbergja íbúðir og fjórar 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna. Húsin munu tengjast skjólgóðum lokuðum garði.

**Stærð frá 56,5 fm – 150 fm.**
**Verð frá 41,9 millj.**

**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 26. MAÍ KL. 13-14**

**Brynjar Þór Sumarliðason**
löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



## NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ HLÍÐARENDA







18 íbúðir seldar

# Hlíðarendi

**FRÁBÆR STAÐSETNING MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK**

Arnarhlíð 1 er nýtt 40 íbúða lyftuhús við Hlíðarenda. Húsið er einangrað og klætt að utanverðu með sléttri álklæðningu. Íbúðirnar eru 2ja til 4ra herbergja. Íbúðunum verður skilað fullbúnum fyrir utan megin gólfefni; uppþvottavél og ísskápur fylgja. Sérsmíðaðar vandaðar innréttingar. Svalir eru á öllum íbúðunum. Einnig er stórt sameiginlegt útisvæði á hverri hæð.

Áætluð afhending í júní 2018
**Stærð frá 57 fm – 112 fm.**
**Verð frá 39,8 millj.**

**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 26. MAÍ KL. 12-13**

**Kjartan Hallgeirsson**
löggiltur fasteignasali
kjartan@eignamidlun.is
Sími 824 9093



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
löggiltur fasteignasali
gudlaugur@eignamidlun.is
Sími 864 5464



**Hreiðar Levy Guðmundsson**
Nemi til löggildingar fasteignasala
hreidar@eignamidlun.is
Sími 661 6021



**Daði Hafþórsson**
löggiltur fasteignasali
dadi@eignamidlun.is
Sími 824 9096



# Tækifæri á Hvanneyri



**Til sölu meirihluti skrifstofu/atvinnuhúsnæðis á Hvanneyri samtals 562,9 fm**. ásamt geymslum og hlutdeild í sameign sem er m.a. kaffistofa og fundarherbergi. Í húsinu eru aðallega fyrirtæki tengd landbúnaði. Húsnæði sem býður upp á margvíslega möguleika. Húsnæðið er að miklu leyti í útleigu í dag. Afhending samkv. samkomulagi

**Allar nánari upplýsingar:**
**LIT ehf. Borgarbraut 61**
**Borgarnesi**
**Sími 437 1700**
**ingi@ilt.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF



# Opið hús!

## BÚÐARFLÖT 6
## GARÐABÆR/ÁLFTANES

LAUGARDAGINN 26. MAÍ, KL. 14:00 - 15:00

• EITT HÚS EFTIR • 4 SVEFNHERBERGI • AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING

DOMUSNOVA
Fasteignasala



Frekari upplýsingar veitir Snorri Björn Sturluson lögmaður í síma 699-4407 eða snorri@domusnova.is

HÖFÐI FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



**Runólfur Gunnlaugsson** viðsk.fr. lögg. fast.
**Ásmundur Skeggjason** lögg. fast.
**Brynjar Baldursson** sölufulltrúi
**Jóhann Friðgeir Valdimarsson** sölufulltrúi
**Kristinn Tómasson** viðsk.fr. MBA lögg. fast.

**Fyrir fólk á fasteignamarkaði**

# Fosshóll – Gistihús við Goðafoss



Skypark trampólíngarðurinn var opnaður í ágúst í fyrra og er í Urðarhvarfi 14 í Kópavogi. Örn Ægisson, eigandi Skypark, segir viðtökurnar hafa verið vonum framar. „Skypark er frábær staður fyrir fjölskylduskemmtun, það er nóg að mæta og byrja að hoppa. Þetta er ekki bara fyrir krakkana heldur líka foreldrana en þeir foreldrar sem eru feimnir við að byrja fá alltaf korter frítt í hopp með krökkunum.“

Hann segir Skypark vinsælan stað til að halda afmæli. „Við bjóðum upp á fimm herbergi til að halda afmælisveislur með mismunandi þemum, geimskipaherbergi, víkingaherbergi, hetjuherbergi, listaherbergi og „gym“-herbergi.“ Herbergin eru skreytt í samræmi við þemu og þar er hægt að bera fram veitingar handa gestum sem verða svangir og þyrstir af hoppi og skoppi. “

Eldri krakkar og unglingar eru líka hjartanlega velkomnir. „Við erum með leiðbeinanda í salnum á miðviku- og föstudögum milli 7 og 9 á kvöldin sem leiðbeinir og aðstoðar við fimleikaæfingar eins og heljarstökk, lendingar, flikk og skrúfur svo eitthvað sé nefnt.“

Í bígerð er að bjóða upp á brennslutíma fyrir fullorðna næsta vetur. „Bráðlega verðum við með tíma fyrir fullorðna með ungbörn,“ segir Örn. „Þar verður kennt hvernig á að bera sig að á trampólíni með barn í fanginu og svo gerðar góðar brennsluæfingar.“

Skypark er opið frá tólf í hádeginu til tíu á kvöldin á virkum dögum og frá tíu á morgnana til tíu um helgar. Verið er að kanna hvort grundvöllur sé fyrir að opna fyrr á virkum dögum í sumar en allar upplýsingar um það og annað má finna á skypark.is.



Í Skypark er boðið upp á úrvalsaðstöðu til afmælishalds. Örn Ægisson er eigandi Skypark. MYNDIR/STEFÁN



Skypark er fullt af trampólínum svo allri geti skoppað að vild.

# Sumarsund fyrir börn 4-10 ára

RioTintoAlcan
-styrkir barna- og unglingastarf SH

Sundfélag Hafnarfjarðar verður með sundnámskeið fyrir börn, bæði synd og ósynd, í Ásvallalaug, Suðurbæjarlaug, Sundhöllinni og Lækjarskólalaug.

Námskeiðin standa yfir í tvær vikur, eða 10 skipti.

**Tímabil í boði:**
11. júní – 21. júní
26. júní – 6. júlí
9. júlí – 20. júlí
23. júlí – 3. ágúst

**Bráðskemmtileg námskeið sem allir hafa gaman af!**

Nánari upplýsingar og innritun má finna á
www.sh.is



Sundfélag Hafnarfjarðar - sh@sh.is - Sími 555 6830




Fátt er eins gott og góðra vina fundur með nesti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nesti til sælla minninga

Margar af bestu æskuminningunum fela í sér lautarferð með vinum og fjölskyldu í íslenskri sumarsól og ilmandi grasi. Börnum þykir ævintýri að pakka saman girnilegu nesti til að maula úti undir berum himni og hafa með sér teppi og huggulegheit úti í guðs grænni náttúrunni eða bara á grasbletti í næsta nágrenni. Hjálpum þeim að eignast dýrmætar minningar til að ylja sér við í framtíðinni og skemmta sér til fulls í frjálsum leik og hamingjustundum með nesti og svalandi sumardrykki þegar blíðviðri gefst. Auðvelt er að setja frískandi ávaxtasafa í flöskur og stinga litlum samlokum, ávöxtum og freistandi kexi eða kökum í körfu sem þau hlaupa með tindilfætt út í sumardaginn.


Bókasafnið Garðabæ verður með ritsmiðju fyrir 9-12 ára krakka dagana 11.-15. júní. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ritsmiðja fyrir káta krakka

Ert þú 9 til 12 ára og finnst gaman að búa til sögur? Þá er ritsmiðja á Bókasafninu í Garðabæ kannski eitthvað fyrir þig. Taktu frá dagana 11.-15 júní en þá verður ókeypis sumarnámskeið í skapandi skrifum fyrir 9-12 ára krakka frá kl. 10-12. Hægt er að mæta um leið og bókasafnið er opnað kl. 9 á morgnana og undirbúa sig eða lesa bækur, en nóg er af þeim á safninu. Allir eru velkomnir, sama hvar þeir eru staddir í ritfærni. Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarmaður, ætlar að leiðbeina við sögugerð og myndskreytingar. Föstudaginn 15. júní verður aðstandendum síðan boðið að koma og sjá afrakstur vinnunnar. Skráning fer fram í síma 525 8550 eða með tölvupósti í bokasafn@gardabaer.is. Nafn barnsins, aldur, símanúmer og nafn og netfang forráðamanns þarf að koma fram.

**» Ef þú ert 9-12 ára og hefur alltaf langað til að búa til sögur er ritsmiðjan kannski eitthvað fyrir þig.**

# Skemmtileg söfn um land allt

Víða um land má finna mörg skemmtileg söfn sem henta öllum aldurshópum, ekki síst börnum.

Einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Austurlandi er Steinasafn Petru sem staðsett er á Stöðvarfirði. Petra opnaði heimili sitt árið 1974 fyrir gestum en í dag skipta steinarnir í safninu hundruðum þúsunda.

Fuglasafn Sigurgeirs var opnað 2008 og stendur við Mývatn. Það er að margra mati eitt flottasta náttúrugripasafn landsins og vantar einungis tvo fugla til að eiga alla íslenska varpfugla.

Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið á Stokkseyri skiptist í þrjá flokka. Fyrst er gengið inn í heim álfa og huldufólks og næst inn í stóran tröllahelli þar sem heimkynni trölla eru skoðuð. Að lokum er boðið upp á vetrarríki þar sem skoða má m.a. ísklumpa úr Vatnajökli og frá Grænlandi auk norðurljósa.

Víkingaheimar í Reykjanesbæ er sannkallaður ævintýraheimur sem allir Íslendingar ættu að gefa sér tíma til að heimsækja. Safnið hýsir nú fimm áhugaverðar sýningar, þar á meðal víkingaskipið Íslending sem sigldi til Ameríku árið 2000.

Eldheimar í Vestmannaeyjum er gosminjasýning sem miðlar fróðleik um eldgosið í Vestmannaeyjum árið 1973. Miðpunktur sýningarinnar er hús sem grófst undir ösku og sýnir hvernig náttúruhamfarirnar fóru með heimili fólks í gosinu.


Víkingaheimar í Reykjanesbæ eru skemmtilegur viðkomustaður.

Söngskóli Sigurðar Demetz
býður upp á söngnám fyrir krakka þar sem fléttað er inn leiklist


Söngnám fyrir
9–12 ára
Unglingadeild
(13–16 ára)
Sækið um á
www.songskoli.is
Upplýsingar í síma
552 0600

SÖNGSKÓLI
SIGURÐAR DEMETZ


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
100% hamborgarabúðin þín!
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
alltaf 2 stk. í pakka
Nýtt!
GOURMET GRÁÐAOSTA BORGARAR
GOURMET BEIKON BORGARAR NORÐLENSKA
CHILI-PIPAR BORGARAR NORÐLENSKA
Fylltir hamborgarar, 2x120 g
599 kr. pk.
199 kr. stk.
12 stk. í pakka
FABRIKKU SMÁBORGARAR
VEGAN
Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.
699 kr. pk.
SUMAR
Sumarkaldi léttöl, 6 stk.
999 kr. kippan
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 27. maí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Konráð Ragnarsson er þakklátur bæjaryfirvöldum fyrir að bjóða sér að halda viðamikla ljósmyndasýningu í bænum. Lengi þótti honum erfitt að koma í Hafnarfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Læt engan ræna mig ævintýrunum

**Konráð Ragnarsson** sem dvaldi um tveggja ára bil á Breiðavík heldur sína fyrstu ljósmyndasýningu í heimabænum Hafnarfirði. Það er merkilegur áfangi því örlög Konráðs réðust af valdníðslu og afskiptum bæjaryfirvalda. Sárin gróa aldrei þótt Konráð hafi nýtt erfiða lífsreynslu til góðs. Hann býr yfir fádæma seiglu og er ævintýragjarn.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Mér þykir mjög vænt um þetta, því að hér fannst mér ég aldrei velkominn," segir Konráð Ragnarsson sem heldur sína fyrstu ljósmyndasýningu í heimabæ sínum, Hafnarfirði. Boð um að halda sýninguna kom honum þægilega á óvart og einnig sá velvilji sem bæjaryfirvöld sýndu honum. Konráð fékk styrk frá bænum. Sýningin verður opnuð í Bæjarbíói þann 30. maí næstkomandi og myndir Konráðs munu prýða búðarglugga í Strandgötunni. „Ég er mjög þakklátur, þetta er góður áfangi."

### Gerir grimmt grín

Konráð hittir blaðamann á Súfistanum við Strandgötu. Hann gengur fimlega um. Hann er nýkominn úr heimsókn í fyrirtækið Össur sem smíðar á hann nýjan gervifót. Hann er fremur hraustlegur á að líta. Hann býr í Svíþjóð þar sem hefur notið sólar í sumarbyrjun ólíkt því veðurfari sem hefur ríkt á Íslandi síðustu vikur.

Hann er þekktur háðfugl og sýnir blaðamanni myndir af sér í karateæfingum sem byrja glæstar og yfirvegaðar en enda á því að gervifóturinn flýgur af honum. „Það er nú ekki annað hægt en að gera bara grimmt grín að þessu öllu saman," segir hann.

Myndefni Konráðs er margvíslegt. „Ég held að það sé mikill húmor í mínum myndum, þær eru líka dökkar. Inni á milli eru fallegar landslagsmyndir. Ég hef notað myndavélina mikið til að tjá tilfinningar mínar frá degi til dags. Og er alveg óhræddur við það. Myndirnar geta verið mjög persónulegar," segir Konráð og telur að það hafi reynst honum nauðsynlegt að nýta sköpunarkraftinn til að glíma við sársauka sem hann hefur búið við nærri alla sína ævi.

„Ég leik mér með myndefnið. Mörgum myndanna breyti ég í myndvinnslu, ég er rosalega mikið fyrir liti og ýki þá gjarnan," segir hann frá.

*Eru myndirnar tæki til sjálfstjáningar?*

„Já, mér finnst það. Ég var gríðarlega heftur eftir vistina á Breiðavík og það var erfitt að koma heim," segir Konráð.

**ÞEGAR ÉG KOM AFTUR, ÞÁ VAR ÉG BARA STIMPLAÐUR. ÉG NAUT ENGRAR VIRÐINGAR OG SJÁLFSVIRÐING MÍN VAR ENGIN. SKÓLAGANGAN ÓNÝT. ÞAÐ VAR EKKERT UNNIÐ ÚR ÞESSU.**

### Sendur á Breiðavík fyrir hnupl

Hann er alinn upp í fátækt en á reglusömu heimili. Faðir Konráðs, Ragnar Konráðsson heitinn, var togarasjómaður og mikið í burtu. Móðir hans, Ása Hjálmarsdóttir, skildi við hann og sá eftir það ein um heimilið og vann mikið. Konráð var eitt sex systkina. Tvö þeirra eru fallin frá.

Árið 1968, þegar Konráð var um tíu ára gamall, var hann staðinn að hnupli. Barnaverndarvernd Hafnarfjarðar tók þá afdrifaríku ákvörðun að senda hann á Breiðavík. Þar beið hans helvíti. Hann var beittur andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi.

Einu og hálfu ári síðar fékk hann að fara aftur heim. Og var þá niðurbrotinn og skemmdur á sálinni.

„Þegar ég kom aftur þá var ég bara stimplaður. Ég naut engrar virðingar og sjálfsvirðing mín var engin. Skólagangan ónýt. Það var ekkert unnið úr þessu. Maður átti ekki að tjá tilfinningar sínar og kunni það heldur ekki. Þetta er svo allt öðruvísi í dag, sem betur fer," segir Konráð.

Hann þáði sálræna aðstoð sem yfirvöld buðu fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir það fann hann ekki almennilegan frið. „Þegar ég fór að taka myndir færðist yfir mig meiri friður en áður. Ég geng um skógana í Svíþjóð og tek myndir. Fer þar um á gervifætinum, ekkert mál," segir hann og brosir.

### Brotinn til baka

Kvikmyndaáhuginn kviknaði í æsku. „Ég og mínir bræður áttum 8 mm súper filmuvél og vorum alltaf að búa til bíó. Brotin sem við tókum upp voru seinna notuð í heimildarmyndina Syndir feðranna. Hefði ég ekki farið á Breiðavík þá hefðu listrænir hæfileikar mínir og sköpunarþörf notið sín fyrr. Ég var glaðlynt barn og alltaf að skemmta öðrum. Ég var oft stokkinn upp á svið þegar færi gafst. Óhræddur og glaður. En svo var ég bara brotinn niður á Breiðavík. Ég kom rétt áður en ég varð tólf ára gamall."

Unglingsárin einkenndust af heift þótt hann hefði ekki alveg tapað lífsgleðinni. „Ég eyddi þessum árum í skemmtanir og slagsmál. Kannski var ég að deyfa mig, ég veit það ➡

# LÍKUR Á RIGNINGU: GÓÐAR

**20% afsláttur** af öllum regnfatnaði dagana 24.-28. maí*

THE NORTH FACE®

20% AFSLÁTTUR



ÚTILÍF
*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

ekki. En ég hélt að minnsta kosti þá að ég væri að skemmta mér. Ég var í rosalegum helgarfylliríum. Eitt endaði nú uppi á þaki á pósthúsinu. Þangað þurfti að sækja mig og félaga mína. Við slógumst uppi á þaki við lögregluna og það þurfti að handjárna okkur og kalla til slökkviliðið til aðstoðar," segir hann og brosir út í annað og horfir út um gluggann að húsinu sjálfu. „Mér fannst ég aldrei eiga neina virðingu í Hafnarfirði. Hér var mikil stéttaskipting. Fólk sem átti eitthvað var eitthvað, hinir þurftu að slást fyrir tilveru sinni. Ég fór bara í þann pakka.

En svo kynntist ég konu um þrítugt og róaðist aðeins. Við giftum okkur, fluttum til Svíþjóðar og eignuðumst börn. Annað líf tók við," segir Konráð en þar hafði hann auðvitað engan stimpil á sér, segir hann.

### Aldrei hræddur

Konráð segist stundum hugsa um það hvernig líf hans hefði orðið ef hann hefði ekki verið sendur á Breiðavík. „Ég er ekki bitur en ég segi sjálfum mér satt. Ég hugsa oft um það hvernig líf mitt hefði orðið ef ég hefði fengið að njóta mín. Þessi ár koma ekki aftur, ég er hins vegar mjög meðvitaður um að lífið er núna. Ég læt engan ræna mig draumum mínum og hef aldrei verið hræddur við að hoppa í djúpu laugina."

Konráð er rafvirkjameistari að mennt. Síðustu ár hefur hann hins vegar leikið aukahlutverk í kvikmyndum. Hann hefur tekið þátt í nærri 60 verkefnum. Hann lék til dæmis á móti Hollywood-leikaranum Russell Crowe í tónlistarmyndbandi við lagið Testify sem Crowe samdi með félaga sínum Alan Doyle. Í myndbandinu lék hann lögregluböðul. Hann var einnig nálægt því að hreppa hlutverk í mynd Bens Stiller The Secret Life of Walter Mitty, lék í Game of Thrones og fleiri verkefnum.

### Slysaskotið

„Ég hef fengið hvert hlutverkið á fætur öðru. Ég vann tvisvar fyrir Russell Crowe og líkaði samstarfið vel. Ég tók þátt í 60 verkefnum á árunum 2011 til 2014, þar til fóturinn var tekinn af 22. september það sama ár."

Konráð varð fyrir slysaskoti á rjúpnaveiðum árið 1979. „Ég varð fyrir voðaskoti. Fékk haglabyssuskot í fótinn. Djöfull var þetta sárt. Það vantaði svo mikið á löppina, ég skaut tvær af þremur æðum í tætlur. Við þetta upphófust aðgerðir sem áttu eftir að fylgja mér alla ævi. Í fyrstu var sett þunn húð á löppina, tekið skinn af lærinu á mér og lokað.

Blóðrennslið var aldrei gott. Síðan byrjaði ég að fá sár. Það þurfti ekki annað en að ég væri í ullarsokkum, húðin bara rifnaði.

Þá var tekið til þess ráðs að taka kjötstykki úr hinni löppinni og færa það yfir á þessa. Fæturnir voru festir saman í þrjár vikur til að freista þess að fóturinn tæki við. Síðan var skorið á milli.

Það þótti nokkuð merkilegt að þetta skyldi takast. Sáramyndunin stöðvaðist um tíma. Síðan líða 10 til 15 ár sem eru nokkuð góð. Þá byrja ég allt í einu að fá sár aftur. Vandinn versnaði enn frekar eftir að ég fékk alvarlega sýkingu. Ég var með mjög ljót, blæðandi sár á fætinum í um tíu ár og lifði á sterkum verkjalyfjum sem gerðu mér kleift að vinna og taka að mér verkefni. Ég lét aldrei vita af þessu. Þá hefði ég ekki fengið að vera með í þessu ævintýri. Ég batt bara um sárin og þagði," segir Konráð og segir að stundum hafi leikstjórar tekið eftir þessu og þá hafi hann reddað sér fyrir horn með því að segjast hafa tognað deginum áður.

### Lífið er slagur

„Líf mitt hefur einkennst af sársauka. Ég hef verið í sársauka síðan ég man eftir mér. En ég hugsa að ég hafi komist í gegnum þetta allt saman á mínu eigin viljaþreki. Líf mitt hefði getað farið verr. Síðustu þrjú ár hef ég barist við ótrúlega hluti, krabbamein, vefjagigt, ég missti fótinn og allar tennurnar, vegna sýkingar sem ég fékk. Ég er sko með títantennur. Lífið er bara slagur. Þess virði að vinna.

Ég var á morfíni, til að geta unnið og lifað, leikið og skemmt mér. Þegar verkirnir fóru að versna, þá byrjaði þetta á magnyl og endaði á morfíni. Þetta var orðið ið slæmt síðustu 10 árin að ég held ég hafi verið kominn á 600 grömm af morfíni á dag," segir Konráð sem tók þá ákvörðun að hætta á öllum verkjalyfjum eftir að fóturinn var tekinn af honum.

„Ekki nóg með það að ég var að læra að ganga upp á nýtt og borða upp á nýtt, heldur var ég í hreinasta helvíti í fráhvörfum í heilt ár. Martraðirnar voru skelfilegar, sviti og ólýsanlegir verkir. Það var stundum eins og það væri verið að stinga mig eða gefa mér raflost. Þetta gerði ég einn í herberginu mínu heima og var verst á kvöldin. Ég ætla ekki að lýsa því, það er ekki hægt. Þeir í Svíþjóð skildu þetta ekki. Það hafði enginn gert þetta áður. Þetta á ekki að vera hægt. Þetta er lífshættulegt. Ég hafði allar töflurnar við hliðina á mér, allan tímann. Það kom aldrei neitt augnablik að mig langaði til að taka töflurnar.

Mitt lífsferli hefur verið erfitt og með tíð og tíma öðlast ég þennan gríðarlega vilja og seiglu. Kannski missa sumir krafta sína á meðan aðrir eflast. Það eru margar kenningar um þetta. Núna er ég staðráðinn í því að halda áfram að koma mér í vesen og ævintýri og Strandgatan hér er næst."

Þeim sem vilja aðstoða Konráð og veita honum brautargengi er bent á söfnun sem hann stendur fyrir á Karolina Fund og tengist sýningunni sem er fram undan.

EKKI NÓG MEÐ ÞAÐ AÐ ÉG VAR AÐ LÆRA AÐ GANGA UPP Á NÝTT OG BORÐA UPP Á NÝTT, HELDUR VAR ÉG Í HREINASTA HELVÍTI Í FRÁHVÖRFUM Í HEILT ÁR. MARTRAÐIRNAR VORU SKELFILEGAR, SVITI OG ÓLÝSANLEGIR VERKIR.





Fótarmein Konráðs olli honum miklum kvölum. Fóturinn var tekinn af árið 2014.



Konráð í gervi fyrir hlutverk í kvikmynd.



Mynd af sýningu Konráðs sem verður opnuð 30. maí.


„Kettir á heitu þaki" í Hafnarfirði

Mikinn viðbúnað þurfti til að skakka leikinn á þaki húss Pósts og síma. DB-mynd Árni St. Árnason.

Frétt um uppátæki Konráðs og félaga í Hafnarfirði. Þegar þeir voru handteknir á þaki pósthússins.

# Meira eftirlæti




**20%** afsláttur

## Grilllæri Hagkaups

**1.999** kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg

Tilboð gilda út 27. maí




### Nóa Kropp

Suðrænir sumarávextir

**469** kr/pk




### Prima Donna ostur

Hollenskur gæða ostur

Verð frá **439** kr/pk




### Llanllyr Source

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk



### Hámark þrennutilboð

4 fyrir 3 af þrennupakkningum




### Pringles

Einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt

Verð frá **99** kr/pk




### Krispy Kreme kaffi

Hin fullkomna kaffiblanda. 100% Arabica.
Baunir og malað. Framleitt af Te & Kaffi

**998** kr/pk

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga



Dansinn gleður og styrkir bæði sál og líkama. Það er ekki nauðsynlegt að hafa grunn í ballett til að vera með. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Svífandi silfursvanir á sjötugsaldri

Það er aldrei of seint að láta æskudraumana rætast, fjölmargar konur á sjötugs og áttræðisaldri æfa ballett af mikilli ákefð. Silfursvanirnir hennar Soffíu æfa ballett í Ballettskóla Eddu Scheving af fagmennsku.



Soffía Marteinsdóttir ballettkennari segir að enginn sé of gamall til að dansa.



**ÆFINGAR VIÐ STÖNG ERU MIKILVÆGUR GRUNNUR Í KLASSÍSKUM BALLETT.**

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
asta@frettabladid.is



Aldur er bara tala, er klisja sem heyrist oft þegar fólk tekur upp á því að láta æskudraumana rætast þegar það er komið langt fram á fullorðinsaldur. Klisjan sú hefur sitthvað til síns máls líkt og fjölmörg dæmi sanna. Aldur er jú bara tala.

„Og, einn tveir, einn tveir, og snú,“ þýð rödd ballettkennarans barst vel yfir salinn og leiðbeiningar hennar ómuðu í hárréttum takti við ljúfa balletttónlist.

Við erum stödd í danstíma þar sem ballerínurnar standa teinréttar og einbeittar við stöngina, þær vanda sig við að lyfta handleggjunum tignarlega á meðan fæturnir ferðast ógnarhratt á milli fyrstu, annarrar og þriðju stöðu. Ballettkennarinn stýrir þeim ljúflega í gegnum upphitunina þar sem stöður, fótlyftur og hið margfræga „plié“ er æft áður en þær svífa af stað í dansspor dagsins.

**Svífandi Silfursvanir**

„Það er aldrei of seint að læra að dansa,“ segir Soffía Marteinsdóttir ballettkennari en hún hefur kennt konum eldri en 65 ára ballett í Ballettskóla Eddu Scheving í nokkur ár. Silfursvanirnir, en svo kallast hópurinn, æfa einu sinni í viku, æfingarnar eru styrkjandi, það eru engin hopp eða stökk og allt miðast við að auka glæsileika og mýkt í hreyfingu.

Í augum flestra er ballett sá dans sem er hvað erfiðast að læra og hvað þá þegar fólk er komið á miðjan aldur.

„Það er ekki nauðsynlegt að hafa grunn í dansi til þess að vera með,“


SUMAR
BRAGÐ!
NÝTT!
WRIGLEY'S
Extra®
x25
APPLE
WRIGLEY'S
Extra®
FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi



**BALLETTINN BÆTIR STÖÐU LÍKAMANS, VIÐ VINNUM MIKIÐ MEÐ MIÐJUNA, STYRKJUM BAKIÐ OG STÓRU VÖÐVANA SEM ER SVO MIKILVÆGT AÐ ÞJÁLFA Á ÞESSUM ALDRI.**



Silfursvanirnir hennar Soffíu Marteinsdóttur í æfingasal Ballettskóla Eddu Scheving, f.v. Kristín Magnúsdóttir, Bengta Þorláksdóttir, Kristín Sigrún Halldórsdóttir, Soffía Marteinsdóttir danskennari, Ásdís Egilsdóttir, Guðrún Fjóla Gränz, Kolbrún Högnadóttir, Fanney Anna Reinhardsdóttir og Harpa Harðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR







Dansarnir klæðast hefðbundnum ballettfatnaði sem sæmir þeim vel.

segir Soffía, „sumar konurnar voru í ballett þegar þær voru ungar, enn aðrar bjuggu úti á landi og áttu þess ekki kost að komast í dansskóla. Það var til dæmis ein kona sem dró fram dansskóna aftur eftir 57 ára hlé, en hún hafði verið í ballett í Þjóðleikhúsinu sem ung stúlka.“

Það fer ekkert á milli mála að ballerínurnar taka æfingarnar alvarlega, þær vippa fótunum fimlega upp á stöngina og sveigja sig og beygja eftir kúnstarinnar reglum, líkt og þær hafi aldrei gert annað en að dansa ballett. Þær svífa hnarreistar um dansgólfið, og gefa yngri konum ekkert eftir í hreyfingu.

### Frábær heilaleikfimi

En hvers vegna ættu eldri konur að læra ballett, hvað hefur dansinn umfram aðra hreyfingu?

„Ballettinn bætir stöðu líkamans, við vinnum mikið með miðjuna, styrkjum bakið og stóru vöðvana sem er svo mikilvægt að þjálfa á þessum aldri. Það er svo yndislegt að sjá muninn á konunum frá því að þær byrja og þegar námskeiðinu lýkur. Þær bera sig miklu betur, eru beinar í baki eru með betra jafnvægi á göngu, eru eins og drottningar.“

Margir hræðast það að læra eitthvað nýtt og telja sig ekki geta lært flókin spor og samsetningar, setja aldurinn fyrir sig. Að læra eitthvað nýtt er ein kröftugasta forvörnin í baráttunni við elliglöp og því er aldur engin afsökun. „Jú, það er rétt, við örvum heilann í hvert sinn sem við lærum eitthvað nýtt og aldurinn er engin afsökun og það hef ég margsinnis séð gerast í tímum hjá mér. Þær voru eitthvað að malda í móinn um daginn þegar við vorum að æfa nýja samsetningu – „það tekur okkur tvö ár að læra þetta“ – en aldeilis ekki, við endurtókum sporin aftur og aftur og þetta var komið eftir tvo tíma.“

### Tignarlegar í svörtu

Í huga flestra er hin hefðbundna ballerína klædd í táskó, þröngar sokkabuxur og í pilsi.

**SILFURSVANURINN FANNEY ER AÐ LÆRA BALLETT Í FYRSTA SKIPTI.**



Fanney Anna er fædd 1943.

Silfursvanirnir eru engin undantekning en þær eru allar svartklæddar, í pilsi og í viðeigandi skófatnaði. Er búningaskylda? „Nei, alls ekkert slíkt, fatnaðurinn þarf fyrst og fremst að vera þægilegur og ekki hefta hreyfigetuna. Flestar eru núna í hefðbundnum æfingafatnaði, leggings og ballettpilsi og allar í svörtu, en voru kannski í marglitum íþróttafatnaði þegar þær byrjuðu. Sem mér þykir hæfa ballettinum betur.“

Silfursvanirnir eru á sjötugs- og áttræðisaldri og hafa mismikinn grunn í dansi. Sú elsta í hópnum er fædd 1943 og hafði til þessa aldrei verið í ballett. En hvernig kom það til að Soffía fór að kenna þessum aldurshópi? „Þetta byrjaði sem tilraunaverkefni, ég fékk mömmu og nokkrar vinkonur hennar til að vera með í byrjun og svo vatt þetta upp á sig. Silfursvanirnir eru svo sannarlega komnir til að vera. Síðasta námskeiðinu þessa önnina var að ljúka en við tökum upp þráðinn að nýju í haust.“



UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
FINAL
KYIV 2018
Í KVÖLD KL. 18:15
2 SPORT
YOU'LL NEVER WALK ALONE
LIVERPOOL
FOOTBALL CLUB
EST·1892
stod2.is 1817

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um merkilegar kosningar.

# Þegar pólitíkin kom til Reykjavíkur



Í borgarstjórnarkosningunum í dag geta Reykvíkingar valið milli sextán framboða. Sumum þykir nóg um og kvarta undan þessu fargani, sem geri það ómögulegt að kynna sér til hlítar það sem í boði er. Aðrir fagna fjölbreytninni og tala um lýðræðisveislu. Hvað sem því líður er hér ekki um met að ræða. Einu sinni höfðu Reykvíkingar milli átján framboðslista að velja og það þrátt fyrir að íbúar bæjarins hafi verið innan við tíundi hluti af því sem nú er. Það var árið 1908.

Kosningarnar, sem fram fóru í lok janúar 1908, voru um margt skringilegar, en þær mörkuðu þó tímamót og höfðu talsverð áhrif á þróun íslenskra stjórnmála. Í þeim reyndi í fyrsta sinn á nýleg lög um kosningar til sveitarstjórna sem fólu í sér ýmis nýmæli. Kjósendum á kjörskrá fjölgaði mjög frá því sem verið hafði og munaði þar mestu um að konur öðluðust kosningarétt. Jafnframt voru leynilegar kosningar innleiddar, með kjörseðlum, kjörklefum og kjörkössum, en fram að því höfðu kosningar farið fram í heyranda hljóði.

Báðar þessar breytingar mæltust prýðilega fyrir. Flestir skildu rökin fyrir leynilegum kosningum og þótt skiptar skoðanir væru á ágæti þess að leyfa konum að taka þátt í þingkosningum, voru sveitarstjórnarmál almennt talin annars eðlis. Þriðja stóra breytingin vafðist hins vegar fyrir mörgum: listakosningin.

Í fyrri kosningum höfðu kjósendur einfaldlega mætt á kjörstað og gefið upp nöfn þeirra karla sem þeir vildu sjá í bæjarstjórn. Allir kosningabærir menn voru jafnframt í framboði og litið var svo á að óheimilt væri að biðjast undan kosningu nema mjög ríkar ástæður væru fyrir hendi. Dæmi voru því um að menn þyrftu að heyja harða „kosningabaráttu“ til að tryggja að þeir næðu ekki kjöri og gengu jafnvel sögur af einstaklingum sem gengu svo langt að múta kjósendum til að kjósa sig ekki!

Listakjörið var Reykvíkingum framandi og flestir áttu erfitt með að átta sig á hinu nýja fyrirkomulagi. Örlítill vísir að stjórnmálaflokkum var farinn að myndast á Alþingi, en eiginlegar stjórnmálahreyfingar voru vart komnar til sögunnar. Félagasamtökin í bænum, svo sem stéttarfélög og góðtemplarar, reyndu þó yfirleitt að tryggja sér rödd í bæjarstjórninni með því að fylkja sér á bak við einstaka frambjóðendur. Gamla kerfið hafði gefið þokkalega raun á meðan bærinn var minni og kjósendur enn færri. Fólksfjölgun aldamótaáranna gerði hins vegar kerfisbreytinguna óumflýjanlega.

## Margir kallaðir …

Furðulítil umræða var um hið nýja kosningakerfi í Reykjavíkurblöðunum, þar til rétt áður en gengið var að kjörborðinu. Kosningabaráttan mátti líka heita ósýnileg í blöðunum og kosningafundir voru engir haldnir. Almennt séð virtust Reykvíkingar ætla að nálgast kosningarnar eins og enn væri um óhlutbundnar kosningar að ræða, þrátt fyrir nýju kosningalögin.

Þetta var meginástæðan fyrir þessum ógnarfjölda framboða: frambjóðendurnir skildu sjálfir ekki kerfið. Félagasamtökum sem hefði verið í lófa lagið að sameinast um framboðslista til að nýta styrk atkvæða sinna, kom slíkt varla til hugar.

Til marks um þetta buðu sjómannafélögin í Reykjavík fram einn lista, Verkamannafélagið Dagsbrún annan og annar hópur verkamanna stillti upp þriðja listanum. Niðurstaða þessa klofnings varð sú að eingungis Dagsbrún fékk fulltrúa kjörinn, Þórð Thoroddsen bankagjaldkera, sem fremur taldist til embættisstéttarinnar en alþýðufólks. Varð sú uppskera að teljast ansi rýr í fimmtán manna bæjarstjórn, en ýmsir broddborgarar Reykjavíkur höfðu haft af því áhyggjur að verkafólk og sjómenn kynnu að ná meirihluta í bæjarstjórninni í krafti atkvæðafjölda síns.

Iðnaðarmannafélagið var öflugt í bæjarlífinu og náði tveimur fulltrúum kjörnum af sínum lista. Annar þeirra var verkfræðingurinn Knud Zimsen, sem átti eftir að setja rækilega svip sinn á bæjarmálin, meðal annars sem borgarstjóri um átján ára skeið. Ekki tókst framboðslista kaupmanna eins vel upp, fékk rétt um 4% atkvæða og engan mann kjörinn. Þótti kaupmannastéttinni afar súrt í broti að enda fulltrúalaus, þrátt fyrir að kaupmenn væru einhverjir hæstu greiðendur opinberra gjalda.

Templarar voru langöflugasta félagshreyfingin í landinu um þessar mundir og hlaut listi þeirra 10% atkvæða, litlu minna en Iðnaðarmannafélagið og tvo menn. Voru þessir flokkar í þriðja og fjórða sæti í atkvæðafjölda. Máttu bindindismenn ágætlega við una, því auk fulltrúanna tveggja var talið að um helmingur bæjarfulltrúanna væru félagar í reglunni eða styddu málstað hennar.

Næstflest atkvæði fékk listi Heimastjórnarfélagsins Fram, 14,5% og þrjá fulltrúa. Fram-félagið var stofnað af stuðningsmönnum ráðherrans Hannesar Hafstein og Heimastjórnarflokks hans. Með stofnun félagsins komust Heimastjórnarmenn nærri því að verða eiginlegur stjórnmálaflokkur, með almennum flokksfélögum og stjórnskipulagi utan sala þingsins.

Í landsmálunum fór vegur andstæðinga Heimastjórnarmanna vaxandi undir forystu Björns Jónssonar og missti Hannes meirihluta sinn í þingkosningum síðar á þessu sama ári. Þar buðu Björn og félagar fram undir merkjum Sjálfstæðisflokksins (eldri), en í bæjarstjórnarkosningunum voru þeir lítt skipulagðir og fengu fá atkvæði. Heimastjórnarmenn höfðu þó ekki mikla ástæðu til að fagna, því glöggum mönnum reiknaðist til að stuðningsmenn Hannesar væru í minnihluta meðal hinna nýkjörnu bæjarfulltrúa.

## … en fáir útvaldir

Í raun var bara hægt að tala um einn sigurvegara kosninganna: Kvennalistann. Kvenfélög Reykjavíkur höfðu ákveðið að sameinast um einn framboðslista og var þeim mikið í mun að tryggja að konur myndu nýta hinn nýfengna kosningarétt, til að efla kröfuna um að fá að kjósa til Alþingis.

Að sumu leyti má segja að konurnar í Reykjavík hafi verið þær einu sem skildu hið nýja kosningakerfi til hlítar. Þær stóðu saman að einum lista, sem skipaður var fjórum konum. Jafnframt voru þær eina stjórnmálaaflið sem skipulagði eiginlega kosningabaráttu, ekki með opnum fundum eða greinaskrifum heldur með því að senda stuðningskonur framboðsins með skipulögðum hætti í hús í bænum til að hvetja konur til að kjósa listann.

Árangurinn var góður. Kvennalistinn fékk 345 atkvæði eða 21,3% og fjóra fulltrúa kjörna. Þessi stuðningur var meiri en konurnar höfðu látið sig dreyma um, sem sést á því að einungis fjórar konur skipuðu framboðslistann. Næsti borgarfulltrúi inn hefði verið fimmti Kvennalistafulltrúinn og ekki gott að sjá hvernig kjörstjórn hefði leyst úr þeirri klemmu.

Það markmið Kvennalistans að fá konur á kjörstað tókst bærilega. Ekki nema um helmingur kosningabærra Reykvíkinga tók þátt í kosningunum, sem þótti þokkalegt á þeim tíma. Þar af var kosningaþátttaka kvenna örlítið betri en karla. Til þess var þó tekið að kvenkyns kjósendur voru um tvöfalt fleiri en atkvæði Kvennalistans og því ljóst að reykvískar konur kusu í stórum stíl aðra lista sem nær eingöngu voru skipaðir körlum.

Nokkur framboð fengu óverulegt fylgi í kosningunum. Minnst allra, fjögur atkvæði, kom í hlut O-lista sem þó hafði fimm frambjóðendum á að skipa. Skýringin á þessu var sú að öllum var heimilt að bjóða fram lista skipaðan fólki að því forspurðu. Á O-listanum voru því konurnar fjórar af Kvennalistanum auk Tryggva Gunnarssonar bankastjóra. Tryggvi hafði með afgerandi hætti færst undan kjöri í bæjarstjórn. Má velta því fyrir sér hvort O-listinn hafi verið boðinn fram af hvatvísum aðdáanda Tryggva sem hafi viljað nýta sér meðbyr kvennaframboðsins eða hvort listinn hafi beinlínis verið boðinn fram af pólitískum andstæðingi í von um að ná að tæta fáein atkvæði af Kvennalistanum þar sem konur kysu framboðið í misgripum. Líklega voru fleiri listar lagðir fram af slíkum hvötum.

Þessi sérkennilega staða, að sami frambjóðandinn gæti átt sæti á fleiri en einum lista, olli því að ýmsum þóttu úrslitin óréttlát eftir á. Bæjarbúar áttu bágt með að skilja það hvers vegna einn frambjóðandi gæti náð kjöri út á tiltölulega fá atkvæði, á meðan annar sem setið hefði neðarlega á nokkrum listum kæmist ekki inn þótt sameiginlegur atkvæðafjöldi hans væri hærri. Töldu ýmsir að þessar gloppur í reglunum hlytu að grafa undan áhuga kjósenda og minnka kjörsókn í framtíðinni.

Raunin varð önnur. Það tók Reykvíkinga ekki langan tíma að laga sig að nýju kosningalögunum. Kosið var ört í Reykjavík þessi árin, þar sem gerð var tilraun með að hafa sex ára kjörtímabil, en kjósa um þriðjung bæjarfulltrúa á tveggja ára fresti. Þá voru haldnar aukakosningar ef bæjarfulltrúasæti losnaði af öðrum ástæðum.

Í öllu þessu kosningafargani tóku stjórnmálin á sig skipulagðari mynd. Framboðslistunum fækkaði og að baki þeim stóðu formlegar stjórnmálahreyfingar eða -flokkar. Dagblöð tóku afstöðu með einstökum framboðum og kosningafundir urðu eðlilegur hluti af baráttunni. Kvennalistar voru áfram boðnir fram, en nutu þess ekki lengur að vera eina skipulagða framboðið. Fylgið smáminnkaði og árið 1916 fékk Kvennalistinn ekki nema 10% atkvæða, sem dugði ekki fyrir fulltrúa. Skipti þar vafalítið máli að Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ein upphafskvennanna, var gengin til liðs við Heimastjórnarmenn og studdi ekki framboðið.

Eftir á að hyggja reyndust bæjarstjórnarkosningarnar 1908 afdrifaríkar fyrir þróun lýðræðis á Íslandi, þótt fæstir gerðu sér grein fyrir mikilvægi þeirra á sínum tíma. Þær voru mikilvægur þáttur í þróun stjórnmálanna í átt til flokkakerfis og síðar stéttastjórnmála og því ágætt dæmi um það hvernig kosningakerfi getur mótað stjórnmálin og beint þeim í tilteknar áttir.



# FRÁBÆR FJÖLBREYTNI!




**Kona bláa skáldsins**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Í nafni sannleikans**
**VILDARVERÐ: 3.199.-**
Verð: 3.899.-




**Ísland á HM**
**VILDARVERÐ: 2.399.-**
Verð: 2.999.-




**Lífsnautnin frjóa**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Þú og ég og allt hitt**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Blóðengill**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-







**Íslensk kraftaverkið**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**Marrið i stiganum**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-

**Stormfuglar**
**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 28. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Elskulegur mágur minn
og föðurbróðir okkar,

**Sigurður Björgvin Björgvinsson**

Eyravegi 5, Selfossi,

sem lést á Hrafnistu Hafnarfirði 19. maí
verður jarðsunginn frá Selfosskirkju
miðvikudaginn 30. maí kl. 13.30.

**Friðsemd Eiríksdóttir**
**Þórður Þórkelsson**
**Sigurvin Þórkelsson**
**Sveinbjörn Þórkelsson**
**Eiríkur Þórkelsson**
**Kristrún Þórkelsdóttir**
**Helga Þórkelsdóttir**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, vináttu og hlýhug
vegna andláts og útfarar elskulegs
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Ólafs Andréssonar**

bónda,
Húsagarði í Landsveit.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki gjörgæsludeildar
Landspítalans í Fossvogi. Einnig þökkum við öllu því
heilbrigðisstarfsfólki sem á einn eða annan hátt sinnti
honum í veikindum hans, fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Ólafía Sveinsdóttir**
**Dýrfinna Björk Ólafsdóttir** **Markús Óskarsson**
**Gunnlaugur Sveinn Ólafsson** **Ingunn Björg Arnardóttir**
**Andrés Guðmundur Ólafsson** **Kristín Sveinsdóttir**
**Ragnheiður Árbjörg Ólafsdóttir** **Eiríkur Ari Valdimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

**Kristín Þórðardóttir**

frá Árbakka,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir
8. maí. Útförin fer fram frá
Guðríðarkirkju mánudaginn 28. maí
klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
minningarsjóð Eirar, eir.is.

**Þór Kröyer** **Martína Sigursteinsdóttir**
**Benedikt Kröyer** **Kristín Sölvadóttir**
**Þorsteinn Kröyer** **Ólafía Halldórsdóttir**
**Iðunn Kröyer** **Eymundur Hannesson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




**Þorsteinn fyrir framan eina af rútunum í vinnunni hjá GJ Travel þar sem hann hefur starfað frá því 1985.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kyntröllið keyrir rútuna

**Þorsteinn Stephensen, starfsmaður hjá GJ Travel, heldur upp á fimmtugsafmælið sitt í dag og það er vegleg dagskrá sem bíður.**

Allt frá unga aldri hefur Þorsteinn Stephensen haft brennandi áhuga á bílum. Það var því mikill fengur fyrir Þorstein á sínum tíma þegar hann fékk starf á verkstæðinu hjá Guðmundi Jónassyni að loknu námi við Öskjuhlíðarskólann um miðjan níunda áratuginn. Þorsteinn hefur alla tíð unað hag sínum vel hjá fyrirtækinu og hann segir að þar sé gott að vera en fyrir dyrum eru stór tímamót í hans lífi. „Ég er að verða fimmtugur,“ segir Þorsteinn glaðbeittur og er hinn kátasti með þau tímamót enda ekki ástæða til annars. Hann minnir þó á að afmælisdagurinn sjálfur sé ekki fyrr en 28. maí en hins vegar verði ekki beðið með veisluhöldin lengur en til dagsins í dag.

Afmælinu ætlar Þorsteinn að fagna með ættingjum og vinum á þann hátt sem hann hefur gert á fimm ára fresti allt frá því hann varð þrítugur. „Ég ætla að fara í stóra reisu, við förum í rútuferð á Eyrarbakka, en svo um kvöldið verður veisla heima hjá Siggu systur minni í Mosfellsbænum. Þetta verður full rúta af fólki og auðvitað er rútan frá Guðmundi Jónassyni,“ segir Þorsteinn og er glaður og þakklátur með veglegt framlag vinnuveitandans til stórafmælisins. Á Eyrarbakka á að gera sér glaðan dag, skoða Húsið, Sjóminjasafnið og Kirkjubæ en síðan verður haldið í kaffisamsæti að hætti Þorsteins að Byggðarhorni.

Aðspurður um hver ætli nú að taka að sér það verkefni að keyra alla ættina, þá stendur ekki á gráglettnu svari: „Kyntröllið,“ segir hann og glottir og vinnufélagarnir skemmta sér yfir stríðninni. „Hann heitir Árni Björn,“ bætir Þorsteinn við og það leynir sér ekki að viðkomandi bílstjóri er í miklum metum hjá afmælisbarninu. Hann bætir líka við að það hafi alltaf verið gott að vera innan um bílstjórana og kallana á verkstæðinu hjá Guðmundi Jónassyni. „Það hefur alltaf verið gaman að vinna hérna og ég ætla að halda því áfram.“

Utan vinnutíma þá er helsta áhugamál Þorsteins að fara í bíó en hann er duglegri en flestir ef ekki allir við að sjá það sem rekur á fjörur íslenskra kvikmyndahúsagesta. „Ég fer alltaf í bíó á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum. Ég fer lang oftast í Háskólabíó og það er alltaf gott að koma þangað. Mikið af skemmtilegu fólki sem er að vinna þar og fínar myndir. Uppáhaldsmyndin mín núna er Dauði Stalíns. Það er rosalega skemmtileg mynd. Svo finnst mér líka gaman að sjá myndir sem eru með góðri tónlist því það er líka gaman að hlusta á tónlistina,“ segir Þorsteinn sem hikar ekki við að sjá góðar myndir oftar en einu sinni, ekki síst ef tónlistin er góð.

Þorsteinn hefur ákaflega gaman af tónlist og uppáhaldshljómsveitin er The Shadows sem hann sá og heyrði í bæði þegar hún kom hingað auk þess að hafa elt þá alla leið til Brighton. „Það var rosalega gaman. En ég er líka að fara með föður mínum til Englands í afmælisferð núna í júní og það verður mjög gaman. Í ágúst ætlum við svo að fara til Spánar en þangað förum við á hverju ári. Það er svo heitt og notalegt á Spáni. Mér finnst best að liggja bara á ströndinni eða við sundlaugina og hafa það gott.“

Aðspurður um það hvort það sé eitthvað sem hann vilji koma að í lokin segir Þorsteinn að hann sé mest spenntur fyrir rútuferðinni og að hann vilji þakka þeim sem að henni koma. „Ég ætla að segja takk við systur mínar, Siggu og Herdísi, og líka takk við Árna Björn og alla aðra. Ég hlakka mikið til.“

**magnus@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST 26. MAÍ 1973

## Ægir skaut á togarann Everton

Árið 1973 voru oft hörkuátök á miðunum við Ísland því Bretar vildu ekki una útfærslu landhelginnar í fimmtíu sjómílur. Þennan dag kom varðskipið Ægir að togaranum Everton að taka inn vörpuna á Sporðagrunni nyrðra, um tuttugu sjómílum innan fiskveiðimarkanna.

Togarinn hlýddi ekki fyrirmælum varðskipsins um að stansa heldur lagði á flótta og ákvað skipherrann á Ægi, Guðmundur Kjærnested, að skjóta á togarann, fyrst púðurskotum og svo föstum skotum. Endaði það með því að skotið var gat á skrokk togarans neðan sjávarmáls og kom strax mikill leki að honum.

Breskir togarar umkringdu Everton og Ægir var líka á staðnum enda leit um tíma út fyrir að togarinn mundi sökkva. Það gerðist þó ekki. Viðgerðarmenn frá freigátunni Jupiter og dráttarbátnum Statesman þéttu skotgötin. Mennirnir um borð voru aldrei í lífshættu enda varaði Guðmundur togaraskipstjórann við sérstaklega áður en hann skaut og ráðlagði honum að láta alla skipverja fara aftur á skipið.



GLAMOUR
ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT
KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR





Okkar elskulegi

**Þórarinn Sveinn Arnarson**

lést miðvikudaginn 23. maí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Marta Guðrún Daníelsdóttir**
**Baldur Örn Þórarinsson**
**Bjarki Daníel Þórarinsson**
**Guðmundur Brynjar Þórarinsson**
**Kristinn Rúnar Þórarinsson**
**Örn Þorbergsson** **Guðrún Þórarinsdóttir**
**Örvar Arnarson** **Ingibjörg Magnúsdóttir**
**Stefanía Ósk Arnardóttir** **Orri Guðjónsson**
**Daníel Gunnarsson** **Kristrún Guðmundsdóttir**
**Halldóra Rut Daníelsdóttir** **Hafþór Helgason**
**Guðmundur Daníelsson**
**Guðrún Árnadóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Valgerður Guðmundsdóttir**

frá Hliðsnesi,

lést á sjúkrahúsinu í Hamar, Noregi, föstudaginn 18. maí sl. Kistulagning og bálför mun fara fram á sjúkrahúsinu Innland í Hamar, Noregi, að beiðni hinnar látnu föstudaginn 1. júní. Minningarathöfn á Íslandi fer fram síðar í sumar.

**Júlíana Karlsdóttir** **Víðir Jóhannsson**
**Þórunn Hafdís Karlsdóttir** **Bjarni Guðmann Ólafsson**
**Heiða Björk Karlsdóttir** **Sigurjón Heiðar Hreinsson**
**Guðmundur Karl Karlsson** **Anna Káradóttir**
**Þór Karlsson** **Tinna Lárusdóttir**
**Freyr Karlsson** **Rósa Kristín Jensdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför

**Ingibjargar Árnadóttur**

hjúkrunarfræðings.

**Guðný Sif Jónsdóttir** **Halldór Eyþórsson**
**Tómas Árni Jónsson** **María Jónsdóttir**
**Helga Aðalheiður Jónsdóttir** **Guðmundur Vilhjálmsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Rannveigar Ragnarsdóttur**

Tjarnarlundi 13c, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.
**Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,

**Sif Sigurðardóttir**

kennari,
Kvisthaga 27, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 10. maí, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. maí klukkan 15. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Atli Heimir Sveinsson**
**Sjöfn Blöndal**
**Auðunn Árni Blöndal** **Stefanía Björg Eggertsdóttir**
**Edda Lúvísa Blöndal** **Páll Hólm Sigurðsson**
**Sigurður Samúel Sigurðsson** **Christine Sigurðsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Merkisatburðir

**1056** Ísleifur Gissurarson vígður biskup til Skálholts, þá um fimmtugt. Hann var fyrsti íslenski biskupinn.

**1421** Mehmet 1. soldán dó og sonur hans Múrat 2. tók við.

**1607** Um 200 indíánar réðust á Jamestown í Virginíu, drápu tvo landnema og særðu tíu.

**1636** Soldáninn í Golkonda gekkst mógúlnum Shah Jahan á hönd.

**1652** Þriðja enska borgarastyrjöldin: Dunnottar-kastali, síðasta vígi konungssinna í Skotlandi, féll í hendur George Monck.

**1670** Karl 2. Englandskonungur og Loðvík 14. Frakkakonungur gerðu með sér leynilegan friðarsamning þar sem Loðvík lofaði að greiða Karli 200.000 pund árlega en Karl á móti lofaði að létta á andkaþólskri löggjöf í Englandi, styðja Frakka gegn Hollendingum og snúast sjálfur til kaþólskrar trúar.

**1805** Napoléon Bonaparte var krýndur járnkórónu Langbarða í Mílanó.

**1828** Kaspar Hauser fannst í Nürnberg í Þýskalandi.

**1885** Garðyrkjufélag Íslands var stofnað.

**1892** Kristján konungur níundi og drottning hans, Louise af Hessen-Kassel, áttu gullbrúðkaup, sem haldið var upp á með hátíðarguðsþjónustu í Dómkirkjunni.

**1896** Dow Jones-vísitalan var gefin út í fyrsta skipti.

**1897** Skáldsagan Drakúla eftir írska rithöfundinn Bram Stoker kom fyrst út.

**1918** Georgía lýsti yfir sjálfstæði frá Rússneska keisaradæminu.

**1923** Íbúar í Þykkvabæ hófust handa við að reisa 400 metra langa stíflu við Djúpós í Hólsá.

**1929** Björgunarbáturinn Þorsteinn, sá fyrsti sem Slysavarnafélag Íslands eignaðist, var vígður í Reykjavík. Bátnum var síðar komið fyrir í Sandgerði sem björgunarbátur. Báturinn er enn til og er geymdur þar.

**1940** Orrustan um Dunkerque hófst.

**1945** Íþróttamenn fögnuðu 100 ára dánarafmæli Jónasar Hallgrímssonar, en eitt af því sem hann þýddi á íslensku fyrstur manna voru sundreglur.

**1966** Gvæjana fékk sjálfstæði frá Bretum.

**1968** Hægri umferð gekk í gildi á Íslandi, en ekið hafði verið vinstra megin frá upphafi bílaaldar. Áður hafði staðið til að breyta í hægri umferð árið 1940, en því hafði verið frestað vegna hernáms Breta.

**1970** Sovéska flugvélin Tupolev Tu-144 varð fyrsta farþegaflugvél heims sem náði yfir Mach 2.

**1972** Richard Nixon og Leoníd Bresnjev undirrituðu Samning um fækkun langdrægra kjarnaflauga (SALT I) og Samning gegn kjarnaskotflaugum (ABM).

**1973** Varðskipið Ægir skaut föstum skotum á togarann Everton, sem var að veiðum 20 sjómílur innan 50 mílna markanna. Mikill leki kom að togaranum, en ekki urðu slys á mönnum.

**1974** Sveitarstjórnarkosningar á Íslandi.

**1978** Fyrsta löglega spilavítið á austurströnd Bandaríkjanna var opnað í Atlantic City.

**1979** Ísrael lét Egyptalandi aftur eftir borgina Arish á Sínaískaga í samræmi við Camp David-samkomulagið.

**1980** Áhangendur farmtrúar réðust á stjórnarsetur á eyjunni Tanna í lýðveldinu Vanúatú.

**1983** Fyrsta ráðuneyti Steingríms Hermannssonar tók til starfa.

**1983** 104 biðu bana í öflugum jarðskjálfta á norðurhluta Honshū í Japan.

**1984** Sextán létust í metangassprengingu í vatnshreinsistöð í Abbeystead í Lancashire á Englandi.

**1989** Vändåtberget-þjóðgarðurinn var stofnaður í Svíþjóð.

**1990** Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar á Íslandi.

**1992** Charles Geschke, forstjóra Adobe Systems, var rænt. Ræningjarnir náðust fjórum dögum síðar.

**1998** Bear Grylls varð yngstur Breta til að komast á tind Everest.




**1998** National Sorry Day var haldinn í fyrsta sinn í Ástralíu til að minnast ranginda sem frumbyggjar Ástralíu voru beittir.

**1999** Manchester United vann Meistaradeild Evrópu með 2-1 sigri á Bayern München.

**1999** Fyrsta þing Wales í yfir 600 ár kom saman í Cardiff.

**1999** Indverski flugherinn gerði árásir á uppreisnarmenn og pakistanska hermenn í Kasmírhéraði.

**2011** Ratko Mladić, fyrrverandi herforingi Bosníu-Serba, var handtekinn eftir að hafa verið eftirlýstur fyrir stríðsglæpi, þjóðarmorð og glæpi gegn mannkyni í tæp 15 ár.

**2015** Yfir 2.000 manns fórust í hitabylgju á Indlandi.



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Kleppsvegi 4,

sem lést 14. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 28. maí klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Haukur Már Stefánsson** **Soffía Bryndís Guðlaugsd.**
**Arnheiður Svala Stefánsdóttir** **Jens Gunnar Ormslev**
**Guðmundur Þór Stefánsson**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Halldóru Maggýjar Hartmannsdóttur**

Álftamýri 36, Reykjavík.

**Gunnhildur Gunnlaugsdóttir**
**Bryndís Gunnlaugsdóttir** **Svanur Kárason**
**Harpa María Gunnlaugsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Dagrún Magnúsdóttir**

Árskógum 8,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 15. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 28. maí klukkan 13.

**Sigríður Jónsdóttir**
**Kolbrún Gunnlaugsdóttir**
**Rannveig Gunnlaugsdóttir** **Pálmar Guðmundsson**
**Gunnlaugur Gunnlaugsson** **Guðríður Ágústsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



Okkar ástkæra

**Hjördís Emma Morthens**

lést 19. maí á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristinn Rúnar Morthens**
**Guðmundur Þorkell Þórðarson**
**Þorlákur Víkingur Morthens**
**Þórður Guðmundsson**


MIÐASALA HEFST
31. MAÍ KL.12!
Sissel
19. DESEMBER Í ELDBORG HÖRPU
VÍKING BRUGGHÚS
ICELANDAIR
SALA FER FRAM Á HARPA.IS/SISSEL
NÁNAR UM TÓNLEIKANA Á SENALIVE.IS/SISSEL
sena LIVE!

# SUMARHÁTÍÐ




**SKETCH BORÐ.** Olíumeðhöndlaður bambus. 220x88 cm. 139.900 kr. Nú 97.900 kr. **FONTANA STÓLL**. Græn, drapplituð eða svört seta með viðarfótum. 9.900 kr. Nú 6.900 kr. Heildarverð á setti 199.300 kr. Nú 139.300 kr.

**GARÐHÚSGÖGN BORÐ + 4 STÓLAR**
**ÁÐUR 53.500**
**NÚ 35.500**
**SPARAÐU 18.000**



**GOA BORÐ.** Pólýviður og álfætur. 150x90 cm. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.
**HAVANA STÓLL.** Staflanlegur. 5.900 kr. Nú 3.900 kr. Sessa seld sér.

**DAYTON**
**NÚ 37.900**
**SPARAÐU 17.000**



**DAYTON SÓFI.** Grænn eða svartur. L 128 cm. 54.900 kr. Nú 37.900 kr. Sessa og púðar fylgja



**BRIDGEPORT SÓFABORÐ.** Hvít eða svört marmaraplata. Ø45 cm. 19.900 kr. Nú 13.900 kr. Ø65 cm. 34.900 kr. Nú 23.900 kr.



**COPENHAGEN RUGGUSTÓLL.** Gráir plastrimlar og bambus. 49.900 kr. Nú 34.900 kr.



**TORONTO HORNSÓFI.** Pólýrattan. Sessur fylgja. 263x204 cm. 299.900 kr. Nú 199.900 kr.

**BORÐ + 2 STÓLAR**
**ÁÐUR 33.700 KR.**
**NÚ 19.900**
**SPARAÐU 13.800**



**SUMMER SUMARSETT.** Felliborð. 9.900 kr. Nú 6.900 kr. Fellistóll. 11.900 kr. Nú 6.500 kr. Verð á setti. 33.700 kr. Nú 19.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

# 24. - 27. MAÍ

ILVA

**GARÐHÚSGÖGN BORÐ + 6 STÓLAR**
**ÁÐUR 189.300**
**NÚ 129.300**
**SPARAÐU 60.000**



CROSS BORÐ. Gúmmíviður. 190x90 cm. 99.900 kr. Nú 69.900 kr.
SVANEKE STÓLL með fléttaðri setu. 14.900 kr. Nú 9.900 kr.

**GARÐHÚSGÖGN BORÐ + 6 STÓLAR**
**ÁÐUR 265.300**
**NÚ 179.900**
**SPARAÐU 85.400**




BIFROST BORÐ. Borðplata úr trefjasteypu með viðarfótum. 200x90 cm. 159.900 kr. Nú 108.500 kr. 1. COPENHAGEN STÓLL. Ýmsir litir. 19.900 kr. Nú 13.900 kr. 2. BOTANIC STÓLL. Hvítur eða drapplitaður. 24.900 kr. Nú 16.900 kr. 3. GRANVILLE STÓLL. Hvítur eða svartur úr málmi. 7.900 kr. Nú 4.900 kr. Heildarverð á setti 265.300 kr. Nú 184.500 kr.



SAGA SÓLBEKKUR. Grænn eða svartur. 8.900 kr. Nú 6.600 kr. Sparaðu 2.300 kr.

**SAGA SÓLSTÓLL**
**7.400**
**SPARAÐU 2.500**



SAGA SÓLSTÓLL. Grænn eða svartur. 9.900 kr. Nú 7.400 kr. Sparaðu 2.500 kr.



SUMMER ÁBREIÐA. Þrjár mismunandi gerðir. 2.995 kr. Nú 1.995 kr.

**SAGA BALI**
**1.395**
**SPARAÐU 600**




SUMMER BALI með texta. 7 mismunandi litir. 1.995 kr. Nú 1.395 kr.



SUMMER KRUKKA með krana. 8 Litrar. 2.995 kr. Nú 1.995 kr.



SUMMER BLÓMAPOTTAR. Svartir, hvítir eða gráir. Stór. 5.995 kr. Nú 4.195 kr. Mið. 3.995 kr. Nú 2.795 kr. Lítill. 2.995 kr. Nú 1.995 kr.



QUEENSLAND HÆGINDASTÓLL. Bast. 24.900 kr. Nú 16.900 kr.

**COPENHAGEN RUGGUSTÓLL**
**NÚ 19.900**
**SPARAÐU 10.000**



COPENHAGEN RUGGUSTÓLL. Svartur, hvítur eða grár. 29.900 kr. Nú 19.900 kr.

## Vinnur þú glæsileg sumarhúsgögn?



**BORÐ + 4 STÓLAR AÐ VERÐMÆTI**
**136.500 KR.**

Nafn:

Netfang:

Sími:

Taktu þátt í gjafaleik ILVA! Skráðu þig hér og komdu með miðann í verslun okkar. Með því að taka þátt samþykkir þú að skrá þig á póstlista ILVA. Dregið verður 28. júní 2018 og haft verður samband við vinningshafa samdægurs. Vinsamlega notið prentstafi við skráningu.




**Laugardag og sunnudag**
Valdís gefur ís milli kl. 14-18

**Frí heimsending um allt land**
ef verslað er fyrir 45.000 kr. eða meira og greitt samdægurs

ILVA
sendum um allt land

VISA
MasterCard

**12 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING**
Þegar verslað er með VISA eða MasterCard fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

**3 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING MEÐ** Netgíró

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**GLUGGAVEÐUR**



**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist menningarstofnun (14).
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 1. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „26. maí“.



### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Átta fjöll** eftir **Paolo Cognetti** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Matthías Loftsson, Kópavogi.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Var vont í byrjun en skaplegt í heildina (9)
**10** Fengu rjómaís í öll mál, mataðar með skeið – þá var nú kalt (12)
**11** Skutlaðu nú Ara og Össa, og hnotunum þeirra líka (9)
**13** Hugum að hinum vegmóða og leitum næstu innganga fyrir hann (12)
**14** Barðabarði er ekki opin skeið (9)
**15** Segja opinber gjöld greiða samræmdan árbít frá Alaska til Havaí (12)
**16** Á svo þyrnóttum blómum vaxa nýpur, ekki epli! (9)
**17** Mína hef ég malað jurt, skerðu þína í bita? (9)
**18** Ræni þig fyrst og mata svo á tómu rugli (4)
**19** Bandingi í geimnum leitar að plássi (8)
**23** Um haf hinna mörgu dyra blæs breytilegur vindur (8)
**29** Hér segir af óráðnu fólki (12)
**31** Þessi rödd breytir öllu á lyklaborðinu (3)
**32** Næla sér í hitasótt af stirðnuðu líkinu (7)
**33** Sækja í sterkbyggð hús og stássleg (12)
**34** Aum eftir eyjuna grænu og dvölina þar (9)
**35** Brjóta upp manneskju á einu breiðu skíði (10)
**37** Tek norðurteina í misgripum fyrir pa, nei og óekki! (11)
**38** Nota aukabúnað á sög er ég kem ríki á réttan kjöl (10)
**39** Finn hár ássins í járntindum karrans (11)
**40** Tökum í lurginn á Karli og fleiri ræflum (10)

### LÓÐRÉTT

**1** Óslar nærbuxnavatn upp í klof, því úti er rigning og rok (10)
**2** Gleði, grænmeti og írafár með kátum krökkum (10)
**3** Suma jaxla þarf að sjæna með þar til gerðu tóli (10)
**4** Umgjörð fjórðu víddarinnar er viðmið (9)
**5** Hreinsar 7. hverja síðu í dagbókinni (10)
**6** Þau virka ekki mjög dönsk, þessi orð (10)
**7** Erfið sókn og barátta fyrir salti í grautinn (10)
**8** Næ í hvatann fyrir brennuna (10)
**9** Fylgdarlið yfirmanns fylgdarliðs fylkis (10)
**12** Raulaði næturljóð um næturmessu (8)
**20** Bankar varga fyrir runna sem ber ávöxt þeirra (7)
**21** Hluti undirstöðu er hrokkinn í sundur (7)
**22** Ræð af hjali afabarnanna að enn sé líf í ættartrénu (11)
**23** Gums hjálpar rökum og grautlinum (11)
**24** Harmur þeirra sem smáir reynast (11)
**25** Fljót að grípa frjálsar og friðsamlegar (11)
**26** Tel fláráða auka efa meðal uppáhalda (8)
**27** Óhreinkið samskeytin og felið þannig varplegginn (10)
**28** Veit sú familía meira um sig og sína og jafnvel aðra en nokkur önnur (10)
**30** Tætt gimbur er efni í fyrirmyndar borgara (9)
**35** Bjöggi H kynnti einhver fyrir klaufum (5)
**36** Dró upp flækt netin, svo var aflinn innbyrtur (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | 2 | | | |
| | | | | 7 | 5 | 6 | 9 | |
| | 5 | | 8 | | 4 | | | 7 |
| | 9 | 3 | 4 | | 8 | | | 5 |
| 4 | 8 | 1 | | | 3 | | | 9 |
| | | 7 | | 6 | | 3 | 4 | |
| | | 8 | 5 | | | | | |
| | 3 | | 1 | | 9 | | 5 | |
| 1 | | | | 8 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 9 | 2 | | 5 | | | |
| | | | 9 | | | | | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 3 | | | |
| | 2 | 6 | | | | | | 3 |
| 3 | | | | | | 6 | | 9 |
| 5 | | 4 | | 7 | | 2 | | 6 |
| | | 1 | | | | 7 | 4 | |
| | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | 3 | | |
| 7 | | | 6 | | | | 9 | 4 |
| | | 1 | | 4 | | | | 6 |
| | | 4 | | 2 | 5 | | 8 | |
| 6 | | | | | | 9 | 5 | |
| | | 5 | 3 | | 9 | | | |
| | | | | 7 | | | | |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| | 5 | 6 | | | | 2 | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

## Skák Gunnar Björnsson



Polovodin átti leik gegn Schamschin í Sovétríkjunum sálugu árið 1989.
**Svartur á leik**
**1.... Hh6+! 2. Ka5 Ha2+! 3. Hxa2 e1D+ 4. Ka4 Hh4+ 5. Ka3 Db4# 0-1.** EM einstaklinga hófst í gær í Minsk í Hvíta-Rússlandi. Íslandsmeistarinn Guðmundur Kjartansson er meðal keppenda. **www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## JAFN LEIKUR

Bandaríkjamenn háðu nýlega keppni um réttinn til að skipa sveit til að spila í Bermúdaskálinni 2019 í Saya í Kína. Það kom litið á óvart að þær tvær sveitir sem spiluðu til úrslita (í 120 spila leik) voru sveit Nickells gegn sveit Lalls. Í sveit Nickells voru: Nick Nickell, Ralph Katz, Jeff Meckstroth, Eric Rodwell. Steve Veinstein og Robert Levin. Í sveit Lalls voru: Reese Milner, Justin Lall, Kevin Bathurst, Jacek Pszczola (Pepsi) og Zia Mahmood. Úrslitaleikurinn var spennandi fram í síðasta spil og var jafnt þegar eitt spil var eftir. Þá fóru Pepsi og Mahmood í 6♠ en Levin og Veinstein létu staðar numið í 4♠. Pepsi var sagnhafi og var búinn að gefa einn slag en laufliturinn varð að vera tapslagalaus. Austur var gjafari og enginn a hættu:

**Norður**
♠ AKDG1084
♥ 9
♦ 3
♣ AG104

**Vestur**
♠ 96
♥ D32
♦ D10654
♣ 942

**Austur**
♠ 752
♥ AK1074
♦ G97
♣ D7

**Suður**
♠ 3
♥ G865
♦ AK62
♣ K863

Eric Rodwell, sem sat í austur, spilaði út hjartakóng í upphafi. Hann átti fyrsta slaginn og þá var skipt yfir í tígulsjöu. Pepsi drap á ás, tók 6 hæstu trompin og spilaði svo laufi á kóng. Eftir afköstin þótti honum líklegra að vestur væri lengri í laufi og þess vegna líklegri til að eiga drottninguna. Þá kom tígulkóngur og laufi svínað til austurs. Þegar svíning misheppnaðist var naumur sigur til sveitar Nickells. Ef svíningin hefði heppnast, hefði sveit Lalls unnið leikinn og verið fulltrúi Bandaríkjanna.

markhönnun ehf

netto

# GÓMSÆTT Á GRILLIÐ



**GRILLBÓGSNEIÐAR HVÍTLAUKSPIPAR**
GRÍSA GRILLSNEIÐAR
**779 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.298 KR/KG~~
-40%

-50%




**LÚXUSGRILLPAKKI**
Í HVÍTLAUKSPIPAR-MARINERINGU
**1.244 KR KG**
ÁÐUR: ~~2.488 KR/KG~~



-33%

**NAUTAFILLE**
Í SVEPPAMARINERINGU
**3.885 KR KG**
GOÐI
ÁÐUR: ~~5.798 KR/KG~~



DANISH CROWN
**SVÍNALUNDIR**
**1.259 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.798 KR/KG~~
-30%



-37%

**LAMBALÆRI**
GRILL KRYDDAÐ
**1.196 KR KG**
KJÖTSEL
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~



**ÞORSKBITAR 2 KG**
ROÐ OG BEINLAUSIR
**900 KR KG**
ÁÐUR: ~~1.799 KR/KG~~
-50%



**VÍNBER GRÆN**
**349 KR KG**
ÁÐUR: ~~698 KR/KG~~
-50%



-30%

**KJÚKLINGABRINGUR**
MEXICO MARINERAÐAR
**1.889 KR KG**
ÍSFUGL
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~

netto Á NETINU

**Tilboðin gilda 24. - 27. maí 2018 www.netto.is**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss
**www.netto.is**

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 303

„Jæja Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessa fimm þríhyrninga,“ sagði Konráð. „Og raða þeim þannig saman að þeir myndi tening. Það má klippa einn þeirra í sundur en ekki hina“ „Tening,“ sagði Kata hugsi. „Og af hverju má klippa einn þeirra í sundur?“ Róbert klóraði sér í hausnum.



Hann gat ekki séð hvernig hægt væri að búa til tening úr þessum þríhyrningum. Jafnvel þótt það mætti klippa einn í sundur.






Kiya Butler er hrifin af birtunni á Íslandi. MYND/JONATHAN

# Níu ára gömul í heimsreisu

**Kiya Butler** er 9 ára gömul frá Englandi og í heimsókn hjá frændfólki á Íslandi. Hún hefur ferðast með móður sinni um heiminn síðasta eina og hálfa árið og kynnst ólíkum menningarheimum.

**Nafn:** Kiya Butler.

**Afmælisdagur:** 10. maí 2009.

**Skóli:** Enginn, mamma kennir mér.

**Uppáhaldsbókin mín:** Mér finnst Harry Potter bækurnar mjög góðar.

**Hvaðan ertu?** Totnes, Devon, Englandi.

**Hvað ertu að gera á Íslandi?** Heimsækja frændfólk mitt.

**Hvað finnst þér um Ísland?** Ég elska það, elska það að það sé nánast dagur allan sólarhringinn á sumrin. Það er mjög sérstakt.

**Hvað hefur þú haft fyrir stafni undanfarið?** Ég hef ferðast um heiminn í eitt og hálft ár, ég fór til Simbabve í Afríku, ferðaðist um allt Indland, fór til Taílands og er nú komin til Íslands.

**Hvað er í uppáhaldi:** Mér fannst frábært að vera í Taílandi, þar voru frábærar fallegar strendur og góður matur.

**Hvernig var í Afríku?** Fólkið þar átti ekki mikið að borða og ekki dót. Börn allt niður í fimm ára gömul þurftu að ganga á hverjum degi langa vegalengd til að ná í vatn. Þau báru kannski 20 lítra í brúsum á höfðinu. Ég fór með þeim en setti vatnsbrúsana reyndar bara í hjólbörur. Ég borðaði mest maís sem þau ræktuðu, eiginlega borðaði ég mjög mikið af maís!

**Og hvernig var á Indlandi?** Þar gekk fólk mikið berfætt. Ég prófaði það líka, var lengi að venjast því. En svo allt í einu fann ég indversku fæturna mína og gat gengið berfætt hvert sem var. En ég átti erfitt með matinn, ég borðaði oftast bara croissant á morgnana og pitsur.

**Áhugamál:** Mér finnst gaman að leika með suckers dót, ég elska fimleika og að fara í handahlaup og fara á skauta. Ég get gert tepottinn á skautum sem er svolítið erfitt.

**Hvert ertu svo á leiðinni eftir heimsóknina til Íslands?** Ég fer til Japans og kannski til Nýja-Sjálands.

**Í hvaða skóla ertu?** Ég fer ekki í skóla en mamma kennir mér. Ég les og skrifa þegar mig langar til. Mamma neyðir mig ekki til neins. Mamma er mjög góð í stærðfræði.

## Forvitnilegt um áfangastaði Kiyu



### Taíland

- Landið er í Suðaustur-Asíu.
- Höfuðborgin kallast Bangkok.
- Íbúar í Taílandi eru nærri 69 milljónir.
- Vatnið er ódrykkjarhæft. En það má samt nota það til að bursta tennurnar.
- Sanuk er orð yfir nokkuð sem er mikilvægt í lífi Taílendinga, það getur þýtt margt. Að borða saman, vera með vinum og spjalla. Gleðjast með öðru fólki.

### Indland

- Höfuðborgin kallast Nýja-Delhí.
- Íbúar í Indlandi eru 1.354.051.854. Getur þú nefnt töluna?
- Það er í raun stærsta lýðræðisríki heims.
- Þar í land er framleitt langmest af kvikmyndum í heiminum, hefur þú heyrt um Bollywood?
- Núllið í tölukerfi okkar var uppgötvun indversks stærðfræðings. Hann hét Aryabhatta.

### Zimbabwe

- Er í suðurhluta Afríku.
- Þar búa nærri 17 milljónir.
- Höfuðborgin kallast Harare.
- Árið 2006 voru lífslíkur lægstar í heiminum í Simbabve.
- Á síðasta ári sagði forsætisráðherra landsins af sér. Hann hét Robert Mugabe og var við völd frá 1987 til 2017. Þú hefur kannski heyrt nafnið í fréttum? Hann hefur nefnilega oft verið í heimsfréttum og þótti vera harðstjóri.
- Einu sinni var Simbabve kölluð matarkarfa Afríku. En síðustu áratugi hefur oft ríkt hungursneyð í landinu.


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag er spáð suðaustan- og sunnanátt, 5-15 m/s og mikilli rigningu á Suður- og Vesturlandi. Einnig rignir á norðaustanverðu landinu fyrir hádegi en þar léttir til síðdegis með hlýindum. Þá er varað við vatnavöxtum og aukinni skriðuhættu sunnan- og vestanlands í kjölfar úrkomunnar en ekki er útlit fyrir að stytti upp suðvestan til fyrr en í kvöld.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 24° | Oslo 27° | Stokkhólmur 24° | Gautaborg 28° | Helsinki 23° | Þórshöfn 8° | Nuuk -1° |
| London 21° | Amsterdam 25° | París 28° | Berlín 25° | Madríd 20° | Brussel 26° | Róm 27° |
| Boston 21° | New York 22° | Orlando 23° | Moskva 17° | Singapúr 26° | Tókýó 18° | Sydney 14° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↖13 | 5° ↘2 | 11° ↖14 | 9° ↖6 | 7° →2 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ←4 | 5° ↗9 | 12° ↖5 | 11° ↖5 | 6° ↘3 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° ↑6 | 7° →8 | 17° ←1 | 19° ↖4 | 15° ↓5 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↑11 | 10° →7 | 14° ↑10 | 14° ↖8 | 16° ↖4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 10° ←8 | 10° ↘6 | 11° ←10 | 10° ←9 | 7° ↙1 |

BANDALAG KVENNA Í REYKJAVÍK

**Bandalag kvenna í Reykjavík auglýsir eftir umsóknum um styrki til Starfsmenntunarsjóðs ungra kvenna fyrir skólaárið 2018-2019.**

Tilgangur sjóðsins er að hvetja og styðja við bakið á ungum konum, sem ekki eiga kost á námslánum, til að afla sér aukinnar menntunar. Umsóknareyðublað, úthlutunarreglur og allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu bandalagsins, www.bkr.is.

Umsóknir um styrki skal senda til Bandalags kvenna í Reykjavík, Túngötu 14, 101 Reykjavík, merktar „**Námsstyrkir**" eða í tölvupósti á bandalagkvennarvk@gmail.com.

**Umsóknarfrestur er til 19. júní.**

Apótek Garðabæjar

Gríptu lyfin á leiðinni heim

Apótek Garðarbæjar í alfaraleið




Litlatún 3, Garðarbæ | Sími 577 5010

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Fyrsta fasteignaráðstefnan um kaup á húseign á Spáni.

## 26. og 27. maí 2018

## HARPA REYKJAVÍK

Opið 10:00 – 18:00

FASTEIGN Á SPÁNI EXPO

- **KYNNINGAR.** Öflugustu byggingaraðilar á svæðinu kynna verkefni sín.
- **EIGNIR Í BYGGINGU .** Fáðu upplýsingar um 40 glæsileg verkefni byggingaraðila á svæði Costa Blanca og Costa Cálida.
- **FYRIRLESTRAR.** Haldnir verða fyrirlestrar um kaupferlið á Spáni.
- **HARPA.** Fáðu svör við öllum spurningum á einum og sama staðnum.



Skipulagt af

medland SPAIN



**Fáðu fría aðgöngumiða á www.fasteignaspaniexpo.com**



Hrafnkell Sigurðsson segir að ímyndunaraflinu séu engin takmörk sett. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ferðalag í gegnum tímann og tómið út í óvissuna

**Upplausn er yfirskrift sýningar eftir Hrafnkel Sigurðsson sem verður opnuð í dag. Þar skoðar Hrafnkell hvað býr á milli vetrarbrauta í milljarða ára fjarlægð með aðstoð ljósmyndar frá Hubble-sjónaukanum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Myndlistarmaðurinn Hrafnkell Sigurðsson hefur farið víða í ljósmyndaverkum sínum á undangengnum árum. Verk hans hafa farið með áhorfandann um borgir, sveit og jafnvel undir yfirborð sjávar en í sýningu sem Hrafnkell opnar í Hverfisgalleríi í dag undir yfirskriftinni Upplausn, er förinni heitið langtum lengra en við höfum áður séð eða langt út í geim og í gegnum tímann.

### Á milli vetrarbrauta

Hrafnkell segir að það sé reyndar ekki einfalt mál að útskýra þetta ferðalag en það sem hann sýni að þessu sinni séu uppstækkaðir pixlar. „Þetta eru pixlar sem er búið að stækka upp aftur og aftur. Viðkomandi pixill eða myndhluti er tekinn úr ljósmynd af vetrarbrautunum sem var tekin af Hubble-sjónaukanum. Myndin var tekin þannig að myndavélinni var beint á lítinn svartan blett á stjörnuhimninum og síðan var sá blettur stækkaður upp. Vísindamennirnir héldu að þar væri ekkert, að þar væri bara allt svart, en í ljós komu þúsundir vetrarbrauta.“

**ÞARNA ER MAÐUR LÍKA KOMINN INN Í ÍMYNDUNARAFLIÐ OG ÞETTA RENNUR ALLT SAMAN Í EITT. KOMINN INN Í HEIM SKÁLDSKAPARINS VEGNA ÞESS AÐ TÆKNIN KOMST EKKI LENGRA. EN ÍMYNDUNARAFLIÐ KEMST LENGRA. ÞAÐ KEMST ALLTAF LENGRA.**

Hrafnkell útskýrir að þegar maður horfir svona langt út í geim sé maður í raun farinn að horfa langt aftur í tímann í átt að upphafi heimsins. „Já, það sem teiknar upp upplýsingarnar sem ég vinn með er margra milljarða ára gamalt ljós. En ég er að leika mér með þá hugmynd að ég geti tekið þessa ljósmynd af vetrarbrautunum og stækkað upp svartan blett á milli vetrarbrautanna og farið þannig enn þá lengra aftur í tímann. Það er svona hugmyndafræðilegur bakgrunnur verkanna.“

Hrafnkell segir að þegar hann hafi verið kominn svona langt inn í myndina, inn í pixilinn, þá hafi sitthvað forvitnilegt farið að gerast. „Þarna er maður líka kominn inn í ímyndunaraflið og þetta rennur allt saman í eitt. Kominn inn í heim skáldskaparins vegna þess að tæknin komst ekki lengra. En ímyndunaraflið kemst lengra. Það kemst alltaf lengra.“

### Áfram, áfram

Aðspurður segir Hrafnkell að það hafi ekki verið neitt mál að útvega sér réttu myndina úr Hubble-sjónaukanum. „Maður fer bara á netið og þar er myndin aðgengileg öllum sem vilja. En ég skal hins vegar alveg játa að ferlið sem svo tók við, að fara alltaf dýpra og dýpra inn í myndina, var ekki þrautalaust.

Ég setti mér það markmið að fara eins langt og ég gæti og svo lengra. Þannig að þetta var alveg miskunnarlaust, áfram, áfram, lengra, lengra. Ég var stundum í margar vikur týndur í einhverri þoku. Vissi ekkert hvernig verkið yrði eða hvað ég vildi. Var bara að bíða eftir því að það kæmi eitthvað og þá hrærði ég í myndinni fram og til baka, prófaði endalaust þangað til eitthvað gerðist sem mér fannst vera eitthvað sem ég gat unnið með. Þá komu kannski form eða munstur sem ég gat síðan komið áfram og unnið í endanlegt form. Þannig að þegar ég var búinn að finna það sem ég gat unnið með tók við vinna við að koma þessu í form.

Þessi reyndi alveg á,“ segir Hrafnkell og brosir. „Ég var týndur inni í einhverjum pixlum, í miðjum niðdimmum íslenskum vetri á meðan óveðrið gekk yfir, rýndi aftur í tímann og inn í eigið ímyndunarafl. Við þessar aðstæður mætir maður sjálfum sér.“

### Bókstaflega til úr engu

Sú hugmynd kemur upp í hugann hvort það hafi ekki reynst Hrafnkeli erfitt að segja stopp í slíkri leit en hann segir að svo hafi ekki verið. „Nei, það var merkilega skýrt þegar ég var búinn að finna það sem ég gat unnið með og eins þegar ég var búinn að klára það. Það var alveg á tæru.“

*En það hlýtur að vera sterk upplifun eftir svona mikla leit?*

„Já, vissulega. Þegar maður fer með þessum ásetningi, að fara eins langt og hægt er og aldrei gefast upp. Að sitja fyrir framan tómið, fyrir framan skjáinn, og reyna að ferðast áfram í gegnum óvissuna í leit að einhverju, þá gerist eitthvað. Þetta er í rauninni mjög djúp hugleiðing. Og ég get alveg sagt að ég hafi upplifað óvænta hluti sem komu mér algjörlega á óvart. Þetta var reynsla.“

*Þannig að þetta hefur ekki síður reynt á þitt innra líf en tæknimanninn?*

„Algjörlega. Þetta var mjög áhugavert vegna þess að þetta varð bókstaflega til úr engu. Ég vissi ekkert hvernig ég ætti að gera þetta eða hvað ég ætti að gera en svo birtist það og skýrðist fyrir mér.“

**EN Á ENDANUM VARÐ TIL MYND SEM ER EINS OG ÉG SÉ KOMINN AÐ SJÁLFU UPPHAFINU. ÞAÐ ER EINS OG MAÐUR SÉ KOMINN AÐ RAFGASVEGGNUM SEM UMLYKUR MIKLAHVELL. ÞAÐ VAR UPPLIFUN.**

Á sýningunni í Hverfisgalleríi er Hrafnkell með fimm verk. Hann segir að þegar hann hafi verið búinn með fjögur hafi hann haldið að hann gæti ekki gert meira. „Þetta reyndi það mikið á mig. En þetta kallaði á fimmtu myndina og hún þurfti helst að vera öðruvísi, ég vissi það. Hinar eru allar dimmar og ég var að vonast eftir því að ég gæti gert andhverfumynd. Mynd sem í væri meira ljós en ég vissi ekkert hvernig ég ætti að gera það. En á endanum varð til mynd sem er eins og ég sé kominn að sjálfu upphafinu. Það er eins og maður sé kominn að rafgasveggnum sem umlykur Miklahvell. Það var upplifun. Þarna var ég kominn að sjálfu ljóshvelinu og þar fer ekkert í gegn nema hugsanlega ímyndunaraflið. Því eru engin takmörk sett.“

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**ÍSLENSKT** Lambakjöt

KJARNAFÆÐI




**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g

Matarmikil súpa
**FULLELDUÐ**
Aðeins að hita




**1 kg**

**1.598** kr. 1 kg

**Mexíkósk Kjúklingasúpa**
1 kg

**2** brauð í pakka




**139** kr. pk.

**Hvítlauksbrauð**
Frosin, 2 stk. í pakka

# NJÓTIÐ HELGARINNAR

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

Fullmeyrnað
**ÍSLENSKT**
Ungnautakjöt




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Ribeye




**4.598** kr. kg

**Íslandsnaut**
Ungnauta Fillet

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Ekkert er áreiðanlegra en voveiflegir atburðir

**Tregahandbókin er ný bók eftir Magnús Sigurðsson. Frumsamin ljóð, hugleiðingar og tilvitnanir. Skáldið segir að honum hafi reynst drjúgt að leita í bókmenntirnar enda aðrir tjáð tilfinningar okkar.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Tregahandbókin er bók eftir Magnús Sigurðsson. Þar er að finna frumsamin ljóð hans og hugleiðingar, en einnig tilvitnanir sem eru fengnar víða að. „Ég hef ansi lengi verið að safna tilvitnunum og uppáhaldsköflum úr bókum. Svo fór ég að lesa bandaríska höfunda sem eiga það sameiginlegt að raða saman innbyrðis óskyldum textablokkum en tekst að skapa úr þeim heild. Vestanhafs eru bókmenntir af þessu tagi stundum kallaðar „lyrical essays“ eða ljóðrænar ritgerðir. Mig langaði til að prófa að gera eitthvað svipað, og líka að vinna með „fundna texta“ á sama hátt og myndlistarmenn á borð við Joseph Cornell, Marcel Duchamp og fleiri hafa unnið með „ready made“-fyrirbæri í klippiverkum, innsetningum og með öðrum hætti,“ segir Magnús.

*Titill bókarinnar er Tregahandbókin, finnst þér treginn vera stórhluti af mannlegri tilveru?*

„Ekkert er áreiðanlegra en voveiflegir atburðir í lífi sérhvers manns og einhvern veginn verður að vinna úr þeim. Hver hefur sína aðferð til þess. Mér hefur reynst drjúgt að leita í bókmenntirnar. Í verkum sínum hafa aðrir tjáð tilfinningar okkar að mörgu leyti. Við getum fundið okkur sjálf í bókum annarra, og ekkert endilega í klassískum lykilverkum, það er til dæmis hægt að lesa endurminningar íslensks alþýðufólks og finna margt notadrjúgt þar, bæði lærdóm og list, eins og ég geri í Tregahandbókinni.“

**Tengsl við aðra höfunda**

Magnús er höfundur ljóðabóka og smásagnasafns. Hann hefur unnið við þýðingar, þar á meðal þýddi hann Söngvana frá Písa eftir Ezra Pound. Árið 2008 hlaut Magnús Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabókina Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu, þar sem var að finna þýðingar hans á ljóðum rómversku fornaldarskáldanna Katúllusar og Virgils. Í Tregahandbókinni er hann einnig að setja ljóð sín í samhengi við verk annarra. Hann er spurður um áhuga sinn á því að tengja sig við skáldskap annarra. „Þorsteinn frá Hamri talar um að „flýja inn í bókaþykknið“ í einu ljóða sinna og Ingibjörg Haraldsdóttir um „ljóð gripin sem hálmstrá“. Sú hugmynd er gamalkunnug að bókmenntirnar séu sáluhjálp,“ segir Magnús. „Það að tengja sig við aðra höfunda er jafnframt ein leið til að slá á einsemd og vera í félagi við aðra, fyrir utan lærdóminn sem maður dregur af þeim sem á undan fóru. Það gerist líka þegar maður þýðir og ég hef talsvert fengist við þýðingar. Þessir höfundar fylgja manni síðan það sem eftir er og verða hluti af manni.



**„Við getum fundið okkur sjálf í bókum annarra,“ segir Magnús.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

**ÞAÐ AÐ TENGJA SIG VIÐ AÐRA HÖFUNDA ER JAFNFRAMT EIN LEIÐ TIL AÐ SLÁ Á EINSEMD OG VERA Í FÉLAGI VIÐ AÐRA, FYRIR UTAN LÆRDÓMINN SEM MAÐUR DREGUR AF ÞEIM SEM Á UNDAN FÓRU.**

Undanfarin ár hef ég verið að vinna doktorsverkefni um bandarísku skáldkonuna Emily Dickinson. Vonandi kemur á næsta eða þarnæsta ári bók með þýðingum á ljóðum hennar. Síðar á þessu ári koma svo þýðingar mínar á ljóðum bandarískra 20. aldar ljóðskálda. Allt hefur þetta verið góður félagsskapur.“

**Hin stórkostlega Dickinson**

*Víkjum aðeins aftur að Emily Dickinson, hvað finnst þér svo heillandi við hana?*

„Hún er því miður helst þekkt fyrir ýmsa sérvisku. Hún var vissulega sérstæður karakter, bjó í foreldrahúsum alla sína ævi og yfirgaf ekki lóðarmörkin síðustu árin. Það eru alls konar sögur sagðar af sérviskulegri hegðun hennar, meðal annars af samskiptum í gegnum þar til gert gat á svefnherbergisveggnum. En fyrst og fremst var hún stórkostlegt ljóðskáld og margt í ljóðagerð hennar sem vísar fram á veginn, bæði til hinnar módernísku skáldskaparbyltingar sem varð í byrjun síðustu aldar sem og þeirrar femínísku bylgju sem reis á 7. áratugnum. Hún gekk í gegnum ýmislegt og margir henni nákomnir dóu. Mig grunar að hún hafi glímt við andleg veikindi á köflum. Ljóðlistin var kannski að einhverju leyti hennar aðferð til að átta sig á þeim sársauka, en líka leið til að eiga í samskiptum við aðra í einangrun föðurhúsanna. Hún gaf ekki út ljóð sín formlega en sendi mörg til vina og ættingja. Hin læsti hún ofan í kistli, þar sem þau fundust eftir andlát hennar, öllum að óvörum.“

**Margnota bækur**

Magnús starfar hjá bókaforlaginu Dimmu sem er lítið og metnaðarfullt forlag sem hefur gefið út þó nokkuð af þýddum fagurbókmenntum, auk íslenskra verka. Magnús er spurður hvort honum finnist nægilega mikið af þýddum klassískum fagurbókmenntum á markaðnum. „Ég hef starfað við bókaútgáfu undanfarin tíu ár og sé hvernig þessum klassísku verkum farnast. Því miður seljast þau ekki nóg,“ segir hann. „Á móti kemur að það er hægt að sækja um styrki sem gera að verkum að bækur eins og Walden, sem kom út hjá Dimmu í fyrra, koma þó út. Þessar bækur lifa, þær eru ekki einnota heldur margnota.“

*Finnur þú sem ljóðskáld að það séu einlægir ljóðaaðdáendur á Íslandi?*

„Vissulega. Þetta er kjarnahópur um 300 manna. Hópurinn er lítill og kannski á maður ekki að barma sér yfir því. Þeir sem þó unna ljóðlistinni eru algjörlega heilir í því og þessi kjarnahópur er sannarlega mjög dyggur.“

# Dramatísk barátta á sjó

**BÆKUR**

**Stormfuglar**

★★★★☆

**Einar Kárason**

**Útgefandi:** Mál og menning
**Blaðsíður:** 124

Í nýrri sögu Einars Kárasonar, Stormfuglum, er lýst baráttu þrjátíu og tveggja skipverja á síðutogaranum Máfinum í aftakaveðri þegar mikil ísing leggst á skipið. Einar byggir söguna á atburðum sem gerðust í febrúarmánuði 1959 þegar nokkrir íslenskir togarar lentu í fárviðri á Nýfundnalandsmiðum. Það vekur athygli að í stað þess að gera atburðum og persónum skil í langri skáldsögu hefur Einar kosið að setja dramatíska sögu í nóvelluformið. Miklum atburðum eru gerð skil á 124 blaðsíðum.

Stíllinn vekur strax athygli lesandans. Hann byggist upp á löngum setningum, með kommum og semíkommum og langt er á milli punkta, stundum mjög langt. Hættan við þetta stílbragð er að það kann að virka tilgerðarlegt og reynast þungt fyrir lesendur sem fyrir vikið þreytast á lestrinum. Hér reynist þetta hins vegar vera hinn hárrétti stíll. Í hverri setningu er ákveðinn hraði, þar er margt sagt og stundum farið fram og til baka í tíma. Með þessari aðferð tekst höfundi að skapa andrúmsloft þar sem ríkir upplausn, ringulreið og spenna. Þannig tekst mjög vel að endurspegla ástandið um borð þar sem menn berjast upp á líf og dauða um leið og neyðarköll berast frá skipum þar sem menn eru í sömu stöðu. Þessi barátta skipverja er síðan sett í samhengi við sögufræga harmleiki á sjó, eins og þegar Lucitaníu var sökkt og Titanic hvarf í djúpið.




Lesandinn sogast inn í hina dramatísku sögu og fær innsýn í líf skipverja sem eru í starfi þar sem vinnuharka er svo mikil að jafnvel mætti tala um þrældóm sem menn reyna síðan að bæta sér upp í landi, en lenda yfirleitt á fylliríi. Í miðpunkti frásagnar er yngsti hásetinn Lárus og meðal eftirminnilegra félaga hans eru loftskeytamaðurinn sem er sílesandi og bátsmaðurinn sem er sannfærður um að lífið sé einskis virði.

Það er vaxandi dramatík í sögunni og lýsingar á viðbrögðum skipverja við nálægð dauðans eru afar sterkar. Þarna eru persónur sem í daglegu tali væru kallaðar hetjur hafsins, en eru langt frá því að vera óttalausar. Flestar, en alls ekki allar, finna samt tilgang í því að berjast, enda svo sem ekki margir aðrir kostir í boði.

Á nýlegri bókamessu í London var áberandi áhugi á Stormfuglum meðal erlendra forlaga og bókin hefur þegar verið seld til nokkurra landa. Þar hafa erlendir forleggjarar sannarlega ekki keypt köttinn í sekknum. Þeir hafa veðjað á réttan hest því Stormfuglar er sérlega góð saga, hröð og tíðindamikil, hádramatísk og minnisstæð.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einar Kárason gefur hvergi eftir í hádramatískri og minnisstæðri sögu um baráttu manna upp líf og dauða.

Þín skoðun skiptir máli.

Í dag mótar þín skoðun framtíðina.

GALLUP

TIL AÐ VERA VISS




Listamennirnir sem standa að Free Play, þau Borghildur Indriðadóttir, Hrafnhildur Árnadóttir, Sveinbjörn Thorarensen og Hrafnhildur Gissurardóttir fyrir framan Vinabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Maður getur líka verið einn og einmana í Vinabæ

**Free Play er heiti á skemmtilegum listviðburði sem fer fram í Vinabæ í dag. Hópur listamanna er að baki viðburðinum þar sem tekist er á við óperuna La Traviata eftir Giuseppi Verdi með nýstárlegum hætti.**

Þetta er mjög þverfaglegur hópur og höfundar verksins eru ég, Borghildur Indriðadóttir og Hrafnhildur Árnadóttir, þannig að þetta er mikill Hildarleikur,“ segir Hrafnhildur Gissurardóttir. En höfundaverkið sem hún vísar til er sýningin Free Play sem verður sýnd í bingósal Vinabæjar í Skipholti klukkan fimm í dag. Að sýningunni standa listamenn og hönnuðir úr ólíkum greinum og er útkoman um margt óvenjuleg en Hrafnhildur Gissurardóttir segir að upphafið að samstarfinu megi rekja til Hollands.

**Byrjaði allt í Amsterdam**

„Við Hrafnhildarnar kynntumst í Amsterdam en þá var ég að reka sýningarrými við hliðina á óperunni og hún að læra óperusöng. Ég fór oft á sýningar í óperunni og hún kom til mín á sýningar. Þannig að svona hófst samtalið sem hélt svo áfram í Berlín þar sem við kynntumst Borghildi en hún var í sama skóla og ég í mastersnáminu. Hún var að læra arkitektúr og ég að læra listfræði en hún hafði líka upplifað mikið af óperu þar sem pabbi hennar fór mikið með hana á sýningar þegar hún var yngri. Hún hafði líka reynslu úr leikhúsi í Berlín. Þannig að þetta svona sameinaði okkur að hafa allar verið talsvert í þessum stóru óperusölum þegar við kynnumst. Okkar samtal sem er svo núna orðið að sýningu byrjaði út frá þessum forsendum og eftir að við fluttum heim þá gerðist þetta hratt.“

Hrafnhildur segir að þær hafi sótt um í bæði Mynd- og Tónlistarsjóð og fengið úthlutanir sem nýttust vel til verksins. Það hafi hins vegar vantað tónlistarstjóra á verkefnið en sú leit hafi verið auðveld. „Það var eiginlega strax á fyrsta fundi að nafn Sveinbjarnar Thorarensen, sem margir þekkja undir listamannsnafninu Hermigervill, kom til tals. Hrafnhildur Árnadóttir þekkti tónlistina hans vel frá því í menntaskóla og ég þekkti hana vegna þess að ég bjó með honum í stóru húsnæði í eitt ár í Amsterdam þegar ég var enn við nám. En við þekktum hann fyrst og fremst sem listamann sem við vissum að mundi ekki vera hræddur við að stökkva út í djúpu laugina. Að hann væri rétti maðurinn til þess að taka þetta að sér vegna þess að hann er bæði opinn og skapandi og við treystum honum vel til verksins.“

**La Traviata**

Spurð um hvaða verk hafi svo komið út úr þessu samtali ólíkra einstaklinga úr ólíkum en skapandi greinum segir Hrafnhildur að þær hafi ákveðið að taka fyrir hina frægu óperu Giuseppe Verdi, La Traviata. „Violetta er draumahlutverk Hrafnhildar Árnadóttur og hún kann verkið. Við erum að taka ákveðin skref í að gera óperuna aðgengilegri og taka hana úr hámenningarbúningnum. Og þess vegna lá vel við að taka einmitt óperu sem er mjög fræg og allir þekkja lög þaðan svona þegar þeir heyra þau án þess að vera endilega inni í óperuheiminum. Lög eða aríur á borð við Sempre libera eða Ávallt frjáls sem titill sýningarinnar vísar til. Það er dæmi um að við erum að taka þarna svona „best of“ plús fleiri til sem við vildum halda inni út af sögunni. En Hrafnhildur heldur uppi verkinu, er ein á sviðinu þessa klukkustund sem sýningin stendur, og er búin að vera gríðarlega hugrökk í gegnum allt þetta ferli.“



Hrafnhildur Árnadóttir í hlutverki sínu í Free Play í Vinabæ.

Hrafnhildur segir að þau leitist líka við að skapa í verkinu alveg einstakan hljóðheim sem bindur þetta saman. „Við erum að vinna með ákveðin lykilorð sem við göngum út frá, eins og neðansjávar og endurtekning, og nýtum okkur þau í ferlinu. Sveinbjörn vinnur með þennan hljóðheim og hann verður á svæðinu en ekki sviðinu. Þar sem rödd óperusöngkonunnar er gríðarlega sterk, hún þarf svo enga hjálp, þá þurfum við ákveðna hjálp til þess að setja rödd hennar inn í hljóðheim Sveinbjarnar. Hún verður því með lítinn hljóðnema og Sveinbjörn sér um að hljóðblanda og stilla þessu saman á staðnum.“

**ÉG SEGI INNSETNING OG AÐRIR MYNDU SEGJA TÓNVERK EÐA ÓPERA EN VIÐ LEITUMST VIÐ AÐ GERA ÖLLU JAFN HÁTT UNDIR HÖFÐI. GÆTUM ÞESS AÐ ÓPERAN SJÁLF VERÐI EKKI LEIKMUNUR Á SVIÐINU.**

**Verdi var pönkari**

Aðspurð um markmið verksins og áhersluna á óperuna segir Hrafnhildur að sitthvað við óperuheiminn hafi komið henni á óvart. „Ég var hissa hvað margir mynd- og tónlistarunnendur voru líka að fara í óperuna en kannski er það vegna þess að þarna sameinast svo mörg form. En að sama skapi þá erum við svolítið að gleyma því að Verdi var í því að brjóta reglur. Hann var pönkari síns tíma. Og nítjánda öldin er alls ekki heilög, það má vel hreyfa við ýmsu, og það má skoða ýmislegt á nýjan hátt. Það reyndist okkur líka mikilvægt að fá í lið með okkur Þórunni Maríu Jónsdóttur, leikmynda- og búningahönnuð, sem hugsaði þetta með okkur á rosalega skemmtilegan hátt.“

Aðspurð um það hvernig maður skilgreinir verk eða sýningu eins og Free Play segir Hrafnhildur að það fari eftir því hvern þú spyrð. „Ég segi innsetning og aðrir myndu segja tónverk eða ópera en við leitumst við að gera öllu jafn hátt undir höfði. Gætum þess að óperan sjálf verði ekki leikmunur á sviðinu. Við vinnum út frá henni, en erum ekki að staðfæra hana, skoðum í kjölinn sögu Violettu og tökum listrænar ákvarðanir út frá sögunni.“

Hrafnhildur hefur á orði að salurinn í Vinabæ hafi líka haft heilmikið gildi í þessu samhengi. „Þessi salur er alveg dásamlegur, dálítið eins tíminn hafi staðið í stað, en það var líka nafnið Vinabær sem höfðaði til okkar. Ekki síst í ljósi þess að Violetta upplifði sig eina og einangraða í borginni París sem hún kallaði yfirfulla eyðimörk. Þannig að við erum aðeins að tala um að maður getur verið einn og einmana í Vinabæ.“

# HÖRKUTÓL SEM ENDIST





**RAM 3500 CREW CAB**
**VERÐ FRÁ KR.**
**5.960.000 ÁN VSK**
**7.390.000 MEÐ VSK**

6700cc Cummins dísel 370 hö / 385 hö (með AISIN sjálfkskiptingu), 6 gíra sjálfskiptur. Fáanlegur í SLT, Laramie og Limited útfærslum.

**RAM 3500 LIMITED**
**40” BREYTTUR**

Bjóðum upp á 37” og 40” breytingar

RAM

# 7 MANNA LÚXUSJEPPI



**DODGE DURANGO GT VERÐ FRÁ KR. 9.290.000**

Helsti staðalbúnaður: 3600cc bensín V6 290 hö. 8 gíra sjálfskiptur, leðurklæðning, hiti í framsætum og fyrir farþega í annari röð, upphitað stýrishjól, hraðastillir, upphitaðir hliðarspelgar, 8,4” snerti margmiðlunarskjár, 20” álfelgur, LED aðal- og stöðuljós, lykillaust aðgengi, bakkmyndavél, aðgerðarstýri, Bluetooth til að streyma síma og tónlist, aðfellanlegir hliðarspeglar, minni í bílstjórasæti, útvarpi og speglum, ofl.

DODGE

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK - BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI DODGE OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • SÍMI: 534 4433 • WWW.RAMISLAND.IS • WWW.DODGE.IS • WWW.ISBAND.IS

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

Hvar@frettabladid.is

### 26. MAÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** JóiPé X Króli á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
JóiPé x Króli skutust upp á stjörnuhimininn seint á síðasta ári með sinni fyrstu plötu Gerviglingur og hafa þeir notið mikillar velgengni síðan.
Á aðeins nokkrum mánuðum heftur tónlist þeirra verið streymt yfir 12 milljón sinnum á Spotify sem er einsdæmi á Íslandi.
Drengirnir gáfu svo út nýja 18 laga plötu nú í apríl sl. sem ber heitið Afsakið Hlé og þar kveður aðeins við annan tón en áður, en hún er persónulegri en það sem áður hefur komið frá þeim.
Margt hefur breyst í lífi þessara ungu drengja og fjalla lögin á plötunni um reynslu þeirra og tilfinningar síðastliðið hálft ár.
Platan hefur fengið ótrúlegar viðtökur og er hún komin með yfir 2 milljónir spilana á þremur vikum.
Miðaverð er 2.500 kr.

**Hvað?** Raflost: Algorave
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Raflost: Fyrsta Algorave Íslandssögunnar, þar sem dansvæn tónlist verður snarkóðuð og spunnin á tölvur. Menn geta fylgst með kóðanum verða til á tjaldi á meðan þeir dansa við tónlistina. Fram koma Alex McLean frá Englandi, Lars from Mars (frá Danmörku) og Hlöðver Sigurðsson. Aðgangseyrir: 2.000 kr.

**Hvað?** Siggi Picasso á laugardax
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dularfulla búðin, Akranesi
